

HEILSA 42

## NESTI SEM FÆR BÖRN TIL AÐ BROSA

Ragnheiður Axel og Úrsúla Örk búa til Bento-box í skólann



## MIKIL VIÐBRÖGÐ VIÐ PISTLUM

VIÐTAL 28




Mín Borg ferðablað Icelandair fylgir með Fréttablaðinu í dag.

GEYMIÐ BLAÐIÐ

ICELANDAIR

WWW.ICELANDAIR.IS



# FRÉTTABLAÐIÐ

HELGARÚTGÁFA

FRÍTT

7. febrúar 2009 — 34. tölublað — 9. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000



YFIRHEYRSLA 44



Vildi fylgjast með Chaplin að störfum

FRÉTTASKÝRING 26

Bankarnir féllu, hvað fellur á okkur?

TÓNLIST 22



Gogoyoko fer brátt í loftið

TVÖ SÉRBLÖÐ Í DAG







**DULARFULLA KÁPUHVARFIÐ** Uppi varð fótur og fit þegar yfirhöfn dómsmálaráðherra hvarf að loknum ríkisstjórnarfundi í Ráðherrabústaðnum í gær. Starfsmenn ríkislögreglustjóra brugðu hart við og í ljós kom að Össur Skarphéðinsson iðnaðarráðherra hafði numið kápu Rögnu Árndóttur á brott með sér í misgripum. Sjá síðu 62 FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Vandræðafyrirtæki fari í sérstakt félag

Unnið er að lokafrágangi skýrslu Mats Josefsson, sænska bankasérfræðingsins sem í desemberbyrjun var ráðinn til að vinna að uppbyggingu bankakerfisins.

**EFNAHAGSMÁL** Lagt er til að „eitraðar eignir“ nýju bankanna verði færðar undir sérstakt eignaumsýslufélag. Þetta kemur fram í skýrslu Mats Josefsson, sænsks bankasérfræðings sem forsætisráðuneytið kallaði til verka í desember. Verið er að leggja lokahönd á skýrsluna.

Samkvæmt heimildum blaðsins er horft til þess að styrkja stöðu nýju bankanna með því að færa undan þeim eignir sem óvissa er um heimtur á. Yfir í eignaumsýslufélagið verði svo jafnframt færð langtímalán úr bönkunum, sem „eitruðu eignirnar“ eru líklegar til að standa undir afborgunum af.

Með þessu fengist meiri stöðugleiki í rekstur nýju bankanna sem á einu bretti myndu losna við mörg erfið mál og gætu einbeitt sér að grunnstarfsemi hér heima, útlánaþjónustu til almennings og fyrirtækja. Þá væri unninn tími til að bjarga verðmætum og selja eitruðu eignirnar þegar aðstæður til þess eru hagfelldari á mörkuðum.

Mat sérfræðinga er að nokkuð mörg fyrirtæki hér gætu fallið í þennan flokk „eitraðra eigna“. Það gæti til dæmis átt við um helstu fjárfestingafélög, fyrirtæki í byggingariðnaði, sem og fyrirtæki í innflutningi bifreiða.

Leið þessi er frábrugðin svonefndri „bad bank“-leið sem stjórnvöld í Bandaríkjunum og Bretlandi hugleiða í því að þar eru „eitruðu eignirnar“ keyptar út úr bönkum með peningagreiðslu. Þá er sá munur á að hér hafa bankarnir þegar verið teknir yfir og því ekki verið að kaupa eignir út úr einkafyrirtækjum.

Þá er talið líklegt að í tillögum sænska sérfræðingsins sé mælst til þess að ríkið stofni eignarhaldsfélag til að fara með eign þess í nýju ríkisbönkunum, setja þeim stefnu og annast sölu þeirra þegar aðstæður hafa batnað á mörkuðum, en það væri í samræmi við svokallaða „sænska leið“ við uppbyggingu á bankakerfi eftir hrun.

Mats Josefsson starfaði síðustu 13 ár hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, áður var hann hjá sænska fjármálaeftirlitinu og þar á undan í sænska seðlabankanum. - óká

Sigurður Líndal lagaprófessor:

## Skerpa þarf á skiptingu valds

**STJÓRNMÁL** Skerpa þarf á skiptingu valds milli stjórnarstofnana þannig að þær veiti gagnkvæmt aðhald, að mati Sigurðar Líndal lagaprófessors.



SIGURÐUR LÍNDAL PRÓFESSOR

Sigurður segir að andstætt því sem stefnt var að hafi framkvæmdavaldið vaxið löggjafarvaldinu yfir höfuð. Ráðherravaldið seilist einnig til áhrifa innan dómsvaldsins.

Þá spyr Sigurður hvort sú valdasamþjöppun sem orðið hefur á ráðherravaldinu hafi hamlað eðlilegri markaðsstjórn og átt nokkurn þátt í efnahagshruninu.

- bs/ sjá síðu 18

Á faraldsfæti með Útivist:

## Ást á fjöllum

**FERÐIR** Dagsferð með óvæntum ferðafélögum virðist heilbrigð leið til að finna betri helminginn.

„Gönguferðir eru tilvalinn vettvangur til að kynnast nýju fólki, en hátt í helmingur ferðalanga koma einir. Við höfum því oft séð upphaf fallegrar vináttu, ekki síður en ástarsambönd sem kvikna,“ segir Bjarney Sigurjónsdóttir hjá Útivist, aðspurð um algengi Amorsörva milli ferðalanga félagsins. Í dagslöngum gönguferðum fái fólk með sameiginlegan áhuga á útivist nægan tíma til að kynnast. Þá njóti raðgöngur vinsælda, þar sem fólk fer í fleiri en eina ferð með sama hópi, sem skapar enn betra færi á myndun vináttu og ástar.

- þlg / sjá allt





Síðasti dagurinn

STÓRÚTSALA

Allt að 70% afsláttur

Parket - Flísar - Hurðir - Hreinlætistæki

Egill Árnason hf

www.egillarnason.is I Sími: 595 0500



## SPURNING DAGSINS



*Rannveig, reiknið þið með góðum árangri?*

„Já, við reiknum alltaf með góðum árangri, annað er ekki til í dæminu.“

Dagur stærðfræðinnar var haldinn í gær. Rannveig A. Guðmundsdóttir er stærðfræðikennari og gjaldkeri Flatar, samtaka stærðfræðikennara.

Tæplega 400 samningar um eigendaskipti innan fjölskyldu frá október 2008:

# Þrefalt fleiri eftir bankahrun

**FJÁRMÁL** Þrefalt til fjórfalt fleiri samningar um eigendaskipti á fasteign innan sömu fjölskyldunnar fóru fram mánuðina eftir bankahrunið en sömu mánuði á síðustu árum. Þetta kemur fram í samantekt Fasteignaskrár Íslands.

Fréttablaðið hefur undanfarið fjallað um banka- og fjármálamenn sem fært hafa fasteignir, eða hluta fasteigna, yfir á maka. Í samantekt Fasteignaskrár sést að sprenging hefur verið í slíkum eigendaskiptasamningum innan fjölskyldna, til annað hvort maka eða ólögráða barna, eftir bankahrunið í október í fyrra.



**REYKJAVÍK** Í samningum um eigendaskipti innan fjölskyldna hafa fasteignir bæði verið færðar á maka og ólögráða börn. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Alls hafa 384 eigendaskiptasamningar af þessu tagi verið gerðir frá byrjun október til loka janúar, eða tæplega 100 á mánuði. Meðalfjöldi slíkra samninga var um 36 í mánuði árin 2005 til 2007.

Í október 2008 voru gerðir 107 samningar. Meðalfjöldi slíkra samninga í október síðustu þrjú ár á undan var 37 samningar. Í nóvember voru gerðir 102 samningar, fjórum sinnum fleiri en meðaltal nóvembermánaða síðustu þrjú ár á undan.

Margrét Hauksdóttir, aðstoðarforstjóri Fasteignaskrár Íslands, segir það ekki sitt að túlka niðurstöðurnar, það verði aðrir að gera. Sé fasteign færð yfir á ólögráða barn gildi sérstakar reglur um ráðstöfun svo sem sölu eða veðsetningu fasteigna. - bj

Kaupþing og Exista:

# Reyndu ekki að fella gengið

**EFNAHAGSMÁL** Kaupþing og Exista, stærsti eigandi bankans, reyndu ekki að fella gengi krónunnar með kaupum á tvö þúsund milljónum evra á fjórum mánuðum. Þetta er niðurstaða Fjármálaeftirlitsins (FME) sem rannsakaði kaupin að beiðni Seðlabankans. Vísir.is sagði frá þessu í gær.

Niðurstaða FME er að engar vísbendingar séu um að lög hafi verið brotin. Einnig kemur fram í gögnum FME að Exista bókfærði 30 milljarða hagnað árið 2008, án þess að skýringar hafi verið gefnar á þeim hagnaði. - shá

Guðbjartur verður á eigin bíl:

# Notar ekki bíl forseta Alþingis

**ALÞINGI** Guðbjartur Hannesson, nýr forseti Alþingis, ætlar ekki að nota bíl og einkabílstjóra sem embættinu fylgir. Forseti ætti að geta notað bíla sem starfsfólk þingsins hefur til afnota ef þörf krefur, segir Guðbjartur.



**GUÐBJARTUR HANNESSON**

Embætti forseta Alþingis hefur haft bíl og bílstjóra til umráða frá árinu 1995, þegar ákveðið var að kjör forseta yrðu sambærileg við ráðherra, segir Helgi Bernódusson, skrifstofustjóri Alþingis.

Guðbjartur segist ekki ætla að dæma um þörf fyrir sérstakan bíl og bílstjóra, enda nýr í starfinu. Hann líti svo á að í starfi forseta þingsins felist aðallega verkstjórn á Alþingi, og ef þörf krefji muni hann nota eigin bíl til að fara á fundi utan þingsins. - bj

Framkvæmdastjórn ESB:

# Vill draga úr hákarlaveiðum

**BRUSSEL, AP** **Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins vill setja reglur um vernd hákarla gegn ofveiði. Hákörlum hefur nefnilega fækkað töluvert á hafsvæðum Evrópusambandsríkja.**

**Munar þar miklu um vinsældir dýrrar súpu, sem gerð er úr hákarlauggum. Einnig hefur hákarlasteik orðið æ vinsælli á veitingahúsum í Evrópu, auk þess sem hákarlaafurðir eru mikið notaðar í húðkrem og skófatnað.**

**„Nýjustu upplýsingar staðfesta að menn eru hákörlunum nú mun hættulegri en þeir voru okkur nokkurn tíma,“ segir Joe Borg, fiskveiðistjóri framkvæmdastjórnarinnar.** - gb

# Maður látinnar konu í fjórtán daga varðhald

**Konan sem fannst látin í dúfnakofa í Kapelluhrauni var með lambhúshettu á höfðinu en nakin að öðru leyti. Sambýlismaður hennar var í gær úrskurðaður í gæsluvarðhald vegna gruns lögreglu um aðild hans að andláti konunnar.**

**LÖGREGLUMÁL** Karlmaður á fertugsaldri var í gær úrskurðaður í tveggja vikna gæsluvarðhald vegna gruns um aðild að láti sambýliskonu sinnar. Lík hennar fannst í einum af dúfnakofum Skrautdúfnafélags Hafnarfjarðar í Kapelluhrauni. Maðurinn og konan voru búsett í Reykjavík, bæði fædd 1972. Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins hefur fólkið verið í óreglu og maðurinn komið við sögu lögreglu áður.

Það var á sjötta tímanum í fyrrakvöld þegar lögreglu barst tilkynning um líkfundinn í dúfnakofanum. Einn dúfnaeigendanna hafði þá farið ásamt eiginkonu sinni til að huga að dúfunum.

Í kofanum háttar þannig til að dyr eru á öðrum gaflinum. Dyrnar voru læstar með hengilás. Eftir endilöngum kofanum liggur gangur með fuglabúrum til hliðanna. Á hinum gafli kofans er gluggi sem hafði verið brotinn. Undir honum lá konan. Hún var nakin en með lambhúshettu á höfðinu. Föt hennar voru hvergi sjáanleg, en úlpan hennar fannst fyrir utan kofann. Á líkinu, bæði í andliti og á líkama voru minni háttar áverkar, sem taldir eru geta stafað af því þegar konan fór inn um brotinn gluggann. Dánarorsök er enn óljós en ekki er talið útilokað að konan hafi frosið í hel.





**DÚFNAKOFINN** Lögreglan vann við vettvangsrannsókn í og við dúfnakofann í gær. Konan sem fannst látin virðist hafa farið með einum eða öðrum hætti inn um glugga á kofanum, sem hafði verið brotinn. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**Á VETTVANGI** Ekki er fullljóst hversu lengi konan hafði legið í kofanum.

„Ég er búinn að líða nóg fyrir þetta,“ sagði maðurinn sem kom að henni við Fréttablaðið í gær. Hann kvaðst ekki treysta sér til að tjá sig um aðkomuna.

Fyrstu viðbrögð hjónanna voru að gera dúfnaeiganda, sem staddur var í öðrum kofa nærri kofanum að þar sem þau fundu látnu konuna, viðvart.

„Ég fór inn í kofann, en staldraði ekkert við þar inni,“ segir sá sem kallaður var til. „Ég sá fætur konunnar sem lá á gólfinu undir glugganum. Höfuð hennar sneri að gaflinum. Við hringdum þegar á lögregluna.“

Ekki er fullljóst hversu lengi konan hafði legið í kofanum. Á miðvikudagsmorgun fór einn dúfnaeigendanna á svæðið, en var á hraðferð. Hann sá þá að búið var að brjóta gluggann á gaflinum og kíkti inn um hann. Hann sá ekkert óvenjulegt þar inni, enda glugginn í nær tveggja metra hæð og því erfitt að sjá niður með veggnum að innanverðu nema sérstaklega sé að gáð.

Rannsókn lögreglu beinist nú meðal annars að ferðum fólksins sólarhringana áður en konan fannst látin. Bráðabirgðaniðurstaða krufningar mun liggja fyrir eftir helgi.

jss@frettabladid.is



**ÞERNEY RE** Ágætis karfaveiði er vestur af landinu þrátt fyrir árstíma.

Góðar aflafréttir af karfa:

# Ágæt veiði miðað við árstíma

**SJÁVARÚTVEGUR** **Ágætis karfaveiði miðað við árstíma er vestur af landinu. Þerney RE kom til hafnar í vikunni með þrýðilegan afla eftir 33 daga veiðiferð. Þetta kemur fram á heimasíðu HB Granda.**

**Kristinn Gestsson skipstjóri segir vel hafa veiðst af karfa en einnig hafi verið nokkuð af þorski og grálúðu í aflanum. Að sögn Kristins fengust um 770 tonn af fiski upp úr sjó í veiðiferðinni og þar af voru rúmlega 500 tonn af karfa og þá aðallega gullkarfa. Í afurðum talið nam aflinn 530 tonnum og aflaverðmætið losaði 130 milljónir króna.** - shá

Stúdentakosningar í HÍ:

# Vaka sigraði

**STJÓRNMÁL** Vaka sigraði í kosningum til Stúdentaráðs Háskóla Íslands með 2.342 atkvæði, eða 52,25 prósent. Röskva fékk 2.140 atkvæði eða 47,75 prósent. Vaka fær því fimm fulltrúa Stúdentaráðs en Röskva fjóra. Röskva hefur haft meirihluta í ráðinu undanfarin tvö ár.

Í kosningum til háskólaþings fékk Vaka 2.298 atkvæði, eða 51,3 prósent. Röskva fékk 2.185 atkvæði eða 48,7 prósent. Hvor fylking fær því fimm fulltrúa. - ss


Minna kólesteról

Benecol er náttúrulegur mjólkurdrykkur sem lækkar kólesteról í blóði.

Mikilvægt er að halda kólesterólgildum innan eðlilegra marka því of hátt kólesteról í blóði er einn helsti áhættuþáttur kransæðasjúkdóma.





Ein flaska á dag dugar til að ná hámarksvirkni.

www.ms.is


Tveir af þremur seðlabankastjórum svöruðu forsætisráðherra í gærkvöldi:

# Ingimundur biðst einn lausnar

**SEÐLABANKI** Ingimundur Friðriksson seðlabankastjóri baðst í gær lausnar frá embætti sínu. Þetta kom fram í bréfi Ingimundar til forsætisráðherra.

Eiríkur Guðnason seðlabankastjóri sagði á hinn bóginn í bréfi til forsætisráðherra að hann hygðist sitja áfram.

Davíð Oddsson hafði í gærkvöldi einn þriggja seðlabankastjóra látið hjá líða að svara tilmælum Jóhönnu Sigurðardóttur forsætisráðherra um að þeir láti af störfum og gangi til samninga um starfslok.

„Forsætisráðherra er nú að meta þá stöðu sem upp er komin,“ sagði Hrannar B. Arnarsson, aðstoðarmaður, Jóhönnu Sigurðardóttur forsætisráðherra í gærkvöldi.

Ástæðan fyrir því að svör frá þremenningunum bárust ekki á umbeðnum tíma er sögð vera dvöl Davíðs Oddssonar í Bretlandi. Forsætisráðherra sagði í viðtölum við fjölmiðla í gær að sér þætti töfin eðlileg í því ljósi. Eiríkur Guðnason kom þessum skilaboðum á framfæri við ráðuneytisstjóra forsætisráðuneytisins á miðvikudagskvöld. Davíð kom heim á fimmtudag og segist forsætisráðherra vonast eftir svari hans hið fyrsta.





**FORSÆTISRÁÐHERRA BÍÐUR EFTIR SVARI SEÐLABANKASTJÓRA** Davíð Oddsson kom að utan á fimmtudag og vonast Jóhanna eftir svari hans hið fyrsta.

Forsætisráðherra sendi bankastjórunum þrem bréf á mánudag og beindi þeim tilmælum til þeirra að láta þegar í stað af störfum. Hún gerði einnig grein fyrir því í bréfinu að von væri á frumvarpi um breytta yfirstjórn bankans sem gerir ráð fyrir einum faglegum bankastjóra. Einnig að nýtt bankaráð verði skipað. - shá


ÚTSÖLULOK
GÖTUMARKAÐSSTEMNING
ALLT AÐ 90% AFSLÁTTUR
OPIÐ Í DAG
11-18
Verslanir opnar mán-mið 11-19,
fim 11-21, fös 11-19,
lau 11-18 og sun 13-18
smaralind.is / 528 8000
Smáralind
BETRI LEIÐ
TIL AÐ VERSLA
ENNEMM / SÍA / NM36832

## GENGIÐ 06.02.2009

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 113,79 | 114,33 |
| Sterlingspund | 166,99 | 167,81 |
| Evra | 145,53 | 146,35 |
| Dönsk króna | 19,526 | 19,64 |
| Norsk króna | 16,63 | 16,728 |
| Sænsk króna | 13,798 | 13,878 |
| Japanskt jen | 1,2452 | 1,2524 |
| SDR | 169,5 | 170,52 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

181,1448

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Sérfræðingur hjá Umhverfisstofnun segir mengunina aldrei hafa verið meiri:

# Varað við útivist á Hellisheiði

**UMHVERFISMÁL** „Það er ekki æskilegt að vera í útvist lengi nálægt virkjununum á slæmum dögum og ég myndi ekki fara með krakkana mína mjög nálægt,“ segir Þorsteinn Jóhannsson, sérfræðingur hjá Umhverfisstofnun.

Hann var spurður um mengun frá virkjununum á Hellisheiði, en hún hefur aldrei mælst meiri en á mánudaginn. Þá mældist sólarhringsmeðaltal brennisteinsvetnis 150 míkrógrömm á rúmmetra í Kópavogi.

Þorsteinn mælir ekki með því að fólk komi nær en í um hálfs til eins kílómeters radíus frá virkjununum, nema í stuttar heimsóknir. Asmi og öndunarsjúkdómar geti versnað við það og sviði komið í augu. Einnig geti mengunin valdið höfuðverk og ógleði: „En ég held að menn geti alveg keyrt rólegir þjóðveginn.“

Mengunin finnst þó ekki í miklum mæli vindmegin, eða þegar blæs og rignir.

Orkuveita Reykjavíkur vinnur að því að að hreinsa vetnið úr útblæstrinum. Verður því veitt aftur niður í jarðhitageyminn, þaðan sem það kom upphaflega. - kóþ



MYND/UMHVERFISSTOFNUN

**VIRKJANAMENGUN Í STILLU** Hellisheiðarvirkjun hefur stækkað hægt og bítandi og mun unnið að hreinsun útblástursins. Framtíðarvirkjanir eiga að geta hreinsað útblásturinn að fullu.

Háskóli biðst afsökunar:

# Nema sárnaði hvarf eðlusaurs

**BRETLAND, AP Daniel Bennett, háskólanemi í Leeds á Englandi, tekur ekki gilda afsökunarbeiðni háskólans fyrir að 35 kílóa poki með eðlusaur hafi lenti í ruslinu.**

**Bennett ætlar með málið fyrir dómstóla. Eðlusaurnum hafði hann safnað vandlega á Filippseyjum um sjö ára skeið meðan hann stundaði rannsóknir á sjaldgæfri eðlutegund.**

**Saurinn hugðist hann rannsaka nánar og yrðu niðurstöðurnar partur af doktorsritgerð.**

**Ræstitæknir við Háskólann áttaði sig ekki á verðmæti pokans og fleygði honum í ruslið.** - gb



**VANDAMENN** Foreldrum var boðið upp á bollur sem börnin bökuðu, kaffi og kakó í tilefni dags leikskólans.

Haldið upp á dag leikskólans:

# Foreldrum boðið í heimsókn

**MENNTUN Dagur leikskólans var haldinn hátíðlegur í gær. Af því tilefni buðu margir leikskólar foreldrum, systkinum, öfum og ömmum í kaffi, auk þess sem víða var boðið upp á ýmiss konar dagskrá.**

**Dagur leikskólans er samstarfsverkefni Félags leikskólakennara, menntamálaráðuneytis, Sambands íslenskra sveitarfélaga og Heimilis og skóla, en leikskólakennarar stofnuðu fyrstu samtök sín 6. febrúar árið 1950.**

**Markmið dagsins er að beina sjónum að leikskólanum og því gróskumikla og mikilvæga starfi sem þar fer fram, hvetja til aukinnar umræðu um leikskólastarf og gera það sýnilegra.** - kg

Sturla Böðvarsson:

# Spyr í fyrsta sinn í tólf ár

**ALÞINGI** Sturla Böðvarsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, lagði í vikunni fram tvær fyrirspurnir til iðnaðarráðherra; annars vegar um afhendingaröryggi raforku og virkjun vatnsfalla á Vestfjörðum og hins vegar um virkjun sjávarfalla.

Þetta er í fyrsta sinn í tólf ár sem Sturla leggur fram fyrirspurn í þinginu. Hann var ráðherra frá 1999-2007 og þingforseti frá 2007. Ekki er vaninn að ráðherrar og þingforsetar leggi fram fyrirspurnir. - bþs



**ÉG ÉG** Þingmenn Samfylkingarinnar kepptust við að láta setja sig á mælendaskrá í þinginu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Segja marga ágalla á seðlabankafrumvarpi

**Þingmenn Sjálfstæðisflokksins tættu í sig frumvarp um ný lög um Seðlabankann í þinginu í gær. Auk þess að telja á því margvíslega ágalla segja þeir það lagt fram til höfuðs Davíð Oddssyni. Stjórnarflokkarnir segja málið faglegt.**

**ALÞINGI** Án þess að vera nefndur á nafn var Davíð Oddsson oft miðpunktur þingumræðna um frumvarp ríkisstjórnarinnar um breytingar á lögum um Seðlabankann í gær. Sjálfstæðismenn eru sannfærðir um að málið sé aðeins fram komið til að losna við Davíð úr bankanum og tjáðu þeir þá skoðun sína ýmist undir rós eða án vífilengja.

Stjórnarliðar, og þá einkum þingmenn Samfylkingarinnar, sögðu á hinn bóginn svo ekki vera; málið snúist ekki um einstaka persónur heldur endurreisn trausts Seðlabankans og um leið íslensks efnahagskerfis.

Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra mælti fyrir frumvarpinu sem í stuttu máli snýst um að einn bankastjóri sé við Seðlabankann og við hann starfi sérstakt peningastefnuráð er fari með vaxtaákvarðanir og fleiri helstu stjórntæki bankans. Sagði hún að traust á íslensku peningamálakerfi hefði beðið hnekki og að gífurlegir hagsmunir væru fólgnir í að endurvekja það.

Birgir Ármannsson fór fyrir sjálfstæðismönnum í umræðunni og gerði margvíslegar athugasemdir. Hann sagði augljóst að vinnubrögð við frumvarpssmíðina hefðu ekki verið fagleg og kallaði eftir upplýsingum um hvaða sérfræðinga ríkisstjórnin hefði kallað til sér til aðstoðar. Svör stjórnarliða við þessum gagnrýnisorðum voru einfaldlega þau að frumvarpið væri faglegt og að leitað hefði verið til færustu sérfræðinga.

Birgir og samflokksmenn hans furðuðu sig á að meðal hæfisskilyrða seðlabankastjóra væri meistarapróf í hagfræði og bentu á að margvísleg önnur menntun gagnaðist í starfið. Þeir undruðust að ekkert væri minnst á peningamálastefnu bankans og bentu líka á að við fyrri breytingar á lögum um Seðlabanka hefði víðtæks pólitísks samráðs verið leitað. Slíku væri ekki að heilsa nú.

Samfylkingarmenn vörðu frumvarpið en viðurkenndu um leið að um það þyrfti að fjalla vel og ítarlega í meðförum nefndar.

Pétur H. Blöndal, Sjálfstæðisflokki, marglýsti hneykslan sinni á bréfi því sem forsætisráðherra sendi seðlabankastjórunum fyrr í vikunni þar sem hún tjáði þeim að lagabreyting væri í farvatninu og bað þá um að víkja. Innti hann flesta ræðumenn álits á slíkum vinnubrögðum sem hann taldi forkastanleg. Stjórnarliðar voru á einu máli um að bréfasendingin hefði verið eðlileg.

bjorn@frettabladid.is

Baugsmenn vonsviknir:

# Andmæla ekki kröfu bankans

**VIÐSKIPTI** Breskur dómstóll féllst í gær á kröfu skilanefndar Landsbankans um greiðslustöðvun BG Holding, dótturfélags Baugs, og hafa tveir fulltrúar endurskoðunarfyrirtækisins PricewaterhouseCoopers verið skipaðir tilsjónarmenn með eignum Baugs ytra.



**GUNNAR SIGURÐSSON**

Þá ákvað Héraðsdómur Reykjavíkur að fresta því fram á þriðjudag að taka ákvörðun um greiðslustöðvun Baugs hér.

Ekki náðist í hlutaðeigandi þegar eftir því var leitað í gær.

Gunnar Sigurðsson, forstjóri Baugs, sagði í tilkynningu ákvörðun skilanefndar vonbrigði. Baugur muni ekki andmæla kröfu bankans en vinna með skilanefndinni og veita fyrirtækjunum stuðning sinn. - jab

Mótmæli gegn hvalveiðum:

# Árekstur við hvalveiðiskip

**ÁSTRALÍA, AP Japanskt hvalveiðiskip lenti í árekstri við skip hvalverndarmanna á vegum Sea Shephard-samtakanna í Suðurskautshöfum.**

**Paul Watson stjórnaði skipi hvalverndarmanna og segist hafa verið að elta japanskt hvalveiðiskip, sem var með hval í eftirdragi, þegar annað skip sigldi í veg fyrir þá, þannig að árekstur varð.**

**Japönsk stjórnvöld segja hins vegar að skip hvalverndarmanna hafi vísvitandi siglt á hvalveiðiskipið.** - gb




## Til sölu eða leigu

**Einbýlishús að Túngötu 28 á Tálknafirði**

Óskað er eftir tilboðum í einbýlishúsið Túngötu 28, Tálknafirði. Húsið, sem stendur á leigulóð, er á einni hæð ásamt bílskúr. Húsið og bílskúrinn eru timburhús byggð árið 1979. Stærð íbúðarhúsnæðis er 157,7m2 og bílskúrs 75,6m2, skv. fasteignaskrá, stærð lóðar er 780m2. Brunabótamat er kr. 43.150.000.- og fasteignamat kr. 9.173.000.- Nánari upplýsingar eru á kirkjan.is/tungata28 og á Biskupsstofu í síma 528-4000.


## VEÐURSPÁ



**Sigurður Þ. Ragnarsson** veðurfræðingur

**DREGUR ÚR FROSTI**

Í dag og á morgun dregur heldur úr frosti á landinu, einkum þó sunnan og vestan til. Ástæðan er sú að lægð er suðvestur af landinu sem ýtir upp að landinu heldur mildara lofti. Þetta þýðir þó ekki að almennt verði frostlaust, því allar horfur eru á að hlýja loftið nái óverulega inn á landið. Helst er að sjá plústölur á annesjum sunnan og vestan til.



**Á MORGUN** 5-13 m/s, stífastur sunnan til.

**MÁNUDAGUR** 3-8 m/s.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 12° |
| Amsterdam | 5° |
| Basel | 5° |
| Berlín | 5° |
| Billund | 3° |
| Eindhoven | 4° |
| Frankfurt | 6° |
| Friedrichshafen | 7° |
| Gautaborg | 3° |
| Kaupmannahöfn | 3° |
| Las Palmas | 20° |
| London | 3° |
| New York | 7° |
| Orlando | 20° |
| Osló | -1° |
| París | 3° |
| Róm | 14° |
| Stokkhólmur | 1° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.


útborgun 0 kr.
Nokia 3120
Afborgun 2.000 kr. á mánuði
2.000 kr. notkun á mánuði
í 12 mánuði fylgir
öllun símatilboðum Nova.
Staðgreitt: 24.000 kr.
útborgun 0 kr.
Nokia 6120
Afborgun 2.000 kr. á mánuði
2.000 kr. notkun á mánuði
í 12 mánuði fylgir
öllun símatilboðum Nova.
Staðgreitt: 24.000 kr.
Borgaðu 0 kr. út og talaðu fyrir 0 kr. Nova í Nova.
Fáðu þér nýja 3G farsíma hjá Nova og talaðu meira við vini þína!
Þú hringir og sendir SMS á 0 kr. í alla sem þú þekkir hjá Nova og líka þá sem þú þekkir ekki. Ert þú eitt af 30.000 andlitum Nova?
Nova býður lægra verð á farsímum og farsímaþjónustu og þú getur flutt símanúmerið þitt með þér til Nova.
0 kr. Nova í Nova: 1.000 mínútur í símtöl og myndsímtöl og 500 SMS og MMS á mánuði.
Greiðsludreifing: Mánaðarleg afborgun í 12 mánuði greidd með kreditkorti + 250 kr./mán. greiðslugjald.
Staðgreitt: Þá þarf ekki kreditkort. Það er ódýrara að staðgreiða!
Stærsti skemmtistaður í heimi!
NOVA
Verslanir Kringlunni, Smáralind, Lágmúla og Glerártorgi Akureyri | Þjónustuver 519 1919 | www.nova.is

## KJÖRKASSINN



*Finnst þér að ljúka eigi við gerð Tónlistarhússins í Reykjavík?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 60,5% |
| NEI | 39,5% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Finnst þér ný ríkisstjórn fara vel af stað?*

Segðu skoðun þína á Vísir.is

Ný lestrarkönnun Capacent sýnir sterka stöðu dagblaða meðal landsmanna:

# Dagblaðalestur eykst milli ára

**FJÖLMIÐLAR** Ný könnun á lestri Fréttablaðsins og Morgunblaðsins sýnir að á næstliðnum þremur mánuðum jókst lestur dagblaðanna miðað við sama tímabil fyrir ári.

Könnun Capecent nær til mánaðanna nóvember, desember og janúar. Niðurstaðan er sú að lestur Fréttablaðsins þessa mánuði var að meðaltali 63,7 prósent í aldurshópnum sem könnunin nær til, það er tólf til áttatíu ára. Þetta er 3,1 prósent meiri lestur en á sama tímabili fyrir ári.

Lestur Morgununblaðsins frá og með nóvember og út janúar mældist að þessu sinni vera 42,7 prósent. Það er 2,4 prósenta aukning frá því í fyrra.

Eins og kunnugt er sameinaði Fréttablaðið nýlega laugardagsblað og sunnudagsblað sitt í eitt helgarblað. Sé horft framhjá sunnudagsblaðinu, sem hætt er að koma út, var meðallestur Fréttablaðsins næstliðna þrjá mánuði 64,5 prósent.

Íslendingar í aldurshópnum tólf til áttatíu ára voru 1. desember síðastliðinn samtals 252.631. Samkvæmt lestrarkönnuninni lásu rúmlega 159 þúsund manns úr þessum hópi Fréttablaðið á hverjum degi á síðustu þremur mánuðum. Lesendur Morgunblaðsins á sama tíma voru hins vegar ríflega 50 þúsundum færri, eða tæplega 108 þúsund að meðaltali. **- gar**



**FRÉTTABLAÐIÐ OG MORGUNBLAÐIÐ** Ríflega 50 þúsund fleiri Íslendingar lesa nú Fréttablaðið að meðaltali heldur en Morgunblaðið.

Jón Magnússon þingmaður:

# Fer ekki fram fyrir frjálslynda

**STJÓRNMÁL** Jón Magnússon ætlar ekki að gefa kost á sér á lista fyrir Frjálslynda flokkinn að nýju. Hann segir öfl innan flokksins, jafnvel starfsmenn hans, hafa barist gegn sér.

Forysta flokksins hafi ekki brugðist við þessu, né tekið undir hugmyndir Jóns um uppbyggingu í flokknum, svo sem að stofna flokksfélög og halda í fundaherferðir. „Menn þreytast bara á þessu," segir Jón, sem útilokar þó ekki frekari afskipti af stjórnmálum. Formaður flokksins, Guðjón Arnar Kristjánsson, vill ekki ræða brotthvarf Jóns, enda hafi Jón ekki tilkynnt sér um það. **- kóp**


Samkoma á hverju sunnudagskvöldi kl. 20:00 hjá KFUM og KFUK, Holtavegi 28.

*Allir hjartanlega velkomnir.*

KFUM KFUK


# Ákærur felldar niður í síðasta málinu

**Aðstandendur fórnarlamba hryðjuverkanna 11. september eru reiðir Barack Obama vegna áforma hans um lokun Guantanamo-búðanna á Kúbu. Óvíst um örlög fanganna. Kínversk stjórnvöld vilja fá sína ríkisborgara heim.**

**BANDARÍKIN, AP** Barack Obama var í gær staddur meðal aðstandenda fórnarlamba hryðjuverkanna frá 11. september 2001 og hermannanna sautján, sem féllu í árás á bandaríska tundurspillinn USS Cole í Jemen árið 2000, þegar Susan J. Crawford, yfirdómari hjá Bandaríkjaher, hafði tilkynnt að allar ákærur hafi verið felldar niður í síðustu réttarhöldunum í fangabúðunum við Guantanamo á Kúbu.

Ákærurnar í þessu síðasta máli voru á hendur Abd al-Rahm al-Nashri, sem grunaður er um tengsl við hryðjuverkasamtökin Al Kaída og aðild að sprengjuárás á USS Cole sem lá í höfn í Jemen árið 2000.

Öllum réttarhöldum yfir föngum, sem setið hafa allt að átta ár án dóms og laga í búðunum umdeildu, hafði verið frestað um óákveðinn tíma, nema réttarhöldunum yfir al-Nashri, sem áttu að halda áfram í næstu viku.

Aðstandendur fórnarlamba hryðjuverkanna eru margir hverjir afar ósáttir við ákvörðun nýs Bandaríkjaforseta að búðunum verði lokað innan árs. Alger óvissa ríkir nú um örlög fanganna, sem eru nærri 250 talsins.

„Við höfum nú þegar beðið í átta ár," segir Kirk S. Lippold, sem var yfirmaður á USS Cole þegar árásin var gerð árið 2000. „Við verðum að leyfa ferlinu fyrir dómnefndum hersins að hafa sinn gang."

Geoff Morrell, talsmaður bandaríska varnarmálaráðuneytisins, segir mögulegt að leggja fram nýjar ákærur á hendur al-Nashri síðar meir og hann verði áfram í fangelsi.

Alls hafa um 800 manns verið vistaðir í búðunum á Kúbu, en flestir hafa þeir verið látnir lausir eftir að hafa setið þar árum saman án dóms og laga. Búist er við því að flestir þeirra sem enn eru þar verði látnir lausir, en nokkrir tugir verði fluttir í fangelsi í Bandaríkjunum þar sem réttað verði yfir þeim með einhverjum hætti. Óvíst er þó hvort hægt verði að sanna á þá neina glæpi, jafnvel þótt þeir hafi játað ýmislegt á sig við harkalegar yfirheyrslur og jafnvel pyntingar.

Kínversk stjórnvöld ítrekuðu í gær kröfur sínar um að önnur ríki taki ekki við kínverskum föngum úr Guantanamo þegar þeir verða látnir lausir. Mannréttindasamtök segja það glapræði að senda kínversku fangana til Kína, þar sem þeir eigi yfir höfði sér harðar móttökur þar og jafnvel líflát.

**gudsteinn@frettabladid.is**



**FANGI BANDARÍKJAHERS Á KÚBU** Öllum réttarhöldum hefur nú verið frestað eða ákærur felldar niður og óvíst hvort nokkur verði dæmdur. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

> Við höfum nú þegar beðið í átta ár [...] Við verðum að leyfa ferlinu fyrir dómnefndum hersins að hafa sinn gang.
>
> **KIRK S. LIPPOLD**
> FYRRV. YFIRMAÐUR Á USS COLE


Farskólinn

## Náms- og starfsráðgjafi

Farskólinn – miðstöð símenntunar á Norðurlandi vestra óskar að ráða til sín náms- og starfsráðgjafa. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst. Starfsstöð viðkomandi er á Sauðárkróki.

Meðal verkefna:
- Umsjón með fjarnámi háskólanema
- Náms- og starfsráðgjöf á vinnustöðum á Norðurlandi vestra
- Mat á raunfærni
- Ráðgjöf og þjálfun
- Ýmis önnur verkefni

Menntunar og hæfniskröfur:
- Menntun á sviði náms- og starfsráðgjafar er skilyrði
- Þekking og reynsla af atvinnulífinu á Norðurlandi vestra er kostur
- Metnaður, áhugi og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Jákvæðni, sveigjanleiki og lipurð í samskiptum
- Gott vald á Íslensku í ræðu og riti

**Upplýsingar gefur Jóhann Ingólfsson í síma 455 6011 og á johann@farskolinn.is**

***SKAGAFJÖRÐUR ER SPENNANDI VALKOSTUR***

Nálægð við náttúru, góðir skólar á öllum skólastigum, ein ódýrasta hitaveita á landinu, fjölbreytt þjónusta, öflugt íþróttalíf, mikil veðursæld og kröftugt menningarlíf er meðal þess sem gerir Skagafjörð að fýsilegum búsetukosti, ekki síst fyrir fjölskyldufólk. Íbúar í Sveitarfélaginu Skagafirði eru um 4200, þar af um 2600 á Sauðárkróki. Sauðárkrókur er einn öflugasti byggðakjarni landsbyggðarinnar þar sem saman feröflug útgerð, úrvinnsla afurða af stóru landbúnaðarsvæði og þjónusta sem jafnast á við það besta sem býðst á landsbyggðinni.

***ÞAÐ ER ALLTAF PLÁSS FYRIR FLEIRA GOTT FÓLK Í SKAGAFIRÐI!***



Auglýsingasími

512 50 50



– Mest lesið


Fjármálaráðherra Noregs bíður átekta eftir óskum Íslendinga í gjaldmiðlamálum:

# Norðmenn vilja stöðugan nágranna

**STJÓRNMÁL** Kristin Halvorsen, fjármálaráðherra Noregs, segir það hagsmuni lands síns að eiga stöðugan nágranna í vestri og sterkan félaga meðal ríkja sem standa utan Evrópusambandsins. Vegna þessa og vegna fornra og sterkra tengsla landanna styðji Norðmenn nú við bak Íslendinga.

Halvorsen er þessa dagana í heimsókn á Íslandi. Í gærkvöldi var hún gestur á tíu ára afmæli Vinstri hreyfingarinnar græns framboðs. Áður ræddi norski fjármálaráðherrann lengi dags við íslenskan starfsbróður sinn, Steingrím J. Sigfússon, um stöðu Íslands, hugsanlegt samstarf landanna í gjaldmiðlamálum, samskipti Íslands og Alþjóðagjaldeyrisjóðsins og um Evrópusambandið. Saman héldu þau blaðamannafund síðdegis.

Steingrímur sagði það ekki myndu vera ábyrgt af íslenskum stjórnvöldum að skoða ekki vel alla möguleika í gjaldmiðilsmálum landsins. Ráðherrann hefur nefnt hugsanlegt samstarf við Noreg í gegnum norsku krónuna. Halvorsen sagði norsk stjórnvöld nú bíða eftir því að heyra hvaða leið Íslendingar vilji reyna að fara. Ef óskir bærust til þeirra um samstarf yrði málið skoðað.

Halvorsen bætti við að Norðmenn hefðu fylgst lengi með stöðunni á Íslandi enda hafi landið augljóslega verið í sérstakri hættu vegna hins gríðarlega vaxtar í bankakerfinu. Steingrímur væri alls ekki í öfundsverðu hlutverki sem fjármálaráðherra Íslands á þessum tímum. „Það finnast engar ókeypis lausnir á þessum vanda," sagði Halvorsen. **- gar**



**FJÁRMÁLARÁÐHERRAR ÍSLANDS OG NOREGS** Svo vel fór á með Steingrími J. Sigfússyni og Kristinu Halvorsen í gær að þau mættu tuttugu mínútum of seint á eigin blaðamannafund í Þjóðmenningarhúsinu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



TBWA\REYKJAVÍK \ SÍA \ 094122

**VEISTU SVARIÐ?**



1 *Hvað heitir fjármálaráðherra Noregs, sem kom til landsins í gær?*

2 *Hvaða íslenska fyrirtæki hefur framleitt tölvuleik fyrir iPhone?*

3 *Hver er nýskipaður ráðuneytisstjóri í fjármálaráðuneytinu?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 62

Síðustu sjúklingarnir kvöddu dagdeild geðdeildar Sjúkrahússins á Akureyri í gær:

# Ráðherra athugar geðdeildina

**HEILBRIGÐISMÁL** Ögmundur Jónasson heilbrigðisráðherra ætlar að funda með forsvarsmönnum Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri vegna lokunar dagdeildar geðdeildar sjúkrahússins á mánudag.

„Þetta eru hrikalegar skorður sem stjórnendum sjúkrahússins voru settar með geigvænlegum niðurskurði en mín skoðun er sú að [geðsjúkir] sé sá hópur í samfélaginu sem þurfi að leita allra ráða til að halda hlífiskildi yfir," segir Ögmundur.

Hann var hvattur til þess af Kristni H. Gunnarssyni að skoða málið á Alþingi í gær og tók vel í það, að sögn Kristins: „Þetta er hið hræðilegasta mál. Ég hef ekki gagnrýnt tillögur um sparnað í heilbrigðiskerfinu en þessi ákvörðun er svo vond að ég get ekki annað," segir Kristinn. Litlir fjármunir sparist við þetta.

Síðustu sjúklingarnir voru útskrifaðir af dagdeildinni í gær og síðan var skellt í lás, segir Kristján Jósteinsson, forstöðumaður hennar. Engin starfsemi verði í næstu viku að óbreyttu. Hann segir lokunina vera „glórulausa gjörð", sem komi niður á sjúklingum og spítalanum: „Fólkið hættir ekki að vera veikt þótt skorið sé niður." **- kóþ**



**DAGDEILDIN** Forstöðumaður deildarinnar segir húsnæðið kjörið fyrir þjónustu dagdeildar. Fyrirhuguð sameining við göngudeild sé vanhugsuð, enda anni göngudeildin ekki eftirspurn sem stendur. MYND/ÚR SAFNI

Finnska ríkið:

## Samþykkir lánið til Íslands

**FINNLAND** Finnar hafa samþykkt í umræðum um fjárhagsáætlun að lána bæði Íslendingum og Lettum peninga vegna fjármálakreppunnar í löndunum. Finnska ríkið mun lána Íslendingum allt að 450 milljónir dollara eða um 350 milljónir evra, að sögn Helsingin Sanomat.

Lánið frá Finnunum er hluti af 2.500 milljóna dollara björgunarpakkanum frá norrænu löndunum og neyðarláni Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

Lettar fá einnig lán að fjárhæð 1.800 milljónir dollara frá ríkjum og stofnunum heims, þar af er lán Finna 324 milljónir evra. **- ghs**



**HVERAGERÐI** Undrast 70 milljóna króna skuldabréf.

Sólborgarlandið í Hveragerði:

## Vilja skýringar á veðsetningu

**SVEITARSTJÓRNIR Eykt ehf. hefur veðsett svokallað Sólborgarland í Hveragerði fyrir 70 milljónir króna. Fyrirtækið segir það vera vegna framkvæmdakostnaðar en bæjarráð segir að samkvæmt kaupsamningi milli Eyktar og Hveragerðisbæjar sé veðsetning landsins aðeins heimil til tryggingar skuldbindingum í samstarfssamningi. Ekkert liggi enn fyrir um skuldbindingar vegna skipulags á svæðinu. Því sé undarlegt að þegar hafi verið þinglýst tryggingarbréfi á landið. Bæjarráð vill að Eykt skili strax sundurliðuðu yfirliti yfir útlagðan framkvæmdakostnað.** **- gar**

Ákvörðun saksóknara stendur:

## Kröfu Hafskipsmanna hafnað

**DÓMSMÁL** Valtýr Sigurðsson ríkissaksóknari hefur hafnað kröfu Björgólfs Guðmundssonar og fjögurra annarra einstaklinga sem tengjast Hafskipsmálinu, um að endurskoða fyrri ákvörðun sína.

Fimmmenningarnir óskuðu eftir því í október að hafin yrði opinber rannsókn á Hafskipsmálinu. Á það féllst ríkissaksóknari.

Í lok janúar, að lokinni nánari könnun, komst hann svo að því að ekki væri ástæða til frekari rannsóknar. Kröfðust Hafskipsmenn þess að sú ákvörðun yrði endurskoðuð. Saksóknari hefur nú ákveðið að verða ekki við þeirri kröfu. **- bj**

# Morgunblaðsljósmyndari í vinnu fyrir lögregluna

**Ljósmyndari Morgunblaðsins þiggur laun frá lögreglu fyrir að mynda stærri aðgerðir. Óeðlilegt og skekkir samkeppnisstöðu fjölmiðla, segja yfirmenn annarra miðla. Lögregla á að tryggja að allir sitji við sama borð, segir formaður BÍ. Lögreglustjóri segir ljósmyndarann hafa starfað hjá lögreglu um árabil.**

**FJÖLMIÐLAR** „Mér finnst harla óeðlilegt að blaðamenn, ljósmyndarar eða tökumenn séu að vinna fyrir lögregluna," segir Óðinn Jónsson, fréttastjóri útvarps, um það að ljósmyndari Morgunblaðsins skuli einnig starfa sem ljósmyndari fyrir lögregluna.



ARNA SCHRAM



STEFÁN EIRÍKSSON

Ljósmyndarinn Júlíus Sigurjónsson hefur til margra ára starfað bæði sem ljósmyndari Morgunblaðsins og lögreglunnar í Reykjavík. Hann hefur einnig verið ljósmyndari slökkviliðsins og Rannsóknarnefndar umferðarslysa.

Aðrir miðlar hafa kvartað yfir því við lögreglu og slökkvilið að Júlíus hafi í krafti stöðu sinnar sem ljósmyndari embættanna haft annan og greiðari aðgang að starfsvettvangi þeirra en ljósmyndarar og tökumenn annarra miðla.

„Við höfum ítrekað gert athugasemdir við þetta fyrirkomulag. Auðvitað er það óþolandi þegar lögreglan ræsir út blaðamann Morgunblaðsins á vettvang á sama tíma og hún veitir öðrum fjölmiðlum ekki upplýsingar þegar eftir þeim er leitað. Það er til nóg af sjálfstætt starfandi ljósmyndurum, utan fjölmiðla, sem eru tilbúnir að taka að sér þessi verkefni fyrir lögregluna," segir Jón Kaldal ritstjóri Fréttablaðsins.

Mál af þessum toga kom síðast upp í fyrrakvöld þegar lögregla rannsakaði mannslát í dúfnakofa í Hafnarfirði. Varðstjóri lögreglu lét fjölmiðla ekki vita af málinu við venjubundna eftirgrennslan þeirra, en Júlíus var á vettvangi og myndaði fyrir lögregluna og Morgunblaðið.

„Þetta skekkir samkeppnisstöðu fjölmiðlanna og gengur auk þess ekki upp, hvorki faglega né siðlega," segir Óðinn Jónsson. „Ég myndi aldrei leyfa mínu fólki að vinna við þetta fyrirkomulag."

„Mér finnst það fullkomlega óeðlilegt og hreint með ólíkindum að ljósmyndari á fjölmiðli sé að vinna fyrir lögregluna," segir Óskar Hrafn Þorvaldsson, fréttastjóri Stöðvar 2 og Vísis.

„Þær eru fleiri en tíu stórfréttirnar á undanförnum mánuðum sem þeir hafa náð í gegnum þessi einkennilegu sambönd. Það er bara óþolandi með öllu og ólíðandi. Við höfum átt fundi með Stefáni Eiríkssyni um málið og þeir fundir hafa engu skilað," segir Óskar.

Arna Schram, formaður Blaðamannafélags Íslands, segist ekki hafa skoðun á því hvar fólk starfar samhliða blaðamennsku. Það sé hvers og eins að meta hvort trúverðugleiki er í húfi. „En lögreglan á auðvitað að tryggja að allir fjölmiðlar sitji við sama borð. Annað er óþolandi."

Stefán Eiríksson lögreglustjóri staðfestir að Júlíus hafi „um árabil" starfað fyrir lögregluna og þegið greiðslur fyrir. „Ef það er afstaða blaðamanna og blaðaljósmyndarar að óeðlilegt sé að ljósmyndarar sem starfa á fjölmiðlum selji myndir sem þeir taka til stofnana þá munum við sjálfsagt taka það til skoðunar," segir hann.

Ólafur Þ. Stephensen, ritstjóri Morgunblaðsins, sagðist í viðtali á Bylgjunni í gær aldrei hafa heyrt að Júlíus þæði laun hjá lögreglunni. **stigur@frettabladid.is**




**STÓRBRUNI Í MIÐBÆNUM** Júlíus Sigurjónsson ljósmyndari tekur myndir af slökkviliðsmönnum við störf. Kvartað hefur verið yfir því við lögreglu og slökkvilið að ljósmyndarinn hafi í krafti stöðu sinnar haft greiðari aðgang að vettvangi lögreglu. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR




GULLSMIÐJAN
Guðrún Bjarnadóttir
Gullsmiður
LÆKJARGATA 34C
HAFNARFIRÐI
565 4453
GULLSMIDJAN.IS


Samkaup hf. yfirtekur rekstur Kaupfélags Héraðsbúa á Austurlandi:

# Félaginu forðað frá gjaldþroti

**VERSLUN** Samkaup hf. mun yfirtaka rekstur Kaupfélags Héraðsbúa (KHB) á Austurlandi. Rekstur KHB er kominn í þrot og eru skuldir fyrirtækisins 1,5 milljarðar króna. Félagið var með starfsemi í átta byggðalögum á Austurlandi og um 150 manns störfuðu að staðaldri hjá þessu umfangsmesta verslunarfyrirtæki Austurlands. Ellefu missa vinnuna.

Björn Ármann Ólafsson, stjórnarformaður KHB, segir að verslunarrekstur verði óbreyttur undir merkjum Samkaupa, en ellefu starfsmenn á skrifstofu fyrirtækisins á Egilsstöðum missi vinnuna. KHB keypti fyrirtækið Malarvinnsluna árið 2007. Malarvinnslan varð gjaldþrota í fyrra þegar áform um verkefni gengu ekki eftir. Kostaði það KHB um 700 milljónir króna. „Gjaldþrot Malarvinnslunnar réð ekki úrslitum. Kaupfélagið hefur alltaf verið skuldsett en allt hefur breyst á stuttum tíma með þessum afleiðingum." Björn áréttar að mikið sé til af eignum á móti skuldum svo ekki sé um gjaldþrot að ræða. „Þessi ákvörðun snýst um að tryggja það að reksturinn haldi áfram og að vernda fjölmörg störf."

Í fréttatilkynningu vegna málsins segir að Samkaup muni yfirtaka ráðningarsamninga við allt starfsfólk KHB. Markmiðið með kaupunum sé að efla verslun og bæta þjónustu á Austfjörðum ásamt því að taka virkan þátt í samfélaginu á svæðinu. **- shá**




**KHB Á EGILSSTÖÐUM** Félagið rak einnig verslanir í Neskaupstað, á Eskifirði, Seyðisfirði, Fáskrúðsfirði, Djúpavogi og Borgarfirði. MYND/KHB

Forsætisráðherra Rússlands:

## Pútín dansaði við ABBA-lög

**RÚSSLAND Vladimir Pútín, forsætisráðherra Rússlands, pantaði bresku hljómsveitina Björn Again, sem sérhæfir sig í ABBA-lögum, til að skemmta í einkasamkvæmi á gamlárskvöldi þeirra Rússa hinn 22. janúar.**



VLADIMIR PÚTÍN

**Rod Stephen, stofnandi Björn Again, sagði í samtali við CNN að sveitinni hefði verið flogið til Moskvu og setið í níu tíma í rútu sem keyrði til Valdai-vatns, þar sem leikin voru ABBA-lög fram eftir nóttu fyrir Pútín og nokkra aðra gesti. Stephen segir Pútín hafa kunnað best að meta lögin Super Trouper og Mama Mia.** **- kg**



# HVERT STEFNUM VIÐ?

## Fundarferð Rafiðnaðarsambandsins í febrúar 2009

| staður | hvenær | hvar |
|---|---|---|
| Akranes | mánudag 9. febrúar kl. 12.00 | Skrúðgarðurinn, kaffihús |
| Ísafjörður | þriðjudag 10. febrúar kl. 12.00 | Hótel Ísafjörður |
| Sauðárkrókur | miðvikudag 11. febrúar kl. 12.00 | Mælifell |
| Akureyri | fimmtudag 12. febrúar kl. 12.00 | Strikið, Skipagötu 14 |
| Selfoss | þriðjudag 17. febrúar kl. 12.00 | Hótel Selfoss |
| Reykjanesbær | miðvikudag 18. febrúar kl. 12.00 | Flughótel |
| Reykjavík | fimmtudag 19. febrúar kl. 12.00 | Grand Hótel |
| Reyðarfjörður | mánudag 23. febrúar kl. 18.00 | Fjarðahótel |

**Á fundunum verður boðið upp á léttan málsverð.**

**Kíktu á ORLOFSVEFINN á www.rafis.is**

**Kynntu þér ÚRRÆÐI á erfiðum tímum á www.rafis.is**

**Kynntu þér STYRKTARSJÓÐ á www.rafis.is**

# FRAMTÍÐIN ER OKKAR

**RAFIÐNAÐARSAMBAND ÍSLANDS**





**REKUR ÚT ÚR SÉR TUNGUNA** Darco heitir hann, þessi hundur sem vafalaust ætlar ekki að sýna neinum óvirðingu þótt hann reki út úr sér tunguna framan í ljósmyndara á hundasýningu í New York. NORDICPHOTOS/AFP

Flóttamannahjálp Sameinuðu þjóðanna á í deilum við Hamas:

# Stöðvar sendingu hjálpargagna

**PALESTÍNA, AP** Flóttamannahjálp Sameinuðu þjóðanna hefur hætt að senda hjálpargögn til íbúa á Gasasvæðinu vegna þess að Hamassamtökin hafa nú í tvígang stöðvað slíka sendingu og tekið hjálpargögnin traustataki.

Í yfirlýsingu frá flóttamannastofnuninni segir að á fimmtudag hafi tíu bílfarmar af hveiti og hrísgrjónum verið teknir og fluttir burt á bifreiðum sem heyra undir félagsmálaráðuneyti Hamashreyfingarinnar.

Fyrr í vikunni hafi lögreglumenn á vegum Hamas einnig tekið þúsundir teppa og matarpakka, sem ætlaðir voru nauðstöddum íbúum á Gasa. Stofnunin segir að frekari hjálpargögn verði ekki send til Gasa fyrr en fyrri sendingum hefur verið skilað og trúverðug trygging fáist fyrir því frá Hamas-stjórninni að þjófnaði af þessu tagi linni.



**STOPP** Ísraelsher stöðvaði þetta skip, sem sigldi frá Líbanon með 60 tonn af hjálpargögnum áleiðis til Gasa.

Stofnunin muni þó halda áfram að dreifa þeim gögnum, sem þegar eru komin á svæðið, en birgðir séu takmarkaðar.

„Til er nóg af hjálpargögnum til nokkurra daga, en ekki vikna," segir Chris Guinness, talsmaður flóttamannahjálparinnar.

Fawzi Barhoum, talsmaður Hamas, segir ekkert réttlæta þessa ákvörðun flóttamannahjálparinnar. Hann segist telja að starfsmenn Sameinuðu þjóðanna hafi látið pólitíska andstæðinga Hamas fá eitthvað af hjálpargögnum. - gb

Fíkniefnamáli ekki vísað frá:

# Ósk Kragh um frávísun hafnað

**DÓMSMÁL** Fíkniefnamáli ríkissaksóknara á hendur athafnamanninum Þorsteini Kragh verður ekki vísað frá dómi eins og hann fór fram á. Héraðsdómur úrskurðaði um það í gær.

Þorsteinn er ákærður fyrir aðild að innflutningi á um 190 kílóum af hassi, hálfu öðru kílói af marijúana og kílói af kókaíni, sem barst til landsins falið í húsbíl aldraðs Hollendings um borð í Norrænu.

Lögmaður Þorsteins fór fram á frávísun vegna þess að lögreglan hafi brotið á rétti hans 156 sinnum við rannsóknina með því að halda að sér gögnum. - sh



**NÆRRI DAGLEG SJÓN** Þessi mynd er reyndar tekin 1. maí árið 2003.

Lögregla stendur ráðalaus:

# Brennandi bifreiðar í Berlín

**ÞÝSKALAND Brunnin bifreið er nú orðin næsta algeng sjón í Berlín. Nánast á hverjum degi er einhvers staðar í borginni kveikt í bifreið. Lögreglan stendur ráðalaus og veit ekki hverju sætir.**

**Hinn 1. maí ár hvert hafa ungir mótmælendur reyndar árum og jafnvel áratugum saman stundað íkveikjur í bílum í tengslum við mótmælasamkomur, en síðustu ár hefur þessi iðja orðið æ algengari og skiptir litlu máli hvaða dagur ársins er. Síðan 2006 hafa nærri 300 bílar orðið eldi að bráð og í janúar á þessu ári var kveikt í nærri þrjátíu bifreiðum.** - gb

# Örþeyttir flugmenn misstu þotu með 188 farþega út af

**Flugmenn sem voru á vakt í meira en sautján klukkutíma kvörtuðu undan mikill þreytu rétt áður en þeir lentu á Keflavíkrflugvelli og misstu þotu með 188 farþegar út af brautinni. Vaktin var lengri en heimilt er.**

**ÖRYGGISMÁL** Rannsóknarnefnd flugslysa segir líklegt að þreyta hafi þjakað flugmenn þotu sem endaði utan brautar með 188 sólarlandafarþega og 8 manna áhöfn á Keflavíkurflugvelli.

Boeing-þota frá JetX var að koma úr leiguflugi frá Antalaya í Tyrklandi þegar flugmenn þotunnar misstu stjórnina þannig að vélin fór með nefhjólið 20 metra út af brautinni á Keflavíkurflugvelli í lendingu aðfaranótt 28. október. Enginn slasaðist við óhappið sem Rannsóknarnefnd flugslysa skilgreinir sem alvarlegt.

Samkvæmt rannsóknarnefndinni var áætlað að vakt áhafnarinnar við flugið fram og til baka frá Tyrklandi yrði 14 tímar og 15 mínútur. Vegna tafa af bilunum og vegna óvæntrar millilendingar á heimleiðinni í Edinborg í Skotlandi til að taka eldsneyti lengdist ferðatíminn og varð á endanum ríflega þremur klukkustundum lengri en gefið var upp, eða 17 tímar og 20 mínútur. Farið var út fyrir þau 16 tíma mörk sem vakt flugmannanna mátti vera.

Aðstaðan sem flugmennirnir áttu að hafa um borð til að hvílast var ekki fyrir hendi þar sem þotan hafði verið leigð út fyrir 189 farþega en ekki fyrir 186 eins og vera átti.

Aðstæður til lendingar í Keflavík voru slæmar þetta októberkvöld vegna hálku. Þotan skoppaði á brautinni við lendingu og flugmennirnir nýttu ekki fullt afl til hemlunar. Ekki höfðu verið gerðar mælingar á viðnámi brautarinnar í meira en tvær og hálfa klukkustund áður en þotan lenti og flugmennirnir fengu ekki nákvæmar upplýsingar frá vallarstjórninni um þessar mælingar. Auk þess tók enginn eftir frostvörun sem flugvallakerfið birti 18 mínútum fyrir lendingu þotunnar.

Í skýrslu rannsóknarnefndarinnar kemur fram að 40 mínútum fyrir lendingu hafi verið yfirflugfreyjan litið inn í flugstjórnarklefann. Þá hafi flugmennirnir sagst vera afar þreyttir og haft á orði hversu langur dagurinn væri orðinn. Áhöfnin mætti á vakt klukkan 5 mínútur yfir 9 að morgni 27. október og vaktinni lauk ekki fyrr en 5 mínútur í 2 nóttina eftir.

„Áhöfnin var líklega orðin flugþreytt og þetta hafði sín áhrif á frammistöðu þeirra. Áframhaldandi flug frá Edinborg til Keflavíkur með tilheyrandi lengingu á tíma flugskyldunnar setti áhöfnina í hættu á að uplifa þreytutengdar villur," segir Rannsóknarnefnd flugslysa.

gar@frettabladid.is




**ÞOTA FRÁ JETX** Flugfélagið JetX leigði þotu fyrir 189 farþega þótt samkvæmt reglum ættu aðeins að vera 186 farþegar um borð svo flugmennirnir hefðu pláss til að hvílast.




ÓTAL GERÐIR HREINDÝRARIFFLA
frá: Mossberg, Remington, Marlin, CZ, Sako, Tikka, Weatherby og Fabarm.
Verð frá: 59.900
Remington Marlin Weatherby FABARM CZ sako
INTERSPORT VEIÐIDEILD
Lindum Skógarlind 2 – sími 585 7260
Húsgagnahöllinni Bildshöfða – sími 585 7239



Ævintýraleg eign til sölu

Vegna gífulegra hækkunar ákvílandi lána sé ég engan annan kost en að selja heimili mitt og fyritæki sem er á 2100 fm2 lóð í friðuðum fólgsvang á Hliði Álftanesi.
Þetta eru þrjú hús: 116fm veitingahús, 96fm spahús og 170fm íbúðahús. Sjá nánar: www.1960.is
Ásett verð 180 millj, 100milj ákvílandi. Ýmis skipti á ódýrari koma til greina

Þeir viðskiptavinir sem eiga bókað næstu mánuði verða látnir vita með góðum fyrirvara ef breyting verður á eignahaldi eða rekstri

Með baráttukveðju Bogi Jónsson









**ÖRTRÖÐ** Bílum er lagt upp á kanta og umferðareyjur í námunda við Vinnumálastofnun. Þeir sem reka verslunarstarfsemi í Listhúsinu skammt frá eru langt frá því sáttir. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Atvinnulausir taka upp bílastæðin við Engjateig:

# Ástandið hættulegt

**UMFERÐ** „Auðvitað vill maður helst ekki siga Bílastæðasjóði á fólk sem hefur misst vinnuna, en þetta ástand gengur ekki lengur. Bæði er þetta mjög slæmt fyrir viðskiptin og svo skapar þetta beinlínis hættu í umferðinni," segir Ólöf Ingþórsdóttir, eigandi hárgreiðslustofunnar Hjá Dúdda og formaður húsfélags Listhússins við Engjateig, þar sem stofan hefur aðsetur.

Vinnumálastofnun er með skrifstofu við Engjateig 11. Eins og gefur að skilja hefur aukist til muna að fólk skrái sig á atvinnuleysisbætur síðustu mánuði og segir Ólöf nálægð skrifstofunnar við Listhúsið skapa mikil óþægindi og umferðarhættu. „Það eru aldrei nein bílastæði eftir fyrir viðskiptavini fyrirtækjanna í húsinu. Við eigum þessi stæði en kúnnarnir okkar fá ekki að nota þau. Hingað til mín í hárgreiðslu koma til dæmis eldri konur sem eiga erfitt um gang, sem þurfa að leggja langt frá og klöngrast hingað á glerhálu svelli. Auk þess er lagt upp á alla kanta sem gerir það að verkum að tvíbreið gata er í raun einbreið. Ég var næstum lent í bílslysi vegna þessa um daginn," segir Ólöf.

Að sögn Ólafar komu meðlimir húsfélagsins sér saman um að tala við Félagsmálastofnun, Bílastæðasjóð og lögregluna. „En allir benda hver á annan. Við viljum helst að skrifstofan færi sig um set, ellegar að hún skaffi nú bílastæði handa öllu þessu fólki," segir Ólöf. - kg

Kjalarnessprófastsdæmi:

## Ræða vonina á málþingi

**SAMFÉLAGSMÁL Kjalarness-prófastsdæmi efnir á morgun til málþings í Norræna húsinu. Málþingið ber yfirskriftina Hvar er vonin? og verður fjallað um framtíðarsýn þjóðarinnar andspænis þeim vanda sem nú blasir við. Ræðumenn koma víða úr samfélaginu.**

**Í tilkynningu segir að kjarni málsins sé spurningin um vonina, hvar hana sé að finna og hvernig hún verður að nýju hreyfiafli í samfélaginu. Horft verði til sögu og samtíðar og lærdómur dreginn af trúarmenningu þjóðarinnar og spurt hvernig hann nýtist í andstreyminu nú.** - ghs

Skíðasvæðið í Bláfjöllum opið lengur vegna mikillar aðsóknar undanfarið:

# Síðustu dagar minna á tíu daga páska

**ÚTIVIST** „Þetta er alveg magnað. Aðsóknin hefur verið svo gríðarleg að síðustu dagar hafa eiginlega minnt á tíu daga páska,“ segir Einar Bjarnason, rekstrarstjóri skíðasvæðisins í Bláfjöllum. Gott skíðafæri að undanförnu hefur skilað sér í mikilli aðsókn í brekkur um allt land, og Bláfjöll hafa ekki farið varhluta af því.

Einar segir skíðamenn kunna vel að meta þurra snjóinn, eða púðursnjóinn, sem hefur verið í brekkunum að undanförnu. Frost og örlítil gola án úrkomu sé besta skíðaveðrið sem hægt sé að hugsa sér. „En auðvitað skiptir það líka miklu máli að mjög margir hafa hætt við að fara með fjölskyldurnar sínar erlendis í skíðaferðir, enda lítil ástæða til þegar færið er svona gott hjá okkur. Ég stalst á skíði í gærkvöldi [í fyrrakvöld] og get vottað það að þetta er með því allra besta sem gerist, og ég hef skíðað út um allan heim frá því að ég var tíu ára gamall.“

Að sögn Einars hafa á bilinu tvö til þrjú þúsund manns skíðað í Bláfjöllum á hverju virku kvöldi undanfarið. „En um helgar fer fjöldinn allt upp í 7.000 manns. Þetta er alveg ótrúlegt,“ segir Einar.

Vegna þessarar miklu aðsóknar hefur Bláfjallanefnd ákveðið að lengja opnunartímann á skíðasvæðinu til klukkan 21.00 á kvöldin. „Við kunnum Bláfjallanefnd bestu þakkir fyrir það, og skíðafólki fyrir að vera svona duglegt að mæta,“ segir Einar Bjarnason. - kg



**MIKIL AÐSÓKN** Fólk á öllum aldri hefur verið duglegt við að skella sér á skíði í Bláfjöllum síðustu daga, enda færið með besta móti. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**VITINN** Katrín Jakobsdóttir hyggst hafa Menntavitann hjá sér í ráðuneytinu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Fulltrúar Stúdentaráða:

## Færðu Katrínu Menntavita

**MENNTUN** „Þetta var mjög góður fundur og sérstaklega gaman að sjá hversu ríka áherslu Katrín ætlar að leggja á að hafa námsmenn með í ráðum,“ segir Björg Magnúsdóttir, formaður Stúdentaráðs Háskóla Íslands. Hún, ásamt kollegum sínum í Háskólanum í Reykjavík og Háskólanum á Akureyri, sat fund með Katrínu Jakobsdóttur, nýskipuðum menntamálaráðherra, í fyrradag.

Stúdentarnir færðu Katrínu að gjöf svokallaðan Menntavita, átta hliða skúlptúr sem táknar átta óskir frá námsmönnum. „Hún sagðist ætla að hafa vitann hjá sér í ráðuneytinu til að tryggja að hún hugsi til okkar námsmanna á hverjum degi,“ segir Björg. - kg

### DÓMSTÓLAR

**Ungir piltar á skilorði**

Tveir sautján ára piltar hafa verið dæmdir í skilorðsbundið fangelsi, annar í tvo mánuði og hinn í þrjá, fyrir nokkur afbrot, meðal annars þjófnaði, innbrot og fíkniefnabrot. Þeir höfðu báðir komið við sögu lögreglu áður, annar þó sýnu oftar.

### LÖGREGLUFRÉTTIR

**Kannabisræktun í Árbæ**

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu stöðvaði kannabisræktun í húsi í Árbæ síðdegis í fyrradag. Við húsleit fundust 140 kannabisplöntur. Karlmaður um þrítugt var handtekinn í þágu rannsóknar málsins.

### VOGAR

**Höfuðstóll minnkar í kreppu**

Verðtrygging höfuðstóls Framfarasjóðs Sveitarfélagsins Voga hefur verið felld niður fyrir árin 2008 og 2009. Er það gert til að bregðast við fjárþörf vegna rekstrarhalla og fjárfestinga. Minnihlutinn í bæjarstjórn var á móti og sagði ábyrgðarlaust að skerða sjóðinn vegna hallareksturs.



## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**Fjöldi viðskipta: 108** **Velta:** 258 milljónir

**OMX ÍSLAND 15**
317 **+1,43%**

**OMX ÍSLAND 6**
927**+2,60%**

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **STR.-BURÐARÁS** | +19,75% | **BAKKAVÖR** | -12,61% |
| **EIMSKIPAFÉLAGIÐ** | +17,65% | **MAREL** | -2,42% |
| **FØROYA BANKI** | +1,29% | **ÖSSUR** | -0,21% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Alfesca 3,90 +0,00% ... Atlantic Airways 166,00 +0,00% ... Atlantic Petroleum 560,00 +0,00% ... Bakkavör 2,01 -12,61% ... Eik Banki 91,50 +0,00 ... Eimskipafélagið 1,00 +17,65% ... Føroya Banki 117,50 +1,29% ... Icelandair Group 13,40 +0,00% ... Marel Food Systems 60,60 -2,42% ... SPRON 1,90 +0,00% ... Straumur-Burðarás 1,94 +19,75% ... Össur 97,30 -0,21%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## Frumtak fjárfesti í útrás Trackwell

Fjárfestingarsjóðurinn Frumtak hefur keypt hlutafé í hugbúnaðarfyrirtækinu Trackwell fyrir 100 milljónir króna.

Samningur þessa efnis var undirritaður á fimmtudag að viðstöddum Össuri Skarphéðinssyni iðnaðarráðherra sem jafnframt fer með nýsköpunar- og sprotamál. Hann sagði fjárfestinguna gleðiefni enda eftir henni lengi beðið. Fjármunirnir sem Frumtak leggur til eru eyrnamerktir markaðssetningu á forðastýringarbúnaði Trackwell utan landsteinanna. Fram til þessa hefur fyrirtækið lagt eigið fé í þróunina, að sögn Jóns Inga Björnssonar, forstjóra Trackwell.

Þetta er fyrsti samningur Frumtaks, sem fjárfestir í sprota- og nýsköpunarfyrirtækjum sem komin eru af klakstigi og þykja vænleg til vaxtar og útrásar. Að sjóðnum standa Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins, bankarnir þrír og sex stærstu lífeyrissjóðir landsins. Fjárfestingargeta sjóðsins nemur rúmum fjórum milljörðum króna. **- jab**



**SAMNINGURINN HANDSALAÐUR** Fyrsta fjárfesting Frumtaks gerir Trackwell kleift að blása til markaðssóknar erlendis. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## 121 milljarður tapast á eignarhaldsfélögum

**Þrotabú gamla Glitnis vantar rúma 1.400 milljarða króna til að mæta öllum skuldbindingum að fullu. Bankinn tapar 121,5 milljörðum króna vegna íslenskra eignarfélaga, sem flest eru skráð erlendis.**



**HÖFUÐSTÖÐVAR GLITNIS** Gamla Glitni vantar rétt rúma 1.400 milljarða króna til að mæta skuldbindingum sínum. Íslensk eignarhaldsfélög greiða nær ekkert til baka af lánum sem þau tóku hjá bankanum. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

„Þetta eru stórar tölur þótt þær líti sakleysislega út í yfirlitinu," segir Árni Tómasson, formaður skilanefndar Glitnis, um eigna- og skuldastöðu gamla bankans sem kynnt var kröfuhöfum í gær. Yfirlitið verður lagt fram fyrir Héraðsdóm Reykjavíkur í næstu viku.

Áætlaðar eignir gamla bankans nema 1.008 milljörðum króna að viðbættri skuldajöfnun. Skuldir nema á móti 2.417 milljörðum króna. Eignir án skuldajöfnunar nema 1.957 milljörðum króna en vonast er til að greiðsla skuldunauta komi á móti auk 422 milljóna greiðslu vegna Nýja Glitnis.

Fram kemur í yfirliti til kröfuhafa að töluverð óvissa sé um raunverulega eignastöðu bankans en bilið hleypur á 445 til 680 milljörðum króna. Staða bankans eins og hún kom fram í yfirlitinu var umreiknuð í íslenskar krónur og miðast við miðgengi Seðlabankans um síðustu áramót.

Árni benti á að gengið hafi sveiflast talsvert síðan þá. Þá hafi markaðsaðstæður skekkt nokkuð eignamyndina á sama tíma og skuldir hafi staðið í stað frá áramótum. Ekki er búist við að frekari ábyrgðir falli á bankann en það má þó ekki útiloka, að sögn Árna.

Af heildareignum bankans voru útlán til viðskiptavina veigamesti þátturinn, eða 907 milljarðar króna um síðustu áramót. Að viðbættri skuldajöfnun er reiknað með að einungis 198 milljarðar skili sér til baka, eða 22 prósent heildarkrafna.



**ÁRNI TÓMASSON**

Veigamestu afskriftirnar eru vegna íslenskra eignarhaldsfélaga. Heildarútlán til þeirra námu 129,1 milljarði króna um síðustu áramót að viðbættri skuldajöfnun. Reiknað er með að einungis 7,6 milljarðar skili sér til baka. Það gerir rétt tæplega sex prósenta heimtur.

> Skilanefnd Kaupþings birti kröfuhöfum gamla bankans yfirlit um stöðuna á fundi með þeim á fimmtudag. Þar kemur fram að 1.814 milljarða króna vantar upp á til að mæta skuldbindingum að fullu.
>
> Eignir eru metnar á ríflega 618 milljarða króna. Þar af eru lán til viðskiptavina upp á 250 milljarða króna. Skuldir nema 2.432 milljörðum króna.
>
> Matið tekur ekki tillit til liða sem gætu leitt til skuldajöfnunar en áætlað er að þeir séu á bilinu 200-400 milljarðar króna.
>
> Samkvæmt matinu er áætlað að nokkuð fáist upp í kröfur, líkt og Greining Glitnis tekur til orða í umfjöllun um matið.

Meirihluti íslensku eignarhaldsfélaganna er skráður erlendis, að sögn Árna. **jonab@frettabladid.is**



# Sjö sjálfvirkar N1 stöðvar

**Í dag, sjöunda febrúar, stækkum við þjónustunet N1 með sjö sjálfvirkum stöðvum, þar sem áður var EGO.**

Á nýju sjálfvirku stöðvunum dælir þú eldsneyti á enn lægra verði og í dag bjóðum við **7 kr. kynningarafslátt frá klukkan 7 til 7.** Misstu ekki af því!

Hægt er að nota Greiðslulykil **N1**, greiðslukort og seðla á sjálfvirku stöðvunum. Ef þú átt EGO Greiðslulykil geturðu notað hann áfram til að nýta þér lága verðið á sjálfvirku **N1** stöðvunum.

**-7kr.*** af eldsneyti

*Afsláttur er veittur af dæluverði frá kl. 7:00 til 19:00
Önnur tilboð og afslættir gilda ekki í dag.




**Hæðarsmára**
Kópavogi




**Smáralind**
Kópavogi




**Salavegi**
Kópavogi




**Stekkjarbakka**
Reykjavík




**Fellsmúla**
Reykjavík




**Vatnagörðum**
Reykjavík




**Tryggvabraut**
Akureyri

SÍMI 440 1000
WWW.N1.IS

**Meira í leiðinni**




Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillu og/eða myndabrengl · EXPO · www.expo.is

KRÓNAN
Ný kynslóð lágvöruverðsverslana

Opnunartímar í Krónunni:

Krónan Höfða
alla daga 11-19

Krónan Lindum
alla daga 11-19

Krónan Granda
alla daga 11-19

Krónan Breiðholti
virka daga 11-21
lau. 11-21 sun.12-21




Krónan Hafnarfirði
virka daga 11-21
lau. 11-21 sun. 12-21

Krónan Mosfellsbæ
virka daga 10-20
helgar 10-19

Krónan Akranesi
alla daga 10-19

Krónan Vestmannaeyjum
alla daga 11-19

Krónan Reyðarfirði
virka daga 11-19
lau. 11-19 sun.12-16

Krónan Árbæ
virka daga 11-21
helgar 10-21

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Gallar við peningamálastefnuna:

## Efnahagsstjórn var ekki í takt

SVANBORG SIGMARSDÓTTIR SKRIFAR

Vörn Seðlabankans hefur falist í því að hann fylgdi þeirri stefnu sem honum var sett, peningamálastefnunni. Þeirri stefnu sem nú hefur verið lýst gjaldþrota, án þessi þó að arftaki hennar sé skýr.

Á meðan ekki lá fyrir önnur stefna heldur en að reyna að hefta verðbólguþróun með hækkun stýrivaxta, í stað þess að hafa sem helsta markmið stöðugt gengi krónunnar, fylgdi bankinn stefnu sinni vel. Spurningin sem eftir situr er hvort stefnan hafi verið rétt, eða hvort önnur mistök hafi verið gerð.

Gallinn við peningamálastefnuna, eins og hún hefur verið rekin, er að ábyrgð á framkvæmd hennar hefur alfarið verið á hendi Seðlabankans, á meðan ríkisstjórnin, með sína efnahagsstefnu, hefur þóst hafa frítt spil og hagað sér eins og peningamálastefnan komi sér ekki við. Með slíkum hætti getur peningamálastefna aldrei þrifist. Með því er ekki verið að segja að peningamálastefnan hafi í öllu verið rétt, en hún fékk að minnsta kosti ekki kjöraðstæður.

Það gekk ekki upp að á meðan Seðlabanki hafði áhyggjur af verðbólgu og íhugaði hækkun stýrivaxta, lækkaði ríkisstjórnin skatta, eða stóð fyrir verðbólguhvetjandi aðgerðum og stóð svo á hliðarlínunni og yppti öxlum yfir hækkandi verðbólgu. Við virka efnahagsstjórn verður að taka tillit til þeirrar peningamálastefnu sem er við lýði. Það hefur ekki verið gert frá árinu 2001.

Afleiðingin af slíkri efnahagsstjórn er, eins og við höfum séð, vaxtamunaviðskipti, jöklabréf, efnahagsbóla og styrkari gjaldmiðill en innistæða er fyrir. Þetta er hin raunverulega arfleifð ríkisstjórna Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks.

Ef núverandi stjórn telur, líkt og fjölmargir innan hennar hafa sagt, að peningamálastefnan sé gjaldþrota, þarf að finna nýjar leiðir. Nú eru kannski ekki miklar áhyggjur uppi af þensluhvetjandi áhrifum eða skattalækkunum, en það þarf að huga til framtíðar. Peningamálastefnan er ekki hugsuð til einnar nætur og einhvern tímann verður risið upp úr efnahagslægðinni.

Ekki væri gáfulegt að hverfa frá sjálfstæðum seðlabanka og í því efni væri íhugandi hvort rétt sé að forsætisráðherra skipi seðlabankastjóra, forfallist starfandi seðlabankastjóri. Seðlabankastjórinn verður að hafa skýrar leiðbeiningar um hvert eigi að stefna. Er það í átt að stöðugum gjaldmiðli eða lágri verðbólgu? Með krónuna að vopni og hættu á efnahagsstjórnun sem lítið tillit tekur til peningastefnunnar, virðist lítil von á að halda í hvort tveggja.

Fyrsta spurningin sem verður að svara hlýtur að vera hvort halda eigi í íslensku krónuna. Allir virðast horfa út í heim eftir vænlegum lögeyri, en fáir standa eftir og lofa krónuna. Spurningin er því hvaða erlenda gjaldmiðli eigi að stefna að. Þeirri spurningu verður að svara áður en niðurstaða fæst um fastmótaða peningamálastefnu til framtíðar. Farsælast er að það verði stöðugur gjaldmiðill, þannig að hann sveiflist til dæmis ekki í takt við verðþróun einnar vöru, líkt og olíuverð.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf.

**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* og Þorsteinn Pálsson *thorsteinn@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871



SKIPTI eða SALA

Hefurðu verið að hugsa um að fara í nám en ert bundinn af að selja hús þitt. Nú er tækifærið. Yndislegt hús í Horsens á Jótlandi fæst í skiptum fyrir hús á Íslandi. Staðsetning hússins er í einum besta hluta bæjarins, 300 metrar í skóla og útiveru. Lestarferðir til Árósa eru á 30 mín. fresti. Allar uppl um húsið fást hjá home.dk sagnr.7178S371. Þeir sem hafa áhuga hringi í síma +4575648278

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Álit færustu sérfræðinga

Gróið hefur um heilt milli Kjartans Gunnarssonar og Davíðs Oddssonar eftir að sá fyrrnefndi reiddist hinum fyrir að kalla sig óreiðumann. Kjartan tekur upp hanskann fyrir Davíð í grein í Morgunblaðinu þar sem hann segir engin málefnaleg rök hafa komið fram fyrir því að reka Davíð úr Seðlabankanum; þetta séu pólitískar hreinsanir. Kjartan segir að sumir hafi sagt að peningastefna síðustu áratuga hafi verið röng. Hún hafi hins vegar verið mörkuð eftir að leitað var álits færustu sérfræðinga erlendis, þar á meðal Joseph Stiglitz, Nóbelsverðlaunahafa í hagfræði. Partur af peningastefnu stjórnvalda eru verðbólgumarkmið Seðlabankans. Þau kveða á um að þegar verðlag hækkar umfram verðbólgumarkmiðin eigi að hækka stýrivexti. Hvað ætli Stiglitz finnist um það?



### Misheppnað stýritæki

Það vill svo heppilega til að við vitum allt um það. Hinn 10. maí í fyrra birti Fréttablaðið grein eftir Stiglitz um verðbólgumarkmið. Hann komst að þeirri niðurstöðu að þau væru misheppnuð. „Lítil hagfræði og fáar rannsóknir liggja að baki þessu klossaða stýritæki,“ skrifaði hann. „Það er engin ástæða til að ætla að burtséð frá orsökum verðbólgunnar séu bestu viðbrögðin ávallt að hækka stýrivexti.



Vonandi verða fæst ríki fyrir þeirri ógæfu að taka upp verðbólgumarkmið; ég kenni í brjósti um almenning þeirra landa sem það gera.“

### Bæta gráu ofan á svart

Grein hans lauk á þessum orðum: „Veiking efnahagslífsins og atvinnuleysið sem verðbólgumarkmið hafa í för með sér duga lítt til að sporna við verðbólgu, heldur gera afkomu fólks erfiðari en ella.“ Það er ekki að sjá að Stiglitz sé mikill aðdáandi peningastefnunnar á Íslandi og mun sjálfsagt seint gangast við að vera einn af höfundum hennar.

bergsteinn@frettabladid.is

# Allar litlu gulu hænurnar



ELLERT B. SCHRAM

**Í DAG** | Uppbyggingin

Þetta er eins og að kaupa sér hús. Maður borgar og flytur inn með maka, tvö börn og tengdaforeldrana að auki. Stórt hús og nóg húsrými. Svo er húsbúnaði komið fyrir, farið að dytta að ýmsu eins og gerist, koma börnunum vel fyrir, hlúa að gamla fólkinu á neðri hæðinni. Allt í fínasta standi nema hvað fljótlega fer að hrikta í húsinu, veggir bresta og að lokum hrynur þakið. Og húsið allt. Raunar hverfið eins og það leggur sig.

Það kemur sem sé í ljós, þegar byrjað er að búa í húsinu að ýmislegu var ábótavant. Byggingameistarinn rekur upp stór augu, byggingareftirlitið segir að farið hafi verið eftir reglum. Arkitektinn segir að allir stuðlar hafi verið réttir og allar litlu gulu hænurnar segja: ekki ég, ekki ég.

Þú ert kjörinn á þing og ert stoltur af þínu sæti í fallegum þingsalnum. Þú ferð að huga að ýmsum minnihattar tillögum og frumvörpum um lagfæringar í stjórnsýslunni, hugar að kjörum eldri borgara og bragabótum. Dundar sem sagt við það að færa til mublurnar og málverkin. En að byggingin sem stendur undir þessu sé ekki traust, það hvarflar ekki að manni, enda liggja fyrir skýrslur og ræður og útreikningar Seðlabanka, Fjármálaeftirlits, greiningadeilda, sérfræðinga í ráðuneytum og hagfræðinga á prófessoralaunum, sem fullvissa alla um að stoðir þjóðfélagsins standi á traustum grunni. Byggingameistarinn var jú gamalreyndur í starfinu og eftirlitið var á sínum stað. Það uggði enginn að sér, frekar en húsakaupandinn.

En það er sama hvert þú litast um, það varst þú sem keyptir húsið og það varst þú, kæri þingmaður, sem svafst á verðinum. Þetta skildi Sjálfstæðisflokkurinn því miður ekki þegar húsið hrundi. Hann skynjaði ekki ábyrgð sína. Það þýðir ekkert að bjóða upp á sama byggingameistarann til að taka til í rústunum, það þýðir ekki að bjóða húseigendunum í nefið og segjast ætla að skoða þetta þegar landsfundur er búinn. Hann heyrði ekki bergmál þjóðarsálarinnar.

Margir af þingmönnum Sjálfstæðisflokksins eru mikið ágætis fólk. Sumir kannski pínulítið sjálfumglaðir, en upp til hópa bara eins og ég og þú. Eftir langan valdaferil og farsælt starf húsameistarans var það þeim ofvaxið að segja af sér eða reka einhvern. Hvað þá að skipta um húsameistara.

En ég bendi ekki aðeins á Sjálfstæðisflokkinn. Við hin berum líka ábyrgð sem stóðum vaktina og sofnuðum. Við vorum líka sjálfumglöð. Það erum við sem gáfum húsameisturunum og eftirlitinu grænt ljós. Það vorum við sem sátum og færðum til mublur meðan húsið skalf. Af því við höfðum hvorki rænu né þrek til að skoða innviðina og undirstöðurnar. Sjálfur hef ég ekkert vit á peningum og átti kannski ekki erindi á þing af þeim sökum. Ég var jafnvel nógu vitlaus að verja mínum litla sparnaði um ævina til að borga mínar skuldir og kaupa engin verðbréf. Samt sit ég nú uppi með það eins og annar almenningur í landinu að bera skuldir þjóðarbúsins á bakinu það sem eftir lifir og sjálfsagt alla leið í gröfina.

Auðvitað þurfti að skipta um ríkisstjórn. Og koma Sjálfstæðisflokknum frá. Og kjósa upp á nýtt. Nýtt fólk. Þess vegna ætla ég ekki að gefa kost á mér aftur til þingsetu, því ég vil rýma til fyrir yngra fólki sem hefur áræði og þekkingu til að taka alla þessa stjórnsýslu í nefið og stokka upp á nýtt. Það þarf að byggja samfélagið upp að nýju, skipta út húsameisturum og breyta reglum, sem í tugi ára hafa verið sniðnar að því að koma sjálfum sér og sínum í valdastóla, í hagsmunavörslu og að kjötkötlunum. Víkja burtu þeim sem stóðu að framsali kvótans, sem seldu ríkisbankana sem pólitíska skiptimynt og létu hið svokallaða markaðsfrelsi koma okkur í koll. Jú, við viljum frelsi til athafna og viðskipta og sjálfsbjargar en því frelsi verður að fylgja ábyrgð. Vonandi vaknar Sjálfstæðisflokkurinn upp úr álögum sínum. Við þurfum á öllum flokkum og öllu góðu fólki til að reisa húsin. Samfélaginu var steypt í glötun vegna græðginnar og gróðans. Við viljum ekki svoleiðis þjóðfélag aftur. Við viljum ekki þannig fólk á þing.

Að mínu mati er endurreisnin hafin undir forystu Jóhönnu og Steingríms. Hvað sem annars má segja um þau skötuhjúin, fer þar kraftur og áræði saman. Mér er sama þótt sumir blóti Steingrími og Ögmundi og þeirra liði. Það gengur þó eitthvað undan þeim. Þeir sitja ekki og bíða eftir sjálfum sér eða einhverjum landsfundi.

Við skulum ekki falla í þá gryfju að fela gömlu húsameisturunum að taka við aftur. Mönnunum sem bera ábyrgðina, mönnunum sem sváfu á verðinum. Öllum, litlu gulu hænunum. Hvað sagði Steinn Steinarr: húsameistari ríkisins, ekki meir, ekki meir.

*Höfundur er alþingismaður.*

# Þingvarlastjórnin

**UMRÆÐAN**

Sigríður Á. Andersen skrifar um lýðræði hinnar nýju ríkisstjórnar



SIGRÍÐUR Á. ANDERSEN

Þá er Þingvallastjórnin búin að kveðja. Fólkið með eggin, grjótið og bálkestina sagði hana ekki hafa umboð kjósenda þótt leitun hafi verið að myndarlegri þingmeirihluta. Flokkarnir sem að henni stóðu voru jafnframt sammála um að boða til þingkosninga í vor og sækja nýtt umboð. Í fjarveru formannsins liðaðist Samfylkingin hins vegar í sundur. Við stjórninni er tekin stjórn tveggja flokka sem fengu samtals 41% atkvæða í þingkosningum fyrir tveimur árum. Í stjórninni sitja tveir ráðherrar sem enginn hefur kosið og engum kom til hugar að yrðu handhafar framkvæmdavaldsins. Þetta er svipað sýnishorn af lýðræðisbyltingu Samfylkingar og landsfundur hennar þar sem 500 fundargestir greiddu 890 atkvæði.

Samfylkingin og VG treysta svo engum af lýðræðislega kjörnum þingmönnum sínum til að stýra dómsmálaráðuneytinu. Jafnvel ekki hinum löglærðu Ágústi Ólafi Ágústssyni, Lúðvík Bergvinssyni, Árna Páli Árnasyni, Ellerti B. Schram eða Atla Gíslasyni. Nýr formaður Framsóknarflokksins telur flokkinn ekki heldur hafa umboð kjósenda. Það má vissulega segja um hann sjálfan. Ókjörinn á þing tók hann hins vegar þá ákvörðun að verja minnihlutastjórn vinstri flokkanna falli.

Þá þótti hinni nýju ríkisstjórn mikilvægt að skipta út reynslumiklum þingmanni í sæti forseta Alþingis fyrir einn reynsluminnsta þingmanninn. Það þykir brýnt jafnvel þótt nær allir þeir þingmenn sem hina nýju stjórn skipa hafi sjálfir kosið tiltekinn forseta Alþingis í upphafi kjörtímabils og enginn ágreiningur hafi verið um störf hans hingað til. Svona eru hugmyndir vinstri flokkanna um skilvirkni í þingstörfum.

Þegar svo þingmenn Framsóknarflokksins höfðu sagst ekki telja sjálfa sig hafa nægt umboð til að setjast í stjórn, þá kröfðust vinstriflokkarnir þess að framsóknarmenn styddu Gylfa Magnússon dósent til ráðherradóms. Hver kaus hann? Gagnvart hverjum ber hann ábyrgð?

Svona starfa vinstri flokkarnir þegar þeir segjast vera sérstaklega lýðræðissinnaðir. Hvernig eru þeir ella?

*Höfundur er héraðsdómslögmaður og varaþingmaður Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík.*

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* **MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **VIÐSKIPTARITSTJÓRI:** Óli Kr. Ármannsson *olikr@markadurinn.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Emilía Örlygsdóttir *emilia@frettabladid.is* og Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*



# Skemmtileg smáhundasýning

## um helgina í Garðheimum

**Komið og sjáið allar nýjustu tegundirnar af smáhundum á einum stað!**

- Tískusýningar kl. 15.00 og 16.00 laugardag og sunnudag
- Hundafimi sýning á laugardag kl. 14.30
- 15 – 20 % afsláttur af öllu hundafóðri
- Fullt af nýjum vörum og tilboðum s.s. hundamerkispjöld, ólar, bæli, búr, nagbein o.fl. .
- Lukkupottur – glæsilegir vinningar

Fóðurkynningar frá

Hill's

ROYAL CANIN

Purina PRO PLAN

Eukanuba

# FERMINGARVEISLUSÝNINGIN HAFIN!

Allt það nýjasta í veisluskrauti: serviettur, kerti sálmabækur, áletranir, föndur og margt fleira!









**GÓÐ RÁÐ GARÐHEIMA:**

***Nú er tíminn til að sá fyrir:***
*stjúpu, fjólu, aftanroðablómi, apablómi, ilmskúf, járnjurt o.fl.*
*Kíktu á heimasíðuna okkar*
***www.gardheimar.is***

Opið til **21.00** öll kvöld

GARÐHEIMAR

*heimur heillandi hluta og hugmynda*

Stekkjarbakka 6 - Sími 540 3300 - www.gardheimar.is

blóm helgarinnar



7 rósir í búnti &
10 tulipanar

**990kr**

# Ráðherrar raska stjórnskipan

UMRÆÐAN

Sigurður Líndal skrifar um ráðherravald og þingvald

Lög hafa löngum verið tengd valdinu og þá jafnframt verið hið háskalega tæki stjórnmálanna. Stjórnspekingar hafa því löngum leitað úrræða til að takmarka vald og er þrískipting ríkisvalds í löggjafarvald, framkvæmdarvald og dómsvald eitt þeirra. Grunnhugsunin hefur þá verið sú að visst jafnvægi skuli vera milli einstakra þátta og gagnkvæmt aðhald. Annar þáttur þessarar viðleitni er að styrkja sjálfstæði sveitarfélaga, en um það verður ekki fjallað hér.

Nú gerist það oft að þróunin verður á annan veg en upphaflega var ætlunin og er það almennt mál manna að framkvæmdarvaldið hafi vaxið löggjafarvaldinu yfir höfuð andstætt því sem stefnt var að. Ef marka má orðræðu ýmissa þingmanna og almenn viðhorf í þjóðfélaginu birtist þessi þróun meðal annars á þann veg að frumkvæði að lagasetningu og flest lagasmíð sé á vegum ríkisstjórnar og fari fram utan Alþingis; frumvörpin renni síðan í gegn lítt eða ekki breytt. Þetta má reyndar staðfesta með tölum, en þó segja þær ekki alla söguna. Þær sýna ekki, eða a.m.k. á mjög ófullkominn hátt, breytingar sem verða á lögum í meðförum Alþingis og við þetta má bæta að frumvörp ná ekki alltaf fram að ganga sökum þess að þingmenn vilja fá ráðrúm til að skoða þau betur. Þannig er ofmælt að Alþingi sé ekki annað en afgreiðslustofnun fyrir ríkisstjórn eins og oft heyrist, en breytir því ekki að staða þess er miklu veikari en skyldi.

Svo er að sjá sem þingmenn hafi almennt sætt sig við þessa skipan mála. Þegar Þorsteinn Pálsson varð formaður Sjálfstæðisflokksins snerist nálega öll umræðan um að hann yrði að fá ráðherraembætti og heyrzt hefur síðustu daga að það hafi háð fyrrverandi varaformanni Samfylkingarinnar að vera ekki ráðherra. Þá falla orð iðulega á þann veg að þessi eða hinn þingmaður stefni á ráðherrastól, uppskeri ráðherrasæti og jafnvel eigi kröfu til þess, að því ógleymdu að landsbyggðin verði einnig að fá sinn ráðherra. Hugur þingmanna virðist öðru fremur vera bundinn við að komast í ríkisstjórn eins og það sé hámark stjórnmálaferilsins.



SIGURÐUR LÍNDAL

Þá vekur það athygli hversu ráðherrum hefur fjölgað, þannig að ríkisstjórn birtist fyrir landslýðnum sem þingdeild, þar sem tillögur eru lagðar fram, þær ræddar og afgreiddar með atkvæðagreiðslu. Ríkisstjórn verður eins konar ígildi efri deildar Alþingis þegar konungur skipaði þar helming þingmanna sem höfðu þá stöðvunarvald. Myndin sem við blasir er sú að í ríkisstjórn sé málum ráðið endanlega til lykta.

**Ráðherravald og dómsvald.**

Sjálfstætt dómsvald er ein helzta stoð réttarríkisins og í stjórnskipan ríkisins og löggjöf henni til fulltingis er leitazt við að tryggja það. En þar seilist ráðherravaldið til íhlutunar.

Þetta gerðist við skipan hæstaréttardómara 2003 og 2004 þar sem dómsmálaráðherra gekk gegn umsögn Hæstaréttar um skipan dómara. Þessir tveir dómarar hafa síðan haldið þeirri skoðun fram að það sé ekki hlutverk Hæstaréttar að raða umsækjendum eftir hæfni. Þau rök hafa fylgt að ekki sé gert ráð fyrir því í lögum og jafnframt glittir í þá skoðun að beinar lagaheimildir þurfi til orða og athafna. Í umræðum sem fylgdu var því hreyft að í stað umsagnar Hæstaréttar kæmi mat dómnefndar. En ekki dugði það við skipan héraðsdómara 20. desember 2007. Þar gekk settur dómsmálaráðherra gegn umsögn dómnefndar sem sett hafði verið á fót með lögum til að tryggja sjálfstæði dómsvaldsins og fór ekki að lögum við skipan dómarans samkvæmt áliti umboðsmanns. Þessi dæmi varpa nokkru ljósi á það hvernig ráðherravaldið seilist til áhrifa innan dómsvaldsins.

Í því samhengi skiptir miklu máli viðhorf dómara og þá sérstaklega fylgispekt þeirra við lagasetningarvaldið, í reynd ráðherravaldið. Því er haldið fram að dómurum beri að halda sig innan valdmarka réttarins og dæmi eftir gildandi lagareglum sem merkir í reynd bókstaf settra laga og gangist þannig undir hlýðni við ráðherraræðið sem hefur ásýnd lýðræðislega kjörins þings.

*Nýjustu birtingarmyndir hennar eru pottlokaglamur undir stjórn rokkara og rappara, sem leyst hefur rökræðuna af hólmi og þá er stutt í að bareflin taki við af sleifunum. Með þessu er forsendum lýðræðisstjórnarhátta hafnað.*

Meira en tvö þúsund ára réttarsaga Evrópu sýnir þó að dómarar hafa átt drjúgan þátt í að móta réttarskipan Evrópu. Undantekning er einveldistímabilið þegar einvaldshöfðinginn hafði óskorað lagasetningarvald og dómarar höfðu það eitt hlutverk að fylgja vilja hans. Eftir að einveldi létti hefur þróun stjórnskipunar stefnt í átt til lýðræðis og valddreifingar. Mikilvægur þáttur þess er sjálfstæði dómstóla og ein mikilvæg trygging þess er að úrlausnir þeirra styðjast við ýmsar réttarheimildir umfram fyrirmæli í settum lögum svo sem venju, fordæmi, meginreglur laga og eðli máls. Ástæða þess að dómstólar hafa þessar heimildir er sú að þjóðfélagið þolir ekki óvissu og þar af leiðir að dómstólar verða að komast að niðurstöðu þótt sett lög skeri ekki úr og geta því stuðzt við fleiri heimildir en löggjafinn veitir – og jafnvel sett eða mótað reglu ef lögin þrýtur og aðrar réttarheimildir taka ekki af öll tvímæli. Valdheimildir og sjálfstæði dómstóla liggja þannig í eðli dómarastarfsins og þetta er viðurkennt í stjórnskipan lýðræðis- og réttarríkja. Á þessum sjálfstæða grundvelli geta dómstólar umfram allt veitt öðrum þáttum ríkisvaldsins aðhald.

**Ráðherravald og forsetavald.**

Forseti Íslands hefur hlutdeild í löggjafarvaldi samkvæmt 2. gr. stjórnarskrárinnar. Veigamesti þáttur þess er málsskotsréttur hans skv. 26. gr. Þar seilist ráðherraræðið til áhrifa með þeim skilningi sem haldið hefur verið fram að forseti geti ekki beitt þessum rétti nema með fulltingi ráðherra. Samkvæmt þessu eru ráðherrar að þessu leyti handhafar lagasetningarvalds þótt þess sjái hvergi stað í stjórnarskránni.

**Lýðræði og valddreifing.**

Hér að framan hefur verið minnzt á lýðræði og formlega hefur löggjafinn það umfram dómsvaldið að hann sækir umboð sitt til kjósenda. Dómsvaldið styðst á hinn bóginn við lagahefðina auk fyrirmæla löggjafans. Umboð löggjafans er þó tæpast jafnskýrt og ætla mætti við fyrstu sýn. Kjósendur ráða litlu um framboð; það er ákveðið innan flokkanna og síðan verða menn að greiða atkvæði hópi frambjóðenda á lista. Fyrirheit frambjóðenda eru einatt óljós og misvísandi og við bætist að flokkar ganga oftast óbundnir til kosninga sem eykur á óvissu um hvað við kunni að taka eftir stjórnarmyndun. Málamiðlanir sem fylgja verða skálkaskjól fyrir að ganga á bak orða sinna.

En fátt stendur þó lýðræðinu meira fyrir þrifum en ofurvald afþreyingariðnaðarins. Áhrif hans birtast ekki sízt í firringu þannig að menn losna úr tengslum við umhverfi sitt og berast inn í sýndarveruleika. Nýjustu birtingarmyndir hennar eru pottlokaglamur undir stjórn rokkara og rappara, sem leyst hefur rökræðuna af hólmi og þá er stutt í að bareflin taki við af sleifunum. Með þessu er forsendum lýðræðisstjórnarhátta hafnað. Við þessu má bregðast með almennri upplýsingu sem stuðlað geti að gagnrýnni hugsun. En það er langtíma viðfangsefni í samkeppni við afþreyinguna og því verður einnig að skoða önnur úrræði. Þar liggur beinast við að skerpa á skiptingu valds milli stjórnarstofnana þannig að þær veiti gagnkvæmt aðhald.

Þetta ætti að vera sérstakt viðfangsefni Sjálfstæðisflokksins, enda yfirlýst stefna hans að takmarka umsvif og vald ríkisins. Það má gera annars vegar með því að stuðla að markaðsstjórn í stað valdstjórnar svo sem gert var og hins vegar með því að dreifa ríkisvaldi. Nú fór markaðsstjórnin úr böndunum, en ríkisvaldi var þjappað saman með ráðherraræðinu. Þessi þróun hefur ekki sætt teljandi gagnrýni svo að séð verði. Reyndar hafa tveir ungir þingmenn flokksins, þeir Sigurður Kári Kristjánsson og Birgir Ármannsson berum orðum stutt yfirgang ráðherraræðisins gagnvart dómsvaldinu. Og þá standa eftir tvær spurningar: Er Sjálfstæðisflokkurinn horfinn frá þeirri stefnu að takmarka miðstjórnarvald ríkisins? Hefur sú valdasamþjöppun sem fylgt hefur ráðherraræðinu valdið því að aðhald og yfirsýn hafi skort og það hamlað eðlilegri markaðsstjórn og átt nokkurn þátt í efnahagshruninu.

*Höfundur er prófessor í lögfræði.*

# Kvatt með gjöfum

UMRÆÐAN

Ágúst Guðmundsson skrifar um hlunnindi ráðandi stétta



ÁGÚST GUÐMUNDSSON

Ætli ég sé einn um að furða mig á eftirlaunum, biðlaunum og starfslokasamningum? Við erum ekki öll í þeirri aðstöðu að geta krafist hárra kaupauka fyrir að hætta í vinnunni. Hvernig stendur þá á því að engin leið er að losna við vanhæfan starfsmann í toppstöðu nema með því að borga honum nokkra milljónatugi í premíu fyrir að láta af embætti?

Hér koma enn og aftur fram sérhagsmunir þeirra sem undanfarið hafa lent rjómamegin í skilvindu samfélagsins. Þessi skilvinda varð smám saman æ mikilvirkari í greiningu á milli þeirra stóru og þeirra smáu. Úr varð stórkostlegt kerfi sem gerir rækilega upp á milli fólks: annars vegar er undanrennan, sauðsvartur almúginn með afar takmarkað starfsöryggi, hins vegar eru topparnir, þeyttir og loftkenndir.

*Þá er ekki síður mikilvægt að þeir einstaklingar sem ráðnir eru í stað þeirra vanhæfu fái ekki samninga sem gefa þeim yfirburðastöðu...*

Þeir ríku ættu náttúrulega að vera í aðstöðu til að hætta að vinna án þess að hljóta umbun fyrir, en kerfið hefur snúið því á hvolf. Á hinn bóginn hefur í fjölmörgum fyrirtækjum verið lögð rík áhersla á að allir almennir starfsmenn séu lausráðnir, svo að hægt sé að segja þeim upp fyrirhafnarlítið.

Eftirlaun ráðherra og alþingismanna eru ekki nema svolítill angi af þessu misræmi, en jafnframt lýsandi dæmi um það. Á uppgangstímunum voru þingmennirnir væntanlega orðnir stóreygir yfir kjörum bankastjóra og annarra milljarðamæringa, fannst að sjálfir ættu þeir skilið að fá eitthvað svipað, kannski ekki það sama, en eitthvað í áttina. Og eftirlaunafrumvarpið varð til og samþykkt á mettíma.

Nú er boðað að brátt muni eftirlaunasérhagsmunir þessir fyrir bí – og þá er rétt að muna hve óskaplega langan tíma það tók þingfólkið að átta sig á reiði almennings út af þessum lögum. Það skýrist aðeins með einu: stjórnmálamenn eiga afar erfitt með að játa á sig mistök. Í flestum flokkum jafngildir það afsögn. Og þeir sem helst studdust við þá hugmyndafræði sem ráðið hefur undanfarin ár virðast seint ætla að viðurkenna að þar hafi grunnhugsunin verið röng. Þeir eiga enn fremur eftir að heilla marga næstu vikurnar með gamalkunnum fagurgala og kjaftagangi og verða örugglega kosnir aftur á þing í vor.

Samt finnst mér rétt að reyna að malda í móinn og biðja um lagfæringu á kerfinu svo að það verði ekki svona dýrt að segja vanhæfum stjórum upp starfi sínu. Það hlýtur að vera hægt að orða einhver lög þannig að ríkið þurfi ekki að borga hundruð milljóna til að losna við fólk sem svo til öll þjóðin hefur kallað eftir að taki pokann sinn.

Þá er ekki síður mikilvægt að þeir einstaklingar sem ráðnir eru í stað þeirra vanhæfu fái ekki samninga sem gefa þeim yfirburðastöðu, fari svo að þjóðin vilji losna við þá. Það hlýtur þó að vera hægur vandi. Nýja Ísland hefur ekki efni á ofurgreiðslum af neinu tagi, allra síst til skussanna.

*Höfundur er leikstjóri.*

# Mikilvægt að hagræða í samgönguframkvæmdum

UMRÆÐAN

Kristján Möller skrifar um mögulega sameiningu samgöngustofnana



KRISTJÁN MÖLLER

Ég vil láta athuga hagkvæmni þess að sameina stofnanir og verkefni sem heyra undir samgönguráðuneytið. Annars vegar kanna hvort fýsilegt er að sameina Vegagerðina, Siglingastofnun Íslands og Umferðarstofu og hins vegar hvort betur væri komið í einu félagi opinberu hlutafélögunum tveimur Flugstoðum og Keflavíkurflugvelli.

Það er mín skoðun að með reglulegum hætti eigi að skoða hvort fjármunir séu vel nýttir og hvort gætt sé ítrustu hagkvæmni á öllum sviðum. Mér finnst það skylda mín að kanna kosti og galla núverandi stofnanakerfis, greina verkefnin, meta mögulega samþættingu viðfangsefna þvert á núverandi skipan. Við þurfum alltaf að leitast við að gera betur.

*Hefur nefnd verið falið að útfæra hugmynd að nýrri skipan Vegagerðar, Siglingastofnunar Íslands og Umferðarstofu og vinna tillögu um framkvæmd hennar.*

Ýtt var við vangaveltum um hugsanlegar breytingar á samgöngustofnunum með stjórnsýsluúttekt Ríkisendurskoðunar í fyrra á samgönguframkvæmdum. Þar var stuttur kafli um að stjórnvöld könnuðu breytta stofnanaskipan. Nokkru fyrir áramót samþykkti ríkisstjórnin tillögu mína um að hrinda í framkvæmd könnun á sameiningu samgöngustofnana. Hefur nefnd verið falið að útfæra hugmynd að nýrri skipan Vegagerðar, Siglingastofnunar Íslands og Umferðarstofu og vinna tillögu um framkvæmd hennar. Einnig verður kannað hvort leggja eigi niður fagráðin á viðkomandi sviðum ef það verður niðurstaðan að samráði við hagsmunaaðila sé betur komið með öðrum hætti.

Verkefnið er umfangsmikið en markmiðið er skýrt: Að auka hagkvæmni og árangur, bæta þjónustu samgöngustofnana, efla rannsóknir, styrkja nýsköpun og bæta nýtingu fjármuna sem fara til samgöngumála. Gísli Gíslason, framkvæmdastjóri Faxaflóahafna, hefur verið skipaður formaður nefndarinnar og í starfi sínu skal nefndin vinna náið með viðkomandi forstöðumönnum og starfsmönnum og jafnframt kanna hug viðskiptavina stofnananna.

**Eðlileg könnun**

Hitt hugsanlega sameiningarverkefnið hef ég hugsað talsvert um í seinni tíð: Er ekki hagkvæmt að sameina hin nýju opinberu hlutafélög, Flugstoðir og Keflavíkurflugvöll? Þar hefur einnig verið skipuð nefnd og fer fyrir henni Jón Karl Ólafsson, sem á að baki langa reynslu í flugrekstri og ferðaþjónustu. Verkefni nefndarinnar er skýrt og markmiðið að bæta hagkvæmni, skilvirkni, fagþekkingu og þjónustu við stjórn og uppbyggingu á flugvöllum og flugleiðsögu á Íslandi. Í nefndinni verða einnig forráðamenn félaganna og/eða fulltrúar starfsmanna.

Flugstoðir hafa frá ársbyrjun 2007 séð um rekstur og uppbyggingu flugvalla og flugleiðsöguþjónustu í flugi á Íslandi að Keflavíkurflugvelli undanskildum. Samgönguráðuneytið tók við borgaralegum málum vallarins í ársbyrjun 2008 og sér nú um rekstur og uppbyggingu þar. Þess vegna eru nú breyttar forsendur og rétt að meta hvort ekki sé eðlilegt að nýta þau samlegðaráhrif sem sameining þessara tveggja félaga gæti haft í för með sér.

Það er holt og gott að staldra við og kanna hvar hugsanlegt er að gera betur í stjórnsýslu og nýtingu fjármuna hins opinbera. Að því er stefnt með þeim könnunum á stofnanasviðinu sem ég hef nú lýst. Á tímum efnahagsþrenginga er það enn brýnna og nú er að mínu viti tækifæri til að hrinda umbótum í framkvæmd ef það verður niðurstaða þessara athugana.

Ég vil jafnframt benda á mikilvægi þess að upplýsa starfsfólk á viðkomandi sviðum. Þess vegna hyggst ég efna fljótlega til fundar til að kynna starfsfólki þessi verkefni, heyra viðbrögð og fá ábendingar. Ég er sannfærður um að með ákveðnum skipulagsbreytingum náum við markmiðum um betri þjónustu samgöngustofnana. Langtímamarkmiðið er alltaf hagræðing og betri nýting fjármuna.

*Höfundur er samgönguráðherra.*



185 CM
Electrolux
185 cm hár kæli- og frystiskápur með vandaðri innréttingu og í A orkuflokki
249 lítra kælir / 110 lítra frystir
Flöskurekki og glerhillur
Maxi Space frystiskúffur
HxBxD: 185x59,5x60 cm
Verð áður kr 149.900
ÞÚ SPARAR 40.000
Verð nú 109.900
175 CM
ÞÚ SPARAR 35.000
Verð nú 119.900
Electrolux
175 cm hár kæli- og frystiskápur með með framhlið úr burstuðu kámfríu stáli
226 lítra kælir / 110 lítra frystir
Flöskurekki og glerhillur
Maxi Space frystiskúffur
HxBxD: 175x59,5x60 cm
Verð áður kr 154.900
1400 SN - 6 KG
ÞÚ SPARAR 25.000
Verð nú 94.900
ÞÚ SPARAR 20.000
Verð nú 39.900
BARKALAUS
ÞÚ SPARAR 10.000
Verð nú 84.900
Electrolux
Vinsælasta vélin frá Electrolux. 1400 snúninga hraðþvottavél með stafrænu stjórnborði og skjá
Tekur allt að 6 kg af taui
Hraðval 30-55% tímasparnaður á algengum kerfum
Seinkun á gangsetningu mögule 0-23 klst.
Stórt hurðaop
Handþvottakerfi og ullarkerfi
A/A einkunn fyrir orkunýtni og þvottahæfni
Verð áður kr 119.900
Siltal
Þurrkari fyrir barka með tímastilli.
Tekur allt að 6 kg af taui
Kerfi fyrir bæði venjulegan og viðkvæman þvott
Krumpuvörn
Stórt hurðaop
Einfalt og skýrt stjórnborð
Þriggja ára ábyrgð
Verð áður kr 59.900
ZANUSSI
Barkalaus þurrkari með krumpuvörn
Tekur allt að 6 kg af taui
Stór lúga 43x43 cm
Kerfi fyrir bæði venjulegan og viðkvæman þvott
Þriggja ára ábyrgð
Verð áður kr 94.900
OPIÐ ALLA HELGINA
ÚTSALA
LOKAÚTKALL!
AFSLÁTTUR 40%
Verð nú 2.990
Hraðsuðukanna 1 ltr snúrulaus Áður kr. 4.990
AFSLÁTTUR 70%
Verð nú 1.790
Racklette grill fyrir 4 Áður kr. 4.990
AFSLÁTTUR 34%
Verð nú 5.990
Djúpsteikingapottur 3 ltr Verð áður kr. 8.990
Töfrasproti Áður kr. 3.490
AFSLÁTTUR 43%
Verð nú 1.990
VALIN SMÁTÆKI MEÐ
30-70% AFSL.
AFSLÁTTUR 38%
Verð nú 2.490
Gufustraujárn með stálbotni Áður kr. 3.990
AFSLÁTTUR 50%
Verð nú 2.990
Baðvog digital sandblásið gler Áður kr. 5.990
AFSLÁTTUR 40%
Verð nú 2.390
Hárblásari 2000W Áður kr. 3.990
AEG
Ný ofurhljóðlát uppþvottavél hlaðin þægindum og nýrri tækni. Stálklædd að framan með stjórnborði að ofanverðu
6 þvottakerfi þ.á.m. hraðkerfi, pottakerfi, glasakerfi og sjálfvirk kerfi
Fuzzy Logic gervigreind sem skynjar óhreinindi og velur sjálf hitastig/tíma
Hljóðstyrkur aðeins 45 dB(A)
3xA einkunn fyrir orku/þvott/þurrkun
Mjög vönduð innrétting
Án topplötu
Þriggja ára ábyrgð
Verð áður kr 189.900
ÞÚ SPARAR 60.000
Verð nú 129.900
AEG TOPP MÓDEL
Electrolux
Einföld og góð uppþvottavél með A/A/A einkunn
Hljóðstyrkur 49 dB(A)
5 þvottakerfi - 4 hitastig
Hraðkerfi og pottakerfi
Fuzzy Logic gervigreind
3xA einkunn fyrir orku/þvott/þurrkun
Þriggja ára ábyrgð
Verð áður kr 104.900
ÞÚ SPARAR 20.000
Verð nú 84.900
VIFTUR OG HÁFAR MEÐ
15-50% AFSL.
AFSLÁTTUR 38%
Verð nú 4.990
TRISTAR
1400W ryksuga með stálskafti
Verð áður Kr. 7.990
ZANUSSI
Vönduð eldavél með keramik helluborði og blástursofni
Stórt grill ásamt undir- og yfirhita
Barnalæsing
Stór ofn og geymsluskúffa
HxBxD: 90x59,5x60 cm
Verð áður kr. 134.900
ÞÚ SPARAR 15.000
Verð nú 119.900
DOMO
20 lítra örbylgjuofn með 1000W grilli og 800W örbylgjum.
Tölvustýrður með skjá
Affrysting
Stállitaður
Verð áður kr 19.990
ÞÚ SPARAR 5.000
Verð nú 14.990
Rafha ehf
Opið virka daga 9-18
laugardaga 10-17
sunnudag 13-17
Suðurlandsbraut 16 108 Reykjavík
Sími 5880500
www.rafha.is

# HEILSUDAGAR
## BLÓMAVALI SKÚTUVOGI

## Uppákomur í dag:

Taktu með okkur þátt í heilbrigðum lífstíl og nýttu þér afsláttardagana. Komdu í Græna torgið, Blómavali Skútuvogi, og kynntu þér úrvalið af lífrænum vörum, próteindrykkjum og bætiefnum.



**Bubbi Gunn**

**spinning- og einkaþjálfari í World Class verður með ráðgjöf í Skútuvogi í dag.**

**kl. 15.00-18.00**
*Kynning á **íslensku** bankabyggi, nuddolíum og grænmetisbuffi.*

**kl. 13.00-15.00**
*Bubbi Gunn spinning- og einkaþjálfari í World Class verður með ráðgjöf og kynnir líkamræktartæki sem fást í Húsasmiðjunni.*

**kl. 14.00-17.00**
*Kynnig frá Yggdrasil á trönuberjasafa, gingerale (gosdrykk án viðbætts sykurs) og Agave sýrópi.*

**kl. 14.00-17.00**
*Kynning frá Heilsu á Biottasöfum og Floradix línunni.*



10% til baka
3.499 kr.
til inneignar!

**Þrekhjól**
YK B-15, tímaklukka, vegalengdar-, hraða-, og kalóríumælir
3899524

**34.990**

# 20%
## afsláttur
af völdum vörum

Græna torgið
Blómavali Skútuvogi

## Við borgum þér 10% til baka
í formi inneignar
**af öllum vörum**
í Húsasmiðjunni og Blómavali*

(að undanskyldu stáli, timbri, plötum og sérpöntunum).




10% til inneignar
VIÐ BORGUM ÞÉR!



10% til baka
399 kr.
til inneignar!

**Magaþjálfi**
YK-A09, sýnir fjölda æfinga, tíma og hitaeiningar
3899547

**3.990**

# POTTAPLÖNTU ÚTSÖLUNNI
## LÝKUR UM HELGINA
# 20-50%
## afsláttur

blómaval
heillandi heimur



3 stk
Prímúlur
799 kr.

***VIÐ BORGUM ÞÉR - SKILMÁLAR.**

**Upphæð inneignarnótu miðast við endanlegt verð. Þ.e. 10% af þeirri upphæð sem viðskiptavinur borgar.**
**Tilboðið gildir af öllum vörum í Húsasmiðjunni og Blómavali að undanskildu steypustyrktarstáli, timbri, plötum og sérpöntunum.**
**Inneignir eru einungis til úttektar í mars 2009.**

Allar upplýsingar birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl, úrval getur verið mismunandi milli verslana

# VIÐ BORGUM ÞÉR

VIÐ BORGUM ÞÉR!

10% til inneignar 10% til inneignar 10% til inneignar 10% til inneignar

## VIÐ BORGUM ÞÉR

10% TIL BAKA í formi inneignar

**GILDIR Í HÚSASMIÐJUNNI OG BLÓMAVALI***

**10 ltr.**




10% til baka 10% til baka 10% til baka

**599**kr. til inneignar!

ódýrt **5.990**

**Veggmálning Jotaplast**

Góð plastmálning með gljástig 7, beinhvít, 10 ltr.

7119800



10% til baka 10% til baka 10% til baka

**150**kr. til inneignar!

**Rúlla og bakki** **1.499**

25 sm

7014822

## Smurbrauð

í Skútuvogi

**190**kr



**kl. 11:30-14:00**



## Gúllassúpa

Í Skútuvogi

**190**kr



## Ís

**10**kr

Í Skútuvogi

HÚSASMIÐJAN

...ekkert mál

# Stefnumótavefur fyrir tónlist

Á krepputímum sækir nýtt íslenskt fyrirtæki í sig veðrið. Tónlistarvefurinn gogoyoko opnar dyr sínar fyrir heiminum innan skamms. *Anna Margrét Björnsson* hitti bjartsýnan hóp fólks sem stendur á bakvið litla hugmynd og ætlar sér stóra hluti.



**BJARTSÝNN HÓPUR** „Aðaltakmark okkar er að við viljum gera þetta í fullu samstarfi við listamennina. Við lítum á það mjög skýrum augum að við erum bandamenn þeirra. Gogoyoko verður aldrei að neinu nema að listamennirnir upplifi sig sem hluta af gogoyoko-hugmyndinni.“ FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Nýtt skrifstofuhúsnæði gogoyoko er bjart og rúmgott og einmitt eins og maður ímyndar sér skapandi og skemmtilegan vinnustað. Málverk prýða veggi og í eldhúsinu er að finna alls kyns hljóðfæri og bongótrommur. Mennirnir tveir sem standa að baki gogoyoko eru báðir tónlistarmenn og þekkja harkið sem fylgir tónlistinni af eigin raun. „Pétur hafði samband við mig í byrjun september 2007 með hugmynd um að stofna nýtt útgáfufyrirtæki,“ útskýrir Haukur Magnússon, sem var kenndur við rafhljómsveitina Funk Harmony Park, en Pétur Einarsson, félagi hans, var best þekktur fyrir hljómsveitina Pornopop. „Ég hafði reynslu af að vera með lítið útgáfufyrirtæki og var með samning við dreifingaraðila í Bretlandi. Í kjölfarið byrjuðum við að spá og spekúlera og ákváðum að við vildum búa til draumavettvang fyrir tónlistarmenn og forða þeim frá þessum eilífa höfuðverk sem fylgir útgáfu og kynningarmálum. Að sjálfsögðu eru tónlistarmenn með vefinn MySpace þar sem þeir fá ákveðna kynningu og geta sett nokkur lög inn fyrir fólk til að hlusta á, en þar endar dæmið.“ Haukur segir þá félaga ekki hafa séð neitt því til fyrirstöðu að það gæti skapast öflugur vettvangur á netinu þar sem tónlistarmenn gætu selt tónlist beint til sinna aðdáenda. „Við ákváðum að fara alla leið með hugmyndina. Að hún myndi einkennast af gæðum, að slík síða yrði verulega glæsileg og notendavæn. Einnig gerðum við okkur grein fyrir því að ef slík hugmynd yrði að veruleika yrði það afar stórt skref og að henni myndi fylgja gífurleg vinna.“

Ferlið hófst þegar þeir hittu Reyni Harðarson hjá hugbúnaðarfyrirtækinu CCP og þar fékk hugmyndin líf. Að sögn Hauks kom nafnið gogoyoko upp í kollinn á þeim strax í upphafi. „Við erum með nokkuð margar skýringar á því hvaðan nafnið kemur en aðalástæðan fyrir valinu var sú að orðið hljómar vel. Nöfn þurfa ekkert endilega að þýða margt, geta jafnvel verið algjört bull, það mikilvæga er að þau nái að festast í minni fólks. Margir spyrja hvort nafnið tengist ekkju Johns Lennon, Yoko Ono, en það gerði það nú ekki í byrjun. Hins vegar er bara heiður ef fólk tengir okkur við Yoko Ono á einhvern hátt, hún er flott manneskja sem hefur gert flotta hluti.“ Í mars á síðasta ári fór svo vinnsla á vefnum í gang, en um tíu manns vinna við forritun hans á Indlandi og ellefu manns vinna hjá gogoyoko á Íslandi í fullu starfi. Meðal starfskrafta er fólk úr hinum ýmsu geirum, þar á meðal Eldar Ástþórsson, sem er þekktastur fyrir störf sín hjá tónlistarhátíðinni Iceland Airwaves, Gylfi Blöndal, meðlimur hljómsveitarinnar Kimono, en hann sá einnig um tónleikahald á Organ, og myndlistarmaðurinn Hafsteinn Michael Guðmundsson, sem einnig spilar með hljómsveitinni The Way Down.

### Skapað af tónlistarmönnum fyrir tónlistarmenn

Vefsvæði gogoyoko svipar til Myspace að því leyti til að þar getur fólk stofnað sinn eigin reikning, eða síðu. „Þar geta listamenn selt tónlistina sína, birt upplýsingar um tónleika og selt miða á tónleika. Einnig geta þeir hlaðið inn tónlistarmyndböndum, sett inn plötuumslög og átt í samskiptum við sína aðdáendur. Það einstaka við vefinn er að við segjum ekkert tónlistarmönnum hvað þeir eiga að gera nákvæmlega. Þeir geta ráðið því hvort þeir vilja bara kynna tónlistina, selja hana og á hvaða verði,“ útskýrir Eldar. „Listamennirnir hafa því fulla stjórn á síðunni sinni og þeir gætu til dæmis sett inn klukkutíma gamla tónsmíði og tekið hana út strax daginn eftir ef þeir óska þess.“ Það sérstaka við gogoyoko er að listamenn fá allan ágóða af sölu tónlistar sinnar fyrir utan færslukostnað vegna greiðslugáttakerfisins og lagalegum skyldum. „Tekjur okkar byggjast því á auglýsingum og svo út frá ákveðinni þjónustu sem við munum veita tónlistarfólki og tónlistaráhugamönnum, þar á meðal söluvarning ýmiss konar og miðasölu.“ Í byrjun árs var gengið frá samningum fjárfestingarfélags í eigu Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins og Vilhjálms Þorsteinssonar, stjórnarformanns CCP, við gogoyoko um fjármögnun fyrirtækisins en hún nemur 100 milljónum króna. „Þetta veitir okkur tækifæri til þess að klára það sem við erum að vinna að,“ útskýrir Haukur. „Aðaltakmark okkar er að við viljum gera þetta í fullu samstarfi við listamennina. Við lítum á það mjög skýrum augum að við erum bandamenn þeirra. Gogoyoko verður aldrei að neinu nema að listamennirnir upplifi sig sem hluta af gogoyoko-hugmyndinni. Við náttúrlega komum úr þessari senu og það má segja að gogoyoko sé gert af tónlistarmönnum fyrir tónlistarmenn.“

Fleiri nýstárlegar hugmyndir koma við sögu hjá fyrirtækinu en tíu prósent af auglýsingatekjum renna til góðgerðarmála. Að sögn Maríu Rutar Reynisdóttur hvetur fyrirtækið líka listamenn til þes að gefa einnig tíu prósent af sinni sölu. „Það er líka hægt að fara bara beint inn á síðuna okkar og gefa beint til þeirra góðgerðarsamtaka sem við erum í samstarfi við. Við erum eins og er samstarfsaðilar Unicef, Lækna án landamæra og vefsíðunnar kiva.org en þau síðarnefndu eru öflug samtök þar sem frumkvöðlar í þróunarlöndum geta skráð sína starfsemi og aðrir geta styrkt hana. Við erum í viðræðum við fleiri alþjóðleg góðgerðarsamtök og sjáum fyrir okkur að það geti orðið töluvert mikill peningur sem renni til góðgerðarstarfsemi, og sé öflug leið fyrir venjulegt fólk til að hafa áhrif á ástandið í heiminum.“ Haukur bætir við að það hafi alltaf ríkt sterk tengsl á milli góðgerðarmálefna og tónlistar. „Okkur Pétri finnst reyndar að öll 21. aldar viðskipti eigi að ganga svona fyrir sig. Að það sé ákveðin „húmanísk“ rétthugsun í gangi, að maður gefi eitthvað til baka.“ Þess má geta að tónlistarmenn á gogoyoko-síðunni ráða því sjálfir hvort og hvenær þeir vilja gefa pening til góðgerðarmála og hvaða málefni þeir vilja styðja.

### Hugvit og menning er það sem Íslendingar ættu að einblína á

Stefna hópsins á bakvið gogoyoko er að vefsvæðið verði í raun heilt samfélag tónlistarmanna og tónlistaráhugafólks sem muni vonandi öðlast sjálfstætt líf á veraldarvefnum. „Við höfum skapað rammann en það er fólkið sem notar hann sem vonandi heldur þessu á lofti,“ útskýrir Eldar. „Landamærin á milli tónlistarmanna og tónlistaráhugamanna eru ekki eins og þau voru áður og áhangendum stendur til boða fleiri leiðir til að nálgast tónlistarmanninn og öfugt. En MySpace hefur að mörgu leyti ekki sama vægi og áður og tónlistarmarkaðurinn er að breytast. Með því myndast mikið af sóknartækifærum á netinu. Það eru mjög spennandi tímar fram undan.“ Haukur viðurkennir að síðan sé auðvitað aðallega fyrir þá sem eru haldnir mikilli tónlistarástríðu. „Þarna getur fólk farið inn og fundið ákveðin bönd sem þeir hafa áhuga á og þá bendum við líka á aðra tónlist sem fólk gæti haft áhuga á út frá því. Svo er þetta líka verslun, þar sem þú ert með innkaupakörfu og getur keypt þér þau lög og þær plötur sem þú vilt. Auk þessa verður tímarit inni á vefnum þar sem hægt verður að finna greinar og viðtöl við hljómsveitir. Stefna okkar er sú að verða með mikla breidd tónlistar og þar verði að finna alls kyns stefnur fyrir alla.“ Haukur segir að hlutirnir séu hægt og rólega að breytast frá sölu á geisladiskum yfir í sölu á stafrænni tónlist. „Ég hugsa að geisladiskurinn verði fyrir rest meira eins og vínyllinn er orðinn, að fólk kaupi sér þá til þess að hafa undir höndum eitthvað sérstakt og eigulegt. Það eru nýjar kynslóðir tónlistarneytenda sem hafa aldrei keypt sér geisladisk heldur eru með tónlist á i-podinum sínum, símanum og tölvunni.“

> Hugvit og menning eru þeir geirar sem Íslendingar hafa alltaf staðið sig vel í og við eigum að einblína á.

Sérstakt hlýtur að teljast að vera með fyrirtæki í fullri sókn á meðan að önnur hrynja á tímum mikillar kreppu. „Þetta er búinn að vera gífurlegur rússíbani frá því að við stofnuðum fyrirtækið,“ útskýrir Haukur. „Fyrir ári var krónan sterk og erfitt var að finna gott fólk á lausu í hugbúnaðarvinnu og forritun. Við leituðum því út fyrir landsteinana, alla leið til Indlands. Svo hafa hlutirnir gersamlega umturnast. En ég held að ástæðan fyrir því að þetta er farið að ganga svona vel hjá okkur er óbilandi trú okkar allra á konseptinu. Við erum þess fullviss um að við séum að skapa eitthvað skemmtilegt, eitthvað sem eigi framtíðina fyrir sér.“ Að sögn Maríu var það ákveðið aðdráttarafl í byrjun fyrir útlendinga að gogoyoko væri íslenskt fyrirtæki en þegar bankahrunið átti sér stað höfðu þau áhyggjur af ímynd Íslands. „Sem betur fer virðist Ísland jafn svalt eftir sem áður hvað tónlist varðar. Það eina sem gerðist þegar hrunið átti sér stað að útlendingar höfðu samband og buðust til að senda þyrlur til að bjarga okkur eða henda í okkur matarpökkum,“ segir hún og hlær.

Eldar bætir við að það sé ákveðinn meðvindur með gogoyoko um þessar mundir en að þau séu enn í skotgröfunum við að vinna þetta. „Við erum í eilífri baráttu, það þarf margt að ganga upp en við erum gífurlega metnaðarfull og viljum að gogoyoko vaxi og dafni.“ Á krepputímum er talað um að sprotafyrirtæki eins og gogoyoko verði sóknarfæri Íslendinga og Haukur tekur undir það. „Hugvit og menning eru þeir geirar sem Íslendingar hafa alltaf staðið sig vel í og við eigum að einblína á. Listir eru eitt það mikilvægasta sem mannskepnan á og ég tel okkur Íslendinga vera mjög framarlega hvað sköpunarkraft varðar, allt frá þeim tíma sem Íslendingasögurnar voru skrifaðar. Við erum með menningu á heimsklassa þó að við höfum ekki staðið okkur vel í fjármálageiranum. Þetta er það sem Íslendingar ættu að einblína á.“ Næsta stóra skref hjá gogoyoko verður þegar vefurinn verður opnaður fyrir heiminum. „En þangað til geta tónlistarmenn og tónlistaráhugamenn sótt um aðgang og eftir því sem kerfið ber fleri notendur bætum við fleirum inn,“ útskýrir Eldar. Haukur bætir við með brosi á vör: „Til allra þeirra sem hafa ekki enn komist inn þá biðjum við fólk að sýna þolinmæði! Takk fyrir að bíða!“ Haukur segist vonast til þess að hugmyndafræðin á bak við gogoyoko heilli fólk nóg til þess að orðið berist. „Íslendingar, látið orðspor gogoyoko ganga!“ bætir hann við og hlær.



Gogoyoko er að finna á www.gogoyoko.com og www.blog.gogoyoko.com. Einnig er hægt að finna Facebook hóp ef Gogoyoko er slegið inn.


13. - 14. febrúar 2009
Vetrarhátíð
í Reykjavík
Heimsdagur barna
Hip Hop bíódagar
Amiina
Safnanótt
Sjóðheitt Salsa
Stoppað í sokka
Kærleikar
Íshjarta
Tangómaraþon
Kynjaskepnur
Vetrarþytur
Glóormar
Tímaflakk
Leikbrúðuhátíð
Liima Inui
Draugaráðstefna
Reykjavíkurborg
spron
Orkuveita Reykjavíkur
TAKIÐ NÆSTU HELGI FRÁ!
www.vetrarhatid.is


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
498
N.V NAUTAHAMBORGARAR
4 STK M/BRAUÐI 498 kr pakkinn.
40% AFSLÁTTUR
K.B UNGNAUTAHAKK
MERKT VERÐ 1498 KR./KG.
898 kr./kg.
1398
K.B UNGNAUTASNITSEL
MERKT VERÐ 1998 KR./KG. 30% AFSLÁTTUR
1398 kr./kg.
1398
K.B UNGNAUTAGÚLLAS MERKT VERÐ 1998 KR./KG
30% AFSLÁTTUR 1398 kr./kg.
1998
N.V NAUTAPIPARSTEIK 1998 kr./kg.
759
BÚHNYKKUR ÝSUBITAR
ROÐ OG BEINLAUSIR 759 kr.kg.
498
GRÍSAVEISLU FERSKT GRÍSAHAKK
498 kr.kg.
898
GRÍSAVEISLU FERSKAR GRÍSAKÓTILETTUR
898 kr.kg.
198
NÝBAKAÐ Í BÓNUS: KLEINUHRINGIR
Súkkulaði eða Karamellu 2 stk 198 kr .
198
NÝBAKAÐ Í BÓNUS BIRKI OG KORNKUBBAR
4 stk 198 kr.
259
BÓNUS FETAOSTUR
259 kr. 250g tvær gerðir
298
ÍSLENSKT DILETTOKAFFI 400g 298 kr.
TRÓPÍ 1 LTR
179 kr.
EUROSHOPPER
ORKUDRYKKUR
79 kr. 250ml
Sælgætisbarinn
50% afsláttur
alla daga
100g poki
75 kr.
79
179
125
PEPSI MAX 2 LTR. 125 kr.
PEPSI 2 LTR. 125 kr.
BÓNUS BÝÐUR BETUR
OPIÐ: LAUGARD: 10:00-18:00 SUNNUD: 12:00-18:00




**399**

KF NÝTT KJÖTFARS
Gamalt verð: 399 kr.kg.



**45%**
AFSLÁTTUR

HOLTA FERSKUR HEILL KJÚKLINGUR
MERKT VERÐ 872 KR./KG. **479 kr./kg.**




**1476**

KJÖRFUGL FERSKAR KJÚLINGABRINGUR
MERKT VERÐ 2109 KR./KG. 30% AFSLÁTTUR **1476 kr./kg.**




**40%**
AFSLÁTTUR

ALI FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR
MERKT VERÐ 2998 KR./KG. **1798 kr./kg.**




**40%**
AFSLÁTTUR

ALI FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR MEÐ SKINNI
MERKT VERÐ 2798 KR.KG. **1679 kr./kg.**



**40%**
AFSLÁTTUR

ALI FERSKUR HEILL KJÚLINGUR
MERKT VERÐ 998 KR./KG. **598 kr./kg.**




**569**

K.S LAMBABÓGUR FROSINN
MERKT VERÐ 759 KR.KG. 25% AFSLÁTTUR
569 kr.kg.




**50%**
AFSLÁTTUR

BEZT BAJONSKINKA
949 kr.kg. MERKT VERÐ 1898 KR.




**398**

ALI FERSKUR GRÍSABÓGUR
398 kr./kg.




**40%**
AFSLÁTTUR

KF EINIBERJA LAMBALÆRI
1455 kr.kg. MERKT VERÐ 2425 KR.KG.

**BÓNUS BÝÐUR BETUR**

OPIÐ: LAUGARD: 10:00-18:00 SUNNUD: 12:00-18:00

Með fyrirvara um prentvillur eða uppseldar vörur.

## ➜ SKULDBINDINGAR EFTIR FALL BANKANNA




**Tölur í hlutfalli hver við aðra**
Hér má sjá áætlaðar skuldir ríkissjóðs í lok þessa árs, en þar er talið með tap vegna Icesave og veðlánatap Seðlabanka íslands. Til hliðar getur að líta mögulegt tap vegna neyðarláns Seðlabankans til Kaupþings í októberbyrjun og svo upphæðir vegna endurfjármögnunar bankanna og vegna lánalína Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og annarra landa til Seðlabankans. Endurfjármögnunin hefur ekki áhrif á skuldastöðu ríkisins því þar eru peningar færðir úr einum ríkisvasa í annan. Svipað gildir um lánalínurnar, því komi til lántöku verða peningarnir notaðir á þann veg að eign myndist á móti. Þannig gætu líka vaxtatekjur af lánsfjárhæð komið til mót við vaxtakostnað af lántökunni.

# Óvissan er helst um Icesave

Fjármálaráðuneytið áætlar að skuldir ríkissjóðs nemi rúmum 563 milljörðum í lok árs. Talinn er með ætlaður kostnaður við Icesave og tap Seðlabankans á veðlánum. Upphæðin er víðsfjarri upphrópunum um að hér hrannist upp fleiri þúsund milljóna skuldir vegna hruns bankanna. *Óli Kristján Ármannsson* kannaði hvað fellur á skattborgarana vegna bankahrunsins.

Í nýlegri úttekt fjármálaráðuneytisins á skuldastöðu ríkissjóðs kemur fram að staðan er um margt betri en haldið hefur verið fram á ýmsum vettvangi þjóðmálaumræðunnar. Í stað þess að ríkið skuldi 2.000 milljarða, eða þaðan af meira, eftir hrun bankanna, er mat fjármálaráðuneytisins að halli á ríkissjóði komi í lok þessa árs til með að vera rúmir 563 milljarðar króna.

Vissulega eru mikil umskipti að fara úr hallalausum ríkisrekstri í slíkar skuldatölur, en ekki óyfirstíganlegt. Í stað þess að vera í hópi fimm ríkustu ríkja heims dettur þjóðin niður í skuldatölu sem þó mun ekki óalgengt meðal ríkja Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD).

Þó verður að slá þann varnagla að skuldaáætlun ráðuneytisins er ekki fullkomin, enda ríkir enn óvissa um nokkra grunnþætti. Ekki liggur enn fyrir hversu mikinn kostnað ríkið á eftir að bera vegna innstæðutrygginga sem tengjast Icesave-reikningum Landsbankans. Fjármálaráðuneytið gerir ráð fyrir reikningi upp á 150 milljarða króna. Skiptar skoðanir eru svo um hvort sá kostnaður sé of- eða vanáætlaður. Fyrir utan gæði eigna Landsbankans geta þar spilað inn í hlutir sem ómögulegt er að spá fyrir um, svo sem gengisþróun sterlingspundsins. Haldi pundið áfram að veikjast minnkar skuldin í krónum.

Með í tölum fjármálaráðuneytisins er hins vegar kostnaður við endurfjármögnun bankanna, en sú endurfjármögnun hefur hins vegar ekki áhrif á skuldastöðu ríkisins því þar er verið að færa peninga úr einum vasa í annan. Nýju bönkunum á að leggja til 385 milljarða króna.

Síðan er á öðrum vettvangi unnið að því að tryggja að þessar fjárhæðir nægi til að koma bönkunum á legg og ekki falli til enn meiri kostnaður. Til að mynda leggur sænskur bankasérfræðingur, sem hingað var ráðinn til ráðgjafar af fjármálaráðuneytinu, til að „eitraðar eignir bankanna“, svo sem fyrirtæki sem þeir hafa leyst til sín eða stjórna með öðrum hætti og skulda mikið, verði færðar yfir í sérstakt eignaumsýslufélag. Skuldbindingar þær sem eftir sitja í þrotabúum gömlu bankanna verða svo gerðar upp í samningum skilanefnda og kröfuhafa og snerta ekki ríkissjóð.

> Þessi lán á ekkert að gefa, heldur á að selja þennan gjaldeyri og fara í eitthvað annað á móti. Peningum verður ekki bara mokað út í ekki neitt.

Og þótt með í áætlun fjármálaráðuneytisins sé tekið tap Seðlabankans af veðlánum til fjármálafyrirtækja hér, upp á 220 milljarða króna, þá er þar ekki gert ráð fyrir mögulegu tapi vegna 500 milljóna evru neyðarláns Seðlabankans til Kaupþings 6. október síðastliðinn. Upphæðin samsvarar 74 milljörðum króna og lánið veitt gegn veði í danska bankanum FIH sem að fullu var í eigu Kaupþings.

FIH er í söluferli en óvíst er um heimtur af eigninni. Verðmiðinn sem JP Morgan, sem annast málið, setur á bankann samsvarar 34 milljörðum króna. Fáist það verð falla 40 milljarðar á Seðlabankann.

En jafnvel þótt neyðarlánið til Kaupþings myndi allt tapast þá myndu skuldir þjóðarbúsins hvergi nærri nálgast þær tölur sem kastað hefur verið fram í þjóðmálaumræðunni. Spurningin er svo hvað skýrir þá skökku mynd sem dregin hefur verið upp af skuldum þjóðarinnar.

Þórhallur Arason, skrifstofustjóri fjárreiðu- og eignaskrifstofu fjármálaráðuneytisins, segir sér virðast sem lagðar hafi verið saman alls konar tölur, svo sem um mögulegar lántökur fyrir tilstilli Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, til þess að reikna landið upp í skuldatölur út úr korti við raunveruleikann. „Þetta hefur verið málað miklu svartari litum en efni stóðu til. Núna er búið að tína til þetta helsta sem á okkur fellur,“ segir hann. „Menn virðast leggja þessar tölur allar saman, en stundum er verið að nota sömu fjárhæðina í tvennum tilgangi. Eins og með gjaldeyrisvarasjóðinn. Þessi lán á ekkert að gefa, heldur á að selja þennan gjaldeyri og fara í eitthvað annað á móti. Peningum verður ekki bara mokað út í ekki neitt.“ Þórhallur segir þó ljóst að heilmikil óvissa sé til staðar hvað skuldbindingarnar vegna Icesave varðar. „Heildarkrafan liggur fyrir, en svo hafa menn áætlað hvað eignir gamla bankans duga upp í þær kröfur. Skilanefnd bankans hefur metið það sem svo að 150 milljarðar standi eftir, en þetta liggur náttúrulega ekki fyrir fyrr en eftir þrjú til fjögur ár þegar búið er gera upp eignir gömlu bankanna. Svo er náttúrulega óvissa um hvort gildi bráðabirgðalaganna verður véfengt.“

Þórhallur segir að þótt landið eigi í tímabundnum erfiðleikum vegna samdráttar í þjóðarframleiðslu þá nái kerfið vonandi að vinna sig út úr því. „Skuldastaðan er ekkert út úr korti við það sem mörg önnur lönd búa við. Sem betur fer vorum við búin að greiða niður allar skuldir. Við áttum innistæðu upp á 200 milljarða í Seðlabankanum og notum hluta af því til að greiða hallann á næsta ári.“



**ÞÓRHALLUR ARASON** Þórhallur, sem er skrifstofustjóri fjárreiðu- og eignaskrifstofu fjármálaráðuneytisins, birti nýverið áætlun ráðuneytisins um skuldir ríkissjóðs í lok þessa árs. Þær tölur eru mun lægri en margur hefur óttast að stefndi í. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

www.bnb.is www.toyota.is

# RAV4 hefur reynst svo vel að við ábyrgjumst hann í heilt ár í viðbót. RAV4 er úrvalsbíll.




## Við komum til móts við ykkur.

## Þið akið sátt heim.

Nú hafa Toyota BETRI NOTAÐIR BÍLAR opnað nýtt og glæsilegt útibú að Kletthálsi 2. Betur yfirfarnir bílar í betra ástandi og á betra verði hjá öllum söluaðilum Toyota.
Opið laugardag kl. 12–16

Allir Toyota RAV4 eru úrvalsbílar með eins árs ábyrgð og á betra verði á RAV4-dögum hjá BETRI NOTUÐUM BÍLUM.

ÚRVALSBÍLL KLETTHÁLSI



**Toyota RAV4**
2000 Bensín sjálfsk. Á götuna: 05.05
Ekinn: 75.000 km Skr.nr. AS-161
Betra verð 2.190.000 kr.

ÚRVALSBÍLL KLETTHÁLSI



**Toyota RAV4**
2000 Bensín sjálfsk. Á götuna: 06.03
Ekinn: 110.000 km Skr.nr. PV-553
Betra verð 1.490.000 kr.

ÚRVALSBÍLL KLETTHÁLSI



**Toyota RAV4**
2000 Bensín sjálfsk. Á götuna: 05.05
Ekinn: 64.000 km Skr.nr. UG-561
Bertra verð 2.190.000 kr.

ÚRVALSBÍLL KLETTHÁLSI



**Toyota RAV4 EXE**
2000 Bensín sjálfsk. Á götuna: 04.05
Ekinn: 64.000 km Skr.nr. JE-865
Bertra verð 2.690.000 kr.

### Hvað er Úrvalsbíll?

Er í verksmiðjuábyrgð.

12 mánaða viðbótarábyrgð.*

*

- Ef bíllinn bilar þá sjáum við um að láta gera við hann
- Við lánum þér annan bíl á meðan
- Við tökum umframábyrgð á bremsuhlutum (sliti)
- 14 daga skiptiréttur
- Neyðarsími

ÍSLENSKA SIA.IS TOY 45038 02.2009

BNB-sölugreining
Bílarnir ganga í gegnum strangt gæðamat sem tekur mið af aldri, akstri og viðhaldssögu bílsins. Þeir sem standast kröfurnar lenda annað hvort í flokknum Úrvalsbílar eða Gæðabílar. Ef bíllinn stenst ekki kröfur okkar bjóðum við þér hann ekki.

BETRI **NOTAÐIR** BÍLAR TOYOTA

| Toyota Kópavogi | NÝTT ÚTIBÚ Betri Notaðir Bílar | Toyota Akureyri | Toyota Reykjanesbæ | Toyota Selfossi | Toyota Austurlandi |
|---|---|---|---|---|---|
| Nýbýlavegi 4 | Kletthálsi 2 | Baldursnesi 1 | Njarðarbraut 19 | Fossnesi 14 | Miðási 2 |
| Kópavogur | Reykjavík | Akureyri | Reykjanesbær | Selfoss | Egilsstaðir |
| Sími: 570-5070 | Sími: 570-5220 | Sími: 460-4300 | Sími: 420-6600 | Sími: 480-8000 | Sími: 470-5070 |

ÚRVALSBÍLL GÆÐABÍLL



**ÞORRINN BLÓTAÐUR Á FJÖRUKRÁNNI** Junphen, Algirdas og Charlotte skála í íslensku brennivíni fyrir landinu sem þau hafa dálæti á þó að víkingarnir kunni að fara óblíðum höndum um þau. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Við elskum þetta land

Nú er ár liðið síðan *Fréttablaðið* hóf að fylgja eftir erlendu fimmmenningum. Vikulega hafa þau sagt lesendum blaðsins frá því sem á daga þeirra hefur drifið og hvernig gengur að fóta sig á eyjunni lengst í norðri sem þau hafa mismikla reynslu af. Nú sleppa þau hendinni af Jóni Sigurði Eyjólfssyni og Olav Davíðssyni sem fært hafa ævintýri þeirra í letur fyrir lesendur.

Hinn vikulegi dálkur „Dagbók nýrra Íslendinga" hefur nú runnið sitt skeið á enda. Þar sögðu fimmmenningar af erlendu bergi brotnir frá ævintýrum sínum hér á landi. Þegar komið var að leiðarenda ákváðu Jón Sigurður og Olav Davíð, sem fært hafa inn dagbókarfærslur þeirra, að bjóða þeim á Fjörukrána til rifja upp árið yfir brennivínsstaupi, súrsuðum hrútspungum, hákarli og öðru góðgæti sem þar er borið á borð á þessum árstíma.

En þorrinn býður ekki aðeins upp á góss, hann getur líka verið ódæll eins og hópurinn fékk að kynnast en Rachid fékk að kenna á flensunni og veðurharka fyrir vestan varð þess valdandi að Filipe komst ekki á tilsettum tíma. Hin þrjú komu prúðbúin og þáðu af þorraborði.

### Í viðurvist víkinganna

„Komdu hérna rýjan mín," segir víkingurinn Kári Friðriksson og tekur utan um Junphen hina fíngerðu. „Hér áður tókum við Íslendingar konur frá fjarlægum löndum og völdum einna helst þær síðhærðu því það var betra að ná á þeim taki." Junphen hlær og lætur sér vel lynda óheflaða víkingslundina enda eru átta ár síðan hún flutti hingað til lands.

Algirdas lætur sér líka fátt fyrir brjósti brenna í þessum látum og skorar hinn hjálmbúna víking Kjartan Ólafsson á hólm. Þó að vopn séu tiltæk á Fjörukránni fallast menn á að útkljá málin í sjómann. Charlotte hefur gaman af öllu saman en hún er líka með íslenskt blóð í æðum þar sem faðir hennar er íslenskur en hann hefur búið erlendis frá fimm ára aldri svo hin ylhýra tunga er honum fyrir löngu horfin. Sjálf hefur Charlotte búið í Suður-Afríku, Bandaríkjunum, Englandi, Noregi, Skotlandi, Ítalíu og Mósambík svo hún hefur þurft að aðlagast ýmsu.

### Ísland fær fyrstu einkunn

En hvað sem blóði og lífsins brölti líður bera þau sig að eins og vanir heimamenn þegar kemur að óknyttans víkingum, brennivínsstaupi eða þorramatshlaðborði. Þegar búið er að kýla vömbina ríður Algirdas á vaðið og rifjar upp það sem honum þótti einna markverðast á þessu ári.

Það sem vakti hvað mesta athygli

### Hvað finnst þér verst og best við Ísland?

**Charlotte**
**Best:** Náttúrufegurðin
**Verst:** Dýrt að komast úr landinu

**Junphen**
**Best:** Öryggið, þjóðin er eins og fjölskylda
**Verst:** Vindasamt veður og hátt verðlag

**Algirdas**
**Best:** Allt annað
**Verst:** Veðráttan, íslenska sumarið

**Filipe**
**Best:** Fólkið, hörkutól, tilgerðarlausir víkingar
**Verst:** Einangrunin

**Rachid**
**Best:** Fjölbreytnin í veðri og náttúrur
**Verst:** Hátt verðlag

**Það sem þeim þótti skrítið:**
Fólk skilur bílana eftir í gangi, eftir 5 mínútna spjall komast ókunnugir að því að þeir eiga sameiginlega kunningja eða ættingja, maturinn alla vega þorramaturinn, tungumálið þá sérstaklega orð eins og „örbylgjuofn" eða „uppþvottavél"

Filipe Figueiredo frá Portúgal:

## Frægur puttaferðalangur

„Ég var einu sinni á leiðinni úr Bónus sem er aðeins fyrir utan bæinn á Ísafirði," segir Filipe. „Venjulega fer ég gangandi en húkka síðan far til baka. Það bregst ekki að Ísfirðingarnir eru fljótir að stoppa. Ég man eftir því einu sinn að bílstjórinn, sem ég þekkti ekki neitt, fer að spyrja mig hvernig mér gangi með hitt og þetta líkt og hann þekki mig. Ég gleymi því stundum að það er fullt af fólki sem les dálkana um mig í Fréttablaðinu og kann því deili á mér."

Filipe kom hingað síðsumars 2007 og er ánægður með dvöl sína hér. „Það er góð tilfinning að komast að því að maður getur bjargarð sér og aðlagast aðstæðum sem eru gjörólíkar þeim sem maður er vanur. Það er hálf sorglegt að ég skuli vera að yfirgefa landið í apríl þar sem ég er orðinn mun framfærnari og öruggari með mig núna. En auðvitað verður gott að komast heim; vera með kærustunni og fólkinu sínu."

Hann hefur verið á ferð og flugi, allan þennan tíma, á milli Ísafjarðar og Reykjavíkur og eins dvalið stöku sinnum á Akureyri. „Það hefur komið mér á á óvart hversu ólíkt fólkið á landsbyggðinni er fólkinu hér höfuðborgarsvæðinu. Í mínum huga er Reykjavík ekki mjög íslensk heldur frekar eins konar vasaútgáfa af því sem finna má erlendis. Það sama verður ekki sagt um landsbyggðina; hún er ekta! Ég held ég eigi ekki eftir að finna eitthvað þessu líkt annars staðar."



**FILIPE** Góð tilfinning að geta aðlagast nýjum aðstæðum. FRÉTTABLAÐIÐ/JÓN SIGURÐUR

Junphen Sriyoha frá Taílandi:

## Fantar voru þessir Bretar

„Þetta var ekkert sérstaklega gott ár að því leyti að ég fékk ekki íslenskt ríkisfang eins og ég hafði vonað," segir Junphen. Umsókn henni var hafnað í haust þar sem hún hafði eitt umferðarbrot á samviskunni og verður hún að bíða fram á vormánuði til að sækja um næst.

„Það var ekki eina áfallið af þessum toga en þegar ég ætlaði að fara til Póllands með kærasta mínum til að eyða jólunum með honum þar þá var ég stöðvuð í Englandi og ekki gert kleift að halda för minni áfram þar sem vegabréfsáritunin var ekki tekin gild. Við þurftum því að snúa við til Íslands frá Englandi.



**JUNPHEN OG KÁRI FRIÐRIKSSON** Mikil viðbrögð við Fréttablaðsfærslum.

En það góða er að móðir mín kom hingað í sumar og við höfðum það gott. Við náðum að ferðast svolítið um og hún var afar hrifin af landinu."

Junphen vinnur við afgreiðslu í Fjarðarkaupum og segist fá mikil viðbrögð við dagbókarfærslum sínum sem birst hafa síðasta árið í Fréttablaðinu. „Meira að segja fólk sem ég þekki ekki neitt segir við mig, „það var leitt að þú skyldir ekki fá ríkisfangið eða voðalegir fantar voru þessir í Bretar að hleypa þér ekki áfram. Kollegar mínir í vinnunni eru líka varnir að spyrja mig útí það sem þeir hafa lesið um mig í Fréttablaðinu."

FRAMHALD Á SÍÐU 37

+ Bókaðu á www.icelandair.is

7. FEBRÚAR 2009 1. ÁRG. 2. TBL.

2009

# MÍN BORG

ICELANDAIR



## TORONTO
*frá 25.400 kr.*
**Ævintýri á borgarstrætum og niður við Niagara**

## LONDON
*frá 14.900 kr.*
**Fyrir hagsýna ferðalanga**

## ORLANDO
*frá 31.220 kr.*
**Rússíbanar og risaborgarar með stórum skömmtum af sólskini**

## FRANKFURT
*frá 17.300 kr.*
**Borgarlíf og sveitasæla á Rínarbökkum**

## TAKTU ÞÁTT!
Borgarlukkuleikurinn
ÞÚ GETUR UNNIÐ FERÐ FYRIR TVO!

GEYMIÐ BLAÐIÐ

**Vildarklúbbur**

Flug til Frankfurt gefur 3.000–9.600 Vildarpunkta.

*Flug og gisting í 2 nætur frá 49.900 kr.*

*á mann í tvíbýli á Top Hotel Ambassador *** Innifalið: Flug báðar leiðir, flugvallarskattar, gisting og morgunverður.*

*Reykjavík – Frankfurt frá 17.300 kr.*

*Flug aðra leiðina með flugvallarsköttum. Flogið er allt að 8 sinnum í viku.*



# MÍN FRANKFURT

*Sigrún Erla Valdimarsdóttir háskólanemi*

**Þegar mig langar að versla**
Göngugatan Zeil er í hjarta Frankfurt. Þar er mikið af sérverslunum og mjög gott að versla. Goethestrasse er flott verslunargata þar sem er að finna hönnunar- og merkjavöru og fínar búðir. Rétt hjá er Fressgass með mörgum veitinga- og sælkerastöðum. Í Berger Strasse, Leipziger Strasse og Schweizer Strasse eru margar litlar búðir og kaffihús í alþjóðlegu umhverfi.

**Zoologischer Garten**
Einn elsti dýragarður í heimi, frá 1858, er í miðborg Frankfurt. Einnig er annar skemmtilegur dýragarður í Kronberg norðan við Frankfurt, Opel Zoo.

**Dómkirkjan**
Dómkirkjan, Paulskirche, er tákn fyrir frelsi og lýðræði í Þýskalandi. Árið 1848 var fyrsta þjóðþing Þýskalands haldið í kirkjunni.

**Hauptwache**
Miðpunktur borgarinnar og eitt af frægustu torgum í Frankfurt. Byggingin sem stendur þar er frá árinu 1730. Þar var lengst af fangelsi og lögreglustöð, en nú er þar veitinga- og kaffihús.

**Römerberg**
Fallegar, gamlar byggingar, þar á meðal ráðhúsið í Frankfurt.

**Naturmuseum Senckenberg**
*Senckenberganlage 25*
Áhugavert náttúrufræðasafn – frægt fyrir risaeðlur og egypskar múmíur.

**Main Tower**
Neue Mainzer Strasse 52–58
Magnað útsýni úr 187 metra hæð. Flottur veitingastaður og bar.

**Í nágrenni Frankfurt**
Fyrir þá sem eru með bílaleigubíl er gaman að heimsækja Wiesbaden, höfuðborg Hessen. Þetta er skemmtileg borg og gott að versla þar. Einnig er gaman að skoða Heidelberg (1 klst. akstur) sem er sögufræg borg og ólík Frankfurt. Þar er mikið af verslunum, kaffi- og veitingahúsum í yndislegu umhverfi.

Mainz stendur við ármót Main og Rín; skemmtileg borg þar sem er tilvalið t.d. að skoða Gutenbergsafnið.

Í Taunushæðum fyrir norðan Frankfurt eru mörg sögufræg lítil þorp sem gaman er að heimsækja. Í 20 mín. fjarlægð frá Frankfurt er t.d. Bad Homburg; þar er spilavíti og heilsulindin „Taunus spa".

Main Taunus Centrum er stór verslunarmiðstöð í þorpinu Sulzbach.

**Köningstein, lengra upp í Taunushæðum er skemmtilegt þorp**
Rüdesheim á bökkum Rínar í mynni Loreley-dalsins, rómantískt þorp sem hefur margt að bjóða ferðamönnum. Wertheim er áhugavert þorp þar sem má skoða kastala, sem kenndur er við þorpið, og gera hagstæð kaup í glæsilegum „útsöluverslunum" (1,5 klst. akstur frá Frankfurt).

## VEITINGASTAÐIR

### HÁDEGIÐ

**SUPER KATO**
Á Kornmarkt rétt við Hauptwache er sushi-staður sem heitir Super KATO. Þar fæst gott sushi og svo er frábært að fá sér kaffi á eftir á Wackers Kaffee sem er í sömu götu.

**COA**
*Schiller Strasse 4 og Kaiserstrasse 29,*
Frábær staður, góð þjónusta, ferskur og hollur asíumatur – sanngjarnt verð, frábær í hádeginu. Mæli sérstaklega með kókos-lime súpunni.

### KVÖLDIÐ

**HOLBEIN'S**
*Holbeinstrasse 1, Sachsenhausen*
Veitingastaður í Stadel Kunstmuseum, safni sem hefur að geyma myndlist frá Evrópu allt frá miðöldum til dagsins í dag, meðal annars verk eftir Rubens, Holbein og Rembrandt. Lifandi tónlist, góð stemning og frábær matur í frábæru umhverfi.

**L´Opera**
*Opernplatz 1*
Veitingahús í gömlu Óperunni í miðborg Frankfurt. Góð hugmynd er að panta borð á svölunum og fylgjast með mannlífinu á torginu fyrir neðan. Einnig er umhverfið inni á staðnum magnað.


# ÍBÚÐA-SKIPTI

*Íbúðaskipti eru ódýrasta gistingin*

Fólk sem ætlar til útlanda í sumar getur sparað sér stórfé vegna gistingar með því að skoða þann möguleika að hafa skipti á íbúðum eða sumarhúsum við fólk erlendis sem ætlar að koma til Íslands. Á netinu eru margar vefsíður með svona íbúða- eða sumarhúsamiðlunum og má t.d. benda á *www.HomeXchangeVacation.com* og *www.HomeForExchange.com* (Leitið sjálf með því að slá inn t.d. leitarorðin „home exchange" eða „apartment exhange".)

# FLUG OG BÍLL

*Vegir til allra átta*

Hertz

Við mælum eindregið með flugi og bíl í samstarfi við Hertz til áfangastaða Icelandair í Evrópu, Bandaríkjunum og Kanada. Pantið bílaleigubíl um leið og þið gangið frá pöntun á flugfari á *www.icelandair.is* Bíllinn bíður síðan eftir ykkur þegar þið lendið á áfangastað.

# SAFNAÐU VILDARPUNKTUM

Farþegar safna Vildarpunktum í hvert skipti sem þeir fljúga með áætlunarflugi Icelandair eða versla hjá samstarfsaðilum félagsins. Þessa Vildarpunkta má svo nýta til að greiða fyrir flugferð með Icelandair, hótelgistingu eða t.d. bílaleigubíl. Samstarf Icelandair við VISA á Íslandi, Vörðu Landsbankans og Heimskort Mastercard gefur fólki möguleika á að safna Vildarpunktum á hverjum degi. Kynntu þér málið nánar og skráðu þig í Vildarklúbbinn á *www.icelandair.is*

# NÝTT FARGJALDAKERFI – 3 FARRÝMI

*Meira val*



Hvaða fargjaldaflokkur hentar þér best? Kynntu þér málið á *www.icelandair.is*



*Meiri þægindi*

# NÝTT AFÞREYINGARKERFI

Farþegar Icelandair geta nú látið fara vel um sig í nýjum, leðurklæddum sætum á öllum farrýmum. Að auki hefur verið fækkað um eina sætaröð í öllum vélum Icelandair svo að hver farþegi hefur meira pláss út af fyrir sig. Allir hafa aðgang að nýju afþreyingarkerfi á sínum eigin skjá á sætisbakinu fyrir framan sig; fjölbreytt efni í boði án endurgjalds, kvikmyndir, sjónvarpsþættir, tónlist, tölvuleikir o.fl.

Vildarklúbbur
Flug til Orlando gefur 4.000–12.800 Vildarpunkta

*Flug og gisting í 4 nætur frá 69.900 kr.*
*á mann í tvíbýli á Econolodge Inn and Suites ****
*Innifalið: Flug báðar leiðir, flugvallarskattar og gisting.*





## Kanóasigling

Wekiva Springs þjóðgarðurinn er 20 mínútna akstur norður af miðbæ Orlando. Þeir sem kunna eitthvað fyrir sér með árar geta leigt kanóa hjá Wekiva Marina og róið síðan í hægðum sínum auðvelda leið til uppsprettunnar þar sem tilvalið er að fá sér sundsprett. Hafið augun hjá ykkur á leiðinni, hvort þið sjáið ekki skjaldbökur eða krókódíla (gatora). Hafið engar áhyggjur af þeim síðastnefndu; þeir forðast uppspretturnar eins og heitan eldinn. Um helgar borgar sig að vera snemma á ferðinni því að staðurinn fyllist af fólki þegar líður á daginn.
*1014 Miami Springs Rd., Longwood, www.wekiva-marina.com*

## Skart og skraut

Í Charles Hosmer Morse Museum of American Art er m.a. að finna stærsta safn í veröldinni af verkum eftir Louis Comfort Tiffany (1848–1933), þar á meðal skartgripi frá Tiffany, leirmuni, málverk, glerlistaverk, steinda glugga, lampa og innra byrði kapellunnar sem Tiffany hannaði fyrir heimssýninguna í Chicago árið 1893. Upplifun fyrir skrautgjarna fagurkera.
*445 N. Park Ave., Winter Park, www.morsemuseum.org*

## Eitthvað sterkara

Íbúar í Orlando hafa fyrir löngu uppgötvað að maðurinn lifir ekki á teiknimyndafígúrum, rússíbönum og kandíflosi einu saman. Það er úr nógu að velja ef fullorðna fólkið langar til að slaka á og rabba saman yfir glasi. Mér dettur bara í hug að benda á Wally's Mills Avenue Liquors þar sem búið er að hella upp á lífsblómið fyrir heimamenn og gestkomandi frá árinu 1954. Margt vitlausara en að líta þarna inn ef þið eigið leið fram hjá og eruð í þess konar hugleiðingum.
*1001 N. Mills Ave.*

## Svanavatnið

Þegar sól lækkar á lofti og fólk fer að finna fyrir síðdegissvalanum leggja margir leið sína að Eola-vatni (Lake Eola), litlu stöðuvatni við miðbæ Orlando, og rölta eða skokka hringinn í kringum það. Hægt er að leigja svanslaga hjólabát til að dóla sér á úti á vatninu. *195 N. Rosalind Ave.*

## Universal Orlando

„Theme park", er ein af þessum amerísku uppfinningum til að skemmta allri fjölskyldunni og hér í Orlando er nóg af þeim. Disney World er auðvitað heimsfrægur staður en mér finnst jafnvel skemmtilegra að fara í Universal Orlando sem hefur líka þann kost að það er auðvelt að rata í gegnum garðinn og sjá það helsta. Öðrum megin eru Universal Studios Florida, þar sem má fá hláturkast til nokkurra daga á Shrek 4-D eða bregða sér í nýja Simpsons-rússíbanann. Hinum megin eru Universal's Islands of Adventure, Ævintýraeyjar Universal, þar sem leiktækin og rússíbanarnir henta betur fyrir eldri krakka. Á milli þessara svæða er svo City Walk þar sem eru veitingahús og hlusta má á lifandi tónlist eða horfa á alls konar skemmtiatriði á leiksviði.
*– 6000 Universal Blvd., www.universalorlando.com*

# ORLANDO

*Reykjavík – Orlando frá 31.220 kr.*
*Flug aðra leiðina með flugvallarsköttum.*
*Flogið er allt að 3 sinnum í viku.*



## Listin gefur lífinu gildi

Í Orlando hugsar fólk um fleira en sólskin, súpermarkaði, sundlaugar, golf og skemmtigarða. Í Orlando Museum of Art má skoða fjölbreytt safn málverka og höggmyndalistar, þar sem bandarískir listamenn frá 18. til 20. aldar eru í öndvegi, og t.d. ágætt safn af fornmunum og listaverkum frá tímum Atzeka í Mexíkó svo eitthvað sé nefnt. Auk þess eru alltaf sérstakar sýningar í gangi. Þægileg tilbreyting að líta þarna inn þegar manni finnst komið meira en nóg af sólarfjörinu.
*2416 N. Mills Ave., www.omart.org*

## Gusur og aftur gusur

Nýi vatnsleikjagarðurinn hjá Sea World, Aquatica, býður upp á allt sem við ætlumst til að hafa í svona garði en mest aðdráttarafl hafa svæðin eða vatnsleikjalaugarnar þar sem líkt er eftir náttúrulegu umhverfi ýmissa sjávardýra. Það er ógleymanlegt að synda í laug með höfrungum.
*5800 Water Play Way, aquaticabyseaworld.com*



## Sósíalistar skemmta sér vel í Orlando

The Social, í miðbænum, er einn af aðalstöðunum í Orlando þar sem hægt er að hlusta á lifandi tónlist. Barinn er fyrsta flokks svo að enginn þarf að verða þyrstur á meðan tónlistin dynur í eyrum. Aldurstakmark að flestum tónleikum á Sósíalnum er 18 ár.
*54 N. Orange Ave., www.thesocial.org*

## Kumpánlegir krókódílar

Gatorland er 44 hektara garður þar sem menn hafa ekki hugsað um annað í sextíu ár en krókódíla. Frábær upplifun fyrir alla, hvort sem þeir elska krókódíla eða vita ekkert ógeðslegra.
*14501 S. Orange Blossom Trail, www.gatorland.com*

## Biti allan sólarhringinn

Maturinn í B-Line Diner á Peabody Orlando hótelinu er jafnmikið „fiftís" og skreytingarnar. Ekta bandarískur í klassískum stíl frá miðri 20. öld.
*9801 International Dr., peabodyorlando.com*

## Flatbrauð frá $9

Á Harmoni Market stenst ég aldrei þá freistingu að fá mér tyrkneskt flatbrauð, mezu, en þarna er líka gott úrval af réttum úr fersku pasta og alls konar öðru matarkyns, ættuðu frá Miðjarðarhafi. Ágæt vín á boðstólum. Þetta er markaður, bístró og „sælkera-take-away" í Wellesley fjölibúðabyggingunni á horninu á Edgewater Drive og Vassar Avenue í College Park.
*2305 Edgewater Dr., www.harmonimarket.com*

## Bolli af tei

Á Infusion Tea í College Park er hægt að velja á milli meira en 70 tegunda af tei. Mér finnst alltaf hressandi að fá mér bolla af tei í sumarhitanum, mér líður miklu betur á eftir; líkaminn nær einhvern veginn betra jafnvægi. Þarna eru líka alls konar grænmetisréttir og lögð áhersla á „organískt" hráefni.
*1600 Edgewater Dr., www.infusionorlando.com*

## Gjörðu svo vel, Víetnam

Ég get tekið undir að fáir veitingastaðir í Litlu-Saigon eru jafngóðir og Lac Viet Bistro. Hafið hann í huga þegar ykkur langar að bragða á einhverju sem geymist í minningunni.
*2021 E. Colonial Dr., 407/228-4000*

## Fyrir sætabrauðsfíklana

Í The Dessert Lady Cafe er hægt að sökkva sér niður í alls konar súkkulaðirétti – kökur, t.d. frábæra gulrótarköku, bökur og brauðbúðinga. Skammtarnir eru svo ríflegir að er sjálfsagt að skipta á milli sín.
*Church Street Station eða Kirkman Shoppes, 4900 S. Kirkman Rd. (rétt hjá Universal Studios), www.dessertlady.com*

## Súpersamlokur undir $10

Látið það ekki hafa nein áhrif á ykkur þó að Pom Pom's Teahouse and Sandwicheria sé á fremur svipltilum stað á verslunarsvæði í miðbænum. Þarna er hægt að fá sér alveg æðislegar samlokur með austur-asískum lítatónum. Ljúffengt og ódýrt miðað við gæðin.
*67 N. Bumby Ave., www.myspace.com/pompomsteahouse*

Vildarklúbbur
Flug til Toronto gefur 3.500–11.200 Vildarpunkta

*Flug og gisting í 2 nætur frá 56.900 kr.*
*á mann í tvíbýli á Bond Place ****
*Innifalið: Flug báðar leiðir, flugvallarskattar og gisting.*





**The Distillery**
Þetta er gömul bruggverksmiðja sem hefur verið gerð upp og hýsir nú fjölbreytt listalíf. Hér er að finna leiklist, myndlist, tónlist, verslanir, veitingastaði og líka eitt besta bakaríið í borginni. Svo er „algjört möst“ að kíkja á Mill Street pöbbinn, þar sem hinn eini sanni Mill Street bjór er bruggaður eftir kúnstarinnar reglum, og bragða á framleiðslunni.

**The Rex**
The Rex er helsti og þekktasti jazzstaður Toronto. Í gegnum árin hafa ýmsir þekktir jassgeggjarar spilað hér eins og t.d. Harry Connick Jr., Kurt Elling og Chris Potter. Á hverju kvöldi troða þar upp að minnsta kosti tvær jasssveitir svo það er alltaf gaman að líta við á The Rex og láta koma sér á óvart.

**Queen Street West**
Allar borgir sem Íslendingar heimsækja fá tilnefndan sinn „Laugaveg“. Í Toronto heitir Laugavegurinn „Queen Street“ og er í vestur frá University Avenue. Þar er frábært að kíkja í búðir og sjá mannlífið í leiðinni. Auk hinna heimsþekktu verslanakeðja má finna þar alls kyns skranbúðir, listagallerí og ágætis kaffihús. Eftir búðarrápið er tilvalið að enda daginn með því að fá sér í svanginn á The Very Trendy Gladstone eða Drake hótelinu.



# MÍN TORONTO

## *Edda Kristinsdóttir*

*Reykjavík – Toronto frá 25.400 kr.*

*Flug aðra leiðina með flugvallarsköttum. Flogið er allt að 6 sinnum í viku.*

**BATA**
„The BATA museum“ er safn sem hýsir skó frá öllum heimshornum og tímabilum mannkynssögunnar. Ótrúlega merkilegt safn og auðvelt að eyða nokkrum klukkustundum í að skoða skótau sem markað hefur spor forfeðra okkar. Ég hef sjálf verið að pæla í hvort ekki mætti finna handa þeim íslenska sauðskinnsskó til að bæta í safnið.

**Greek Town – Danforth**
Þar sem Bloor Street breytist í Danforth er að finna gríska hverfið sem var einn aðaltökustaður myndarinnar My Big Fat Greek Wedding. Þar er notalegt umhverfi sem morar í góðum grískum veitingastöðum. Þangað er gaman að bregða sér á kvöldin og upplifa gríska gestrisni eins og hún gerist best. Sleppið ekki einstæðu tækifæri til að gæða ykkur á ekta grísku „souvlaki“.

**High Park**
High Park er stærsti almenningsgarðurinn í Toronto. Hingað er dásamlegt að koma með nesti og teppi til að horfa á leikrit eftir Shakespeare úti undir berum himni. Maður borgar eftir efnum og ástæðum og er yfirleitt mælt með ákveðinni upphæð. Gott er að að vera kominn tímanlega til að ná sem bestu plássi og vera búinn að njóta fyrstu bitanna af nestinu áður en sýningin hefst.

**Kensington Market**
Í felum á bak við Kínahverfið er gamla hippahverfið, Kensington Market. Skemmtilegt mannlíf, prúttmarkaðir og „fönki-retró“ kaffihús. Gott verðlag, gott fólk og skemmtileg stemning. Sá staður sem þið megið síst missa af í Toronto!



**Canada's Wonderland**
Spennufíkillinn í mér kemst ekki hjá því að minnast á eins og eitt tívolí. „Undraland Kanada“ er hluti af Paramount skemmtigarðakeðjunni og er stærsta tívolíið í Ontario. Fullt af rússíbönum, vatnsleikjagarður og hringekjur. Nýbúið að bæta við rússíbana sem er sagður vera sá næststærsti í heimi.

**Honest Ed's og Markham Street**
Á Bloor Street milli Bathurst og Markham Street er stórmerkileg búð sem nú er orðin einn af minnisvörðum Toronto og heitir Honest Ed's. Hún er ein af fáum verslunargersemum miðrar 20. aldar sem hefur verið rekin nær óbreytt frá því að hún var opnuð árið 1948. Þó að maður fari ekki beinlínis þangað til þess að versla er gaman að líta inn til að skoða. Ég mæli sérstaklega með því að fara þegar dimmt er úti og búið er að kveikja á 28.000 perum á ljósaskiltunum. Svo er hægt að setjast niður og fá sér drykk á einhverjum af stöðunum rétt handan við hornið á Markham Street.

**Yorkville**
Fína hverfið. Merkjavara, fínir veitingastaðir og snyrtilegt umhverfi. Kíki hér stundum inn á Nervosa Cafe í hádegisverð en það er líka fínt að taka með sér kaffi í lokuðu plastmáli á röltið.

**Toronto Island**
Á góðum sumardegi er alveg tilvalið að taka ferjuna yfir á eyjuna hér úti í Ontario-vatni og njóta þess að sleikja sólina á ströndinni. Maður verður að muna að taka með sér sundföt og handklæði ef á að stinga sér til sunds við Hamlan's Point. Svo er hægt að leigja hjólabíla og hjóla um eyjuna eða fara með yngri kynslóðina í leiktæki líkt og í fjölskyldugarðinum heima og fá sér ekta kanadíska „funnel cake“ með öllu á.

## VEITINGASTAÐIR

**01 Bonjour Brioche**
Franskt kaffihús/bakarí þangað sem mjög vinsælt er að fara í hádegisárbít (brunch) um helgar. Notalegur „heimafílingur“ og angan af nýbökuðu brauði berst á móti manni um leið og stigið er inn úr dyrunum. Yndislegt að byrja daginn hér.

**02 Mezas**
Fjölskyldurekinn, grískur veitingastaður í hjarta gríska hverfisins. Lambakjötið hérna er næstum eins gott og heima hjá mömmu. Annars mæli ég eindregið með ídýfuplattanum hjá þeim.

**03 Ki**
Mitt í fjármálahverfinu er þessi frábæri sushi-staður. Flott húsakynni og frábær verönd til að nota á sumrin. Ég elska að koma hingað með vinkonum mínum, sitja á veröndinni, borða gott sushi og drekka hvítvín. Oftar en ekki kíkjum við svo út á lífið á eftir enda er staðurinn tiltölulega nálægt líflegasta næturlífinu.

**04 Canoe**
Canoe er gamalgróinn veitingastaður í einu af háhýsum miðborgarinnar. Einn af þessum klassísku stöðum þar sem maður er öruggur um gæðin þegar á að fara fínt út að borða. Frábær matur og þjónusta en það sem setur punktinn yfir i-ið er útsýnið. Verið viðbúin því að þurfa að losa um beltið í miðri máltíð.

febrúar 2009

# menning

[ SÉRBLAÐ FRÉTTABLAÐSINS UM MENNINGU OG LISTIR ]

## VELKOMIN HEIM

Sýning Íslenska dans-flokksins er rokkkonsert með gógódönsurum

Bls. 4





## DAGUR Í LÍFI RASSHÁRS

Dr. Gunni fór að sjá Sannleika Péturs Jóhanns Bls. 6




Án titils, blek á pappír,1987.

# *Elsku* DRENGURINN MINN

Á fimmtudagskvöld opnaði Listasafn Reykjavíkur stóra sýningu í Hafnarhúsinu sem gefur yfirlit yfir feril Alfreðs Flóka myndlistarmanns. Sýningarstjóri er Sjón sem á unglingsárum settist við fótskör meistarans og endurgeldur nú gamla skuld en Flóki var forgöngumaður um súrrealisma og mystík í íslenskri myndlist.

MYNDLIST PÁLL BALDVIN BALDVINSSON

Hugmynd almennings nú á dögum um fyrirbærið Flóka er bundin við verk hans, penna og kolateikningar sem eru víða til á íslenskum heimilum. Sú ímynd sem hann skóp af sjálfum sér í blaðaviðtölum og opinberri framgöngu er enn í minnum höfð: orðsnjall, fyndinn, sjálfhælinn og einstakur var hann í ímyndarsköpun sinni á opinberum vettvangi. Í persónulegri viðkynningu var allt þetta líka en þar fór einstaklega ljúfur drengur, tryggur vinum sínum, sjálfstæður maður með djúpa þekkingu á menningu álfunnar með rætur aftur í borgir Evrópu sem mátti ekkert aumt sjá og vildi öllum vel. Gæska hans var á skjön við þann dulda heim grimmdar, losta og lystisemda sem hann átti svo auðvelt með að skissa upp í formfastri byggingu flatarins sem var akurinn sem hann pældi ár og síð með hvíldarárum á sumum skikanna.




Sjálfsmynd, rauðkrít , 1958.

Borgarselskapurinn sem Flóki var sprottinn úr var eftirstríðsárafyrirbæri, sama menningardeildin og Jökull Jakobsson dró upp á sviðið og vann úr: stórisar, útsaumaðir púðar, þröngsýni í flestum efnum með tilheyrandi bælingu og brotum. Flóki elskaði að storka þessari settlegu veröld, sat á ystu nöf og hló dátt, hátt og í hljóði eftir því sem færi gafst: gat það verið að þessi passíuklippti snyrtipinni byggi með tveimur konum og nyti þeirra beggja – jafnvel í senn? Magabeltakynslóðin hryllti sig undir gullrömmuðum landslagsmálverkunum og lagði Moggann sinn frá sér með höfuðið fullt af ósiðlegum lostaríkum órum þegar hann bjó þá skyndimynd til. Þá mynd dró Flóki upp í hugum betra selskapsins í henni Reykjavík skömmu eftir 1960 og hló að dáralega.

Hláturinn var enda hans helsta lífsmagn. Fáir menn voru skemmtilegri en hann og því var hann vinamargur, svo ólíkur sem sá söfnuður var sem sótti

Framhald á bls. 2



Flóki á sýningu sinni 1963. Á vegg til hægri er ein sjálfsmynda hans.

MYND 365/LJÓSMYNDARI ÓKUNNUR.

til hans andríki og fögnuð. Hann bar enda breyskleika sína fram og gekkst fúslega við þeim. Þeir voru partur af veröldinni því enginn okkar var fullkominn, allir höfðu sinn djöful að draga. Og breyskleikar hans sumir urðu honum að aldurtila, allt allt of snemma.

Myndlist Flóka var af evrópskum stofni þótt hann væri menntaður hér í strangri yfirdrottnun hins geómetríska forms. Íslenskt myndlistarlíf umbar hann sem elsta soninn í hópnum, strák sem ekki vildi fullorðnast og tók lífið ekki alvarlega. Hann var enda drátthagur með afbrigðum frá unga aldri og tók stefnu sem var á skjön við viðtekna, afsökunarlaust, því hann vissi hvaða braut hann gekk. Viðmið hans voru bæði forn og ný, en öll utan við ríkjandi stefnu. Drátthögustu meistarar álfunnar sátu með honum á hillu og hann vissi í hvaða selskap hans var, vissan um getuna blasti við, var augljós. Þrátt fyrir styrka einstefnu sína var hann víðsýnn og leit til allra átta og mat menn kalt, viðurkenndi styrk þeirra en færði hætti þeirra í skríkjandi sögur sem rufu alla múra velsæmis. Flóki var mikill meistari anektótunnar.

Í kynningu á sýningu Listasafns Reykjavíkur, sem mun vera auðugast íslenskra safna af verkum Flóka, sem er við hæfi, hann var barn Reykjavíkur og dáði sína borg og hennar dásamlegu kvöld og nætur, hefur Sjón lýst henni sem yfirlitssýningu. Það yfirlit nær skammt því enn er ekki unnin fullnaðarskrá um verk hans þótt þrjár bækur hafi komið út um myndheim hans: minningar Nínu Bjarkar frá 1992, Ævintýrabókin, inngangur Aðalsteins Ingólfssonar um hann með myndum frá 1983 og loks Teikningar hans sem komu á bók 1963. En utan þeirra er aragrúi mynda og ætti Listasafnið að hvetja menn til að koma þeim til skrár í tengslum við sýninguna nú.

> Hann heilsaði manni jafnan fagnandi: „Elsku drengurinn minn“ og þá var framundan veisla, rétt eins og hann býður nú til, persónulegur og eggjandi furðuveröld lýkst upp.

Það verður góð aðsókn: Flóki naut þess alla tíð að hann var góður auglýsingamaður og kunni að leika sér með íslensku pressuna, lék hlutverkið út í æsar með bros á vör og strákslegt blik í auga. Fólk af öllu standi leit á sýningarnar hans af forvitni: strúttandi naktar gyðjur og ljótir krumpaðir karlar, auðnir og undurfögur blóm, gapandi sköp og reistir sköndlar: blek, blý og krít, rauð og svört. Komdu hingað inn í heimminn minn elskan mín, faðmlagið var stórt og opið og allir máttu koma, öllum var fagnað. Svo er enn: sýningin stendur uppi í Grófinni fram í maí.

# *Skemmtilegt* ER MYRKRIÐ

Breiddin í íslensku tónlistarlífi er mikil og sjaldgæf tækifærin þar sem stillt er saman allri breiddinni. Það eru menn að reyna á Myrkum músíkdögum sem hófust í gær en sextán tónleikar eru á dagskránni næstu daga.

TÓNLIST PÁLL BALDVIN BALDVINSSON

Myrkir músíkdagar hófust í gær, hátíð Tónskáldafélags Íslands, sem helguð er nútímatónlist. Myrka músíkdaga hafa tónskáldin haldið frá 1980 og valið til þessa hátíðarhalds fyrstu skímudaga ársins. Hátíðin ber að þessu sinni merki um þá víðu breidd sem komin er í íslenska tónlistarsköpun. Þar sitja við sama borð Gunnar og Hilmar Þórðarsynir, Egill Ólafsson og Atli Heimir, Ragnheiður Gísladóttir og Mist Þorkelsdóttir, Árni Egilsson og Karólína Eiríksdóttir. Meira að segja djassinn skýst inn í hátíðarhaldið í verki Árna í flutningi Sigurðar Flosasonar. Dagskráin er þéttriðin og hundruð tónlistarmanna koma fram í flutningi margbreytilegra verka. Forráðamenn hátíðarinnar hafa gripið til þess ráðs að beina tónleikahaldinu frá kostnaðarsömu húsnæði yfir í húsnæði sem ekki er byggt fyrir tónlistarflutning, eins og kirkjur og listagallerí. Tilgangurinn er sá að styrktaraðilar sjái fjárstuðning sinn renna í flutning og lifandi fólk en ekki hálfopinberar steinsteypur. Tónleikastaðirnir eru Salurinn í Kópavogi, Hafnarborg, Listasafn Íslands, Norræna húsið, Sölvhóll – salur Listaháskólans við Sölvhólsgötu, Háskólabíó, Laugaborg í Eyjafirði. Þá verða tónleikar í Langholtskirkju, Neskirkju og Guðríðarkirkju. Hér koma fram allir helstu burðarásar í íslensku tónlistarlífi: Sinfónían, Kammersveit Reykjavíkur, Caput, Camerata Jóns Leifs, auk smærri hópa tónlistarmanna. Sannkölluð veisla: á átta dögum verða sextán tónleikar.

„Við viljum rísa gegn fordómamúrum sem hólfa tónlistina og flytjendur hennar niður. Það er ekkert æðra eða lægra. Eina ósk okkar er að verkin hafi nútímalegt músíkalskt innihald, óháð stílum og stærð,“ segir Kjartan Ólafsson, formaður Tónskáldafélagsins. Tæpur þriðjungur verkanna er frumfluttur. Í félagi við íslenska tónsmiði eru höfundar á borð við John Tavener, Steve Reich, Pavel Zemek og Peter Graham. Hátíðin styrkir tengsl við tónlistarlíf landsbyggðarinnar: Kammerkór Suðurlands kemur fram og Laugarborg í Eyjafjarðarsveit er þátttakandi í hátíðinni. Stefnt er að því að byggja fleiri brýr vestur á landi og austur á fjörðum og á Héraði: „Það verður að auka samstarf hátíða hér á landi, það er bæði gjöfult og praktískt,“ segir Kjartan. Umfang og staðsetning hátíðarinnar minnir á þörfina fyrir nýtt tónlistarhús. Spurningin er bara hvenær verður óhætt að bóka húsið fyrir Myrka músíkdaga? 2011 eða 2012?



Kjartan Ólafsson tónskáld er í forsvari fyrir Myrka músíkdaga sem hófust í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI


ENDURFUNDIR

31. janúar – 30. nóvember

SÝNING FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA

Spennandi leikir og verkefni fyrir fjölskyldur og skólahópa!







ÞJÓÐMINJASAFN ÍSLANDS
*National Museum of Iceland*

Á sýningunni má sjá gripi sem fundust við fornleifarannsóknir á mörgum helstu sögustöðum þjóðarinnar sem styrktar voru af Kristnihátíðarsjóði 2001–2005.



Suðurgata 41 • 101 Reykjavík • sími 530 2200 • www.thjodminjasafn.is/endurfundir • Opið alla daga vikunnar nema mánudaga kl. 11–17


Rúbín
styður við þig!
Rúbín kaffi er unnið úr völdum hágæða kaffibaunum frá hásléttum þekktustu kaffisvæða heims, Kólumbíu, Brasilíu, Kosta Ríka, Mið-Ameríku og Afríku.
kaffi
EÐALKAFFI
FÍNMALAÐ
500 g

Bollaleggingar



JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

» Bolli er ekki bara bolli og rétta útlitið getur breytt öllu. Smekkur manna er mismunandi og bollarnir frá Kahla eru misstórir, mislitir og fjölbreyttir í laginu svo flestir geta fundið þann rétta fyrir sig. Spáðu í bollana hjá Kokku, í verslun okkar eða á kokka.is

kokka
laugavegi 47

laugavegi 47 opið mán.-fös. 10-18, lau. 10-16 | www.kokka.is kokka@kokka.is



Velkomin heim á að skoða heim uppbyggingar, velsældar, erfiðleika og endurmats sem erfitt er að sjá úr dansmáli verksins sem frumsýnt var á fimmtudagskvöld.

MYND ÍD/GOLLI

# Hingað heim og ekki lengra

**ÍSLENSKI DANSFLOKKURINN**

**Velkomin heim eftir Katrínu Hall, Peter Anderson og Cameron Corbett.**

**Leikmynd og lýsing: Aðalsteinn Stefánsson**

**Búningar: Agnieszka Baranowska og Filippía Elísdóttir**

**Tónlist: Frank Hall, Pétur Benediktsson og Sigtryggur Baldursson**

*Dúndurmúsík en dreif í dansi*

★★

Starfsemi Íslenska dansflokksins hefur um árabil virst byggja á einföldum markmiðum. Eftir að flokkurinn fékk aðsetur í Borgarleikhúsi setti Katrín Hall, listrænn stjórnandi flokksins, honum það mark að hingað kæmu virtir og viðurkenndir danshöfundar víða að, bæði til að vinna með flokknum ný verk og endurvinna eldri sýningar. Hún leitaði uppi íslenska og erlenda dansara, einkum karla, sem féllu að listrænni stefnu sem var sjálfstæð og beindist einkum að samtímadansinum. Hafin var vinna með að þroska íslenska danshöfunda, sett var í gang Dansleikhússmiðja. Flokkurinn sótti mikið erlendis og er víða velkominn á erlenda grund og fær víða lof. Katrín sat tvö ráðningartímabil og er það skoðun undirritaðs að þar hefði hún átt að láta staðar numið en hún sóttist eftir þriðja ráðningartímabilinu og fékk það. Hef ég lýst þeirri skoðun að þá hafi nýr listrænn stjórnandi átt að koma að flokknum og setja honum ný markmið.

Kjarni danshópsins hefur verið fast í nokkurn tíma. Starfsævi dansara er stutt og miðað við þau ráðningarkjör sem hér tíðkast er starfið fórnarstarf, unnið meira af hugsjón og listþrá en efnahagslegum ábata. Flokkurinn hefur ekki náð viðunandi markaðsstöðu þrátt fyrir að fagmannlega hafi verið staðið að öllu kynningarstarfi. Sýningar flokksins hafa þau skráð svo til fyrirmyndar er þótt ekki hafi tekist að koma upptökum af sýningunum á framfæri við almenning í sjónvarpi sem verður að kenna sjónvarpsstöðvunum um.

Rekstrarfé til flokksins er naumt. Grundvöllur fyrir starfsemi hans er dansskólahreyfingin sem getur af sér nokkra dansara á hverju ári sem fara í framhaldsnám. Um þessar mundir starfar hópur íslenskra dansara erlendis og haft er á orði í hópi þeirra sem til þekkja að íslenski listdansinn sjáist meira á erlendri grund en íslenskri. Hafa sjálfstæðir listdansarar sett fram þá hugmynd að hér rísi danshús svo greinin eigi fastan samastað. Líkur á því eru hverfandi. Þjóðleikhúsið hefur alfarið gefið listdansinn upp á bátinn þótt það þurfi reglulega að setja á svið verk sem krefjast dansara. Rétt eins og Leikfélag Reykjavíkur og sjálfstæðir leikhópar.

Starfsumhverfi listdansins, rétt eins og söngvara og leikara, hefur um langan aldur kallað á róttæka endurskipulagningu þar sem safnað væri saman því fjármagni sem til skipta er og greinarnar allar væru hugsaðar upp á nýtt. Nýlegar yfirlýsingar óperustjóra um fjármagnsskort á þeim bæ kalla enn frekar á það. Fram undan er ákvörðun um lúkningu byggingar tónlistarhúss, stór hluti af starfsemi sjálfstæðra leikhópa hefur verið undir hatti eða í samstarfi við Leikfélag Reykjavíkur. Menningarhúsastefna Björns Bjarnasonar er tekin að skila sér í húsum nyrðra og vestra. Minna hefur verið hugsað til hvernig á að nýta þau hús. Á Íslenski dansflokkurinn ekki að sýna bæði í Bolungarvík og Brussel, Akureyri og í Antwerpen? Það verður að endurskipuleggja leiklistarstarfsemina í landinu í samræmi við veruleikann: húsin, kraftana og þá áhorfendur sem borga brúsann í miðum eða sköttum.

Vetrarsýning Íd sem frumsýnd var á fimmtudagskvöld er samsett verk: innanhússfólk er nýtt til að smíða stóran dans fyrir tólf dansara. Höfundarnir hafa áður komið við sögu og smærri verk þeirra til þessa hafa ekki verið burðug. Til samstarfs eru kallaðir tónlistarmenn af poppvængnum, ekki endilega sá skóli sem vænlegastur er til að geta skilað dansbærri músík, enda var áhorfandi oft staðinn að þeirri tilfinningu að hér væri rokkkonsert með dönsurum frekar en danssýning við rokk. Voru Myrkir músíkdagar ekki að hefjast í gær?

Sýningunni er gefið viðmót í kynningu og leikskrá sem rímar miður við það sem á sviðinu sést. Verkið var stefnulaust, skorti heildarsvip, jafnvel leikmyndin sem byggði á nokkrum flekum í flugi dugði ekki til að halda verkinu saman, á endanum var treyst á mikilúðlegt rými stóra sviðsins til að gefa verkinu mynd og bætt um betur með undarlegu atriði með vinnupalla sem keyrðir voru um sviðið. Búningar Agnieszku náðu ekki að styrkja myndina. Ég hef áður fundið að áhugaleysi flokksins til að byggja brýr yfir til textasmiða og myndlistarmanna. Katrínu er ekki sýnt að finna samstarfslið sem getur fært henni átækar sögur, líklega hefur hún ekki áhuga á því.

Eins og oft áður staðnæmist athyglin við einstaka dansara: Steve Lorenz og Emilíu Benediktu. það gerist þegar heildin heldur ekki, er sundruð. Gunnlaugur Egilsson var að sjást hér í fyrsta sinn. Kraftmikill en miður nýttur. Sundurgerðin í stíl, losaraleg byggingin og ráfið í hugmyndum vakti athygli: allir þessir kraftar og eining næst ekki – nota bene þegar yfirskrift verksins er upplausn þá er er enn meiri þörf á skýrum línum til að bera efnið fram.

Þau eru þrjú Hall sem koma að sýningunni: danshöfundur, tónskáld og dansari. Maður er tekinn að þreytast nokkuð á því í rekstri opinberra stofnana hvað stjórnendur ætla lítið að taka mark á stjórnsýslulögum um hyglun til ættingja, sama hvers þeir eru annars verðir. Sorrí – menn geta ráðið börnin sín, maka og systkin í vinnu í einkafyrirtækjum en í opinberum rekstri verður fólk að sýna það siðferði að gæta sín á frændsemisráðningum. Það er komið alveg nóg af því í opinberum rekstri leikhúsa á Íslandi. Fyrir minn smekk.

*Páll Baldvin Baldvinsson*



**Cameron og Katrín við einn skjáinn sem setur sterkan svip á sýninguna.** MYND ÍD/GOLLI

# heimili&hönnun

LAUGARDAGUR 7. FEBRÚAR 2009



**KATRÍN ÓLÍNA PÉTURSDÓTTIR**

## Sigursæl í Svíþjóð

**HÖNNUN**

## Nýstárleg eldstæði

**INNLIT**

## Hestagerði í portinu

FRÉTTABLAÐIÐ




**Landsins mesta úrval af vörum til skartgripagerðar**

***25% afsláttur af PERLUBAR gegn framvísun á auglýsingu.***

*Gildistími 14.febrúar.*

**Fondurstofan.is**
Síðumúli 15 • s. 553-1800

Opið
virka daga 12-18
Laug. 11-15



## HEIMILISHALD
ROALD EYVINDSSON

# Aalto og amma gamla

Segja má að umskipti hafi orðið á hugsunarhætti íslensku þjóðarinnar í kjölfar bankahrunsins á síðasta ári. Þegar fyrir lá að sukk útrásarvíkinga og sofandaháttur stjórnmálamanna hafði dregið þjóðina ofan í skuldafen varð uppi fótur og fit og í kjölfarið allsherjar naflaskoðun sem leiddi meðal annars til endurmats á fyrri gildum.

Þeir stæra sig nú mest sem þeir mega sem ekki tóku himinhá lán fyrir lúxusvillum, einkaþotum, innflutningi á afdönkuðum poppurum eða annarri endemis vitleysu sem þótti orðið mælikvarði á íslenskan lífistandard á meðan góðærið gekk yfir landið eins og fárviðri. Hinir sem létu glepjast af gylliboðum nýfrjálshyggjunnar sjá sér nú þann kost vænstan að geyma Range Roverana þar sem erfiðast er að rispa þá og draga svo fyrir glugga svo ekki glitti í íburðinn. Ríkmannlega búin heimili í svörtu og hvítu sem áður var ekki þverfótað fyrir í umræðu um lífsstíl, hafa í einni andrá orðið birtingarmynd glórulausrar neyslu og gufað upp eins og dögg fyrir sólu úr sjónvarpi og tímaritum.

> Ríkmannlega búin heimili í svörtu og hvítu sem áður var ekki þverfótað fyrir í umræðu um lífsstíl, hafa í einni andrá orðið birtingarmynd hóflausrar neyslu

Þannig virðist sem íslenska þjóðin hafi á einni nóttu snúið baki við fínheitunum sem þóttu viðtekin meðan ákveðinn hluti hennar hafði eða taldi sig hafa nóg á milli handanna. Glansgallanum hefur verið skipt út fyrir hippaátfittið. Enda virðast landsmenn seint ætla að læra að feta milliveginn í þessum efnum sem öðrum. Annaðhvort er eytt úr hófi fram meðan okkur er talið trú um að það sé í lagi eða skorið svo hressilega við nögl að það blæðir.

Hvað er þá í stöðunni? Hafna tengslum við Alvar Aalto og félaga. Stilla upp beygluðum mótmælapottum, meðan börnin rispa borðstofusettið og betri helmingurinn hylur Le Corbusier-bekkinn með útsaumuðum púðum frá ömmu. Sem gæti orðið dýrkeypt þar sem viðbúið er að hippasælan verði skammvinn, og Aalto fyrr en varir búinn að velta ömmu aftur úr sessi.

Eða hætta bara þessari endalausu meðvirkni og hlaupa ekki hugsunarlaust á eftir nýjasta æðinu; fylgja eigin sannfæringu og halda í það sem manni þykir bæði flott og ekki síður kært. Amma og Aalto geta hæglega deilt heiðurssessi á heimilinu.





● **Forsíðumynd:** Odd Stefán Þórisson tók mynd á eigin heimili **Útgáfufélag:** 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, s. 512 5000 **Ritstjórar:** Roald Eyvindsson roald@frettabladid.is og Emilía Örlygsdóttir emilia@frettabladid.is **Auglýsingar:** Hlynur Þór Steingrímsson s. 512 5439 **Útlitshönnuður:** Kristín Agnarsdóttir kristina@frettabladid.is.



**Cristal Bar í Hong Kong eftir Katrínu Ólínu.** MYND/KATRÍN ÓLÍNA PÉTURSDÓTTIR



MYND/BIG

**Daninn Bjarke Ingels, stofnandi BIG, vann í flokki arkitektúrs fyrir Mountain Dwellings.**



**Plopp stólar frá Hay eftir Danann Osckar Zieta þóttu flottastir í flokknum Besta vöruhönnunin.** MYND/HAY



**Subconscious Effect of Daylight eftir Norðmanninn Daniel Rybakken var besta nemaverkið.** MYND/DANIEL RYBAKKEN

# Áhrifamikil hönnun

● Katrín Ólína Pétursdóttir varð hlutskörpust í flokki innanhúsarkitektúrs á Forum AID 2009.

„Þetta er stórsigur fyrir mig þar sem ég hef farið eigin leiðir í þessum bransa og tengi mig sem slíka ekki við neinn sérstakan hóp heldur vinn á miklu breiðara sviði með sköpunina eina að leiðarljósi," sagði Katrín Ólína Pétursdóttir hönnuður að sigri loknum á Forum AID 2009, þar sem hún vann til verðlauna í flokknum innanhússarkitektúr. Verðlaunaafhendingin fór fram við hátíðlega athöfn í Rival-leikhúsinu í Stokkhólmi á þriðjudag.

Hönnunartímaritið Forum AID efnir til keppninnar ár hvert þar sem hönnuðir og arkitektar frá Norðurlöndunum takast á. Keppt er í flokkunum arkitektúr, innanhússarkitektúr, vöruhönnun og nemendaverk. Íslenskir hönnuðir voru tilnefndir í öllum fjórum flokkum í ár, en þetta er í áttunda sinn sem keppnin fer fram.



**Katrín Ólína er ánægð með viðtökurnar en hönnun hennar þótti áhrifamikil.**

Katrín Ólína var tilnefnd bæði fyrir bestu vöruhönnunina og eins innanhússarkitektúr og sigraði í síðarnefnda flokknum eins og áður sagði fyrir hönnun sína á Cristal Bar í Hong Kong. Í niðurstöðu dómnefndar er þess sérstaklega getið að notkun hennar á tvívíðri grafík sem aðaláherslu í þrívíðu umhverfi sé áhugaverð og skapi draumkennt alltumlykjandi umhverfi. En hvaða þýðingu hefur sigurinn fyrir Katrínu Ólínu?

„Auðvitað er gaman að geta tengst Skandinavíu eftir að hafa unnið í Asíu öll þessi ár. Verðlaunin eru hvatning fyrir mig til að halda áfram með að þróa þessa veröld mína. Ég vonast til að geta sinnt þessari rannsókn á draumnum af enn meiri krafti í framhaldinu," sagði Katrín Ólína og bætti við að mikill áhugi sé á íslenskri hönnun í Skandinavíu vegna þess hversu frábrugðin hún þyki. „Við þykjum að ýmsu leyti öðruvísi en aðrar Norðurlandaþjóðir, ekki síst hvað sköpun varðar." *- rve*

Útsala
25 - 70 % afsl.
af öllum vörum
Sturtuklefar - Baðinnréttingar
Hreinlætistæki - Blöndunartæki
Baðker ofl.
BAÐHEIMAR
Baðdeild Álfaborgar
Skútuvogi 4 - sími: 525 0800

Blaðberinn bíður þín
Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 8-17.

Blaðberinn... ...góðar fréttir fyrir umhverfið


ego dekor
CLASSIC GEGNHEIL EIKARLÍNA -30%
Glerskápur
Stærð: Br:100cm D:40cm H:190cm
Verð áður: 128.000,-
VERÐ NÚ: 89.600,-
Borðstofuborð
Stærð: 200cmX100cm
Verð áður: 114.000,-
VERÐ NÚ: 79.800,-
Skenkur
Stærð: Br:150cm D: 50cm H: 90cm
Verð áður: 114.000,-
VERÐ NÚ: 79.800,-
Skenkur
Stærð: Br: 200cm D:50cm H:90cm
Verð áður: 128.000,-
VERÐ NÚ: 89.600,-
Borð
Stærð: 160cmX90cm
Verð áður: 85.000,-
VERÐ NÚ: 59.500,-
Sjónvarpsskenkur
Br:180cm D:50cm H:50cm
Verð áður: 98.000,-
VERÐ NÚ: 68.600,-
Einnig fáanlegur í stærðinni
Br:120cm D:50cm H:50cm
Sófaborð
120cmX70cm
Verð áður: 42.000,-
VERÐ NÚ: 29.400,-
Einnig fáanlegt
í stærðinni 65cmX65cm
Lia stóll
Fáanlegur í brúnu
Verð áður: 14.500,-
-25%
VERÐ NÚ:
10.875,-
ÚTSÖLULOK
Mango borðstofuborð
Stærð: 200cmX100cm
Verð áður: 69.000,-
-50%
VERÐ NÚ: 34.500,-
Mango borð
og 6 Lotus stólar
VERÐ NÚ: 86.760,-
Palma leðursófasett
Fáanlegt í brúnu leðri
2ja sæta
Verð áður: 114.000,-
-30%
VERÐ NÚ: 79.800,-
3ja sæta
Verð áður: 123.000,-
-30%
VERÐ NÚ: 86.100,-
Morris tungusófi
Stærð: 260cmX180cm
Microfiber áklæði
Fáanlegur í tveimur litum
Verð áður: 209.000,-
-25%
VERÐ NÚ: 156.750,-
Metro tungusófi
Stærð: 266cmX166cm
Microfiber áklæði
Fáanlegur í tveimur litum
Verð áður: 198.000,-
-25%
VERÐ NÚ: 148.500,-
Comfort sófasett
2ja sæta
Verð áður: 112.000,-
-20%
VERÐ NÚ: 89.600,-
3ja sæta
Verð áður: 123.000,-
-20%
VERÐ NÚ: 98.400,-
hönnun: www.skissa.net
ALLIR PÚÐAR -30%
Verð áður: 3.900,-
VERÐ NÚ: 2.730,-
Opið: mán-fös 10:00-18:00 - lau 10:00-18:00 - sun 13:00-18:00 - Bæjarlind 12 - S: 544 4420 - www.egodekor.is

Lýsingaráðgjöf

Í febrúar bjóðum við upp á lýsingaráðgjöf og hönnun .... þér að kostnaðar lausu. Þú hefur samband í síma 568 8388 eða sendir mail á kristjan@lumex.is og við gefum þér tíma hjá ráðgjöfum okkar.

LUMEX





Veggeldstæði í líkingu íslensks stuðlabergs, úr bronshúðuðu stáli.



Svartur leðursófi með nauts- og krókódílaskinni með eldstæði í borði.



Stásslegir gólfkyndlar í ýmsum útfærslum. MYNDIR/VALGERÐUR EINARSDÓTTIR



Etanóleldstæði úr svörtu stáli að hefðbundinni fyrirmynd.

# Leyndarmál norðursins

● Rómantísk eldstæði fá á sig áður óþekktan blæ þar sem fagrir logar teygja sig út úr einstæðri eldstæðahönnun Secret North, sem leggur ástríðu og metnað í alíslenskt handverk.

„Konseptið er rammíslenskt og hönnunin með mikla skírskotun til íslenskrar náttúru,“ segir Linda Svanbergsdóttir hjá Secret North sem hannar eldstæði sem eiga engan sinn líka og vekja nú heimsathygli. „Nafnið er norrænt og vísar í upprunann. Í því býr dulúð eins og í eldinum sjálfum og við leggjum áherslu á að nota íslensk náttúruefni, eins og hraun, steina og önnur jarðefni, sem og fiskroð í áklæði,“ segir Linda, sem ásamt Valgerði Einarsdóttur stofnaði Secret North fyrir um ári, en opið stúdíó fyrirtækisins er á Dunhaga 20. „Við sérhönnum eldstæði og húsgögn með eldi í. Þannig sköpum við margnota húsmuni, eins og bekki með borði þar sem hægt er að opna fyrir eldstæði eða hafa lokað sem borð. Öll okkar ástríða byggir þannig á hönnun sem felur í sér eldstæði, en má einnig njóta án eldsins.“



Lítið borðeldstæði úr íslensku hrauni.

Í eldstæðum Secret North er notað etanól. „Etanól er framtíðin. Það sótar hvorki né reykir og bruninn krefst hvorki útsogs né skorsteins. Varmi er meiri en frá hefðbundnum arni því hann helst alfarið innandyra, og því tilvalinn hitagjafi í sumarhús eða á heimili þar sem fólk vill njóta fegurðar elds án arinstæðis. Uppsetning er sáraeinföld og öfugt við önnur eldstæði þarf ekki að gera ráð fyrir þeim á byggingarteikningum. Þau eru hreyfanleg innanhúss og hægt að flytja með sér aftur og aftur. Þetta er því umhverfisvænn kostur og náttúrulegur með öllu.“ *- þlg*



Linda Svanbergsdóttir og Valgerður Einarsdóttir hjá Secret North, sem nú er að vinna markaði í Evrópu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Íslensk hönnun á sýningu í Stokkhólmi

● Guðrún Margrét Ólafsdóttir og Oddgeir Þórðarson sem reka saman Go Form design studio við Skólavörðustíg taka þátt í Stockholm Furniture Fair í Stokkhólmi um helgina.

Á sýningunni núna eru kynnt nýtt borð og nýjar útgáfur af stól sem kynntur var á sýningu í Kaupmannahöfn 2007. Borðið og stóllinn eru bæði framleidd af húsgagnaframleiðandanum Möbelsnickermästare Johansson frá Markaryd í Svíþjóð en þau Guðrún Margrét og Oddgeir hafa verið í samvinnu við hann í nokkur ár.

Sýningarbásinn þar sem húsgögn íslensku hönnuðanna eru til sýnis er glæsilegur. Var það Go Form sem hannaði básinn en um grafíska hönnun sá Katrín Ólína. Guðrún Margrét og Oddgeir hafa starfað saman frá árinu 1987 og hafa ekki síst starfað sem innanhúsarkitektar. Þessa dagana eru þau að vinna í vöruþróun með íslenskum framleiðendum: Brúnás Innréttingar og Á. Guðmundsson sem þau hafa unnið með í mörg ár.

Húsgögnin sem eru nú til sýnis í Stokkhólmi eru til sölu í Epal. *- sg*



MGO 500. Stóll úr gegnheilum aski með hvítri olíu. Leðurklæddur, fáanlegur í mismunandi viðartegundum og leðurlitum.




Nýtt borð og stólar, hannað af Go Form. Fatastandur sem hannaður er af ungum sænskum hönnuði, Fredrik Farg. Skápar og skenkur er eldri framleiðsla Johansson í nýrri útfærslu.

Patti húsgögn



ÚTSÖLULOK 20-80% AFSLÁTTUR



Dugguvogi 2 / s: 557 9510 / www.patti.is

Opnunartími : Mánudaga - Föstudaga frá 9 til 18 og Laugardaga frá 11 til 16




Katrín Johnson dansari ætlar að taka því rólega um helgina eftir strangar æfingar með Íslenska dansflokknum.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Rólegheit fyrir sýningu

**Íslenski dansflokkurinn frumsýndi verkið Velkomin heim á fimmtudaginn var. Katrín Johnson, einn dansara flokksins, ætlar að taka því rólega í dag og undirbúa sig fyrir átök morgundagsins.**

„Ég ætla að njóta þess að eiga frí í dag, ég verð líka að vera róleg í kvöld því það er sýning á morgun," segir Katrín eftir vel heppnaða frumsýningu Íslenska dansflokksins á fimmtudaginn var.

Katrín hefur staðið í ströngu undanfarnar vikur við æfingar svo tveggja daga frí var kærkomið.

„Þetta er búin að vera brjáluð törn svo ég ætla að slaka á og dekra við sjálfa mig. Ég er frekar mikið fyrir rólegheit eftir erfiðar vikur en hef samt alveg gaman af því að skreppa á barinn með skemmtilegu fólki. En þar sem það verða sýningar á hverjum sunnudegi næstu sex vikurnar verða helgarnar með öðru sniði."

Fyrir sýningar finnst Katrínu best að geta sofið út en þó ekki of lengi. Hún reynir að borða hollan mat daginn fyrir sýningu og hugsa vel um sig fyrir átök kvöldsins og segist ekki þjást alvarlega af sviðsskrekk,

„Nei ég er búin að gera þetta svo lengi. Á sýningardögum er ég svolítil rútínumanneskja og vil helst ekki þurfa að gera mikið eins og að fara í boð eða stússast. Ég reyni að borða hollan mat en þetta er alltaf svolítið snúið. Ég þarf að borða nóg til að hafa kraft en ekki of mikið svo mér finnist ég ekki pakksödd. Ég kemst svo í gírinn fyrir sýninguna þegar komið er upp í leikhús. Andinn í hópnum smitar út frá sér þegar við erum að taka okkur til, mála okkur og setja upp hárið. Ef maður kemst ekki í gang við það þá gerist það um leið og maður stígur á sviðið."

Spurð hvort hún ætli að nota góða veðrið til útvistar um helgina fyrst hún á frí segist hún ekki vera mikill skíðagarpur og kunni betur við sig yfir syrpu af Grays Anatomy eða með góða bók í höndunum.

„Það er bara svo kalt úti núna, ætli ég kúri mig ekki bara upp í sófa með bók."

*heida@frettabladid.is*


Skíðaveisla í Austurríki

14. og 21. febrúar

frá kr. 49.990



**Allra síðustu sætin!**

Heimsferðir bjóða þér aðgang að bestu skíðasvæðum Austurríkis, s.s. Flachau, á Lungau og Zell am See. Bjóðum nú frábært sértilboð á flugsætum og gistingu 14. og 21. febrúar. Tryggðu þér flugsæti og gistingu á besta verðinu og taktu þátt í skíðaveislu Heimsferða í Austurríki. Athugið aðeins örfá sæti laus í hvorri brottför og mjög takmörkuð gisting í boði á þessum frábæru kjörum!

*Ath. sérstakur 20% afsláttur af skíðapössum Lungausvæðinu í boði.*

Kr. 49.990
Netverð á mann. Flugsæti með sköttum. Sértiboð 14. og 21. febrúar. Mjög takmarkaður fjöldi sæta í boði á þessum kjörum.

Kr. 149.990
– Vikuferð með hálfu fæði ****
Netverð á mann, m.v. gistingu í tvíbýli á Hotel Unterberghof **** í Flachau með hálfu fæði í 7 nætur. Sértilboð 14. og. 21. febrúar.

Kr. 99.990
– Vikuferð með morgunverði
Netverð á mann, m.v. gistingu í tvíbýli á gististað án nafns í Zell am See / Schuttdorf með morgunverði í 7 nætur. Sértilboð 14. og 21. febrúar. Aukagjald fyrir einbýli kr. 20.000.

Heimsferðir

Skógarhlíð 18 • sími 595 1000
Akureyri • sími 461 1099 • www.heimsferdir.is

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.



;ALLT HEIMILI

Mánudaga og fimmtudaga



Meirapróf









Upplýsingar og innritun í síma 567 0300

Næsta námskeið byrjar 11. febrúar 2009

ÖKUSKÓLINN Í MJÓDD

**SUND** er góð hreyfing fyrir fólk á öllum aldri. Ef fjölskyldan vill hreyfa sig saman um helgina er tilvalið að fara í góða gönguferð eða á skauta og enda í sundlauginni.





ÚTSALA

Gjafir
Kerti
Skraut

BORÐ FYRIR TVO
Einstakir hlutir einstök heimili
Skemmuvegi 6 blá gata
200 Kópavogi • s:568 2221




FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Bjarney Sigurjónsdóttir er ferðafræðingur hjá Ferðafélaginu Útivist sem fer allan ársins hring í fjölbreytt ferðalög um íslenska náttúru.

# Raðgönguför í Hvalfirði

**Að fara vel búinn á tveimur jafnfljótum í góðum félagsskap um íslenska náttúru og kyrrlátt vetrarríki er rómantísk upplifun sem veitir lífsfyllingu, um leið og hjartað og líkaminn allur nýtur þægilegrar áreynslu.**

„Gönguferðir í náttúrunni eru tilvalinn vettvangur til að kynnast nýju fólki, en hátt í helmingur þeirra sem mæta koma einir. Við höfum því oft orðið vitni að fallegri vináttu sem myndast, ekki síður en ástarsamböndum sem kvikna,“ staðfestir aðspurð Bjarney Sigurjónsdóttir, ferðafræðingur hjá Ferðafélaginu Útivist, sem í dag og á morgun fer tvær spennandi dagsferðir sem öllum er opið að sækja.

„Í dag förum við í gönguskíðaferð um Bláfjöll og yfir í gömlu Kaffistofuna, og á morgun í gönguferð um Brynjudal, sem er annar hluti raðgöngu um Hvalfjörð, en eru fimm göngur í allt. Við hófum gönguna í Laxárvogi í Hvammsvík í janúar og enduðum þá í Maríuhöfn á Búðarsandi; þaðan sem við höldum nú áfram inn í Brynjudal,“ segir Bjarney. Í báðar ferðirnar er óþarft að bóka sig fyrirfram, en nóg að mæta á Umferðarmiðstöð BSÍ við Vatnsmýrarveg, þar sem fararstjóri bíður og haldið er af stað klukkan 9.30 báða morgnana.

„Í Brynjudal er von á talsverðum snjó og því gott að vera með legghlífar, í góðum gönguskóm og hlýjum vetrarfatnaði. Allir sem teljast í nokkuð góðu formi geta labbað þessa 12 kílómetra leið, en gangan tekur um fimm tíma, mest á jafnsléttu. Þá er mikilvægt að hafa nóg að bíta og brenna þegar kemur að nesti, því ekki er komið aftur heim fyrr en undir kvöldmat,“ segir Bjarney og bætir við að gönguskíðaferð dagsins henti öllum sem komnir eru ágætlega af stað á gönguskíðum, því hún sé ekki erfið yfirferðar en taki um sex klukkustundir á skíðum.

„Yfirleitt er afbragðs mæting í dagsferðir okkar, en við förum ekki af stað með rútu ef farþegarnir eru færri en tíu. Raðgöngur njóta mikilla vinsælda og vanalega vill fólk klára þær allar, en önnur slík hefst nú í febrúar þar sem farnar verða fjórar ferðir í kringum vötnin Kleifarvatn, Hlíðarvatn, Laugavatn og Meðalfellsvatn.“

Þess má geta að Útivist er með útivistarrækt í Elliðaárdal tvisvar í viku. Ekki þarf að skrá sig í þær ferðir, sem allar hefjast við Toppstöðina (brúnu rafstöðina) klukkan 18 á mánudögum og miðvikudögum kl. 18.30. Á fimmtudögum kl. 18 er gengið út með Skerjafirði frá bílastæðinu við Skógræktarfélagið í Fossvogi. Sjá nánar á www.utivist.is.

*thordis@frettabladid.is*


Hvað á ég að gefa barninu mínu að borða?

Fimmtudagur 12. febrúar kl. 20:00–22:00
hjá Maður lifandi Borgartúni 24

Námskeið um hvernig á að útbúa einfaldan en næringarríkan mat fyrir börn frá 6 mánaða aldri. Farið verður yfir hvaða fæðutegundum er gott að byrja á og hvenær.

… Svo eitthvað sé nefnt.

Námskeiðið nýtist einnig vel þeim sem eru með eldri börn. Nýjar uppskriftir og fróðleiksmolar fylgja með námskeiðinu og verða nokkrir réttir og "drykkir" útbúnir á staðnum.

**Leiðbeinandi:**
Ebba Guðný Guðmundsdóttir kennari
**Verð:** 3.500 kr.
**Upplýsingar og skráning:**
síma 694-6386 og á netfanginu
ebbagudny@internet.is



maður lifandi



Febrúartilboð
á myndarömmum
20%
afsláttur



myndval
Þönglabakka (Mjódd) 4 sími 557 4070
myndval@myndval.is
www.myndval.is
Skerum karton eftir máli





Lokadagar útsölunnar
Fjöldi frábærra tilboða

Steza sjónvarpssófar og stólar
3ja sæta kr. 359.000.-
Verð nú aðeins kr. 269.000.-
2ja sæta kr. 265.000.-
Verð nú aðeins kr. 199.000.-
Stóll kr. 132.000.-
Verð nú aðeins kr. 99.000.-

Val húsgögn
Ármúla 8 - 108 Reykjavík
Sími 581-2275 ■ 568-5375
Opið virka daga kl.10-18 / Laugard. kl.11-16
www.valhusgogn.is





Prentum á servíettur og sálmabækur

Föndra
Dalvegi 18, Kóp. Sími 568 6500 www.föndra.is
opið 10-18 virka daga, laugardaga 11-16




Kínversk menning heillar marga. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Ári uxans fagnað

**Gestum og gangandi gefst kostur á að kynnast kínverskri menningu frá ýmsum hliðum í Háskóla Íslands á morgun.**

Kínversk vorhátíð verður haldin í og við Hátíðarsal Háskóla Íslands á morgun og verður gestum boðið að kynnast kínverskri menningu frá ýmsum hliðum. Ætlunin er að fagna nýju ári, ári uxans, sem gekk í garð hinn 26. janúar.

Á hátíðinni verður dansaður drekadans, sýndar kínverskar bardagalistir, kínverskar kvikmyndir ásamt því sem kínversk læknislist og te-menning verður kynnt. Einnig verður boðið upp á hefðbundna kínverska rétti, leiki, happdrætti og ýmislegt fleira. Að hátíðinni, sem hefst klukkan 13.00 og stendur til 16.30, standa konfúsíusarstofnunin Norðurljós og sendiráð Kína en að undirbúningi hennar koma nemar í kínverskum fræðum, Félag Kínverja á Íslandi, Kínversk-íslenska menningarfélagið, Heilsudrekinn, Kínaklúbbur Unnar og fleiri.

Konfúsíusarstofnunin Norðurljós var stofnuð við Háskóla Íslands 16. maí 2008. Markmið hennar er að standa að fræðslu og kynningarmálum um kínverska tungu og menningu. Sem stendur eru yfir 220 slíkar stofnanir starfandi við háskóla um allan heim. *- ve*

# KVK opnar vinnustofuna

**Margt fallegt er að finna á vinnustofu KVK sem verður opin í dag frá klukkan 12 til 16.**

Hönnuðirnir hjá fataversluninni KVK opna vinnustofu sína í dag, laugardag, frá klukkan 12 til 16. Þar gefst gestum og gangandi tækifæri til að handfjatla þær gersemar sem KVK framleiðir.

Vinnustofan verður framvegis opin alla virka daga frá klukkan 12 til 16 og á löngum laugardögum á sama tíma. KVK er í bakhúsi á Laugavegi 58. *- hs*





SJÁLFLÍMANDI HNÍFAPARASKORÐUR

Hjálpa þér að halda öllu í skorðum í skúffum.Einning sjálflímandi filt til að klæða skúffur og filt með verjandi efni svo ekki falli á silfur og silfurplett.Við eigum líka fægilög,fægiklúta og ídýfulög til að hreinsa.
SENDUM Í PÓSTKRÖFU.

Gullkistan - Frakkastíg 10 - Sími: 551-3160.



Dr. Jón Karl Helgason bókmenntafræðingur flytur erindi í Hallgrímskirkju um Gunnar Gunnarsson rithöfund. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# Dómsdagur og Svartfugl

**Tvíþætt dagskrá um Gunnar Gunnarsson rithöfund verður í Hallgrímskirkju á morgun.**

Dr. Jón Karl Helgason, lektor, flytur erindi sem hann nefnir: Dómsdagsmynd Gunnars Gunnarssonar. Hugleiðing um Vikivaka.

Fyrirlesturinn hefst klukkan 10 og að honum loknum hefst messa og barnastarf klukkan 11. Söngnemar úr Söngskóla Reykjavíkur syngja í messunni.

Seinnipart dags eða klukkan 16 hefst svo seinni hluti dagskrárinnar en þá mun Listvinafélag Hallgrímskirkju flytja dagskrá um Svartfugl Gunnars Gunnarssonar. Jón Hjartarson leikari fer með leiklestur ásamt Valgerði Dan Jónsdóttur og Þorsteini Gunnarssyni. Orgelspuni er í höndum Harðar Áskelssonar.

Ókeypis er á fyrirlestur Dr. Jóns Karls Helgasonar en aðgangseyrir að leiklestrinum er 1.500 krónur. *- rat*





Mynda-upphengibrautir sem hafa þann kost að ekki þarf að negla í veggi og er mjög auðvelt að breyta uppröðun eða bæta við myndum.

LISTALAGERINN
Járn & Gler hf. - Skútuvogur 1h. Barkarvogsmegin. - 104 Reykjavík S: 58 58 900. www.jarngler.is

KOLAPORTIÐ

Kolaportið er opið laugardaga og sunnudaga frá kl. 11-17



Tryggvagötu 19 • 101 Reykjavík
Sími 562 5030 • www.kolaportid.is

AF LAGER
Á LÆGRA VERÐI

NÚ BJÓÐUM VIÐ ÁKVEÐNAR GERÐIR ELDHÚS, BAÐ - OG ÞVOTTAHÚSINNRÉTTINGA, EINNIG FATASKÁPA TIL AFGREIÐSLU AF LAGER ( MEÐAN BIRGÐIR ENDAST) MEÐ 25% AFSLÆTTI.




nettoline
AUÐVELT · FLJÓTLEGT · ÓDÝRT

SÝNINGAINNRÉTTINGAR MEÐ 60% AFSLÆTTI
Vegna breytinga á vöruvali seljum við nú einnig nokkrar sýningainnréttingar með 60% afslætti.

25% AFSLÁTTUR AF RAFTÆKJUM, ÞEGAR ÞAU ERU KEYPT MEÐ INNRÉTTINGU !



ELDAVÉLAR - INNBYGGINGAROFNAR - HELLUBORÐ - VIFTUR - HÁFAR - UPPÞVOTTAVÉLAR - KÆLISKÁPAR - FRYSTISKÁPAR

OPIÐ
Mán. - föst.kl. 10-18
Laugardaga kl. 11-16

SNAIGĖ scan ELBA Friform
Askalind 3 • 201 Kópavogur • Sími: 562 1500 • www.friform.is

;ALLT HEILSA
Hafið samband í síma 512 5447

Alltaf góður!

Kjúklingastaðurinn Suðurveri

10 bita tilboð






teg. 11001 - nýr flottur litur af þessu MEGA vinsæla haldara, fæst í C,D,E,F skálum á kr. 3.850,- buxur í stíl á kr. 1.950,-

Misty

Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf
Laugavegi 178 • Sími: 551 3366
Opið: mán - fös: 10 -18, lau 10 -14
www.misty.is



Fyrir dömur og herra.

Nýkomið úrval af vönduðum kuldaskóm úr leðri, gæruskinnfóðraðir. Margar gerðir.

Dömuskór, verð
frá: 19.700.- til 21.700.-
Herraskór,verð
frá: 15.900. - til 24.775.-

Misty skór

Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf
Laugavegi 178 • Sími: 551 2070
Opið: mán - fös: 10 -18, lau 10 -14
www.misty.is







HLEÐSLUTÆKI

SJÁLFVIRK

Margar stærðir - 6v / 12v / 24v 0,8A - 25A



Snilldartæki sem mega vera í sambandi allt árið og geta hlaðið allar gerðir rafgeyma.

SKORRI

SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

Bíldshöfða 12 · 110 RVK · 577 1515 · skorri.is



Ysta lagið í skúlptúrunum er austurlenskur pappír með svarthvítri teikningu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Fjölbreyttir listþættir

**Listamannsspjall verður í Hafnarborg á morgun en þá verður Björg Þorsteinsdóttir með leiðsögn um sýninguna sína Þættir þar sem hún blandar saman efnum og tækni á nýstárlegan máta.**

„Sýningin er í Sverrissal og Apótekinu sem eru tveir salir sem liggja saman á jarðhæð Hafnarborgar,“ segir Björg Þorsteinsdóttir listakona, en á sýningunni Þættir eru málverk, skúlptúrar, shiborimyndir og teikningar. Björg verður með leiðsögn um sýninguna á morgun, sunnudag, klukkan 15.

„Á sýningunni eru verk sem ég hef unnið á síðustu tveimur til þremur árum en nafnið Þættir kemur til vegna þess að þarna eru fjórir þættir eða kaflar úr minni vinnu,“ útskýrir Björg og heldur áfram: „Þarna er akrýl á striga og stærstu myndirnar eru 1,30 sinnum 1,60. Síðan eru blýantsteikningar með endurtekningum á mynstri þannig að hvert verk myndar heild með mismunandi mynstri. Svo geri ég verk með svokallaðri shiboritækni, sem er austurlensk taulitunaraðferð, og nota ég hana á misþykkan austurlenskan pappír og er það líka endurtekning í mynstrinu. Þá brýt ég pappírinn og lita hann í svarthvítu. Í fjórða lagi eru skúlptúrar þar sem ysta lagið er austurlenskur pappír með svarthvítri teikningu utan á skúlptúrunum.“

Sýningin hefur vakið mikla athygli og hefur aðsókn verið góð, enda teflir listakonan saman efnum og tækni á hugvitssaman hátt. „Veggirnir í sölunum eru mismunandi að stærð og því fer sýningin afar vel í þessum salarkynnum,“ segir Björg ánægð og bætir við: „Flest málverkin eru í gulum lit en guli litaskalinn er mjög stuttur og því er ögrandi að vinna við þetta. Ég ákvað að hafa málverkin gul með öðrum svarthvítum verkum. Að vísu eru þrjú rauð verk með í för en þau voru sett með til að fá smá áherslu.“

Að sögn Bjargar er víða algengt að í sýningarsölum sé boðið upp á Listamannsspjall með viðkomandi listamanni. „Þetta verður enginn fyrirlestur hjá mér heldur frekar nærvera og ég er tilbúin til að svara spurningum. Gaman er að fá svona samtal milli listamanns og neytenda og býst ég við að jákvætt og skemmtilegt verði að heyra spurningarnar. Stundum fær maður líka hugmyndir út frá því og nýjan skilning á eigin list. Að mála er oft eins og hugleiðsla, stundum er eins og málverkið taki völdin og geri sig að einhverju leyti sjálft,“ segir Björg áhugasöm.

*hrefna@frettabladid.is*




Þorra hvað?

Ferskur og ljúffengur þriggja rétta matseðill með frábæru útsýni á 4.990 kr. út febrúar.

Forréttur

Humar með ætififlamauki, epla chutney og kexi, heslihnetufroðu og heslihnetu-humargljáa.
eða
Dönsk urtönd með maísmjölköku, bökuðum maís og andadjús.

Aðalréttur

Lambarúlla, tunga og sultað lamb með lagskiptri kartöflu, ertumauki og rauðvínssósu.
eða
Steinbítur og hörpuskel með kremuðu banka-byggi, ætiþystlum, dijon sinnepi og froðu.

Eftirréttur

Mjólkursúkkulaðimús og brownie með heslihnetu kurli, tapioca perlum og tonkabaunaís.
eða
Bananakaka með hægelduðum banana, karamellu og „rum&cola“ ís.

Sérvalin frönsk og ítölsk vín einnig í boði í samráði við vínþjón okkar.

Tilboðið gildir öll kvöld frá 30. janúar til 28. febrúar.

Borðapantanir í síma 595 8545 eða dine@panoramarestaurant.is
Ingólfsstræti 1 | 101 Reykjavík | www.panoramarestaurant.is

panorama restaurant

## SECURITAS ÓSKAR EFTIR STARFSFÓLKI Á AUSTURLANDI

### RAFVIRKJAR / RAFEINDAVIRKJAR

Vilt þú vinna í fjölbreyttu, skemmtilegu og hreinlegu umhverfi? Vegna vaxandi verkefna þarf Securitas að ráða fleiri rafvirkja og rafeindavirkja til starfa. Verkefnasviðið er afar fjölbreytt og spannar allt frá hefðbundinni rafvirkjavinnu til flókinnar hátæknivinnu.

**Hæfniskröfur**
- Góð reynsla í raflögnum eða rafeindavirkjun
- Almenn tölvukunnátta
- Enskukunnátta
- Þjónustulund og ánægja af samvinnu
- Geta til að vinna sjálfstætt
- Áhugi á aukinni þekkingu í starfi

**Nánari upplýsingar veitir Heimir Snær Gylfason í síma 693 9979. Umsækjendur fylli út umsóknir á heimasíðu fyrirtækisins www.securitas.is eða sendi fyrirspurn á netfangið hsg@securitas.is Umsóknarfrestur er til 1. Mars 2009.**

Í boði eru samkeppnishæf laun og krefjandi störf hjá traustu og framsæknu fyrirtæki með samhentan hóp starfsmanna. Lögð er áhersla á góð starfsskilyrði og möguleika starfsmanna til að vaxa og dafna með fyrirtækinu.

SECURITAS

Síðumúli 23 | 108 Reykjavík | 580 7000 | securitas.is

INNS OF ICELAND

FOSSHÓTEL Vinalegri um allt land

VR FYRIRMYNDAR FYRIRTÆKI 2008

## Fosshótel ehf. auglýsa eftir fólki til starfa

### Eftirtalin störf eru í boði:

**Fosshótel Suðurgata / Garður Inn, Fosshótel Mosfell og Fosshótel Vatnajökull**

### Hótelstjórar fyrir sumarhótelin

**Starfslýsing**
- Undirbúningur fyrir sumaropnun
- Yfirumsjón og skipulagning daglegs reksturs
- Daglegt uppgjör, skýrslugerð og bókhald
- Samskipti við aðalskrifstofu og viðskiptavini
- Þjónusta við gesti

**Hæfniskröfur:**
- Gott vald á íslensku og ensku; öll frekari tungumálakunnátta er kostur
- Stjórnunar- og skipulagshæfileikar
- Færni í mannlegum samskiptum
- Rík þjónustulund, sveigjanleiki og geta til að starfa undir álagi
- Útsjónarsemi, viðskiptavit og metnaður
- Menntun og / eða starfsreynsla í ferðaþjónustu og veitingarekstri

**Nánari upplýsingar veitir Þórður B. Sigurðsson, sími 562 4000 og thordur@fosshotel.is Umsóknarfrestur er til 20. febrúar**

**Fosshótel Reykholt**

### Þjónusta í veitingasal og aðstoð í eldhúsi

**Þjónusta í veitingasal**
**starfslýsing:**
- Þjónusta í sal
- Uppstilling á veitingasal
- Uppgjör
- Frágangur á sal

**Aðstoð í eldhúsi**
**starfslýsing:**
- Aðstoð við meðhöndlun hráefnis
- Uppvask og frágangur
- Framsetning á morgunmat
- Auk tilfallandi verkefna

**Hæfniskröfur:**
- Þjónustulund og umhyggjusemi
- Gestrisni og sveigjanleiki
- Áhugi og dugnaður
- Vingjarnleiki
- 18 ára lágmarksaldur

**Nánari upplýsingar veitir Haukur Haraldsson hótelstjóri á netfangið haukur@fosshotel.is eða í síma 562 4000**

**Fosshótel Barón auglýsir eftir starfsfólki í eftirfarandi störf:**

### Næturvörður, fullt starf

**Vinnutími frá 20:00-08:00 og unnið í viku í senn. Viðkomandi þarf að geta hafið störf um miðjan febrúar:**

**Starfslýsing:**
- Almenn móttökustörf
- Bókanir
- Sjá um morgunverð fyrir gesti sem tékka út snemma
- Almenn þrif eftir þörfum

**Hæfniskröfur:**
- Vingjarnleiki, þjónustulund og gestrisni
- Reynsla af móttökustörfum æskileg
- Reynsla af hótelbókunarkerfinu Navision æskileg
- skipulagsfærni
- Góð íslenskukunnátta og samskiptahæfileikar á að minnsta kosti 2 öðrum tungumálum

### Yfirmaður í morgunverðarsal

**Vinnutími frá 6-14. Vakta-og helgarvinna. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.**

**Starfslýsing**
- Almenn störf í morgunverðarsal
- Yfirlit pantana fyrir morgunmat og bar
- Gerð vaktaplana
- Þjálfun starfsfólks og yfirumsjón með starfsemi morgunverðarins

**Hæfniskröfur:**
- Vingjarnleiki, þjónustulund og gestrisni
- Reynsla af svipuðu starfi æskileg.
- Skipulagsfærni
- Góð íslenskukunnátta og samskiptahæfileikar á að minnsta kosti tveimur öðrum tungumálum

### Yfirþerna

**Vinnutími frá 9-17, vakta og helgarvinna. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.**

**Starfslýsing:**
- Almenn störf í herbergjaþrifum
- Gerð vaktaplana
- Ráðningar og þjálfun starfsfólks og yfirumsjón með þrifum á öllu hótelinu
- Vinnutími frá 9-17. Vakta-og helgarvinna. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

**Hæfniskröfur:**
- Vingjarnleiki, þjónustulund og gestrisni
- Reynsla af svipuðu starfi æskileg.
- Skipulagsfærni
- Góð íslenskukunnátta og samskiptahæfileikar á að minnsta kosti tveimur öðrum tungumálum

Umsóknareyðublöð má nálgast á www.fosshotel.is eða í móttöku á Fosshótel Baron

Nánari upplýsingar veitir Sigríður hótelstjóri (Fosshótel Baron) í síma 562 3204 eða á netfangið sigridur@fosshotel.is

**Umsóknareyðublöð má nálgast á www.fosshotel.is eða á viðkomandi hóteli**

## Meðferðarfulltrúi í sænskri náttúruperlu!

Yndisl 2ja herb íbúð í Kóp til leigu frá 10.apríl m/sér inngang og garð. V. 105 m/ ísskáp, þvottavél, þurrkara. S. 6981129

Hraunbær-110 Rvk.Mjög falleg 4ra herb. 1. hæð í fjölbýli.v: 130þ. s:8670068

Er með herbergi til leigu með aðgang að wc og sturtu í 107 v.40.000 s: 6901900

4 herb. 130fm nýuppgert og glæsilegt raðhús med garði til leigu í 111 Rvk. Laus strax. Húsið er í rólegu hverfi og stutt í alla þjónustu. Rafm. og hiti innifalið. Gæludýr leyfð. Uppl. í s. 865 9738.

107 Vesturbær. 70fm 2ja herb. íbúð. Sérinng.Laus strax. Uppl.S. 691-4898/6624573

ÓDÝR STÓR OG FULLB.HERB.MEÐ ADSL SAMEIGINL. ELDUNAR BAÐ OG ÞVOTTAAÐST. SJÁ HOTELFLOKI.IS BJARNI S.869-7799

Huggulegt einbýlishús til leigu í Odense í Danmörku, staðsett í fallegu og góðu hverfi nálægt hraðbraut og í hjólafæri frá háskólunum. Upplýsingar í síma 560 7402 og 856 3541

60fm nýtt einbýlishús á Vatnsenda í Kóp. Má jafnvel hafa gæludýr. Laus strax. Verð 100þús m/rafm. og hita. Ekki húsaleigubætur. S. 893 2262

Laugardalur (104) 60fm. 2ja.herb.jarðh. Sérinngangur í þríbýli. Stór gróin lóð. Sérstaklega gott fyrir barnafólk. Uppl. í síma 820-5848 e.kl. 17

115 fm verslunarhúsnæði við Lækjargötu í Hafnarfirði til leigu. Bílastæðahús og Vörumóttaka. Laus strax. S. 663 5791.

Nýuppgerð 20 fm stúdioíbúð, Dugguvogi. Þvottavél, þurrkari og internet fylgir. Laus. Leiga 59þ. S. 824 6692.

Íbúð/herb. til leigu á svæði 104. Apartments/Rooms for rent contact number 661 4096 & 698 3211.

Hátún RVK. 2 Herb. Allt ný uppgert. Leiga 90,000. s 8924578 bjorgvin@igl.is

2-3 Herbergja, 78fm íbúð á góðum stað í hafnaf. Laus frá 1.mars kr 100þ. allt innifalið! simi:6647412

TIL LEIGU Í GARÐABÆ Arnarás ehf hefur til leigu eina 2ja herb íbúð 70 fm og eina 3ja herb íbúð 100 fm Upplýsingar í síma 565 9118

60fm íbúð á seltjarnarnesi. Með öllum húsbúnaði. Langtímaleiga. frá 1.maí. Uppl. í síma 662 3395.

Stúdíóíbúð og herb. með baðh. til leigu í Stapahrauni 2, Hf. Eldh. þvottah, frítt internet. S. 893 6060.

### Leigjendur, takið eftir!

Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

## Húsnæði óskast

Flat wanted, embassy, 75m2 near downtown Rvk. Long-term, 1 year or more. Little dog, own satel. dish. Info. russemb@itn.is

Einstæður faðir með 1 barn óskar eftir íbúð á völlunum Hfj. Greiðslugeta 100 þús á mán. Uppl í s. 842 2585

4 manna fjölskylda með hund óskar eftir rúmgóðu húsnæði á svæðum 104 eða 108. Góðri umgengni og skilvísum greiðslum heitið. Hafið samband í síma 697 3642/697 3645

Par m/ eitt barn óskar e. 3herb. íb. í Rvk. Greiðslug. 90þ. Skilvísi og reglusemi. S. 860 2435 & 848 0598.

Leiguskipti eða kaup m. eign í skiptum. Óska eftir húsnæði á höfuðborgarsvæðinu í skiptum fyrir fallega 5 herb. íbúð í raðhúsi með stórum bílskúr á góðum stað í Reykjanesbæ. Ýmis skipti koma til greina. Uppl. 8605460

Einstæð, 27, reyklaus og ábyrg. Vantar nýja eða nýuppgerða rúmgóða stúdíó eða littla 2 herb miðsvæðis, verð: 60-80.000. Hafið samband í síma: 893 5066

2-3 herb. íbúð óskast til leigu í smára, linda eða salahverfi. Áræðanlegum greiðslum og góðri umgengni heitið. Uppl. sendist á karldui@frost.is eða i s. 892 1562.

Óska eftir íbúðum með yfirtöku lána og/eða með skuldlausum bíl/bílum uppí kaupverð. Uppl. í s. 695 1095.

Óska eftir að kaupa íbúðir úr dánarbúum, mega vera illa farnar íbúðir. Stordappartment@simnet.is.

## Húsnæði til sölu



Hús til sölu í Hrísey. V. 1 milj. og yfirtaka á láni. Skoða önnur skipti andvirði 1 milj. S. 896 2888.

## Sumarbústaðir



Glæsilegt 93fm heilsárshús í Borgarfirði til sölu/leigu. s. 896-0675

## Atvinnuhúsnæði

Til leigu 30fm skrifstofuherbergi við höfnina í Hafnarfirði upp 894 6633

### Iðnaðar- íbúðarhúsnæði

Á Bíldshöfða. 100 fm iðnaðarhúsnæði á jarðhæð og 100 fm góð íbúð á efri hæð. Leigist saman eða í sitthvoru lagi. Uppl. í s. 892 2722.

Til leigu iðnaðarhúsnæði við Stapahruan 100 fm + 30 fm mililoft verð 90.000 uppl. 8960121

Til leigu iðnaðarbil í Innri Njarðvík, frá 80-280m2 Hagstæð leiga. Uppl. í s. 770-5144.

Herb til leigu í. húsi í 101, göngufæri í miðbæinn og HÍ, 2 stofur, stórt eldhús, bað + sturta, þvottavél, uppþvottavél, internet, sólpallur. ROOM FOR RENT in a beautiful old house close to centre, all incl. INFO. 694 5987.

## Geymsluhúsnæði

Geymsluherb. á Laugavegi til leigu. 1. hæð, sér inng, vaskur. 25-30 þ. s 8497209

### www.buslodageymsla.is

Búslóðageymsla Olivers 100 kr á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 2074.

### geymslur.com

Geymslur frá 3990.- kr á mán.Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464

## Bílskúr

Bílskúr óskast lengri en 8 metrar. Annað hvort höfuðb. sv. eða þar í grennd. S. 824 3467 Jón

## Gisting

Gistiheimili Halldóru Hvidovre/Köben. Herbergi, íbúð, stúdíóíbúð email@gistiheimilid.dk S. 0045 2460 9552.

### Gista.is / S. 694 4314

2ja-3jaherbergja íbúðir á Akureyri. Uppábúin rúm, Internet, ADSL TV.




## ATVINNA

## Atvinna í boði

### Ert þú næturmanneskja?

**Subway auglýsir eftir duglegum starfsmanni með mikla þjónustulund á næturvaktir. Um 100% starf er að ræða. Unnið er 7 nætur í röð á 10 tíma vöktum og 7 nætur frí. Íslenskukunnátta er skilyrði.**

**Nánari upplýsingar veitir Magga í síma: 696-7064.**

**Lágmarksaldur er 18 ár.**

**Umsóknareyðublöð á staðnum (Subway BSÍ) eða gegnum subway.is**

### Subway - Dagvinna

**Subway Faxafeni auglýsir eftir duglegum, samviskusömum og röskum starfsmanni í ca 70% starf í dagvinnu. Íslenskukunnátta er skilyrði og lágmarksaldur er 20 ár.**

**Nánari upplýsingar veitir Helga Rós í síma 696 7004.**

**Umsóknareyðublöð á staðnum eða gegnum subway.is**

### Skalli Vesturlandsvegi

**Starfsfólk óskast í fullt starf.**

**Upplýsingar á staðnum.**

### Grillhúsið Tryggvagötu

Óskar eftir að ráða vaktstjóra í framtíðarstarf. Unnið er eftir vöktum. Einnig vantar starfskraft í hlutastarf á kvöldin og um helgar. Uppl. í s. 697 6797 Linda og á staðnum.

### Chat.is leitar að fyrirsætu

Chat.is leitar samstarfs við laglega og brosmilda fyrirsætu, 22-28 ára. Nánari upplýsingar á Chat.is (atvinna).

We are looking for an cleaning woman to clean our office, one day once a week or so about. Please send your application along with picture, age, language skill to following e-mail address. isldreifing@simnet.is

### Kennslusíðan Maverick Money Makers

Óskum eftir áhugasömum einstaklingum til að auglýsa og markaðssetja kennslusíðuna Maverick Money Makers.com á Internetinu greyðum $44 mánaðarlega fyrir hver þann sem skráir sig í nám á síðunni. Allar upplýsingar eru á ensku á www.MoMoneyMakers.com Eða sendið fyrirspurn á momoneymakers@gmail.com

Þreytt/ur á kreppunni? Þarftu á hærri launum að halda? Atvinnulaus? Athugaðu þá þessa síðu... hún svínvirkar!!!: http://www.maverickmoneyvisit.com

### Finnst þér gaman að daðra við karlmenn ?

Rauða Torgið leitar samstarfs við yndislegar símadömur á aldrinum 20-40 ára. Góðir tekjumöguleikar, frjáls vinnutími. Nánari upplýsingar á www.chat.is (atvinna).

### ATVINNA Á ÍSLANDI

Þú getur fiskað fyrir milljón eða meira á einum degi. Frjálsar smábátaveiðar munu veita þjóðinni þúsundir starfa. Aðalsteinn Agnarsson

## Atvinna óskast

**Sjálfstæður smiður getur bætt við sig verkefnum. Uppl. í s. 770 0970.**

## Tilkynningar

Stúdíóíbúð í 101 Rvk. Stutt í Iðnskólann og alla þjónustu. Uppl. í s. 692 6615.

## Einkamál

### Símaþjónusta Spjalldömur

**S. 908 6666. opið allan sólarhringinn**

### SÍMAÞJÓNUSTUR

**Stefnumót**
905-2000 (símatorg)
535-9920 (kreditkort)
535-9923 (frítt, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
**Spjall**
904-5454 (símatorg, karlar)
535-9940 (kreditkort, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
**Gay spjall**
535-9988 (kreditkort)
**Sögur**
905-2002 (símatorg)
535-9930 (kreditkort)
**Spjalldömur**
908-6000 (símatorg)
535-9999 (kreditkort)

### Margar nýjar símadömur

Það hafa margar nýjar símadömur skráð sig undanfarið hjá Rauða Torginu. Hver verður vinkona þín í kvöld? Símar 908-6000 (símatorg) og 535-9999 (kreditkort). Margar hafa líka sett prófíla sína á Chat.is (fólkið > platínumfélagar). Góðar stundir!

### Heit auglýsing

konu sem leitar líklega náinna kynna. Augl. hennar er á Rauða Torginu Stefnumót, s. 905-2000 (símatorg) og 535-9920 (kreditkort), augl.nr. 8550.

### 37 ára karlmaður

alveg óreyndur en mjög spenntur, vill kynnast karlmanni með tilbreytingu í huga. Augl. hans er á Rauða Torginu Stefnumót, s. 905-2000 (símatorg) og 535-9920 (kreditkort), augl.nr. 8822.


### Vantar þig milljón krónur?

Við borgum eina milljón krónur gegn samþykktri yfirtöku á 227 fm. einbýli Áhvílandi ca. 39,5m. Uppl. Karl s. 860 9003.


## Til leigu

# Til leigu



### Bæjarlind 14-16 Kópavogi

220 m² Skrifstofuhúsnæði á 2.h möguleiki er að skipta eigninni niður og leigja frá 50m². Mjög góð aðkoma er að húsinu, lyfta er í húsinu fyrir þá sem þess þurfa með. Þetta er góð eign á frábærum stað rétt við smáralindina í sama húsi erum við einnig með 218m² Skrifstofuhúsnæði (penthouse) í dag er þetta opið rými en ýmsir möguleikar eru á að skipta því niður í skrifstofur allt eftir þörfum leigutaka. Góð aðkoma næg bílastæði.



### Vagnhöfði 7

400m² húsnæði á 2h. húsnæðið skiptist niður í 18 misstór herbergi með sameiginlegu eldhúsi, sameiginlegum sturtum og þvottaaðstöðu, auðvelt er að breyta eftir þörfum hvers og eins.



### Stangarhylur 7

Í þessu húsi að Stangarhyl 7 erum við með tvo eignahluta annarsvegar 160m² Glæsilegt skrifstofu og verslunarhúsnæði og hins vegar 450m² húsnæði sem er afar gott og bjart og býður upp á mikla möguleika t.d heilsurækt, dansstúdíó f.l sturtur og góð starfsmannaðstaða í húsinu.

**Allar nánari upplýsingar veitir Kristberg í síma 892-1931**

## Þjónusta



# N&N

## NOTAÐ & NÝTT



Ný umboðsverslun með notaðar og nýjar vörur opnar laugardaginn 14. febrúar.

**Tökum á móti vörum í umboðssölu:**

*Laugardaginn 7. febrúar milli 13-16 og sunnudaginn 8. febrúar milli 13-16.*



PIPAR • SÍA • 90187




**Græddu á geymslunni**
*og komdu með húsgögn, húsbúnað, ljós, golfvörur, veiðistangir, rafmagnsvörur og önnur verðmæti.*

Notað og Nýtt > Mörkinni 1 > sími: 517 2030



● **GLING GLÓ** Sumar vekjaraklukkur eru fullkomnari en aðrar. Þessa klukku rákumst við á í verslun Gilberts úrsmiðs á Laugavegi. Hún er góðum kostum búin, einkum fyrir þá sem farnir eru að tapa sjón. Hún er með díóðuljós í skermi sem loga í nokkrar sekúndur. Hún sendir síðan ljóstölur á vegg eða loft sem sýna hvað tímanum líður. Klukkan gengur bæði fyrir rafmagni og rafhlöðum og er á 8.500 krónur.

## Barnaföt á fjörugum öpum

Þessi apaherðatré eru frá fyrirtækinu Our Children's Gorilla og eru hönnun frá OCG. Í raun er þetta bæði herðatré og fallegt skraut. Apinn hangir, sprækur og kátur, og fötin eru síðan sett á lappirnar. Herðatrén eru úr umhverfisvænu valchromat-efni og eru 35 sinnum 35 sentimetrar að stærð. Þau fást í versluninni Litla kistan sem flytur brátt á Bergstaðastræti 13 en verslunin er líka á netinu. Slóðin er www.litlakistan.is og eru herðatrén á tilboði þessa dagana. Áður kostuðu þau 2.320 krónur en kosta nú 1.390 krónur og fást í ýmsum litum.













Múrað hafði verið yfir hlaðna útveggina en Odd vildi að hleðslan nyti sín. MYNDIR/ODD STEFÁN



Gamla húsið á Grettisgötunni er reisulegt en það var byggt árið 1904. Þegar mest var bjuggu 24 manneskjur í húsinu sem er um 184 fermetrar á þremur hæðum.



Klætt hafði verið milli bitanna í loftinu og fyllt með sandi til hljóðeinangrunar.



Hlaðinn skorsteinninn er fyrir miðju hússins sem byggt var í kringum hann.

# Allir sem inn koma segja húsið með sál

● Í miðbæ Reykjavíkur svífur andi liðinnar aldar yfir vötnum og mörg húsin með sál. Á Grettisgötunni stendur fallegt gult timburhús sem eigandinn gerði upp á nokkrum árum.

Odd Stefán ljósmyndari keypti húsið árið 2003 og hefur gert það upp frá grunni. Húsið býr yfir langri sögu og góðum anda en það var byggt árið 1904.

„Hér bjuggu 24 manneskjur þegar mest var í kringum 1940," segir Odd. „Húsið er 184 fermetrar á þremur hæðum en stigi, svalir og salerni voru byggð við húsið árið 1940. Áður var bara útikamar. Ég reif alla innveggi niður og loft og braut upp gólfin. Þá komu í ljós dagblöð frá þessum tíma og alls konar efni eins og gamlar fjalir og umbúðir sem notuð höfðu verið í einangrun. Einnig hafði sandur verið notaður sem hljóðeinangrun milli gólfa. Markmiðið var að ná upprunalegum stíl og ég gerði húsið alveg fokhelt. Ég lét smíða út í Danmörku glugga og hurðir eftir ljósmyndum af gömlu gluggunum. Bæði gluggarnir og hurðirnar eru svo litlar að smiðurinn spurði hvort það byggju dvergar á Íslandi."

Vinnan við húsið vatt upp á sig en skipta þurfti einnig um allar lagnir og rafmagn. Hlaðinn skorsteinn í miðju húsi kom í ljós undan múrhúð sem Odd braut burt og lét skorsteininn halda sér. Eins braut hann burt múrklæðningu af hlöðnum útveggjunum.

„Bitarnir í loftinu sáust heldur ekki en svo heppilega vildi til að ástand hússins var mjög gott og enginn raki hafði komist að," segir Odd. „Ég vildi láta gömlu bitana og veggina sjást því þetta eru svo falleg efni. Allir sem koma hingað inn segja góðan anda í húsinu. Þetta er fyrsta húsið sem ég geri svona upp, en þetta er meiri vinna en ég gerði mér grein fyrir. Það væri minni vinna að rífa húsið alveg niður og byggja nýtt. En þetta hús var samt þess virði og gaman að standa í þessu." *- rat*



Odd Stefán ljósmyndari er hrifinn af gömlum stíl og eru húsgögnin í stofunni dönsk frá í kringum 1950. Fjóra sterka menn þurfti til að bera sófann upp. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**OPIN RÝMI** Prologus er íslenskt hönnunarfyrirtæki sem hefur á síðustu árum sérhæft sig í hönnun, framleiðslu og sölu á innanstokksmunum og húsgögnum fyrir heimili og fyrirtæki. Fyrirtækið býður nú upp á yfir 30 vörulínur, þar sem um er að ræða stóla, sófa, skenki, skiltalínur, sýningarskápa, bæklingastanda og skrifstofuhúsgögn auk þess sem sérhannaðar lausnir eru í boði. Stólinn hér á myndinni kallast Lex IV og er hluti af stólalínu sem verður kynnt á næstunni. Lex IV er hannaður fyrir opin biðrými, flugstöðvar og móttökusali þar sem menn geta notað fartölvur. Prologus er til húsa í Súðarvogi 20. Sjá einnig vefsíðuna www.prologus.is.





**Einfalt er að hengja upp snaga í barnaherbergi sem nota má síðan undir ýmislegt smálegt.** GETTY/NORDICPHOTOS

# Auðvelt að breyta og bæta

Stundum skipta börn ört um áhugamál og smekkur þeirra breytist og þroskast. Því getur komið sér vel að hafa barnaherbergin þannig að auðvelt sé að breyta þeim.

Sniðug lausn er að hengja upp snaga í stað nagla og þá má raða myndum eða einhverju öðru skrauti á þá að vild hverju sinni. Einnig hafa sumir brugðið á það ráð að strengja þráð eða mjóan gardínuvír upp á vegg eða enda á milli og hengja síðan teikningar og annað skraut upp með klemmum. Nota má hvort sem er þvottaklemmur eða aðrar sérhannaðar klemmur. Í Ikea fást til dæmis ýmiss konar klemmur og vírar og í Tiger og Søstrene Grenes má fá litlar klemmur, skreyttar með ýmiss konar fígúrum.

Hægt er að fá eins konar hengirúm eða net undir bangsa og annað smálegt sem festa má horna á milli. Netið fæst meðal annars í Fífu. Auðfæranleg húsgögn geta líka komið sér vel í herbergi hugmyndaríkra barna sem gefin eru fyrir breytingar. Tilvalið er að gefa hugmyndafluginu lausan tauminn. *- hs*

## hönnun

**● ÍSLENSKUR ARKITEKTÚR** Reykjavíkurborg var ein af níu menningarborgum Evrópu árið 2000. Af því tilefni ákvað Arkitektafélag Íslands að gefa út leiðarvísi um íslenskan arkitektúr og hlaut sú bók heitið Guide to Icelandic Architecture. Er hún sú fyrsta sinnar tegundar en um 250 verk eru rædd í bókinni og á valið á þeim að endurspegla meginþemun í arkitektasögu Íslands sem og að sýna þá fjölbreytni og frjósemi sem einkennir íslenskan arkitektúr. Bókin fæst á www.birkiland.com.










# Fréttablaðið stendur upp úr

## Fréttablaðið er með 97% meiri lestur en Morgunblaðið

Fréttablaðið er sem fyrr mest lesna dagblað landsins með glæsilegt forskot á samkeppnisaðila sinn eins og síðasta könnun Capacent Gallup ótvírætt sýnir. Við erum auðvitað rífandi stolt af þessum góða árangri og bendum auglýsendum á að notfæra sér forskot okkar þegar þeir velja auglýsingamiðil.




**Allt sem þú þarft...**

Meðallestur á tölublað m.v. höfuðborgarsvæðið, 18–49 ára. Könnun Capacent í nóvember 2008 - janúar 2009.

# AÐ TJALDABAKI

**Hljómsveit Tónlistarskólans í** Reykjavík heldur tónleika í Neskirkju í dag kl. 17. Hljómsveitin leikur Forleikinn að Semiramide eftir Giaocchino Rossini og síðan mun Össur Ingi Jónsson óbóleikari ásamt hljómsveit skólans flytja Konsert fyrir óbó og hljómsveit í C-dúr eftir Joseph Haydn.



Össur Ingi vann keppni innan skólans um hvaða sólóisti skyldi koma fram með hljómsveit í dag. Þá er flutt Sinfónía nr. 39 eftir Mozart. Stjórnandi er Gunnsteinn Ólafsson. Ókeypis er á tónleikana.

**Útvarpsleikhúsið** flytur eitt af meistaraverkum Samuels Beckett á morgun kl. 13.50: Allir þeir er við falli er búið - All that fall - í þýðingu og leikstjórn Árna Ibsen. Leikritið fjallar um gamla konu sem er á leið á járnbrautarstöð. Með aðalhlutverið fer Guðrún Þ. Stephensen.



Upptakan er frá 1978 og skartar mörgum af helstu leikurum þjóðarinnar. Árni Ibsen var ötulasti þýðandi verka Becketts á íslenska tungu. Hann þýddi jafnt sögur, leikrit og ljóð Becketts og voru þýðingar hans gefnar út á sínum tíma.

**Með tómatsósuflösku, gúmmíönd** og fleira dót sem taflmenn, ætla stórmeistararnir Friðrik Ólafsson og Helgi Ólafsson að heyja skákeinvígi á Kjarvalsstöðum á morgun kl. 15. Skákborðið er eitt af tuttugu borðum sem nú eru til sýnis á sýningunni Skáklist á Kjarvalsstöðum en þau eru gerð af nokkrum af kunnustu listamönnum samtímans.



Björn Þorfinnsson, nýkrýndur alþjóðlegur meistari í skák og forseti Skáksambands Íslands býður upp á skákskýringu til að auðvelda gestum að lesa í skákina og skilja framvindu hennar.

**Eyrarrósin, sérstök viðurkenning** fyrir framúrskarandi menningarverkefni á landsbyggðinni, verður afhent á Bessastöðum þriðjudaginn 10. febrúar kl. 16.00 og er það í fimmta sinn sem viðurkenningin er veitt. Þrjú verkefni hafa verið tilnefnd úr hópi umsækjenda en þau eru Eyrbyggja, sögumiðstöð Grundarfirði, Skaftfell, miðstöð myndlistar á Austurlandi, Landnámssetur Íslands, Borgarnesi. Eitt framangreindra verkefna hlýtur Eyrarrósina; fjárstyrk að upphæð kr. 1.5 milljón og verðlaunagrip eftir Steinunni Þórarinsdóttur til eignar og hin tvö hljóta 200 þúsund króna framlag. Öll verkefnin hljóta að auki flugferðir frá Flugfélagi Íslands. Verðlaunin veitir Dorrit Moussaieff forsetafrú, sem jafnframt er verndari Eyrarrósarinnar.






# YOGASTÖÐIN HEILSUBÓT

Síðumúla 15, s. 5885711 og 6946103

**YOGA YOGA YOGA**



**Líkamsæfingar, öndunaræfingar slökun og hugleiðsla**

**Sértímar fyrir barnshafandi og kraftyoga**

**Allir yoga unnendur velkomnir**

**www.yogaheilsa.is • yogaheilsa@yogaheilsa.is**



# UPPRUNI TEGUNDANNA

## eftir Charles Darwin




*200 ár frá fæðingu Darwins*

Meistaraverk Darwins, eitt áhrifamesta rit allra tíma í íslenskri þýðingu. Nú er tækifæri til að kynnast því af eigin raun.

Hið íslenska bókmenntafélag

Skeifunni 3b • Sími 588 9060 • Netfang: hib@islandia.is • Heimasíða: www.hib.is



# 60 ár af textílsögu




Textílfélagið fagnar 35 ára afmæli á ári sem markast af endurmati á ýmsum gildum og verðmætum þjóðarinnar. Aldrei fyrr hefur verið jafn mikið prjónað og á þessum síðustu tímum dalandi hagsældar. Íslenska ullin er á allra höndum, ánægjan við að skapa, nýta og njóta er almenn. Eftir áralanga naumhyggju þyrstir okkur í liti, áferð og fjölbreytni. Þráðlistin – textíllinn, sem var okkur lífsnauðsyn fyrr á öldum er tjáningarmáti þeirra myndlistarkvenna sem nú sýna verk sín í Gerðarsafni. Handverkið lifir með okkur, við tjáum okkur á ólíkan og fjölbreyttan máta, sköpunarþörfin knýr okkur áfram og mótar verkin.

**www.tex.is**

**Aðgangur að safninu er ókeypis.**

**www.gerdarsafn.is**

**Gerðarsafn - Hamraborg 4 - 200 Kópavogi**





**Skráðu þig inn – drífðu þig út**

**Kynnið ykkur ferðaáætlun FÍ 2009**

**Ferðafélag Íslands**

www.fi.is | fi@fi.is | sími 568 2533

Hildur Hlín Jónsdóttir / hildur@dv.is




Eitt verk Söru á sýningunni

# MIKILVÆGI FLÆÐIS

**Sara Riel myndlistarkona fór til Kína í fyrra og settist um kyrrt í skjóli Ineke Guðmundsson sem rekur starfsaðstöðu fyrir myndlistarmenn í Xiamen. Sara er afkastamikill myndlistarmaður og opnar nýja sýningu, Return ticket, eða Miði báðar leiðir, í Kling og bang á Hverfisgötu í Reykjavík í dag.**

MYNDLIST
PÁLL BALDVIN BALDVINSSON

Sýningin er byggð að hluta á sýningunni MADE IN CHINA, sem Sara vann í Xiamen útfrá upplifun hennar fyrstu mánuðina eystra: hvernig var að vera einangraður í fjölmenni mannmergðar. Áhrifa Tai Chi og kenninga því tengdu gætir í verkunum; mikilvægi flæðis og þess að finna jafnvægi í öllu. Verkin hafa verið að þróast frá því þau voru síðast sýnd og Sara hefur bætt við verkum sem eru framhald á hugmyndum og minningum þar sem hún veltir fyrir sér reynslu frá Kína í nýju sjónarhorni; uppskerunni þá heim er komið: innsetningum, málverkum, ljósmyndum, vídeó, klippimyndum og teikningum. Sara fæddist 1980 og er búsett í Reykjavík. Sara útskrifaðist úr Kunsthochschule Berlin-Weissensee 2005. Hún yfirgaf skólann 2006 eftir að hafa unnið til DAAD-verðlauna og verið sæmd titlinum Meisterschuler.

Strax á námsárunum varð Sara virk í sýningarhaldi, bæði í hvítum kössum sem og á götum ýmissa borga víðs vegar um heiminn, þar sem hún varð frekar áberandi í Urban Art-senu Evrópu. Verk Söru eru af ýmsum gerðum og stærðum, þar sem öll efni koma til greina og allir miðlar. Hún nýtir sér til fullnustu þær aðferðir sem heimurinn býður upp á til þess að koma ákveðnum atburðum, upplifunum úr raunveruleikanum, sögum eða augnablikum á framfæri. Verkin eru frásagnarkennd, þó margræðin og opin. Þeim er ætlað að virkja ímyndunarafl áhorfandans og vekja hugsanir um hverfandi augnablik. Í samanburði við bókmenntir og tónlist eru þau frekar ljóð en skáldsögur, hljóð frekar en lög. Útfærslur Söru eiga sér rætur og vísa til götulistar (Urban Art), teiknimyndahefðar, hugmyndalistar, mínimalisma og grafískrar hönnunar.

Fyrir áhugasama er vefur Söru til skoðunar: www.sarariel.com.

# Dagur í lífi rasshárs

Pétur Jóhann er fyndinn. Þetta veit fólk, sérstaklega eftir túlkun hans á vonlausa hnakkanum Ólafi Ragnari í Nætur- og Dagvakt. Hann hefur útlitið með sér, dvergvaxinn, eins og Elton John í framan og með kafloðinn kúlurass, eins og hann lýsir sér sjálfur. Með Sannleikanum rætist gamall draumur hans á Litla sviði Borgarleikhússins, hann hefur langað til að gera eitthvað svona síðan hann hitaði upp fyrir Jón Gnarr á Ég var einu sinni nörd.

Sannleikurinn er uppistand með aukahlutum. Iðandi karldönsurum, effektatæki, myndvarpa, fiskabúri og fleira skrauti. Pétur birtist og salurinn fer strax að undirbúa sig í hláturvöðvunum, enda hefur hann þetta í sér, eins og Laddi. Fólk setur sig sjálfkrafa í grínstellingar þegar það sér hann. „Jæja, hvað segiði?“ segir Pétur afslappaður og svo byrjar ballið; tæplega tveir klukkutímar af gríni.

Pétur er vel slípaður grínisti, kann þetta allt úr ótal uppistöndum, árshátíðum og úr útvarpi og sjónvarpi. Hann fer um víðan völl í ágætlega samhangandi flæði, með spikfeitum hápunktum og dauðari inn á milli. Sumt er gamalt efni frá honum, að minnsta kosti hafði ég heyrt áður af vonlausa uppistandinu hans í Þorlákshöfn og hundinum Boris. Annað er brakandi frumlegt, aldrei hef ég til dæmis séð fyrir mér dag í lífi rasshárs eða Geir Hallgrímsson að spila golf í himnaríki.



**Velheppnuð auglýsingaferð kynnir fyndinn og vel þekktan skemmtikraft.**

**SANNLEIKURINN**

**Höfundar: Pétur Jóhann Sigfússon og Sigurjón Kjartansson**

**Leikstjóri: Stefán Jónsson**

*Léttleikandi fíflagangur með náttúrulega fyndnum náunga.*

★★★

Mér sýnist Pétur vera trúaður. Að minnsta kosti er hann með kross um hálsinn. Hann gerir því ráð fyrir að Guð sé stjórnarformaður alheimsins og að á himnum sitji undirmenn hans og ákveði örlög mannkynsins á stjórnarfundum. Fyrir hlé fjallar Pétur um fyrirtæki Guðs og hin ýmsu mistök hans. Skrattinn kemur aðeins við sögu, en þó ekki nóg, því hann er mun fyndnari vitleysa en Guð. Eftir hlé fjallar Pétur um uppfinningar mannanna, eins og til dæmis hin ýmsu hljóð sem tölvur gefa frá sér. Hér kemur Pétur sterkur inn með fyndnum limaburði og góðum hæfileikum til að gefa frá sér leikhljóð. Hann syngur líka, bæði Elvis og aríur, og ætlaði þakið að rifna af húsinu í hvert skipti sem hann söng.

Í lokin fá áhorfendur svo sannleika Péturs, eins og þeim er ítrekað lofað í gegnum verkið. Því miður er sannleikurinn ekkert sérlega frumlegur og ekkert fyndinn. Mér fannst líka Pétur full einlægur þegar hann var að halda spekinni fram, svissaði úr grínistanum í hálfgerðan Herbalife-sölumann.

Unglingar höfðu frábærlega gaman af sýningunni, en þetta er aðeins minna „fullorðins“. Hér er lítið um „dýpt“ sem menn eins og Ricky Gervais og Eddie Izzard búa yfir í sínu gríni. Vilji fólk léttleikandi fíflagang framborinn af náttúrulega fyndnum náunga má hins vegar eindregið mæla með Sannleikanum. Það þarf þó varla, það er nær uppselt fram á vor. Fólk veit hvar það hefur Pétur Jóhann og hann breytist meira að segja smá í Ólaf Ragnar svo allir fái nú eitthvað fyrir sinn snúð.

*Dr. Gunni*

# Draumvísur boða vá

Félagar í Voces Thules senda frá sér nýjan disk sem geymir flutning þeirra á draumvísum úr Króksfjarðabók sem skotið var inn í Íslendingasögu Sturlu Þórðarsonar en lýsa draumum fólks víða um land fyrir ofbeldisverkunum við Örlygsstaði 21. ágúst 1238.

Diskurinn er veglegur í útgáfu þeirra félaga, texti gerir grein fyrir kveðskapnum og aðferðafræði við að tónsetja vísurnar. Guðrún Nordal skrifar innganginn um tilkomu kveðskaparins og þar eru birt öll kvæðin á frummáli og í enskum, frönskum og þýskum þýðingum.

Um draumkvæði segir Guðrún í inngangi sínum: Draum- og vitrunarkveðskapur var fyrirferðarmikil skáldskapargrein á miðöldum og sérstaklega á tólftu og þrettándu öld. Draumsýnir voru til þess fallnar að koma skipulagi á sundurleysi og þversagnir veruleikans og tvíbeitt formið gaf skáldunum tækifæri til að varpa hulunni af hinu óræða án þess þó að segja nokkuð berum orðum.“ Þær koma aðeins fyrir í Króksfjarðarbók og eru kenndar alþýðufólki víða af landinu sem fyrirboði fólskuverkana á Örlygsstöðum.



**Sverrir Guðjónsson kontratenór: „Vinna við verkið hófst 2002.“** MYND VOCES THULE

Sverrir Guðjónsson, talsmaður Radda Þýlis, segir þá félaga hafa byrjað undirbúning verksins 2002: „Við völdum kafla úr Sturlungu sem fjalla um drauma og fyrirboða fyrir Örlygsstaðabardaga, fengum Arngeir Heiðarsson okkur til liðsinnis sem starfar í London með helstu miðaldasveitum í Englandi. Hljóðfæri í miðaldastíl voru smíðuð sérstaklega fyrir hópinn og var hljóðritun lokið vorið 2008. Bætt var um betur á þessu hausti og nú er diskurinn til.“ Þeir halda útgáfutónleika á Vetrarhátíð um næstu helgi í Iðnó og eru allir velkomnir og ókeypis inn.



**Afstraktverk Nínu Tryggvadóttur frá 1961, eitt margra verka hennar frá þessu tímabili sem byggir á svipuðu myndmáli þótt fá þeirra séu svo stór sem þetta verk, 152x131 cm.** MYND GALLERÍ FOLD/ERFINGJAR NÍNU TRYGGVADÓTTUR

# Milljónaverk á uppboði

Næsta listmunauppboð Galleris Foldar verður haldið á mánudagskvöld þann 9. febrúar og hefst kl. 18.30 í húsakynnum gallerísins við Rauðarárstíg. Að þessu sinni verða boðin upp 92 verk. Meðal verka eldri listamanna eru tvö stór verk eftir Svavar Guðnason, þrjú eftir Louisu Matthíasdóttur, tvö eftir Nínu Tryggvadóttur, tvö eftir Jón Stefánsson, fjögur eftir Jóhannes S. Kjarval tvö eftir Gunnlaug Blöndal, auk verka eftir Þorvald Skúlason, Mugg, Karl Kvaran, Dieter Roth og fleiri. Af verkum núlifandi listamanna má nefna Kristján Davíðsson, Sigurð Árna, Georg Guðna, Sigurbjörn Jónsson, Sigurð Guðmundsson, Karólínu Lárusdóttur, Línu Rut og Gunnellu. Verkin verða til sýnis í Gallerí Fold í dag frá 11-17 og fram að uppboðinu: sunnudag 12-17 og mánudag 10-17.30.

Verkin eftir Svavar eru frá tveimur ólíkum tímabilum, bæði eru staðfest en ómerkt. Eldra verkið er Miðsumarnótt, talið málað um 1944, og er dæmigert fyrir stíl Svavars frá þeim tíma þegar hann var í tengslum við Helhestinn. Það er 100x128 að stærð og er metið á 6.000.000-6.500.000 kr. Yngra verkið hefur hann kallað Skákborð Goya, 106x125 að stærð og metið á 6.000.000-6.500.000 kr.

Louisa Mattíasdóttir á hæst metna verkið á uppboðinu, Svartan hest, málað 1972 og 91x161 að stærð. Það er metið á 11.000.000-12.000.000 kr.

Tvö verk eru á uppboðinu eftir Nínu Tryggvadóttur. Athygli vekur Abstraktion frá 1961, óvenju stórt miðað við verk Nínu frá þessum árum, 152x131 að stærð. Það er metið á 6.500.000-7.000.000 kr.

Uppboðsgripina má skoða á vef Foldar: www. myndlist.is.









# Allt í steik

*framlengt til 31. mars*

## 4ra rétta seðill

**1** HRÁSKINKA „PROSCIUTTO“
með fíkjum, salati og ferskum parmesanosti

**2** RJÓMALÖGUÐ HUMARSÚPA
með humarfrauði

VELDU MILLI ÞRIGGJA AÐALRÉTTA

**3**
MARINERAÐUR KÁLFAHRYGGUR Á BEINI
með ristuðu grænmeti, kartöflumauki
og hunangskryddsósu (4.590 kr.)

ÖND
með appelsínusósu og kartöfluköku (5.590 kr.)

NAUTALUND
Béarnaise með grilluðu hvítlauksristuðu spínati
og sperglum (6.590 kr.)

**4** LOGANDI CRÈME BRÛLÉE
með súkkulaði ís

*Gjafabréf Perlunnar*
*Góð tækifærisgjöf!*



*Allt í steik verð frá* **4.590 kr.**

PERLAN

Veitingahúsið Perlan - *Sími* 562 0200 - *Fax* 562 0207 - *Netfang* perlan@perlan.is - *Vefur* www.perlan.is




## Besta verðið okkar*

| | |
|---|---|
| Amsterdam | *frá* 17.300 kr. |
| Bergen | *frá* 14.900 kr. |
| Barcelona | *frá* 17.300 kr. |
| Berlín | *frá* 17.300 kr. |
| Boston | *frá* 29.720 kr. |
| Düsseldorf | *frá* 17.300 kr. |
| Frankfurt | *frá* 17.300 kr. |
| Glasgow | *frá* 14.900 kr. |
| Halifax | *frá* 25.400 kr. |
| Helsinki | *frá* 17.300 kr. |
| Kaupmannahöfn | *frá* 14.900 kr. |
| London | *frá* 14.900 kr. |
| Madrid | *frá* 17.300 kr. |
| Manchester | *frá* 14.900 kr. |
| Milano | *frá* 17.300 kr. |
| Minneapolis | *frá* 29.720 kr. |
| München | *frá* 17.300 kr. |
| New York | *frá* 29.720 kr. |
| Orlando | *frá* 31.220 kr. |
| Osló | *frá* 14.900 kr. |
| París | *frá* 17.300 kr. |
| Stavanger | *frá* 14.900 kr. |
| Stokkhólmur | *frá* 14.900 kr. |
| Toronto | *frá* 25.400 kr. |

+ Bókaðu á www.icelandair.is

ICELANDAIR

*Verð aðra leiðina með sköttum og gjöldum.


# NIAGARA

*Dagsferð frá Toronto*

- **120 km fjarlægð í suðaustur frá Toronto**
- **Skeifufoss teygir sig yfir 792 m**
- **Ameríkufossinn er 323 m breiður**
- **Vatnsrennsli í Niagarafossum verður mest um 5.720 m³ á sekúndu**
- **Á sumrin renna jafnaði um 2.832 m³ á sek. um Niagarafossa og þar af renna 90% um Skeifufoss**

Niagarafossar, stórfengleg náttúrusmíð í Niagarafljóti, á landamærum New York-ríkis í Bandaríkjunum og Ontario í Kanada, eru í aðeins 120 km fjarlægð í suðaustur frá Toronto. Það liggur því í hlutarins eðli, þegar við erum á annað borð komin til Toronto, að taka frá einn dag til þess að skoða fossana frá fljótsbakkanum, þar sem þeir njóta sín best, þ.e. Kanadamegin. Fjölmargir ferðaþjónustuaðilar í Toronto bjóða dagsferðir (10–12 klst.) til Niagarafossa, að heita má alla daga, allan ársins hring. Einfalt er að nálgast á netinu upplýsingar um það sem er í boði með því t.d. að slá inn leitarorðin „Niagara Toronto“.



Niagarafossar skiptast í tvær meginkvíslir hvora sín megin við Geitey (Goat Island): Skeifufoss (Horseshoe Falls) Kanadamegin og Ameríkufossinn Bandaríkjamegin. Lítil hliðarkvísl, Brúðarslörið (Bridal Veil Falls), fossar einnig fram af við hliðina á Ameríkufossi Bandaríkjamegin. Niagarafossar, sem er aflmestu fossar í Norður-Ameríku, eru ekki óvenjuháir, Skeifufoss fellur um 53 m, þar sem hann er hæstur, og Ameríkufossinn um 21 m. Þar á móti eru fossarnir breiðir um sig, Skeifufoss teygir sig yfir 792 m og Ameríkufossinn er 323 m breiður. – Til samanburðar má nefna að Dettifoss er 45 m hár og 100 m breiður en efri fossinn í Gullfossi er 11 m hár og neðri fossinn er 20 m. Vatnsrennsli í Niagarafossum verður mest um 5.720 m³ á sekúndu en til samanburðar má geta þess að vatnsmagn í Viktoríufossum í Afríku verður mest um 9.100 m³ á sek. Vatnsmagn í Niagarafljóti ræðst af stöðunni í Erie-vatni og er mest þegar líður á vorið eða snemma sumars. Á sumrin renna jafnaði um 2.832 m³ á sek. um Niagarafossa og þar af renna 90% um Skeifufoss. Umframrennsli í Niagarafljóti er notað til raforkuframleiðslu. Á nóttunni er rennslið um fossana helmingað og hið sama er gert á veturna þegar fæstir ferðamenn heimsækja fossana. – Til samanburðar má nefna að meðalrennsli Jökulsár við Dettifoss er um 193 m³ á sek. og meðalrennsli Hvítár við Gullfoss er um 109 m³ á sek. (hefur í mestu flóðum orðið um 2.000 m³ á sek.).

Talið er að fyrstu Evrópumennirnir hafi komið að fossunum á fyrstu árum 17. aldar en belgíska klerkinum séra Louis Hennepin er yfirleitt eignaður heiðurinn af að hafa skoðað og lýst Niagarafossum fyrstur hvítra manna árið 1677. Það er þó ekki óumdeilt og margir nefna til sögunnar Jeúsítaprestinn Paul Ragueneau sem þeir segja að hafi skoðað fossana 35 árum fyrr en Hennepin.

Heimsókn til Niagarafossa er eftirminnileg upplifun. Hún er það ekki aðeins vegna þess að flestir finna til sérstæðrar upphafningar þegar þeir eru komnir í návígi við þessa tröllauknu náttúrusmíð, heldur er hún um leið holl lexía fyrir okkur Íslendinga. Við fáum nefnilega staðfest, innan um hina glysmiklu og aðþrengjandi ferðamannaveröld við Niagarafossa, hversu mikil verðmæti við eigum í íslenskum fossum þar sem þeir njóta sín einir í óspilltri náttúru og hversu vel við verðum að íhuga hvert skref sem við tökum í átt til þess að bæta aðgengi ferðamanna að náttúruperlum á Íslandi.

Vildarklúbbur
Flug til London gefur 2.500–8.000 Vildarpunkta.

*Flug og gisting í 2 nætur frá 46.900 kr.*
*á mann í tvíbýli á K West Hotel & Spa ****
Innifalið: Flug báðar leiðir, flugvallarskattar,
gisting og morgunverður.*

## FATNAÐUR *fyrir lítinn pening*

London er tilvalin verslunarborg fyrir þá sem þurfa að vera hagsýnir en gætu samt hugsað sér að nota tækifærið til að bæta einni eða tveimur nýjum tískuflíkum í fataskápinn. Við helstu verslunargötur í London eru margar frábærar búðir þar sem hægt er að gera góð kaup ef fólk hefur augun hjá sér. Svo má heldur ekki gleyma því að oft bjóðast tækifæri til að ná í merkjavörufatnað á niðursettu verði; þess vegna er þjóðráð að fylgjast á netinu með útsölum og lagersölum með merkjavöru.

### Primark

Þessar lágvöruverðsverslanir eru vinsælar hjá þeim sem vilja klæðast samkvæmt nýjustu tísku. Hvað gæðin varðar má einfaldlega orða það svo að kaupandinn fær það sem hann borgar fyrir. En þeir sem ætla sér aðeins að nota tiltekna flík í nokkur skipti eða hugsa sér ekki að eiga hana lengi, geta svo sannarlega gert kjarakaup í Primark. Á fataslánum má oft finna klæðnað sem er sniðinn eftir nýjustu verkum kunnra tískuhönnuða. Það er sífellt verið að skipta út birgðum hjá Primark svo að það borgar sig að kaupa strax ef maður sér eitthvað sem mann langar í.

### Topshop – Zara

Þetta eru verslanir sem við þekkjum hér heima á Íslandi. Stærsta verslun Topshop í London er við Oxford Circus þar sem hægt er að gramsa í ótrúlegu vöruúrvali á fjórum hæðum. Bretar líta svo á að Zara sé í dýrari kantinum í flokki lágvöruverðsverslana en þar er samt hægt að gera góð kaup.

### New Look

Þeir sem eru á höttunum eftir nýjustu tísku á viðráðanlegu verði ættu að líta inn í New Look. Þar er gott úrval af gallabuxum og peysum og skór og stígvél samkvæmt nýjustu tísku eru sögð á mjög hagstæðu verði. Aðalverslun New Look í London er við Marble Arch, með nútímalegum innréttingum, stáli, krómi og speglum.

### TK Maxx

Þeir sem láta ekki deigan síga meðfram nær endalausum fataslánum í TK Maxx geta verð vissir um að finna eitthvað á fínu verði. Mottóið hjá TK Maxx er að bjóða þekkt merki á lægra verði, allt frá fatnaði til alls konar húsbúnaðar. Látið ekki gríðarlegt vöruframboðið slá ykkur út af laginu; haldið bara áfram að skoða. Treystið ekki á að stærðin sem gefin er upp á herðatrénu eða verðmiðanum sé rétt. Ef ykkur langar í einhverja flík og haldið að hún passi nokkurn veginn skuluð þið máta hana. Hjá TK Maxx er komið inn með fullt af nýjum vörum á næstum hverjum degi svo að það getur borgað sig að líta þar inn aftur og aftur.

### H&M

Vöruúrval hjá H&M er, eins og hjá öðrum vinsælum stórverslunum í London, alltaf að breytast og vöruúrvalið getur verið misjafnt í einstökum verslunum hjá H&M. H&M hefur fengið kunna hönnuði til liðs við fyrirtækið, Stellu McCartney og Viktor & Rolf svo að dæmi séu nefnd, og Madonna hannaði nýlega fatnað fyrir H&M.

### Uniqlo

Uniqlo eru stórfínar verslanir fyrir þá sem vilja einfaldan en óvenjulegan og smartan grunnfatnað. Sankið að ykkur toppum, notalega hlýjum flísjökkum í nýjustu tískulitunum eða stingið í körfuna nokkrum æðislega flottum T-bolum. Þeir sem sækjast eftir þægilegum en „fönkí“ hversdagsflíkum gera margt vitlausara en að droppa inn í Uniqlo.

### Hönnuðamerki með afslætti og útsölur

Þeir sem hafa áhuga á að eignast merkjaflíkur á hagstæðu verði ættu að hafa London á bak við eyrað. Farið inn á www.designersales.co.uk til að fá nánari upplýsingar um þessar útsölur sem eru fimm til sex sinnum á ári og verða í ár í lok febrúar, apríl, júní, september, október og í nóvember/ desember. Lagersölur á merkjavöru (warehouse sales) eru tólf sinnum á ári og standa yfirleitt í þrjá daga.

*Reykjavík – London frá 14.900 kr.*
*Flug aðra leiðina með flugvallarsköttum.
Flogið er tvisvar sinnum á dag, kvölds og morgna .*







# Fyrir þá sem eru hagsýnir LONDON

## AFÞREYING *fyrir lítinn pening*

Það verður bara að horfast í augu við þá staðreynd að nú er nauðsynlegt að spara eins og hægt er. Í London er hægt að gera ýmislegt sér til afþreyingar fyrir lítinn pening eða jafnvel fyrir ekki neitt, fara á tónleika, kvikmyndir, glens-sýningar og margt fleira. Hér eru nokkur dæmi um hvað hægt er að gera.

### Ókeypis tónlist í London

Í „Djanogly Concert Pitch“ í anddyrinu í Þjóðleikhúsinu á Suðurbakkanum eru ókeypis tónleikar í á að giska klukkustund mánudaga til laugardaga kl. 17:45 og á laugardögum kl. 13:00; jass og önnur tónlist héðan og þaðan úr veröldinni. Í Octave við Covent Garden má hlusta á jasstónlist ókeypis á kvöldin á mánudögum, þriðju- og miðvikudögum (gestir þurfa hugsanlega að leggja út fyrir lítilli flösku af vatni fyrir hvern mann).

Í hverjum mánuði eru einstaka sinnum ókeypis hádegistónleikar í Royal Opera House. Kynnið ykkur dagskrána á netinu.

Í National Portrait Gallery eru ókeypis tónleikar að heita má á hverjum föstudegi kl. 18:30.

Í kirkjunum í London er oftar en ekki hægt að njóta næðis fyrir innan steinda glugga og hlusta á tónlist. Í hádeginu eru alltaf ókeypis tónleikar í St. Martin-in-the-Fields hjá Trafalgartorgi.

Á fallegum sumardegi getur svo verið tilvalið að bregða sér á Covent Garden þar sem hljóðfæraleikarar af öllum gerðum eiga það til að spila fyrir vegfarendur, sumir þeirra fjandi góðir þó að þeir hafi ekki, einhverra hluta vegna, lagt undir sig hljómleikasali heimsins.

**IMPERIAL WAR MUSEUM** www.iwm.org.uk
**VICTORIA & ALBERT MUSEUM** www.vam.ac.uk
**NATURAL HISTORY MUSEUM** www.nhm.ac.uk
**SCIENCE MUSEUM** www.sciencemuseum.org.uk
**MUSEUM OF LONDON** www.museumoflondon.org.uk
**NATIONAL MARITIME MUSEUM** www.nmm.ac.uk
**QUEEN'S HOUSE** www.nmm.ac.uk
**ROYAL OBSERVATORY GREENWICH** www.nmm.ac.uk
**THEATRE MUSEUM** www.theatremuseum.org
**TATE MODERN** www.tate.org.uk/modern
**TATE BRITAIN** www.tate.org.uk
**BRITISH MUSEUM** www.britishmuseum.org
**BRITISH LIBRARY** www.bl.uk
**RAF MUSEUM** www.rafmuseum.com
**NATIONAL GALLERY** www.nationalgallery.org.uk
**NATIONAL PORTRAIT GALLERY** www.npg.org.uk



### Ókeypis upplifun á söfnum í London
Í London er hægt að skoða um 60 söfn án þess að þurfa að taka upp veskið og borga. Hér eru nokkur helstu þeirra sem öll eru vel þess virði að skoða og sum að sjálfsögðu heimskunnir staðir, fjölsóttir af ferðamönnum hvaðanæva úr veröldinni.

## GÖNGUFERÐIR UM LONDON
Skoðunarferðir á tveimur jafnfljótum eru ódýr og skemmtilegur ferðamáti og miðborg London er ekki stærri en svo að hún er tilvalin til lengri eða skemmri gönguferða. Ýmist er hægt að verða sér úti um gott kort af borginni og/eða gönguleiðakort eða slást í hópinn með leiðsögumanni hjá einum af hinum fjölmörgu ferðaþjónustufyrirtækjum sem bjóða tiltölulega ódýrar skoðunarferðir fyrir göngufólk um miðborg London. Kynnið ykkur málið t.d. á www.walks.com



## HAGKVÆMUR FERÐAMÁTI UM BORGINA
Það er ekki lengi að segja til sín í buddunni ef fólk freistast til þess að taka leigubíl á milli staða í London. Þeir sem þekkja ekki vel til í miðborginni ættu að kynna sér fyrst hvort ekki sé tilvalið að ganga, spyrjast fyrir á hótelinu eða skoða kortið. Oftar en ekki tekur það aðeins 10 til 15 mínútur að rölta á stað sem maður hélt vegna ókunnugleika að væri mun lengra í burtu.

### Almenningssamgöngur
Neðanjarðarlestirnar og strætisvagnar eru að sjálfsögðu hagkvæmasti og fljótlegasti ferðamátinn þegar kemur ekki til álita að ganga. Gefið ykkur því tíma til þess að læra á lestarkerfið og helstu strætisvagnaleiðir. Það getur sparað ykkur veruleg útgjöld.

### Oyster Card
Svonefnt Oyster Card er langódýrasti kosturinn fyrir þá sem nota neðanjarðarlestir og strætisvagna, hvort sem fólk er búsett í London eða aðeins gestkomandi í nokkra daga. Þetta er eins konar debetkort sem greitt er inn á fyrir fram og gildir aðeins í samgöngukerfinu. Korthafi getur lagt inn á kortið eftir þörfum, t.d. á öllum lestarstöðvum. Ferðamenn frá Íslandi geta pantað kortið á netinu, t.d. hjá VisitBritain eða útvegað sér kort þegar þeir eru komnir til London. Leitið nánari upplýsinga á *www.tfl.gov.uk*

### Ódýrir leikhúsmiðar hjá „tkts“
Hægt er að fá miða á mörg West End leikhúsin á allt að hálfvirði á tkts-sölustöðunum á Leicester Square eða í Brent Cross Shopping Centre. „tkts“ bjóða miða á hálfvirði eða með 25% afslætti að meira en 30 sýningum samdægurs. Kaupandi verður að koma á staðinn í eigin persónu og vissara er að koma tímanlega því að miðar eru fljótir að seljast upp.

### Aðrar leiðir til þess að ná í ódýra leikhúsmiða
Það getur oftar en ekki borgað sig að fara í leikhúsið sjálft og spyrja eftir miðum á sýningu samdægurs; afgangsmiðar og pantanir sem hafa ekki verið sóttar eru þá víða á boðstólum á niðursettu verði.

Þjóðleikhúsið býður stundum miða fyrir £10 á tilteknar sýningar: Athugið hvort £10 Travelex Tickets séu í boði þegar þið pantið miða á tiltekna sýningu (www.nationaltheatre.org.uk).

Miðar á sýningar í Southwark Playhouse, sem pantaðir eru með góðum fyrirvara, t.d. á netinu, kosta aðeins £8 (Airline Style Pricing). Þegar fer að ganga á miðana á tiltekna sýningu hækkar verðið í £13 og síðustu miðarnir eru seldir á £20.

### Ódýrir leikhúsmiðar í stæði
Það má leggja á sig að standa til þess að spara, ekki satt? Donmar Warehouse býður 20 miða í stæði fyrir £7.50 á sýningu samdægurs þegar búið er að selja í öll sæti. Í Wyndhams Theatre eru líka í boði 20 miðar í stæði fyrir £10 á Donmar West End leikárinu (til ágústmánaðar).

Ef þið komið klukkustund áður en sýning hefst í Royal Court Theatre getið þið hugsanlega krækt í miða í stæði fyrir aðeins 10 pens. Verður að segjast eins og er að maður má hafa sig allan við til þess að sjá á leiksviðið úr þessum stæðum. En þarna er ódýrt húsaskjól í leiðindaveðri í a.m.k. þrjár klukkustundir.

Í góðu veðri er tilvalið að fara í Shakespeare's Globe og horfa á leiksýningu úti undir berum himni fyrir aðeins £5 (stæði).

### Ódýrt í bíó í London
Í Prince Charles Cinema við Leicester Place 7, við Leicester Square, kostar bíómiðinn £4 á síðdegissýningar og £5 á kvöldin. Þarna eru nýjustu smellirnir sýndir eilítið seinna en í öðrum bíóum og að auki eru sýndar klassískar, frægar ræmur og nýjar kvikmyndir, sem ekki er ætlað eingöngu að slá aðsóknarmet (art house releases).

### Ódýrir miðar á tónleika
Sumar af frægustu rokkhljómsveitunum, t.d. Blur, Coldplay og Madness, byrjuðu að koma fram á krám og skemmtistöðum í London. Það getur því svo sannarlega verið gefandi að borga lítinn pening og stundum jafnvel ekki neitt fyrir á hlusta á bönd sem eru að byrja ferilinn. Í Dublin Castle, einum af kunnari stöðunum í London þar sem má heyra lifandi tónlist, spila þrjár til fjórar hljómsveitir á hverju kvöldi og miðinn kostar bara £5. – Þeir sem hafa áhuga á aðeins alvarlegri tónlist geta prófað að fá óselda miða á hálfvirði á sýningu í Royal Opera House með því að hringja í miðasöluna eða koma á staðinn innan við fjórum klukkstundum fyrir sýningu.






# ORLANDO

## *8 nætur á verði 5*

Frábær fjölskylduskemmtun í Orlando þar sem gist er í 8 nætur en aðeins greitt fyrir 5 nætur á hótelinu. Hótel Loews Royal Pacific Resort er staðsett við Universal Studios og er sannkölluð upplifun fyrir alla fjölskylduna. Við hótelið er mjög flottur sundlaugargarður þar sem eru fossar, skemmtilegt barnaleiksvæði og lítil strönd. Hægt er að leigja sóltjöld þar sem tengdur er sími, sjónvarp og ísskápur sem er fullur af vatni, gosi og ferskum ávöxtum. Hótelið býður einnig upp á líkamsræktaraðstöðu. Fríar ferðir eru frá hótelinu í Universal Studios, Islands of Adventure, Sea World og Wet´n Wild. Eins er boðið upp á fría bátsferðir (Water Taxis) til Universal Studios, Islands of Adventure og City Walk í Universal. Gestir hótelsins, sem ætla í Universal Studios, fá á hótelinu passa sem gefur þeim aðgang í flýtiraðir (Universal Express Ride Access) í garðinum.

*Verð á mann í fjórbýli frá 91.900* kr.*

**Verð m.v. 2 fullorðna og 2 börn yngri en 12. ára.*
*Innifalið: Flug, flugvallarskattar, gisting í 8 nætur á Loews Royal Pacific Resort ****

Hertz

**Nánari upplýsingar um þessar ferðir og margar aðrar er að finna á heimasíðu okkar www.icelandair.is**

Icelandair áskilur sér rétt að leiðrétta villur sem kunna að leynast í blaðinu eða gera breytingar á fluáætlun og verði. Gengi miðast við janúar 2009. Almennir ferðaskilmálar gilda. Sjá www.icelandair.is/skilmalar

ÍSLENSKA SIA.IS ICE 44332 02/09

# *Saga og menning* Í LONDON

Spennandi ferð til London frá 23. –26. apríl næstkomandi með Björgu Árnadóttur sem búið hefur í Bretlandi í 37 ár og starfað þar við leiklist og leikstjórn. Hún mun leiða hópinn um þessa skemmtilegu borg og fræða fólk um þá staði sem heimsóttir verða. Björg tekur á móti farþegum á flugvellinum í London og fylgir hópnum í rútu á hótelið. Daginn eftir er farið í hálfs dags gönguferð meðfram suðurbakka Thames. Þar verða helstu kennileiti skoðuð og Björg mun fara yfir söguna á leiðinni. Það sem mun m.a. verða á vegi fólks í gönguferðinni er: Millennium Bridge, City, Shakespeare´s Globe leikhúsið, Tate Modern listasafnið, Gabriel's Wharf, National Theatre, Royal Festival Hall, Queen Elizabeth Hall, London Eye, Oxo Tower, London Aquarium og margt fleira. Mögulega verður farið í skoðunarferð baksviðs í öðru hvoru leikhúsinu.



*Verð á mann í tvíbýli frá 67.900 kr.*

*Innifalið: Flug, flugvallarskattar, gisting í 3 nætur á Park Inn Hyde Park ***, morgunarverður, íslensk fararstjórn, rúta til og frá fugvelli erlendis.*

# BORGARLUKKUPOTTUR

**VINNINGUR: FLUGFAR FYRIR TVO TIL EINNAR AF ÞEIM BORGUM SEM KYNNTAR ERU Í ÞESSU FERÐABLAÐI**

Þú finnur rétt svör við þremur spurningum.
Síðan geturðu gert annað hvort:

1) Farðu inn á www.icelandair.is og svaraðu spurningunum þar.
Skilafrestur til og með 11. feb.

2) Merktu við rétt svör og skrifaðu síðan nafn og símanúmer. Klipptu seðilinn út og sendu hann til okkar, merkt:

**Icelandair**
**Mín borg/spurningaleikur**
**Reykjavíkurflugvelli**
**101 Reykjavík**

**Skilafrestur er til og með 11. feb.**
Við drögum úr pottinum á fimmtudaginn kemur, 12. feb., og nafn vinningshafans verður birt í ferðablaði Icelandair sem fylgir með Fréttablaðinu um næstu helgi (laugard. 14. feb.).

SETJIÐ X VIÐ RÉTT SVAR:

**1. Hvað er hægt að kaupa á hálfvirði í tkts-sölubásnum á Leicester Square í London?**
☐ Skaftpott og trésleif fyrir mótmælendur.
☐ Miða á sýningar samdægurs í leikhúsum í West End.
☐ Lífrænt ræktaða plastburðarpoka.

**2. Hvað er til sýnis í BATA-safninu í Toronto?**
☐ Lyf og önnur lækningaáhöld.
☐ Evrópsk og kandadísk myndlist.
☐ Skór frá öllum heimshornum frá örófi alda.

**3. Hvað heitir stór krókódílagarður í grennd við Orlando?**
☐ Croco World
☐ Gatorland
☐ Kroko Mania

FRAMHALD AF SÍÐU 28

Algirdas Slapikas frá Litháen:

# Ánægður með Félag Litháa á Íslandi

Algirdas vinnur hjá Trefjum sem búa til plastbáta og heita potta. Hann hefur búið hér á landi í ellefu ár.

„Ég er afar ánægður með það að við skyldum stofna Félag Litháa á Íslandi,“ segir hann. „Við erum um 40 talsins í félaginu og þar af eru bæði Litháar og Íslendingar. Íslendingarnir hafa þá einhver sérstök tengsl við Litháen. Við höfum látið til okkur taka og til dæmis vorum við með bás á Menningarnótt.“ Vissulega hefur Jón Baldvin Hannibalsson og eiginkona hans Bryndís Schram sýnt félaginu áhuga. Hann var nefnilega fyrsti utanríkisráðherrann til að viðurkenna sjálfstæði Litháens árið 1991. Heldur hann sambandi við þessa heimsvini og var félagsmönnum boðið til þeirra hjóna þegar Bryndís hélt teiti vegna útgáfu bókar hennar „Í sól og skugga“ fyrir síðustu jól. Ræddi þá Algirdas við Jón Baldvin um stjórnmálaástandið hér á landi og fleiri hluti.

En hann er ekki margorður þegar hann er spurður um það sem honum þótti miður gott á árinu. „Fjármálakreppa!“ segir hann og hlær við. Hann hefur heldur ekki mikinn tíma til að velta því fyrir sér sem miður fer en hann er tveggja barna faðir, stundar háskólanám meðfram fullrei vinnu, heldur úti útvarpsþætti á stöðinni Halló Hafnarfjörður og leikur knattspyrnu í frítíma svo fátt eitt sé talið.



**ALGIRDAS OG KJARTAN ÓLAFSSON** Algirdas veltir kreppunni ekki mikið fyrir sér.

Charlotte Ólöf Ferrier frá Bretlandi og Íslandi:

# Sumar á Sýrlandi

„Ég ferðaðist mikið á þessu ári,“ segir Charlotte. „Foreldrar mínir fluttu til Sýrlands svo ég fór og heimsótti þá og dvaldi góðan tíma í sumar. Síðan fór ég til Vestur-Afríku og tvívegis til Bandaríkjanna. En nú er góðærið búið svo ég sé ekki fram á að ferðast svona mikið á þessu ári sem er afskaplega leitt. En ég mun þó fara til Sýrlands í maí.



**CHARLOTTE** Fór að læra í stað þess að vinna.

Ég fékk námsstyrk í fyrra til að læra íslensku hér og áformin voru að reyna að finna vinnu hér á Íslandi í haust og vinna hér í þrjú fjögur ár þar til unnustinn væri búinn með sitt nám en þá kom kreppan og setti strik í reikninginn og áformin í uppnám. Ég var svo heppin að komast í mastersnám en við sjáum svo til hvað ég geri.“

Rachid Benguella frá Marakkó:

# Kominn inn

„Þetta hefur verið mjög gott ár að því leyti að ég er farinn að átta mig betur á þessu samfélagi,“ segir Rachid sem búið hefur hér á landi í þrjú ár. „Ég skil núna hvernig fólk hugsar og hvernig hlutirnir ganga fyrir sig. Þar af leiðandi er ég orðinn öruggari og tek því mun meiri þátt í samfélaginu. Dálkurinn í Fréttablaðinu hefur líka hjálpað til, ókunnugt fólk hefur gefið sig á tal við mig og það er greinilegt að fólk sér að ég er bara venjuleg manneskja sem vinn heiðarlega og reyni að gera mitt besta.“



**RACHID BENGUELLA** Orðinn öruggari og meiri þátttakandi í samfélaginu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Botschaft der Bundesrepublik Deutschland Reykjavik

HAUSANSCHRIFT:
Laufásvegur 31, 101 Reykjavik

POSTANSCHRIFT:
Pósthólf 400, 121 Reykjavík

INTERNET: www.reykjavik.diplo.de
E-Mail: info@reykjavik.diplo.de

TEL: + 354 530 11 00

FAX: + 354 530 11 01
Öffnungszeiten:
Mo – Fr 9 bis 12 Uhr
Geschäftszeiten:
Mo – Do 8 bis 16.30 Uhr,
Fr 8 – 13.30 Uhr

## Bekanntmachung für Deutsche zur Wahl zum Deutschen Bundestag

Am 27. September 2009 findet die Wahl zum Deutschen Bundestag statt.

Deutsche, die außerhalb der Bundesrepublik Deutschland leben und im Bundesgebiet keine Wohnung mehr innehaben, können bei Vorliegen der sonstigen wahlrechtlichen Voraussetzungen an der Wahl teilnehmen.

Für ihre Wahlteilnahme ist u. a. Voraussetzung, dass sie

1. **nach dem 23. Mai 1949** und vor ihrem Fortzug aus der Bundesrepublik Deutschland [1)] mindestens drei Monate ununterbrochen in der Bundesrepublik Deutschland [1)] gewohnt oder sich dort sonst gewöhnlich aufgehalten haben;

2. in ein Wählerverzeichnis in der Bundesrepublik Deutschland eingetragen sind. Diese **Eintragung** erfolgt **nur auf Antrag. Der Antrag ist auf einem Formblatt zu stellen; er soll bald nach dieser Bekanntmachung abgesandt werden.** Einem Antrag, der erst am 07. September 2009 oder später bei der zuständigen Gemeindebehörde eingeht, kann nicht mehr entsprochen werden (§ 18 Abs. 1 der Bundeswahlordnung).

Antragsvordrucke (Formblätter) sowie informierende Merkblätter können bei

- den diplomatischen und berufskonsularischen Vertretungen der Bundesrepublik Deutschland,
- dem Bundeswahlleiter, Statistisches Bundesamt, Zweigstelle Bonn, Postfach 17 03 77, 53029 BONN, GERMANY,
- den Kreiswahlleitern in der Bundesrepublik Deutschland

angefordert oder von der Website des Bundeswahlleiters (www.bundeswahlleiter.de unter „Service für Deutsche im Ausland“) als pdf-Datei heruntergeladen werden.

Weitere Auskünfte erteilen die Botschaften und berufskonsularischen Vertretungen der Bundesrepublik Deutschland.

Reykjavik, 28. Januar 2009 Botschaft der Bundesrepublik Deutschland

1) Zu berücksichtigen ist auch eine frühere Wohnung oder ein früherer Aufenthalt in dem in Artikel 3 des Einigungsvertrages genannten Gebiet (Brandenburg, Mecklenburg-Vorpommern, Sachsen, Sachsen-Anhalt und Thüringen zuzüglich des Gebiets des früheren Berlin (Ost)).

Botschaft der Bundesrepublik Deutschland Reykjavik

HAUSANSCHRIFT:
Laufásvegur 31, 101 Reykjavik

POSTANSCHRIFT:
Pósthólf 400, 121 Reykjavík

INTERNET: www.reykjavik.diplo.de
E-Mail: info@reykjavik.diplo.de

TEL: + 354 530 11 00

FAX: + 354 530 11 01
Öffnungszeiten:
Mo – Fr 9 bis 12 Uhr
Geschäftszeiten:
Mo – Do 8 bis 16.30 Uhr,
Fr 8 – 13.30 Uhr

## Bekanntmachung für Deutsche zur Wahl zum Europäischen Parlament

Am 7. Juni 2009 findet die Wahl der Abgeordneten des Europäischen Parlaments aus der Bundesrepublik Deutschland statt.

Deutsche, die außerhalb der Bundesrepublik Deutschland leben und im Bundesgebiet keine Wohnung mehr innehaben, können bei Vorliegen der sonstigen wahlrechtlichen Voraussetzungen an der Wahl teilnehmen.

Für ihre Wahlteilnahme ist u. a. Voraussetzung, dass sie

1.1 seit mindestens drei Monaten in den übrigen Mitgliedstaaten der Europäischen Union eine Wohnung innehaben oder sich mindestens seit dieser Zeit dort gewöhnlich aufhalten (auf die Dreimonatsfrist wird ein unmittelbar vorausgehender Aufenthalt in der Bundesrepublik Deutschland angerechnet) oder

1.2 in anderen Gebieten leben und vor ihrem Fortzug nach dem 23. Mai 1949 aus der Bundesrepublik Deutschland[1.)] mindestens drei Monate ununterbrochen in der Bundesrepublik Deutschland[1.)] gewohnt oder sich dort sonst gewöhnlich aufgehalten haben;

2. in ein Wählerverzeichnis in der Bundesrepublik Deutschland eingetragen sind. Diese **Eintragung** erfolgt **nur auf Antrag. Der Antrag ist auf einem Formblatt zu stellen; er soll bald nach dieser Bekanntmachung abgesandt werden**. Einem Antrag, der erst am 18. Mai 2009 oder später bei der zuständigen Gemeindebehörde eingeht, kann nicht mehr entsprochen werden (§ 17 Abs. 1 der Europawahlordnung).

Antragsvordrucke (Formblätter) sowie informierende Merkblätter können bei

- den diplomatischen und berufskonsularischen Vertretungen der Bundesrepublik Deutschland,
- dem Bundeswahlleiter, Statistisches Bundesamt, Zweigstelle Bonn, Postfach 17 03 77, 53029 BONN, GERMANY,
- den Kreiswahlleitern in der Bundesrepublik Deutschland

angefordert oder von der Website des Bundeswahlleiters (www.bundeswahlleiter.de unter „Service für Deutsche im Ausland“) als pdf-Datei heruntergeladen werden.

Weitere Auskünfte erteilen die Botschaften und berufskonsularischen Vertretungen der Bundesrepublik Deutschland.

Reykjavik, 28. Januar 2009 Botschaft der Bundesrepublik Deutschland

1) Zu berücksichtigen ist auch eine frühere Wohnung oder ein früherer Aufenthalt in dem in Artikel 3 des Einigungsvertrages genannten Gebiet (Brandenburg, Mecklenburg-Vorpommern, Sachsen, Sachsen-Anhalt und Thüringen zuzüglich des Gebiets des früheren Berlin (Ost)).

# Þetta verður eitt stórt partý, 2015

Kreppan á eftir leggjast á landið af fullum þunga í haust, þá rennur alvara málsins upp fyrir fólki segir **Gunnlaugur Guðmundsson** stjörnuspekingur. Hann bendir hins vegar á að allt fer í hringi, eftir að botninum er náð getur leiðin bara legið upp á við. Kreppan var skrifuð í stjörnurnar en stjörnurnar segja okkur einnig að henni muni ljúka og að Íslendingar ná sér aftur á strik. Gunnlaugur setti saman sögu við myndir **Gunnars Karlssonar** sem sýnir vel þessa hringrás.

## Ísland og hringrásir náttúrunnar

### Hrun og endurreisn

Eftir Gunnlaug Guðmundsson

**Forsagan:** Í upphafi 21. aldar voru Íslendingar hamingjusamasta og ríkasta þjóð í heimi. (miðað við höfðatölu).



Konurnar voru fallegastar. | Karlarnir sterkastir. | Og bestir í business. | Bankarnir voru fullir af bréfpeningum.

Þetta var eitt stórt 'partý'.



Að vísu voru einhverjir að kvarta um að þeir hafi ekki tekið þátt í veislunni. Ekki er hlustað á það.

**Núna:** Kerfin hrynja í kringum okkur





Það ríkir kreppa í heiminum og kauphallir og bankar um víða veröld eru að hrynja til grunna. | Ástandið einkennist af upplausn. Áður 'óskeikulir' leiðtogar eru blindir og ráðalausir. | Möguleikarnir eru margir. Einn bendir á eitt og annar á annað. Enginn veit neitt með vissu.

Fólkið í landinu er ráðvillt



Almúginn situr á eignum sem eru að brenna upp. Óvissa, ótti og reiði einkennir líðan fólks. | Margir flykkjast útá götu til að mótmæla ástandinu. | Aðrir hafa fallið í doða og þunglyndi og sjá fátt jákvætt framundan. | Fjölmargir hyggjast flytja til útlanda. | Þjóðin hefur keyrt á vegg.

**2009:** Stjórnarslit, bylting og ný bandalög



Togstreita einkennir stjórnmálalífið. | Flokkar klofna. | Ný bandalög myndast.

Sköpunarkraftur fólksins leysist úr læðingi



Þjóðin brýst úr fjötrum fortíðar, sinnuleysi er liðin tíð og fram á sjónarsviðið koma áður óþekktir einstaklingar. | Vina- og fjölskyldubönd styrkjast. Fólkið tekur höndum saman | Nýsköpun stóreflist. Neyðin kennir naktri konu að spinna.

Börnin, ástin og þekkingarleitin blómstra - gildin breytast



Það er gaman hjá litla stráknum þegar mamma og pabbi hafa tíma til að leika. | Þegar ekki er hægt að skreppa til New York þurfum við að elska hvort annað. | Útrás verður innrás, andlegur þroski, menntun og þekkingarleit koma í stað nýrra eldhúsinnréttinga.

Baksviðs er raunveruleikinn



Þjóðin dregur á eftir sér skuldahala. | Alþjóðasamfélagið fylgist með.

**2010 - 2011:** Loksins rofar til





Nýju kerfin taka að virka eðlilega. | Fólkið vinnur hörðum höndum | Leiðtoginn sér yfir sviðið. | Þjóðin uppsker árangur.

Frumkvöðlar Íslands sigra heiminn



Sjóbretti ehf slær í gegn. | Ferðaþjónustan blómstrar | Íslenska vatnið verður no. 1 í Hollywood. | Sprotafyrirtækin skila ógnargróða.

Olía og gas finnast við Austurland og sæstrengir sjá Evrópu fyrir rafmagni



Konurnar verða aftur þær fallegustu. | Karlarnir þeir sterkustu. | Þjóðin verður aftur best í business.

Árið 2015 verða Íslendingar aftur hamingjusamasta og ríkasta þjóð í heimi.



Þetta verður eitt stórt 'partý'.

© 2009 Gunnlaugur Guðmundsson, www.stjornuspeki.is, gg@stjornuspeki.is, teikningar Gunnar Karlsson, umbrot Jón T. Bjarnason.

# Stærsta ÚTSALA Max frá upphafi

## LOKADAGAR UM HELGINA

**OPNUNARTÍMI**

| | |
|---|---|
| Mánudaga | kl. 11-19 |
| Þriðjudaga | kl. 11-19 |
| Miðvikudaga | kl. 11-19 |
| Fimmtudaga | kl. 11-19 |
| Föstudaga | kl. 11-19 |
| Laugardaga | kl. 11-18 |
| Sunnudaga | kl. 12-18 |

Heimilistæki
Tölvuvörur Raftæki
Afþreying

Rýmum fyrir nýrri vöru!

**Allar vörur eru á útsölu**

MAX / Kauptúni 1 Garðabæ og
Holtagörðum - Sími 412 2200
www.max.is

*Beint á móti IKEA og í Holtagörðum*

MAX RAFTÆKI

Skoðaðu bæklinginn á
www.heimsferdir.is

**Fyrstu 800 sætin**
**kr. 10.000 afsl.**
* Takmarkaður fjöldi sæta með afslætti í hverri brottför




Kynntu þér glæsilegt ferðaúrval Heimsferða í sumar. Við bjóðum þér spennandi valkosti þar sem saman fara nýjar upplifanir, slökun, skemmtun, sól og sumarskap. Ævintýralegar ferðir til fjölbreyttra áfangastaða á frábæru verði.

**Starfsfólk Heimsferða óskar þér og þínum gleðilegs ferðasumars!**

# Gleðilegt ferðasumar! 2009


Frá Bodrum


Club Martha's Mallorca


Frá Bodrum

Þökkum frábærar viðtökur við sumarbæklingi – bókanir á sumarleyfisferðunum í fullum gangi. Vinsælustu brottfarir og gististaðir fara að seljast upp.

Tryggðu þér flugsæti og gistingu á þeim tíma sem hentar þér best og bókaðu lægsta verðið á www.heimsferdir.is.




Kynntu þér ævintýralegar ferðir og glæsilega gistimöguleika sumarsins og

## bókaðu beint á www.heimsferdir.is

# HIN FULLKOMNA UMGJÖRÐ FYRIR ÆVINTÝRALEGT SUMARFRÍ!




**Bodrum** í Tyrklandi **Frá 89.550** – vika | **Frá 99.550** – 2 vikur **GLÆSILEG NÝJUNG!**



**Costa del Sol** **Frá 69.950** – vika



**Mallorca** **Frá 69.650** – vika



**Salou** **Frá 69.950** – vika



**Benidorm – Alicante** **Frá 19.990***

* Netverð á mann. Flugsæti aðra leið með sköttum á völdum brottförum. Fargjald A.



**Barcelona í allt sumar**



**Búdapest**
30. apríl - 3 maí
flug og gisting frá kr. 79.950



**Sevilla**
23.-26. apríl
flug og gisting frá kr. 69.990



**Golfferðir í vor**
**frá kr. 109.900**



**Glæsisiglingar**



**Sérferðir & gönguferðir**

**Vorferð – Costa del Sol**
**3.-21. maí** – 18 nætur

**Haustferð eldri borgara – Benidorm**
**29. sept. - 21. okt.** – 22 nætur

**Heimsferðir**

**Skógarhlíð 18 • 105 Reykjavík • Sími 595 1000 • Fax 595 1001 • Akureyri, sími 461 1099 • www.heimsferdir.is**

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.



**RAGNHEIÐUR AXEL FATAHÖNNUÐUR OG DÓTTIR HENNAR ÚRSÚLA** Nestið sem framreitt er að hætti Japana er fallegt og girnilegt og Úrsúla er alltaf jafn spennt að opna nestisboxið. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Nesti sem fær börn til að brosa

Fatahönnuðurinn **Ragnheiður Axel** útbýr „bento-box“ að japönskum sið fyrir Úrsúlu dóttur sína í skólann. *Anna Margrét Björnsson* ræddi við Ragnheiði um matargerðarlist Japana og komst að því að hún stjórnast að mestu leyti af sjóntauginni.

Japönsk matargerð byggist að miklu leyti á fagurfræði. Eins og segir í bókinni Japanskar konur hraustar og grannar er matur borðaður hægt og hvers bita notið til fullnustu, auk þess sem mikil áhersla er lögð á hvernig hann lítur út, en japanskur matur er alltaf skreyttur. „Svo virðist sem matargerðarlist Japana stjórnist að mestu leyti af sjóntaugunum.“ Fatahönnuðurinn Ragnheiður Axel fór til Japans í mánuð í fyrra og heillaðist þar af svokölluðum bento-boxum, en það eru sérstök nestisbox með litlum hólfum sem nesti er sett í og framreitt á fallegan hátt. Þar er matnum gjarnan raðað upp í litlar fígúrur, hrísgrjón jafnvel mótuð í Hello Kitty-form, harðsoðin egg verða að litlum brosandi körlum og grænmeti tekur á sig form stjarna eða tungls.



„Mér fannst þetta svo falleg hugmynd sem kostar ekki meira en nokkrar mínútur í útfærslu,“ útskýrir Ragnheiður sem lætur nestið alltaf í bentobox sem dóttir hennar, Úrsúla Örk, hefur með sér í Ísaksskóla þar sem hún er í sex ára bekk. „Einhvern veginn minnti þetta mig líka á hvernig maður breytti matnum þegar maður var lítill í fígúrur, gerði karlinn í tunglinu úr hinum og þessum mat eða ost- og skinkusneiðum. Mér datt í hug að dóttir mín myndi kunna betur að meta nestið á þennan hátt en hún er gjörn á að vera matvönd.“ Ragnheiður segir þetta einungis spurningu um skipulag en hún útbýr nestisbox Úrsúlu að kvöldi til. „Þetta tekur enga stund en fagurfræði matar er svo oft eitthvað sem við gleymum í þjóðfélagi þar sem allir eru að flýta sér. Japanar raða hlutum mjög meðvitað ofan í nestisboxin hvað varðar liti og form og ég hugsa að nestið verði einnig fjölbreyttara og hollara vegna þess að maður setur meira litríkt grænmeti eða ávexti með.“ Ragnheiður setur til dæmis grænmeti á lítil spjót og býr til andlit á samlokur eða pastarétti. „Úrsúla er alltaf jafn spennt að opna nestis-boxið í skólanum, og stundum hjálpar hún mér við að útbúa það á kvöldin eða kemur með tillögur. Það er gaman að nestið framkalli alltaf bros á vör á degi hverjum.

**10 mínútna spaghettí í nestisboxið**

5-600 g nautahakk
400 gr ferskir tómatar eða úr dós
2 hvítlauksrif
1/4 rauðlaukur

Laukur skorinn smátt og steikur með hakki, tómatar settir í sjóðandi vatn í 10 sekúndur, þá losnar hýðið af þeim. Þeir eru saxaðir og settir út í hakkið. Látið malla í 5 mín. Borið fram með spaghettíi. Pipar, niðurrifinn mozarella og parmesan dreift yfir eftir smekk.

## ➜ JAPANSKUR MATUR: LYKILL AÐ GÓÐRI HEILSU

**12 einföld Tókýó-ráð**

Hvernig er best að byrja að lifa eins og heilbrigð japönsk kona

1. Iðkið hara hachi bunme - hættið að borða áður en þið verðið saddar.
2. Gerist meistarar í skammtastærðum. Fáið ykkur hæfilega skammta og notið fallegan borðbúnað.
3. Borðið og tyggið matinn rólega og njótið hvers bita.
4. Takið ykkur góðan tíma til að dást að fegurð og framsetningu matarins.
5. Borðið meira af fiski, ferskum ávöxtum og grænmeti og minna af mettaðri fitu og transfitu.
6. Eldið upp úr canola-olíu og hrísgrjónaklíðsolíu.
7. Eldið ykkur japanskan ofurmorgunverð: Misósúpu með grænmeti, eggjum og tófúi.
8. Hugsið um grænmeti sem aðalrétt frekar en meðlæti - og um rautt kjöt sem meðlæti eða eitthvað sem þið borðið sjaldan.
9. Fáið ykkur skál af stuttum hvítum eða brúnum hrísgrjónum með matnum í staðinn fyrir hvítt brauð, múffur og snúða.
10. Drekkið kalt ósætt japanskt te í stað gosdrykkja.
11. Gangið eins mikið og þið getið.
12. Munið að matarástin er stór hluti heilbriðis og það á að vera gaman að elda og borða mat.

- Og eitt (jafnvel enn hollara) að auki: Borðið minna af sódíum eða salti og meira af grófu korni.

**Innkaupalisti samúræjans**

Hvernig á að borða eins og stríðsmaður.
Listi yfir nokkrar helstu fæðutegundir samúræjanna.

- Lax
- Ferskt grænmeti, hrátt eða léttsoðið
- Brún hrísgrjón
- Mísósúpa
- Tófú og sojabaunir



- Ferskir ávextir
- Grænt te
- Kastaníuhnetur (kallaðar sigur-kastaníuhnetur þar sem þær voru borðaðar fyrir bardaga)

*Úr bókinni Japanskar konur hrausta og grannar eftir Naomi Moryama og William Doyle*


25% afsláttur af öllum vörum
25%
25%
Borð:
120x200 +2x 60 sm.
(120x320 sm.)
25%
Full búð af glæsilegum húsgögnum og gjafavöru!
Opið virka daga 10-18, laugardaga 11-16.
Síðumúla 30 - 108 Reykjavík - Sími 568 4242 - www.heimahusid.is
HEIMA HÚSIÐ
mood
heima
BÚUM BETUR

# Vildi fylgjast með Chaplin

**Ragnhildur Gísladóttir** er ein þekktasta tónlistarkona Íslands. Undanfarin ár hefur hún einbeitt sér að tónsmíðum og næsta mánudag mun hún ásamt kammersveit flytja verk eftir sig á tónlistarhátíðinni Myrkum músíkdögum. *Sigríður Björg Tómasdóttir* yfirheyrði Ragnhildi.

## ÞRIÐJA GRÁÐAN

**FULLT NAFN:** Ragnhildur Gísladóttir

**STARFSFERILL Í HNOTSKURN:** Hef starfað sem tónlistarmaður um árabil.

**FÆÐINGARÁR OG HVAÐ GERÐIST MARKVERÐAST Á ÞVÍ ÁRI:** 1956, árið sem fyrsti harði diskurinn fyrir tölvur var kynntur til sögunnar (5MB).



RAGNHILDUR GÍSLADÓTTIR Væri til í að nota tímavél til að fylgjast með Chaplin að störfum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**Hvenær varstu hamingjusömust?** Þegar ég áttaði mig á að fram undan hjá mér eru heimsóknir til ofboðslega margra sólkerfa.

**Ef þú værir ekki tónlistarmaður, hvað myndirðu þá vera?** Ef ekki tónlist þá kvik-myndlist.

**Hvað er það dýrasta sem þú hefur nokkurn tímann keypt þér?** Íbúð er það dýrasta sem ég hef keypt mér. Næstdýrast er sennilega hið valinkunna SalatMaster-pottasett.

**Hvað er það versta sem nokkur hefur sagt við þig?** Þegar lagt var til að ég færi og léti svæfa Hrafnkel, yndislegasta kött allra tíma.

**Ef þú byggir ekki í Reykjavík, hvar myndirðu vilja búa?** Í Japan og á Ítalíu.

**Uppáhaldslistamaður allra tíma og af hverju?** Á fullt af uppáhaldslistamönnum.

**Draumahelgin þín í einni setningu?** Draumahelgin er að vera með Birki á Búðum á Snæfellsnesi, fara þar í göngutúr og sofna úti í hrauni eða uppi á fjalli.

**Hvert er versta starf sem þú hefur nokkurn tímann gegnt?** Að strauja í þvottahúsi.

**Uppáhaldsstaðurinn þinn á jörðunni?** Ísland er minn uppáhaldsstaður.

**Hvers konar tónlist hefur mest áhrif á þig og hvaða lag hlustarðu mest á í dag?** Í þessari viku var Olivier Messiaen og Þuríður Jóns málið, fór á sinfó, og í dag er ég að hlusta á eitt verka hins japanska meistara Takemitsu, Coral Island. Á þriðjudaginn síðasta var Ben meistara Frost smellt á fóninn og nú er maður bara spenntur að uppgötva snillinga á Myrkum músíkdögum.

**Ef þú ættir tímavél, hvert myndirðu fara og af hverju?** Mér þætti gaman að vera viðstödd kvikmyndatökur á myndum Charlie Chaplin, City Lights 1931 og Modern times 1935 eða 6, heyra tilsögn meistarans og fylgjast með öllu sem gerðist á „settinu“.

**Er eitthvað sem heldur fyrir þér vöku á nóttunni?** Ég sef vel, eins og köttur.

**Ef þú gætir breytt einhverju í fortíð þinni, hvað myndi það vera?** Sleppa því að svæfa Hrafnkel, þó svo hann hafi verið orðinn háaldraður og slappur. Ég sakna hans svo skelfilega mikið.
**Hvenær fékkstu síðast hláturskast?** Í gærkvöldi – rétt fyrir svefninn.

**Áttu þér einhverja leynda nautn?** Man ekki eftir neinni leyndri nautn akkúrat nú en ef einhver kemur til með að rita ævisögu mína mun sá finna einhverja krassandi nautn og gera hana opinbera. Ég verð þá komin í annað sólkerfi leitandi nýrra nautna.

**Uppáhaldsbókin þessa stundina?** Ljóðasafn Sigurðar Pálssonar sem kom út í fyrra.

**Hvaða núlifandi manneskju lítur þú mest upp til?** Manneskjunnar sem ber virðingu fyrir sjálfri sér og þar af leiðandi öllu sem í kringum hana er. Manneskjunnar sem ber þakklæti, kærleik og ást til lífsins. Guðni Gunnars, jógakennari í Setrinu, hefur kennt mér margt og hann segir að allt sem við setjum athygli okkar á dafni.

**En hvaða núlifandi manneskju þolirðu ekki?** Það er engin manneskja sem ég bókstaflega þoli ekki en það eru manneskjur í okkar samfélagi sem eru sífellt neikvæðar og bera vond ský um svæðin og ég set skjöld um mig í þeirra návist.

**Uppáhaldsorðið þitt?** Ding-dong!

**Hvaða eitt atriði myndi fullkomna lífsgæði þín?** Tónlistarvinnustofa.

**Hvaða einu lagi verður þú að taka „cover“ af áður en þú deyrð?** You don´t have to say you love me.

**Hver verða þín frægu hinstu orð?** Kem með þau síðar – nógur er tíminn.

**Hvað er næst á dagskrá?** Þegar tónleikunum í Salnum næstkomandi mánudagskvöld er lokið og ég síðan búin að fara á alla tónleikana á Myrkum músíkdögum í komandi viku, geng ég upp á fjall, út í móa, inn í dal og niður í fjöru því fram undan eru tónleikar hjá tónlistarklúbbnum Mikki Músík.






## MÆLISTIKAN

### Á uppleið

**Loðhúfur** Loðhúfur að rússneskum sið eru flottar og eiga líka frábærlega vel við í fimbulkulda eins og verið hefur undanfarið. Karlar sem konur taka sig vel út með loðhúfu á höfði.



**Kakó** Eini rétti drykkurinn til þess að drekka um þessar mundir eru kakó með nóg af heitum rjóma út í. Í frosthörkunum þurfum við að ylja okkur að innan og svo þurfum við á aukahitaeiningunum að halda sem kakó og rjómi gefa okkur. Bragðbætta útgáfan, með rommlögg út í, er svo einkar viðeigandi að kvöldlagi.



**Kardemommubærinn** Meira að segja ræningjar geta orðið heiðarlegt fólk er fleyg setning úr Kardemommubænum sem á að minnsta kosti afar vel við þar, hvað sem segja má um raunveruleikann. Og eftirspurnin eftir þessari sígildu snilld er afar mikil sem marka má af því að nú, nokkrum vikum áður en leikurinn verður frumsýndur, er uppselt á 30 fyrstu sýningarnar.

**Vodka** Febrúardrykkurinn 2009, drukkinn ískaldur í einu skoti. Enga væmni og væl í ár, takk fyrir.

### Á niðurleið



**Útreiðartúrar á Tjörninni** Þeir voru kannski aldrei inni beinlínis en eru svo ekki á leiðinni þangað eftir uppákomu vikunnar þegar ísinn á Tjörninni gaf sig undan hestafjöld. Alls ekki málið að stefna hestum yfir vötn, jafnvel ekki í frosthörkum eins og núna, það er nefnilega ekki hægt að stóla á að Fjölnir Þorgeirsson sé alltaf skammt undan.



**Fitulaust megrunarfæði** Það er ekkert vit í að borða fitusnautt fæði á þessum árstíma. Selleríkássur og hrískökur eru bara ekki vetrarmatur. Spikfeitt kjöt gefur miklu meiri orku og orka er það sem við þurfum til þess að komast í gegnum kalda vetrardaga.



**Yfirvaraskegg** Það eru ekki á færi nema einstaka karlmanns að bera yfirvaraskegg svo vel sé – Tom Selleck vitaskuld þeirra fremstur. Almennt fer íslenskum karlmönnum betur að vera með alskegg vilji þeir skarta hári í andliti sínu, þó að því gefnu að skeggrótin sé ekki gisin mjög, þá er betra að sleppa skegginu algjörlega.

**Þaulseta** Seðlabankastjórar sitja sem fastast þrátt fyrir að ný ríkisstjórn hafi það að sínu helsta markmiði að losna við þá. Hvernig væri að skilja skilaboðin og bara drífa sig á braut?

# LOKADAGUR

KAPLAR • FRÁBÆRT ÚRVAL • MP3 SPILARAR • PRENTARAR
MÚSAMOTTUR • ÓTRÚLEGUR AFSL. • HEYRNATÓL • AUKAHLUTIR
MARGMIÐLUNARSPILARAR • SKRIFARAR • HLJÓÐNEMAR
TÖLVULEIKIR • TAKMARKAÐ MAGN
SKANNAR • FARTÖLVUTÖSKUR • GEISLADISKAR • SKJÁKORT • TURNKASSAR
VINNSLUMINNI • STÝRIPINNAR • HÝSINGAR • KÆLINGAR

# LOKADAGUR

# ÚTSALA

## ALLT AÐ 80% AFSLÁTTUR

**FRÁBÆRT ÚRVAL**

**MÝS** VERÐ FRÁ 990
**HÁTALARAR** VERÐ FRÁ 790
**SKJÁIR** VERÐ FRÁ 24.990
**SKJÁKORT** VERÐ FRÁ 5.490
**TURNKASSAR** VERÐ FRÁ 2.990
**PC LEIKIR** VERÐ FRÁ 990
**HLJÓÐKORT** VERÐ FRÁ 1.490
**HEYRNATÓL** 15-40% AFSLÁTTUR
**LYKLABORÐ** 20-35% AFSLÁTTUR
**HLJÓÐNEMAR** 20-30% AFSLÁTTUR
**ÞRÁÐLAUST NET** 15-45% AFSLÁTTUR
**TÖSKUR** VERÐ FRÁ 1.490
**VEFMYNDAVÉLAR** VERÐ FRÁ 990

**VERÐDÆMI**

ACER ASPIRE BLUE 6530G-703G32MN FARTÖLVA HLAÐIN BÚNAÐI - 139.990
WACOM BAMBOO ONE TEIKNIBORÐ MEÐ ARTRAGE MYNDVINNSLUFORRITINU - 11.990
LOGITECH S500 SVART HÁTALARAKERFI MEÐ 5 HÁTÖLURUM OG BASSABOXI - 6.490
RAIDSONIC MP3010HW MARGM.SPILARI MEÐ UPPTÖKU, NETTENGINGU, HDMI O.FL - 39.990
LOGITECH ALTO ÞRÁÐLAUST LYKLABORÐ OG FARTÖLVUSTANDUR. MEDIA HNAPPAR, USB HUB O.FL. - 12.990

**NÚ ER ÓTRÚLEG ÚTSALA Á TÖLVUM OG TÖLVUVÖRUM Í TÖLVULISTANUM**
HÉR ER AÐEINS BROT AF ÚRVALINU – TAKMARKAÐ MAGN!
**SÍÐUSTU DAGAR ÚTSÖLU – EKKI MISSA AF ÞESSU!**

# TÖLVULISTINN

TL.IS
www.tolvulistinn.is

| REYKJAVÍK | AKUREYRI | EGILSSTAÐIR | KEFLAVÍK | SELFOSS | HAFNARFJÖRÐUR | KÓPAVOGUR |
|---|---|---|---|---|---|---|
| NÓATÚNI 17<br>S: 414 1700 | STRANDGÖTU 9<br>S: 414 1730 | MIÐVANGI 2-4<br>S: 414 1735 | HAFNARGÖTU 90<br>S: 414 1740 | AUSTURVEGI 34<br>S: 414 1745 | REYKJAVÍKURVEGI 66<br>S: 414 1750 | HLÍÐASMÁRA 10<br>S: 414 1760 |

CHARLES DICKENS FÆDDIST ÞENNAN DAG ÁRIÐ 1812.

*„Ég hefði aldrei afrekað neitt hefði ég ekki tamið mér stundvísi, reglusemi og dugnað og einbeitt mér að einu atriði í einu.“*

***Breski rithöfundurinn Charles Dickens var uppi á Viktoríutímabilinu. Hann skrifaði fjölda bóka og ljóða, þar á meðal Oliver Twist.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST: 7. FEBRÚAR 1992**

## *Evrópusambandið stofnað*

Þennan dag árið 1992 var Evrópusambandið (ESB) stofnað með undirritun Maastrichtsamningsins í Maastricht í Hollandi. Evrópusambandið er stjórnmála- og efnahagsamband 27 Evrópuríkja með höfuðstöðvar í Brussel. Nærri 500 milljónir borgara búa innan sambandsins.



Í ESB er sameiginlegur markaður sem er staðlaður með löggjöf sem öll aðildarríki eru skyldug til að setja. Lögin snúa að hinu svokallaða fjórfrelsi sem tryggir frjálsa för fólks, varnings, þjónustu og fjármagns um landamæri ríkjanna. Þá má nefna sameiginlega viðskiptastefnu, landbúnaðarstefnu og sjávarútvegsstefnu auk svæðisbundinnar þróunarstefnu. ESB hefur einnig hlutverki að gegna í utanríkismálum en sameiginlegur fulltrúi aðildarríkjanna semur um kjör og kosti í Alþjóðaviðskiptastofnuninni, á fundum G8-ríkjanna og hjá Sameinuðu þjóðunum.

Fimmtán af aðildarríkjunum hafa tekið upp sameiginlegan gjaldmiðil, evru, og 21 ríki er í NATO.

**MERKISATBURÐIR**

- **1900** Verkamannaflokkurinn er stofnaður í Bretlandi.
- **1914** Charlie Chaplin birtist í fyrsta sinn sem litli flækingurinn.
- **1940** Walt Disney frumsýnir teiknimyndina um Gosa.
- **1942** Húsmæðraskóli Reykjavíkur tekur til starfa undir stjórn Huldu Á. Stefánsdóttur.
- **1962** Bandaríkin banna inn- og útflutning frá Kúbu.
- **1964** Bítlarnir koma til Bandaríkjanna í fyrsta skipti.
- **1974** Concorde-þota lenti á Keflavíkurflugvelli í fyrsta sinn.
- **1999** Abdullah prins tekur við krúnunni í Jórdaníu eftir dauða föður síns, Husseins konungs.



## 90 ára afmæli

**Þorbjörg Pálsdóttir** myndhöggvari er níræð þriðjudaginn 10. febrúar. Í tilefni afmælisins er vinum og ættingjum boðið í kaffi að Sjafnargötu 14 milli kl. 16 og 18 sunnudaginn 8. feb. nk. Þorbjörg er heiðursfélagi og einn af stofnfélögum Myndhöggvarafélagsins í Reykjavík.

†



*Hjartans þakkir til hinna fjölmörgu sem sýndu okkur vináttu, samúð og virðingu í veikindum og við andlát og útför ástkærs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður og afa,*

**Freys Magnússonar**
Ljárskógum 12, Reykjavík,

og heiðruðu þannig minningu hans. Sérstakar þakkir til Guðmundar Rúnarssonar læknis, Kristínar Skúladóttur hjúkrunarfræðings og alls annars starfsfólks á deildum 11B og 11G á Landspítala fyrir einstaka umönnun, stuðning og alúð. Guð blessi ykkur öll.

**Soffía Jensdóttir**
**Jóna Freysdóttir** **Ásmundur Eiríksson**
**Ásta Sóllilja Freysdóttir** **Michael Johnston**
**Stefán Freyr Michaelsson.**

†



*Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,*

**Baldur Bergsteinsson**
Beykihlíð 29, Reykjavík,

andaðist föstudaginn 30. janúar. Útför hans fer fram frá Dómkirkjunni mánudaginn 9. febrúar kl. 15. Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir. Þeim sem vildu minnast hans er bent á styrktarsjóð Göngum saman til stuðnings rannsóknum á brjóstakrabbameini, í síma 540 1990 eða á heimsíðu: www.gongumsaman.is.

**Guðrún Guðmundsdóttir**
**Sigríður Baldursdóttir** **Gunnar Hjartarson**
**Kristín Baldursdóttir** **Kristján Frímann Kristjánsson**
**Margrét Baldursdóttir** **Þórólfur Árnason**
**Bergþóra Baldursdóttir** **Hjörleifur Þórarinsson**
**og barnabörn.**

†



*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Sigurður Einarsson**
frá Hvalnesi í Lóni,
Ásvallagötu 17, Reykjavík,

sem lést á Landspítalanum Landakoti fimmtudaginn 29. janúar, verður jarðsunginn frá Grafarvogskirkju föstudaginn 13. febrúar kl. 13.00.

**Guðný Egilsdóttir**
**dætur, tengdasynir**
**og barnabörn.**



**DRAKK Í SIG BARÁTTUANDANN** Halla segir margt líkt með baráttu Rauðsokkahreyfingarinnar og þeim atburðum sem hafa átt sér stað undanfarnar vikur. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

HALLA KRISTÍN EINARSDÓTTIR: FRUMSÝNIR KONUR Á RAUÐUM SOKKUM

# KONUR SEM OPNA MUNNINN

Halla Kristín Einarsdóttir hefur verið með heimildarmyndina Konur á rauðum sokkum í smíðum um nokkurt skeið en hún var ein þeirra sem fékk úthlutað styrk úr Hlaðvarpanum, menningarsjóði kvenna, á dögunum.

Myndin segir frá þróun Rauðsokkahreyfingarinnar, sem barðist fyrir réttindum kvenna, frá árinu 1970 til 1980 og verður sýnd í Regnboganum hinn 28. febrúar næstkomandi. Þar koma sextán konur úr hreyfingunni við sögu ásamt því sem hinum ýmsu svipmyndum frá þessum tíma er brugðið upp.

Halla segist hafa fengið hugmyndina að myndinni í hagnýtri menningarmiðlun við Háskóla Íslands. „Þar rakst ég á auglýsingu frá Miðstöð munnlegrar sögu sem leitaði að fólki til að taka viðtöl við konur sem voru virkar í kvennabaráttu frá 1960 til 1980. Ég var ákveðin í því að gera kvikmynd sem lokaverkefni og fannst þetta spennandi viðfangsefni.“ Halla setti sig í samband við miðstöðina og tóku hún og Fríða Rós Valdimarsdóttir mannfræðingur rúmlega tuttugu viðtöl. Miðstöð munnlegrar sögu vann úr þeim með hefðbundnum hætti en Halla fékk leyfi til að nota efnið í heimildarmyndina. Hún ákvað svo að einskorða það við Rauðsokkahreyfinguna.

Í myndinni varpar hún ljósi á sögu hreyfingarinnar, tíðarandann og baráttumálin með ýmsum hætti. Hún fékk meðal annars til liðs við sig Unu Lorenzen, sem er að læra hreyfimyndagerð í Los Angeles, og er hluti myndarinnar teiknaður. „Þetta er nokkuð umdeild aðferð en mér fannst hún eiga vel við þar sem mikið var um teikningar og útklipptar myndir í helsta málgagni Rauðsokkahreyfingarinnar, Forvitin rauð.“

En er eitthvað líkt með baráttu Rauðsokkahreyfingarinnar og þeim atburðum sem hafa átt sér stað undanfarnar vikur? „Algerlega. Mér fannst mjög spennandi að vera að klippa þessa mynd um leið og ég heyrði bergmálið í mótmælendum allt í kringum mig og gat drukkið í mig baráttuandann. Á áttunda áratugnum voru aktívistar áberandi en ég man varla til þess að það hafi verið mótmælt síðan þá,“ segir Halla. Henni finnst þó sorglega lítið hafa breyst. „Það er helst ásýndin sem hefur batnað en undir yfirborðinu viðgengst enn þá mikið misrétti. Á sínum tíma héldu konur að með því að mennta sig myndi staða þeirra breytast af sjálfu sér en sú er ekki alltaf raunin.“

Halla er ánægð með að hafa kynnst hinum dulúðugu rauðsokkum sem jafnvel hefur verið talað um sem verstu tröllkonur. „Það sem þær eiga sameiginlegt er að þora að opna munninn þegar þeim misbýður misrétti í samfélaginu en annars eru þær jafn ólíkar og þær eru margar,“ segir Halla, sem ætlar að fylgja myndinni eftir á kvikmyndahátíðir og jafnvel í sjónvarp.

vera@frettabladid.is





**Alhliða útfararþjónusta**
**Símar: 567 9110 & 893 8638**
www.utfarir.is • runar@utfarir.is
Útfararþjónustan ehf.
Stofnað 1990





Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.

**NAFNIÐ MITT:** SKJÖLDUR EYFJÖRÐ

# *Fékk skjöld fyrir mótlæti í vöggugjöf*

„Ég er skírður í höfuðið á afa mínum og alnafna, Skildi Eyfjörð. Nafnið á sér rætur aftur í landnámsöld, en afi bjó á Norðurlandi og átti sér engan forvera með sama nafni," segir Skjöldur Eyfjörð hárgreiðslumaður um fágætt nafn sem honum var gefið sem kornabarni. „Sem krakka fannst mér Skjaldarnafnið hræðilegt en í dag get ég ekki hugsað mér annað. Ég þráði að heita Kristján, en sættist við nafn mitt um það leyti sem ég hóf keppni í freestyledansi eftir fermingarárið. Þá skildi ég að Skjöldur var nafn sem allir gátu munað og varð fljótt mitt vörumerki," segir Skjöldur og bætir við að hann hafi snemma valið að vera á milli tannanna á fólki. „Vissulega leið ég fyrir nafn mitt í uppvextinum enda krakkar stríðnir við þá sem bera óvenjuleg nöfn. Ég lá því vel við höggi en mótlætið gerði mig sterkari og varð góður undirbúningur undir það sem koma skyldi," segir Skjöldur sem ólst upp á Reykhólum, Patreksfirði, Vopnafirði, í Sandgerði, á Kjalarnesi og víðar. „Víðsýni skorti oft í minni byggðarlögum og ég upplifði alloft að vera nýi strákurinn með skrítna nafnið í skólakerfinu. Það var bæði lærdómsríkt og erfitt, en umfram allt reynsla sem ég er þakklátur fyrir í dag. Með nafngiftinni uppskar ég ákveðinn skjöld í vöggugjöf."

Í dag hefur fjölgað í hópi þeirra sem bera nafnið Skjöldur. „Ég mundi aldrei skíra eigin son í höfuð á sjálfum mér og finnst maður eiga að velja börnum nöfn sem þeim passar, laus við sektarkennd gagnvart sínum nánustu. Barn mitt í dag er þó hárgreiðslustofan 101 Skjöldur, sem ber mitt eigið nafn og skjaldarmerki."



SKJÖLDUR EYFJÖRÐ.

# Stærsta unglingahátíð landsins

Stærsta unglingahátíð á Íslandi, Samféshátíðin, verður haldin í Laugardalshöllinni helgina 20. til 21. febrúar. Þar koma saman um 4.500 unglingar alls staðar að af landinu og skemmta sér og öðrum í vímuefnalausu umhverfi.

Hátíðin hefst á stórdansleik þar sem Veðurguðirnir, Bloodgroup, Dr. Spock og Páll Óskar ásamt unglingaböndum munu trylla lýðinn. Söngkeppni verður haldin á laugardegi en þar verða flutt 30 söngatriði úr undankeppnum úr hverjum landshluta. Áætlað er að um 1.500 til 1.800 ungmenni hafi tekið þátt í þeim.

Í Samfés eru 110 félagsmiðstöðvar og má búast við að unglingar frá þeim flestum komi á hátíðina. Gæsla verður á svæðinu.

Keppninni verður útvarpað beint á Rás 2.





Ýmsar spennandi hugmyndir hafa komið frá ungum og upprennandi hönnuðum í hönnunarkeppni Samfés síðustu ár. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

---



*Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Elfa Fanndal Gísladóttir**

andaðist á hjúkrunarheimilinu Skógarbæ miðvikudaginn 4. febrúar. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju þriðjudaginn 10. febrúar kl. 11.00.

Njáll Harðarson
Gísli Freyr Njálsson
Linda Ýr Njálsdóttir  Giovanni Sotgia
og barnabörn.

---



*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Ásgeir S. Olsen**

Dragavegi 5, Reykjavík,

verður jarðsunginn í Áskirkju mánudaginn 9. febrúar kl. 13.

Ásbjörn Æ. Ásgeirsson  Sjöfn Geirdal
Stefán Ásgeirsson  Kristjana Þ. Jónsdóttir
Ragnheiður Guðjónsdóttir
Elín Á. Ásgeirsdóttir  Árni Sigurðsson
Guðlaugur Þ. Ásgeirsson  Inga Mjöll Harðardóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

---



*Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts sonar míns, bróður okkar og mágs,*

**Gunnars Ólafs Skarphéðinssonar**

frá Þingeyri, Hátúni 10, Reykjavík.

Guðrún Markúsdóttir
Sigríður Skarphéðinsdóttir  Skarphéðinn Ólafsson
Njáll Skarphéðinsson  Pálína Baldvinsdóttir
Guðbjörg Skarphéðinsdóttir  Hilmar Pálsson
Bjarki Skarphéðinsson  Sigrún Lárusdóttir

---



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Elísabet Skaftadóttir**

frá Suður-Fossi í Mýrdal,
Birkihvammi 6, Kópavogi,

sem lést þriðjudaginn 3. febrúar á Hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð, verður jarðsungin frá Hjallakirkju í Kópavogi miðvikudaginn 11. febrúar klukkan 13.00.

Björgvin Skafti Vilhjálmsson  Margrét Jónsdóttir
Valdís Þórunn Vilhjálmsdóttir  Sæmundur Ingvason
Gunnar Baldvin Björgvinsson
Björgvin Birkir Björgvinsson
Ingvi Þór Sæmundsson

---



*Eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Dagbjartur Jónsson**

Álakvísl 106, 110 Reykjavík,

lést á Landspítalanum Fossvogi, mánudaginn 2. febrúar. Jarðarförin fer fram frá Árbæjarkirkju þriðjudaginn 10. febrúar kl. 13.00.

Ingibjörg Auður Ingvadóttir
Dagrún Dagbjartsdóttir  Halldór Jónsson
Viktoría Dagbjartsdóttir  Júlíus Þór Júlíusson
Inga Hanna Dagbjartsdóttir  Jónas J. Hallsson
Þóra Jóna Dagbjartsdóttir  Hlynur Hjörleifsson
Dagbjartur Vigfús Dagbjartsson
Ellen Arný Barnes  Jeffrey Barnes
barnabörn og barnabarnabörn.

---



*Innilegar þakkir til þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og jarðarför okkar ástkæru móður, stjúpmóður, tengdamóður, ömmu, langömmu og langalangömmu,*

**Jóneu Samsonardóttur**

Háaleitisbraut 117, Reykjavík.

Alúðarþakkir færum við öllu starfsfólki á deild B7 á Landspítalanum í Fossvogi fyrir kærleiksríka umönnun í veikindum hinnar látnu. Guð blessi ykkur öll.

Bjarney Sigurðardóttir  Svavar Jósepsson
Guðbrandur Kr. Haraldsson  Vigdís Helgadóttir
Ída Haraldsdóttir Malone  John Malone
Sigrún Haraldardóttir  Vilhjálmur Vilhjálmsson
Harpa Haraldsdóttir Malins-Smith Richard Malins-Smith
Heimir Haraldsson
Kristín Haraldsdóttir  Gísli Óskarsson
barnabörn og barnabarnabörn.

---



*Okkar innilegustu þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegs föður míns, tengdaföður, afa, sonar, bróður, frænda, mágs og vinar,*

**Gunnars Björgvinssonar**

Lautarsmára 3, Kópavogi.

Matthildur Gunnarsdóttir  Jóhann Vignir Gunnarsson
Hekla Sóley Jóhannsdóttir
Björgvin Kristjánsson  Matthildur Gestsdóttir
Kristján Björgvinsson  Hrefna Gunnarsdóttir
Guðlaug Björgvinsdóttir
Björgvin Smári, Gunnildur og Þorgeir Örn
Sigríður Valdimarsdóttir.

---



*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýnt hafa okkur samúð og hlýhug vegna andláts okkar ástkæra*

**Jónatans Hall**

Hátúni 12, Reykjavík.

Hjartans þakkir til starfsfólks Sjálfsbjargarhússins fyrir frábæra umönnun, alúð og umhyggju.

Garðar Hall  Rannvá Kristina Hansen
Brynhildur Hall  Jónas Egilsson
Guðrún Hall  Agnar Einarsson
Jónas Hall  Ólafía Jónsdóttir
Hjördís Anna Hall  Sigurjón Stefánsson
og afabörn.

---



*Innilegar þakkir til allra þeirra er auðsýndu okkur samúð og hlýju við andlát og útför ástkærrar eiginkonu minnar og vinar, móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Einarínu Einarsdóttur**

Skólabraut 15, Innri-Njarðvík.

Sérstakar þakkir til Hlyns Grímssonar krabbameinslæknis og starfsfólks Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja fyrir frábæra umönnun.

Skafti Þórisson
Jónína Helga Skaftadóttir  Karl Heiðar Brynleifsson
Einar Þórir Skaftason  Sjöfn Þórgrímsdóttir
Margrét Ósk Heimisdóttir  Gunnar Jón Ólafsson
barnabörn og barnabarnabörn.

---



*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Ólafur Guðmundsson**

Kaplaskjólsvegi 37,

lést á Landakotsspítala miðvikudaginn 4. febrúar. Jarðarförin verður auglýst síðar.

Valgerður Ólafsdóttir  Ásgeir Þormóðsson
Guðmundur Ólafsson  Fjóla Guðmundsdóttir
afabörn og langafabörn.

---



*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Ása Torfadóttir**

Dvalar- og hjúkrunarheimilinu Grund,

verður jarðsungin frá Bústaðakirkju mánudaginn 9. febrúar kl. 13.00. Þeir sem vilja minnast hennar er bent á Hlífarsjóð SÍBS.

Katrín Árnadóttir  Kjell Friberg
Hermann Árnason  Guðríður Friðfinnsdóttir
Torfi Árnason  Ingibjörg Pálsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.




★★★★ R.Ó.P., Mbl.

ÓPERUPERLUR
FRÁBÆR KVÖLDSKEMMTUN
FÖSTUDAGUR 13. FEBRÚAR KL. 20
LAUGARDAGUR 21. FEBRÚAR KL. 20
SUNNUDAGUR 1. MARS KL. 20
WWW.OPERA.IS MIÐASALA 511 4200
ÍSLENSKA ÓPERAN



Þjóðleikhúsið
ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
Miðasala í síma 551 1200 og á www.leikhusid.is

Hart í bak
Jökull Jakobsson
Hrífandi verk sem snertir okkur öll
★★★★ EB, FBL
sun. 7/2 örfá sæti laus
Sýningum lýkur í mars

Sumarljós
Jón Kalman Stefánsson
leikgerð og leikstjórn Hilmar Jónsson
Hrífandi, einlæg og æsandi sýning
sun. 8/2 örfá sæti laus
sun. 15/2 örfá sæti laus, síðasta sýning



Heiður
Joanna Murray-Smith
Drepur girndin ástina?
★★★ JVJ, DV
lau. 7/2 örfá sæti laus
lau. 14/2 örfá sæti laus
Sýningum lýkur 28/2

Kardemommubærinn
Thorbjörn Egner
Frumsýning 21. febrúar
Miðasala í fullum gangi!

Skoppa og Skrítla snúa aftur í febrúar!

Minnum á Samstöðukortin



Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki




NOKKUR ORÐ
**Ragnheiður Tryggvadóttir**

# Eitt í dag en annað á morgun

Yfirleitt borgar sig að fara varlega í stórar yfirlýsingar. Ef maður fer mikinn eða notar stór orð getur verið erfitt að fá fólk til að taka mark á sér ef maður skiptir seinna um skoðun. Ég brenndi mig oft á þessu sem krakki. Málaði mig út í horn með asnalátum og stælum og glannalegum lýsingum sem ég gat svo engan veginn snúið mig út úr. Þegar ég reyndi að klóra í bakkann eftir að hafa gengið of langt talaði ég fyrir daufum eyrum.



Mér lærðist því fljótt að maður á ekkert að vera með neina vitleysu. Ég get ekki að því gert en mér finnst yfirlýsingarnar í þingsal oft minna mig á þennan vitleysisgang minn í æsku og varla hægt að taka nokkurn stjórnmálamann alvarlega. Stjórnmálamenn virðast skipta um skoðun eins og sokka og skammast sín ekkert fyrir að taka U-beygjur í málflutningi sínum frá degi til dags.

Mér fannst sérstaklega skondið að heyra fyrrverandi menntamálaráðherra Þorgerði Katrínu lýsa áhyggjum yfir heimilunum í landinu. Hún virtist óttast að aðgerðir nýrrar ríkisstjórnar myndu leggja of þungar byrðar á skattgreiðendur! Hún hafði ekki miklar áhyggjur af skattgreiðendum þegar hún fór margar ferðir til Kína á handboltaleiki fyrir skemmstu á okkar kostnað. Tók einmitt manninn sinn með.

En auðvitað er hægt að skipta um skoðun. Um leið og upp koma nýjar upplýsingar er sjálfsagt að endurmeta stöðuna. Í raun má virða stjórnmálamann sem sér villu síns vegar og skiptir um skoðun. Væri samt betra ef hann hefði ekki glannast eins og vitleysingur með peninga skattgreiðenda örfáum vikum áður.

## myndasögur

**Pondus** Eftir Frode Øverli




**Gelgjan** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** Eftir Tony Lopes




**Kjölturakkar** Eftir Patrick McDonnell




**Barnalán** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman






## Eldað í dagsins önn er loksins fáanleg aftur og nú í handhægri kilju

**„Bók þessi er trúlega besta matreiðslubókin sem út hefur komið í áraraðir.“**

Úr Velvakanda / Guðrún Þóra Hjaltadóttir næringarráðgjafi/kennari og formaður Félags hússtjórnar- og heimilisfræðikennara

**1.990 kr.**
~~2.490 kr.~~

# Matur bragðast betur heima

*Tilboðin gilda til 16. febrúar!*




## Í matinn er þetta helst og Seinni réttir eftir Jóhönnu Vigdísi Hjaltadóttur komnar í kilju

Hér má finna gómsætar fjölskylduútgáfur Jóhönnu Vigdísar af kjötsúpu, lambalæri, kartöflugratíni og fleiri kunnuglegum réttum en líka margt nýstárlegt og spennandi á kvöldverðarborðið; ljúffenga grillrétti, freistandi klúbbarétti og góðgæti handa krökkunum. Áherslan er á ánægjulegar samverustundir við matarborðið með fjölskyldu og vinum án þess að nokkur þurfi að þræla sveittur í eldhúsinu.

**1.990 kr.**
~~2.490 kr.~~

JÓNSSON & LE'MACKS • JL.IS • SÍA

eymundsson.is

**Eymundsson**
Bóksali frá 1872

**> NÝTT OG SPENNANDI TÍSKURIT**

Heimur tískunnar bíður spenntur eftir nýju bresku tímariti frá útgáfunni Condé Nast sem lítur dagsins ljós 19. febrúar. Ritstýra þess er **Katie Grand** sem er þekktust fyrir að hafa ritstýrt Pop og fyrsta tölublaðið kallast „Fashion and Fame" og skartar fyrirsætunni **Agyness Deyn** á forsíðu.

# stíll

utlit@frettabladid.is

## OKKUR LANGAR Í ...



**Fallegt augnskuggasett** í bleikum tónum frá Shiseido sem fer vel við vetrarfölvann.



**Rose Day Cream** frá Dr Hauschka er bráðnauðsynlegt í vetrarkuldanum.



**Svartar háglansandi leggings** í anda The Cramps. Fást hjá Aftur, Laugavegi.



## DAÐRAÐ VIÐ TÍSKUNA

**Anna Margrét Björnsson**

# *Latex og túberað hár*

Það var sorgleg frétt sem mér barst til eyrna á fimmtudaginn, að hinn mikilvægi maður Lux Interior væri látinn. Fyrir þá sem ekki þekkja til myndaði hann New York sveitina The Cramps ásamt eiginkonu sinni Poison Ivy en þau sköpuðu stórfenglegan stíl tónlistar og tísku á síðari helmingi áttunda áratugarins. Lux og Ivy hittust fyrst þegar hún var að ferðast á puttanum um Kaliforníu og hann bauð henni far. Parið sótti áhrif sín til alls sem mætti kalla lágmenningu fjórða og fimmta áratugarins – allt frá teiknimyndasögum, slæmum hryllingsmyndum og rokkabillírokks. Árið 1975 fluttu þau til New York og urðu partur af „senunni" sem var í gangi þar á klúbbunum CBGB's og Max's Kansas City. Burtséð frá því að hafa framleitt yndislega tónlist sem fékk heitið „psychobilly" þróuðu þau ákveðna tísku sem hafði áberandi sérstöðu. Lux, sem var mjósleginn og dökkhærður var hrifinn af níðþröngum latexfatnaði, hlébarðaprenti, háum hælum og augnmálningu en að Poison Ivy sótti innblástur til „pin-up"-stjarna sjötta áratugarins. Hún var með eldrautt túberað hár og steig gjarnan á svið í einhvers konar sadómasó fatnaði. Lög eftir The Cramps báru titla eins og The Creature from the Black Lagoon, Sunglasses after Dark, Naked Girl Falling Down the Stairs og Bikini Girls with Machine Guns og það er unun að horfa á Lux skaka sér til dæmis í eldrauðu latexdressi í rauðum hælum í stíl. Ég bíð núna spennt eftir því að tískuhönnuðir sæki innblástur til þessarar mikilvægu hljómsveitar og sendi fyrirsætur niður tískupallana með túberað hár, mikla andlitsmálningu, í minipilsum og latexi. Augljóslega hafa margar hljómsveitir samtímans kinkað kolli til The Cramps hvað stíl varðar, meðal annars bandaríska sveitin The White Stripes. Lux Interior vissi það að rokk og ról var miklu meira en bara tónlist. Reyndar svaraði hann, þegar hann var aðspurður um tónlist The Cramps. „Rokk og ról hefur nákvæmlega ekkert að gera með tónlist. Það er miklu meira en tónlist. Rokk og ról er bara það sem maður er."





**ROKKAÐ** Svartur jakki með sérstöku sniði við gráar síðbuxur.



**MÍNÍKJÓLL** Ferskjulitaður kjóll með perlusaumi við glitrandi leggings.



**TÖFF** Stuttur grár jakki með ýktum herðapúðum við þröngar svartar buxur.

FRAMTÍÐARSÝN BALENCIAGA

# Ghesquière leikur sér að formum

Enn og aftur vakti fatnaður franska hönnuðarins Nicolas Ghesquière aðdáun þegar hann sýndi vorlínuna fyrir 2009 í París. Ghesquière lýsti henni sjálfur sem „samspili mattrar og glansandi áferðar til þess að sjá hvernig þær endurvarpa ljósi". Sniðin og efnin voru afar framúrstefnuleg. Fyrir dömulínuna mátti sjá skínandi kjóla í pastellitum en karmlannslínan minnti að vissu leyti á kvikmyndir Tims Burton. **- amb**



**GAMALDAGS** Jakkafötin frá Balenciaga minntu á tísku Játvarðartímabilsins.



**SILFUR** Fallegur kjóll með plíseringu við fölbleika skyrtu.


SIGILLUM UNIVERSITATIS ISLANDIAE

HÁSKÓLI ÍSLANDS

## Ári uxans fagnað í Háskóla Íslands á morgun

Konfúsíusarstofnunin Norðurljós við Háskóla Íslands og sendiráð Kína standa að kínverskri vorhátíð sunnudaginn 8. febrúar kl. 13:00-16:30 í Aðalbyggingu Háskóla Íslands.

Að undirbúningi hátíðarinnar koma nemar í kínverskum fræðum við HÍ auk Félags Kínverja á Íslandi, Kínversk-íslenska menningarfélagsins, Heilsudrekans, Kínaklúbbs Unnar o.m.fl.

Drekadans, bardagalistir, kvikmyndir, tónlist, læknislist, te-athafnir, matur, leikir o.fl.

**Aðgangur er ókeypis og öllum opinn.**




Einnig bendum við á að hægt er að lesa Fréttablaðið sem pdf inni á *visir.is*

Nánari uppýsingar eru á www.visir.is/dreifing

Óskir þú frekari upplýsinga eða vilt koma á framfæri óskum um uppsetningu Fréttablaðskassa bendum við þér á að hafa samband við Pósthúsið á dreifing@posthusid.is eða í síma: 585-8330.

> **LANGAR AÐ LEIKSTÝRA**

Leikkonuna Jennifer Aniston langar að spreyta sig á leikstjórn í framtíðinni. „Ég hef áhuga á leikstjórn. Ég leikstýrði stuttmynd fyrir nokkrum árum og hafði mjög gaman af því,“ sagði Aniston.



# Fólk

folk@frettabladid.is

## HIN HLIÐIN EVA MARÍA JÓNSDÓTTIR DAGSKRÁRGERÐARMAÐUR Á RÚV

# *Augun í fólki fallegasti staðurinn*

**Hvað er að frétta?** Ég hætti við að fara í ræktina og fór frekar í apótekið. Það er nýjasta ákvörðunin mín.
**Augnlitur:** Grænn.
**Starf:** Dagskrárgerðarmaður.
**Fjölskylduhagir:** Þeir eru bara fínir. Ég á þrjú börn.
**Hvaðan ertu?** Ég er úr Húnavatnssýslu, austan undan Eyjafjöllum, Önundarfirði og Breiðholti.
**Ertu hjátrúarfull?** Já, ég ræð í öll merki sem ég sé.
**Uppáhaldssjónvarpsþátturinn:** Fawlty Towers er frábært sjónvarpsefni.
**Uppáhaldsmaturinn:** Það myndi vera kaffi og ristað brauð með osti.
**Fallegasti staðurinn:** Hann er nú bara inni í augunum á fólki.
**iPod eða geislaspilari:** Geislaspilari.
**Hvað er skemmtilegast?** Þegar fólk gerir mistök sem hafa ekki alvarlegar og langvinnar afleiðingar en eru óplönuð og geta verið vandræðaleg.
**Hvað er leiðinlegast?** Þegar fólk getur ekki viðurkennt mistök sín.
**Helsti veikleiki:** Of hörð.
**Helsti kostur:** Hvað ég get verið mjúk.
**Helsta afrek:** Þriðja barnsfæðingin af því að hún var heima og gekk svo ótrúlega vel.
**Mestu vonbrigðin:** Ég er eitthvað svo vongóð að úr öllu sem hafa verið vonbrigði hingað til trúi ég að muni rætast.
**Hver er draumurinn?** Að verða eins og Magni og Steinunn, eiginkona hans, þegar ég er komin á áttræðisaldur.
**Hver er fyndnastur/fyndnust?** Börn eru fyndnust.
**Hvað fer mest í taugarnar á þér?** Þegar fólk stingur höfðinu ofan í sandinn.
**Hvað er mikilvægast?** Að segja alltaf satt þótt það sé ljótt sem maður segir.






**PETE ROCK** Plötusnúðurinn knái stígur á svið á fimmtán ára afmæli hip hop-þáttarins Kronik.

# Rock spilar fyrir Kronik

Um fimmtán ár eru liðin síðan hip hop-þátturinn Kronik fór fyrst í loftið og af því tilefni verður slegið til veislu á Tunglinu 28. febrúar. Taktsmiðurinn Pete Rock stígur þar á svið en hann á langan feril að baki í hip hop-bransanum.

Rock kom fyrst fram á sjónarsviðið ásamt félaga sínum CL Smooth og saman gáfu þeir út plötuna Mecca and the Soul Brother um miðjan tíunda áratuginn. Rock hefur einnig unnið með listamönnum á borð við Nas, Notorous B.I.G., Wu Tang Clan og Mary J. Blige. Upphitun verður í höndum Forgotten Lores, Dj Intro og Dj B-Ruff. Miðasala á viðburðinn hefst á mánudag.

# Fjallabræður sigla til Færeyja

**Fjallabræður elska systur sínar og bræður í Færeyjum, eru stoltir af að verða fyrst íslenskra hljómsveita skráð á G-festival í ár og hafa gefið Færeyingum lag.**

„Rokk og ról. Þetta er „on“. Við erum fyrsta íslenska bandið bókað á G-festival í ár sem er seinnipartinn í júlí,“ segir Halldór Gunnar Pálsson, stofnandi og kórstjóri Fjallabræðra.

Fjallabræður hafa vakið mikla athygli að undanförnu fyrir kröftugan kórsöng við rokkað undirspil. Og nú hefur stefnan verið tekin á Færeyjar á tónleikahátíðina G-festival. Fjallabræður tóku nýverið upp lag sem þeir gáfu Færeyingum sem þakklætisvott fyrir fjárframlög Færeyinga til Íslendinga þegar bankahrunið var í október á síðasta ári. Halldór segir þá Fjallabræður, sem kenndir eru við Flateyri, tengjast Færeyingum órofa böndum. Eftir snjóflóðið á Flateyri árið 1995 gáfu Færeyingar þorpinu leikskóla – hafa reyndar alltaf boðið fram aðstoð sína fyrstir þjóða þegar á bjátar svo sem eftir gos í Eyjum og snjóflóð í Súðavík. „Þetta er ekki frændþjóð heldur bræðraþjóð. Alltaf tilbúin án skuldbindinga að hjálpa til. Ef ég sé Færeying í vanda þarf ég ekki að hugsa mig um. Þetta kemur frá hjartanu, þannig er það,“ segir Halldór.

Fjallabræður skunduðu að Færeyjarstofu í gær og kyrjuðu braginn, lagið sem þeir gefa nú Færeyingum en viðstaddur var meðal annars Elís Poulsen frá færeyska ríkisútvarpinu. Lagið verður til niðurhals á vefsíðu þess. Minni Færeyinga. Átta mínútna langt. „Borgaraleg skylda að þakka Færeyingum með lagi.“

Fjallabræður urðu til árið 2006 þegar Halldór krafðist þess að karlakór myndi syngja í afmælinu hans. Síðan hafa margir bæst við en kjarninn er frá Flateyri. „Nokkrir Reykvíkingar hafa fengið að vera með en þeir eiga það sameiginlegt að þekkja fjöllin fyrir vestan með nafni og/eða hafa drukkið sig undir borðið á þorrablóti á Vestfjörðum,“ segir Halldór. Fjallabræður er hreyfing ungra manna ekki síður en hljómsveit. „Við erum sveitalubbar sem þykir vænt um landið okkar og erum kurteisir, auðmjúkir og berum takmarkalausa virðingu fyrir kvenfólki. Stefna kórsins er ekki önnur en að „vera í lagi“.“

Kórinn er langt kominn með að taka upp fyrstu plötuna sína. „Við erum alveg að verða tilbúnir með hana og hún verður gefin út fljótlega. Lögin eru öll eftir mig með textum eftir Ásgeir Guðmundsson, Geira Rokk, sem er í bandinu. Svo eru tvö tökulög, afi minn syngur forsöng í öðru þeirra, „Afadreng“ eftir Sigfús Halldórsson. Það er mikið af afa mínum í þessu bandi.“ **jbg/drg**



**FLOTTIR FJALLABRÆÐUR Á MÖLINNI** Tónleikar á síðustu menningarnótt en nú eru það Færeyjar sem bíða, G-festival í sumar.


Hve langt myndir þú ganga til að varðveita leyndarmál?

**Lesarinn**
**eftir Bernhard Schlink**

*Saga* um forboðnar ástir unglingspilts og konu með vafasama fortíð. Michael Berg er fimmtán ára þegar hann kynnist Hönnu sem er miðaverður í sporvagni. Samband þeirra er ástríðufullt og háskalegt en því lýkur þegar Hanna hverfur fyrirvaralaust. Mörgum árum seinna sér Michael hana aftur - á sakamannabekk í réttarsal.

Gerð hefur verið kvikmynd eftir þessari heimsþekktu sögu þar sem Kate Winslet er í hlutverki Hönnu en Ralph Fiennes og David Kross leika ástmann hennar á ólíkum aldri.




– opið til 22 öll kvöld

BÓKABÚÐ MÁLS & MENNINGAR


# Flóamarkaður leiklistarnema

FLÍS, Félag íslenskra leiklistarnema, heldur heljarinnar flóamarkað í gamla Sirkusportinu í dag milli 11 og 20. Þar verður bókstaflega allt til sölu, meðal annars bækur, tónlist, DVD-myndir, húsgögn og listmunir. Einnig verður þar kökubasar af gamla skólanum.

„Við erum á leiðinni til Akureyrar í árlega ferð í lok febrúar og okkur fannst flóamarkaður vera eitthvað fyrir okkur,“ segir leiklistarneminn Halldór Halldórsson, eða Dóri DNA. Í ferðinni ætlar hópurinn meðal annars að heimsækja Leikfélag Akureyrar og kynna sér starfsemi þess.

Dóri á von á múgi og margmenni á markaðinn í dag enda eftir miklu að slægjast fyrir áhugasama kaupendur. „Fólk er að selja þarna hluti sem því þykir mjög vænt um og vill eiginlega ekki selja en þetta er allt gert í þágu flóamarkaðarins. Við viljum líka leggja okkar af mörkum til samfélagsins,“ segir hann.

Ágóðinn verður notaður til að fjármagna ferðina norður, enda hefur FLÍS ekki úr miklum peningum að moða. „Við viljum samt ekkert láta vorkenna okkur. Þetta er fyrst og fremst markaðstorg gleði og tónlistarhamingju,“ segir Dóri. Hann ætlar að taka gestum dagsins með opnum örmum, rétt eins og þekktir aðilar úr leiklistarlífinu á borð við Lilju Nótt Þórarinsdóttur úr Reykjavík Rotterdam, Snorra Engilbertsson úr Astrópíu og Ævar Þór Benediktsson, hommann úr Dagvaktinni. Einnig verða á svæðinu nemendur Verslunarskólans. Þeir munir sem seljast ekki á markaðinum verða gefnir til Rauða krossins. **- fb**



**DÓRI DNA** Halldór Halldórsson segir að leiklistarnemar vilji leggja sitt af mörkum til samfélagsins með flóamarkaðinum. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

# BT

# VAXTALAUS HELGI !!!

VÍRUSVÖRN FYLGIR!!!

0% VEXTIR




## TOSHIBA

Toshiba
L300D-13X

Amd Sempron64 Mobile 2.0GHz
2GB DDR2 667MHz
120GB SATA 5400RPM harðdiskur
15.4" WXGA TruBrite skjár með
512MB ATI Radeon X1250 PCI-E16X
Toshiba Bass Enhanced Sound System
Windows VISTA Home Basic
Innbyggður kortalesari fyrir flest minniskort
0.3MP vefmyndavél sem þekkir andlit
Vírusvörn að verðmæti 5.999 fylgir

**99.999**

Verð frá: **8.583**
12 mánaða vaxtalaust

---

Gott 2.1 hátalarakerfi frá Creative

2 x 5W stereo hátalarar
5,25'' 11W bassaboxi.
40Hz ~ 20kHz



**3.999**

---

Gott 5.1 hátalarakerfi frá Creative

5x 6W hátölurum
5,25'' 17W bassaboxi.
45Hz ~ 20kHz.



**5.999**

---

Argosy margmiðlunarspilarinn

Tengist beint í sjónvarp eða græjur
Hágæða kvikmyndaafspilun
Spilar ljósmyndir í slideshow
Fjarstýring
500GB Harður Diskur



500GB DISKUR!!

**29.999**

---

LaCie Flakkari

verðlauna hönnun
eftir Neil Poulton
falleg píanó svört hýsing
afritunarhugbúnaður
allir kaplar fylgja
USB2.0



750GB **21.999**

1 TB **26.999**

---

VÍRUSVÖRN FYLGIR!!!




## TOSHIBA

Toshiba
P300-1DA

Intel Core 2 Duo T3200 2.0GHz
3 GB DDR 800 MHz
250GB SATA 7200rpm diskur
17" WXGA TRUBRITE 8ms Skjár
256MB ATI HD3470 Skjákort HDMI
1.3 MP vefmyndavél sem greinir andlit
Windows Vista Home Premium
Vírusvörn að verðmæti 5.999 fylgir



0% VEXTIR

**149.999**

Verð frá: **12.874**
12 mánaða vaxtalaust

# Góðir möguleikar á Grammy

Meðlimir Sinfóníuhljómsveitar Íslands, sem er tilnefnd til Grammy-verðlaunanna í ár, bíða nú spenntir eftir afhendingu þeirra í Los Angeles annað kvöld.

Eins og komið hefur fram í Fréttablaðinu verður enginn fulltrúi hennar viðstaddur hátíðina en meðlimir hennar láta það ekki á sig fá og ætla að fylgjast grannt með framvindu mála hér heima. Rúnar Óskarsson, klarinettuleikari og formaður starfsmannafélags hljómsveitarinnar, telur að hún eigi góðan möguleika á sigri. „Ef dómnefndin þarna úti hefur einhver fagleg sjónarmið í úrskurði sínum eigum við alveg jafna möguleika og hinir. Það er ekki hægt að afskrifa okkur,“ segir hann og telur að framkvæmdastjórinn Þröstur Ólafsson hafi verið helst til svartsýnn á sigur í grein Fréttablaðsins á miðvikudag.

Rúnar segir að það yrði meiri háttar ef verðlaunin féllu í skaut sveitarinnar. „Það væri ótrúlegt fyrir hljómsveitina, ekki bara gagnvart okkur heldur líka til að sýna fram á að við erum alvöru hljómsveit. Þetta er þjóðarhljómsveit sem við eigum að vera stolt af.“

Hann bætir við að sinfóníuhljómsveitin hafi fengið byr í seglin að undanförnu því áhorfendafjöldinn hafi aukist mikið og stemningin sömuleiðis. „Áhorfendur standa upp og klappa oftar en þeir hafa gert. Okkur finnst vera meiri stemning, jafnvel líka út af þessum Grammy-verðlaunum.“

Vegna fjárskorts þurfti sinfóníuhljómsveitin að hætta við fyrirhugaða Japansferð sína eins og komið hefur fram. Af sömu ástæðum hefur Spánarferð, sem var plönuð í febrúar, einnig verið flautuð af. Til að bæta fyrir það verður árshátíð sveitarinnar hinn 28. febrúar haldin með sérstöku Spánarívafi. - fb


**RÚNAR ÓSKARSSON** Klarinettuleikarinn vonast til að sinfóníuhljómsveitin fái Grammy-verðlaunin annað kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

### Laugardagur 07. febrúar 2009

#### → Tónleikar

**17.00** Hljómsveit Tónlistarskólans í Reykjavík ásamt einleikara, heldur tónleika í **Neskirkju við Hagatorg**. Allir velkomnir og aðgangur ókeypis.

**22.00** Brasilíska söngkonana **Jussanam da Silva** verður á Kaffi Rósenberg við Klapparstíg ásamt Tómasi Einarssyni, Ásgeiri Ásgeirssyni og Erik Qvick.



**00.00** Deep Jimi & the Zep Creams verða á **Grand Rokk** við Smiðjustíg.

#### → Opnanir

**15.00 Kóngur um kóng** Arnar Sigurðsson opnar sýningu á Café Karólínu við Kaupvangsstræti á Akureyri.

**15.00 Kappar og ofurhetjur** Mynlistarfélagið opnar samsýningu í GalleríBOXI við Kaupvangsstræti á Akureyri. Opið lau.-sun. kl. 13-15.

**16.00 Á milli laga** Þuríður Sigurðardóttir opnar sýningu í Listasafni ASÍ við Freyjugötu. Opið alla daga nema mánudaga kl. 13-17.

**17.00 Return Ticket** Sara Riel opnar sýningu í Kling & Bang gallerí við Hverfisgötu 42. Opið fim.-sun. kl. 14-16.

#### → Síðustu Forvöð

**Ljósbrot** Sýningu Ingibjargar Ottósdóttur í Listasalnum, Iðuhúsinu við Lækjargötu, lýkur 12. febrúar. Opið alla daga kl. 9-22.

#### → Dansleikir

**Greifarnir** leika fyrir dansi á Players við Bæjarlind í Kópavogi.

**Sambandið** leikur fyrir dansi á Dillon Sportbar, Trönuhrauni 10 í Hafnarfirði.

**Tecno.is** heldur afmælisveislu á Nasa við Austurvöll þar sem Richard Durand mun þeyta skífum.

#### → Leikrit

**21.00** Leikhópurinn Vanir menn sýnir leikritið **„Upprisa holdsins“** eftir Hörð Þór Benónýsson á Græna hattinum, Hafnarstræti 96, Akureyri.

#### → Tónlist

**Myrkir músíkdagar** 6-13. febrúar. Nánari upplýsingar á www.listir.is/myrkir.

#### → Myndlist

Tómt JBK Ransu hefur opnað sýningu í **Gallery Turpentine** við Skólavörðustíg 14, 2. hæð. Opið mán.-föst. kl. 12-18, lau. kl. 12-17 og sun. 13-17.



## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

### Sunnudagur 08. febrúar 2009

#### → Listamannsspjall

**15.00 Þættir** Björg Þorsteinsdóttir verður með leiðsögn um sýningu sína sem nú stendur yfir í Hafnarborg við Strandgötu 34 í Hafnarfirði.

#### → Uppákomur

**15.00** Með tómatsósuflösku, gúmmíönd og þrjátíu öðrum ólíkum hlutum úr eldhúsi **Paul McCarthys** sem taflmenn, ætla Friðrik Ólafsson og Helgi Ólafsson að heyja skákeinvígi. Þessi viðburður er hluti af sýningunni Skáklist sem nú stendur yfir á **Kjarvalsstöðum** við Flókagötu.



#### → Dagskrá

Dagskrá um **Gunnar Gunnarsson** rithöfund í Hallgrímskirkju á Skólavörðuholti.

**10.00 Jón Karl Helgason** flytur erindi á Fræðslumorgni í suðursal.

**16.00** Dagskrá á vegum **Listvinafélags Hallgrímskirkju** um Svartfugl. Jón Hjartarson annarst leiklestur ásamt Valgerði Dan og Þorsteini Gunnarssyni.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is.**


NÝTT Í BÍÓ
LAUGARÁS BÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus
POWERSÝNING KL. 10:00 DIGITAL MYND OG HLJÓÐ
DIGITAL 3D
★★★★★ - S.V., MBL
★★★★★ - L.I.L., Topp5.is/FBL
500 kr í bíó Gildir á allar sýningar merktar með rauðu!

LAUGARÁS BÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| HOTEL FOR DOGS | kl. 2, 4, 6 og 8 | L |
| BRIDE WARS | kl. 6, 8 og 10.20 | L |
| MY BLOODY VALENTINE 3D | kl. 10 - POWER | 16 |
| OPEN SEASON 2 | kl. 2 og 4 - ÍSL TAL | L |
| VILLTU VINNA MILLJARÐ | kl. 2, 5.45, 8 og 10.20 | 12 |
| SKOPPA OG SKRÍTLA | kl. 4.30 | L |

- Sýningartímar gilda fyrir laugardag -
kynnið ykkur sýningartíma sunnudags á www.SAMbio.is

13 ÓSKARSVERÐLAUNA®TILNEFNINGAR BESTA MYND ÁRSINS
BRAD PITT CATE BLANCHETT
The Curious Case Of BENJAMIN BUTTON
HOTEL FOR DOGS HUNDAHÓTELIÐ
SparBíó 550kr Á ALLAR SÝNINGAR MERKTAR MEÐ APPELSÍNUGULU
SparBíó 850kr Á ALLAR SÝNINGAR MERKTAR MEÐ GRÆNU

SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| BENJAMIN BUTTON | kl. 3:50 - 7 - 8D - 10:10 | 7 |
| HOTEL FOR DOGS | kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 | L |
| BLOODY VALANTINE 3D | kl. 5:50(3D) - 11:10(3D) DIGTAL-3D | 16 |
| DOUBT | kl. 8 - 10:10 | L |
| ROLE MODELS | kl. 5:50 - 8 - 10:10 | 12 |
| BEDTIME STORIES | kl. 1:30 - 3:40 | L |
| ROCKNROLLA | kl. 10:30 | 16 |
| CHANGELING | kl. 8 | 16 |
| CHANGELING | kl. 3 - 6 - 10 | VIP |
| YES MAN | kl. 1:30 - 5:50 | 7 |
| BOLTI 3-D m/ísl. tali | kl. 1:30(3D) - 3:40(3D) DIGTAL-3D | L |
| MADAGASCAR 2 m/ísl. tali | kl. 1:30 | L |
| TWILIGHT | sunnudag kl. 3:40 í síðasta sinn | 12 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| LUCIA DI LAMMERMOOR | kl. 6 (búið 21:50) Ópera í Beinni útsendingu | L |
| BENJAMIN BUTTON | kl. 6D - 9:10D - 10:10D | 7 |
| BLOODY VALANTINE 3D | kl. 6:10 - 8:20 - 10:30 | 16 |
| BEDTIME STORIES | kl. 1:50D - 4D | L |
| BOLT 3-D m/ísl. tali | kl. 1:50(3D) - 4(3D) | L |
| ROLE MODELS | SÝND SUNNUDAG | 12 |

SAMBÍÓIN SELFOSS

| | | |
|---|---|---|
| ROLE MODELS | kl. 6 - 8 - 10:10 | 12 |
| BOLTI m/ísl. tali | kl. 2 | L |
| SKÓGARSTRÍÐ 2 m/ísl. tali | kl. 2 - 4 | L |
| MADAGASCAR 2 m/ísl. tali | kl. 4 | L |
| SÓLSKINSDRENGUR | kl. 6 síð sýn | 7 |
| AUSTRALIA | kl. 8 | 12 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| BENJAMIN BUTTON | kl. 6 - 9 | 7 |
| BEDTIME STORIES | kl. 2 - 4 | L |
| BOLT m/ísl. tali | kl. 2 - 4 | L |
| ROLE MODELS | kl. 6 | 12 |
| DOUBT | kl. 8 | 12 |
| TAKEN | kl. 10 | 16 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| TRANSPOSTER 3 | kl. 8 - 10:10 | 16 |
| SEVEN POUNDS | kl. 8 - 10:20 | L |
| INKHEART | kl. 5:50 | 10 |
| BEDTIME STORIES | kl. 1:30 - 5:50 | L |
| SKÓGARSTRÍÐ 2 m/ísl. tali | kl. 2 - 4 | 12 |
| BOLTI m/ísl. tali | kl. 3:40 | L |

NÝTT Í BÍÓ!
HUDSON HATHAWAY Bride WARS LÚXUS
Hve langt myndir þú ganga til að varðveita leyndarmál? Frá leikstjóra The Hours og Billy Elliott
KATE WINSLET RALPH FIENNES The Reader (LESARINN)
ENGUM HUNDI ER VÍSAÐ FRÁ HOTEL FOR DOGS HUNDAHÓTELIÐ
EINN MAÐUR HEFÐI GETAÐ BREYTT SÖGUNNI!
TOM CRUISE VALKYRIE
Vicky Cristina Barcelona
SKÓGARSTRÍÐ 2 650 kr. fyrir fullorðna 550 kr. fyrir börn
VILTU VINNA MILLJARÐ?
SÓLSKINS DRENGURINN
HRIKALEGRI OG FLOTTARI ENN NOKKRU SINNI FYRR!
TAKEN

SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000 TILBOÐSVERÐ Merkt rauðu

| | | |
|---|---|---|
| BRIDE WARS | kl. 4 - 6 - 8 - 10 | L |
| BRIDE WARS LÚXUS | kl. 2 - 4 - 6 - 8 - 10 | L |
| HOTEL FOR DOGS | kl. 1 - 3.30 - 5.45 | L |
| VALKYRIE | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| SKÓGARSTRÍÐ 2 | kl. 1 - 2 - 3.45 | L |
| UNDERWORLD 3 | kl. 8 - 10.10 | 16 |
| VILTU VINNA MILLJARÐ | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| SKOPPA OG SKRÍTLA Í BÍÓ | kl. 1 - 2.30 - 4 | L |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919 TILBOÐSVERÐ Merkt rauðu

| | | |
|---|---|---|
| THE READER | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 14 |
| VALKYRIE | kl. 8 - 10.30 | 12 |
| VICKY CRISTINA BARCELONA | kl. 3 - 5.50 - 8 - 10.10 | L |
| REFURINN & BARNIÐ / ÍSL. TEXTI | kl. 4 - 6 | L |
| REVOLUTIONARY ROAD | kl. 8 - 10.30 | 12 |
| SÓLSKINSDRENGURINN | kl. 3 - 5.30 | L |
| SKÓGARSTRÍÐ 2 | kl. 3 | L |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 650 kr. ÓDÝRT Í BÍÓ!

| | | |
|---|---|---|
| BRIDE WARS | kl. 4 - 6 - 8 - 10 | L |
| SEVEN POUNDS | kl. 3 - 5.30 - 8 | L |
| REVOLUTIONARY ROAD | kl. 3 - 5.30 - 8 | 12 |
| TAKEN | kl. 4 - 6 - 10.30 | 16 |
| AUSTRALIA | kl. 8 | 12 |
| UNDERWORLD 3 | kl. 10.30 | 16 |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| BRIDE WARS | kl. 8 - 10 | L |
| SKÓGARSTRÍÐ 2 | kl. 4 - 6 | L |
| UNDERWORLD 3 | kl. 10.10 | 16 |
| VILTU VINNA MILLJARÐ | kl. 8 | 12 |
| SÓLSKINSDRENGURINN | kl. 6 | L |
| SKOPPA OG SKRÍTLA Í BÍÓ | kl. 4 | L |

AUKAKRÓNUR 5%
50 KR. AFSLÁTTUR EF ÞÚ KAUPIR BÍÓMIÐANN Á midi.is
FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI AUKAKRÓNUR

SparBíó laugardag og sunnudag SAMbio.is SAMBÍÓIN
550kr HOTEL FOR DOGS kl. 1.30 í Álfabakka
BOLT m/ísl tali kl. 1.30 í Álfabakka (sýnd í þrívídd kr 850) kl. 1.50 í Kringlunni (sýnd í þrívídd kr 850) kl. 2 á Selfossi og á Akureyri (kr 550.)
550kr BEDTIME STORIES kl. 1.30 í Álfabakka kl. 1.50 í Kringlunni kl. 2 á Ak., og kl. 1.30 í Kefl.
550kr MADAGASCAR 2 m/ísl tali kl. 1.30 í Álfabakka

Sími: 553 2075 LAUGARÁS BÍÓ - bara lúxus Ódýrt í bíó
ATH. SÝND KL.2 HOTEL FOR DOGS HUNDAHÓTELIÐ
ÍSLENSKT TAL SKÓGARSTRÍÐ 2 ATH. SÝND KL.2
VILTU VINNA MILLJARÐ? 10 ÓSKARS-TILNEFNINGAR ATH. SÝND KL.2
LAUGARÁS BÍÓ 500 kr. Á FYRSTU SÝNINGAR DAGSINS

TILBOÐSVERÐ SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ BORGARBÍÓ
550 kr. fyrir börn 650 kr. fyrir fullorðna SKÓGARSTRÍÐ 2
KL.1-2-3.45 SMÁRABÍÓ KL.3 HÁSKÓLABÍÓ KL.4 BORGARBÍÓ
650 kr. Frá leikstjóra The Hours og Billy Elliott Vicky Cristina Barcelona KL.3 HÁSKÓLABÍÓ
ENGUM HUNDI ER VÍSAÐ FRÁ HOTEL FOR DOGS HUNDAHÓTELIÐ 650 kr. Laugardag og sunnudag KL.1 SMÁRABÍÓ



Kate
HUDSON
Anne
HATHAWAY
Þegar tvö brúðkaup eru bókuð á sama daginn, þá fara bestu vinkonur í stríð.
Bride
WARS
FRUMSÝND 6. FEBRÚAR
SENDU SMS ESL BWB Á NÚMERIÐ 1900 OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ BÍÓMIÐA!
VINNINGAR ERU BÍÓMIÐAR, DVD MYNDIR, TÖLVULEIKIR, GOS OG MARGT FLEIRA
WWW.SENA.IS/BRIDEWARS
BÍÓMIÐI
9. HVER VINNUR!
Sony Ericsson
SMS LEIKUR
Vinningar verða afhendir hjá ELKO Lindum – Skógarlind 2. Með því að taka þátt ertu kominn í SMS klúbb. 149 kr/skeytið.

## > Verða Haukakonur deildarmeistarar?

Haukakonur geta tryggt sér deildarmeistaratitilinn í Iceland Express-deild kvenna í körfubolta og heimavallarrétt út alla úrslitakeppnina með sigri á Keflavík á Ásvöllum klukkan 19.15 á sunnudagskvöldið. Haukar eru með sex stiga forskot á Keflavík þegar fjórar umferðir eru eftir og Keflavík verður því að vinna leikinn til þess að eiga möguleika á deildarmeistaratitlinum annað árið í röð. Haukar hafa unnið báða deildarleiki liðanna í vetur, fyrst 65-60 í Keflavík og svo 80-77. Keflavík vann aftur á móti fyrsta leik liðanna á tímabilinu, undanúrslitaleik liðanna í Powerade-bikarnum í haust.



# sport

sport@frettabladid.is

EIMSKIPSBIKAR KARLA: HÁSPENNTÍMAMÓTALEIKUR Á SELFOSSI Í GÆRKVÖLD ÞAR SEM VAR FRAMLENGT

# *Grótta í úrslit bikarkeppninnar í fyrsta skipti*

Grótta varð í gær fyrsta 1. deildarliðið til þess að komast í úrslit bikarkeppninnar í handbolta er það lagði Selfoss að velli, 30-31, í fyrri undanúrslitaleik Eimskipsbikarsins á Selfossi. Þetta er einnig í fyrsta skipti sem Grótta kemst í úrslit bikarsins.

Það var troðfullt hús og mikil stemning í gær. Stemningin fór vel í heimamenn sem byrjuðu mun betur og náðu allt að þriggja marka forskoti. Gestunum frá Seltjarnarnesi óx ásmegin eftir því sem leið á hálfleikinn og þeir náðu að jafna, 15-15, þegar nokkrar sekúndur lifðu af fyrri hálfleik.

Mikil spenna var í síðari hálfleik enda afar jafnt á með liðunum. Þegar 30 sekúndur lifðu leiks jafnaði Grótta, 26-26, og allt að verða vitlaust. Selfossi tókst ekki að skora í lokasókninni og því varð að framlengja. Selfoss leiddi eftir fyrri hluta framlengingarinnar, 29-28. Gróttumenn gáfust ekki upp, sýndu mikla baráttu og seiglu og kreistu fram eins marks dramatískan sigur, 30-31.



„Þetta var stórkostlegur leikur af beggja hálfu og synd að Rúv hafi ekki sýnt þennan leik í beinni útsendingu," sagði himinlifandi þjálfari Gróttu, Ágúst Jóhannsson. „Við sýndum gríðarlegan karakter í þessum leik. Vorum í raun búnir að tapa þessum leik tvisvar eða þrisvar sinnum en menn neituðu að gefast upp og virkilega vildu vinna," sagði Ágúst kátur.

Grótta hefur verið að byggja upp nýtt lið og setti mikinn kraft í starfið fyrir veturinn. Uppskeran er góð enda komnir í úrslit bikarsins og á hraðleið upp í úrvalsdeildina.

„Það er náttúrulega frábært að vera komnir í úrslit bikarsins í fyrsta skipti. Ánægjulegt fyrir félagið og ekki síst stuðningsmennina sem fjölmenntu hingað og voru frábærir. Það er mikill metnaður í Gróttu og við höfum byggt upp nýtt lið. Þetta hefur gengið vonum framar í vetur verð ég að viðurkenna og við ætlum að njóta okkar áfram," sagði Ágúst og bætti við að ekki væri leiðinlegt að fá Val í úrslitum enda er hann fyrrum þjálfari Vals og nokkrir fyrrum leikmenn Vals í Gróttuliðinu.



**Á FULLRI FERÐ** Glæsileg tilþrif sáust í Ölfushöllinni. MYND/JENS EINARSSON

Meistaradeild VÍS:

## Eyjólfur vann fyrsta mótið

**HESTAR** Eyjólfur Þorsteinsson og Stúfur frá Miðkoti báru sigur úr býtum á fyrsta móti Meistaradeildar VÍS, Smala, sem fram fór í Ölfushöllinni.

Þeir félagar fóru á kostum og án refsistiga í gegnum brautina.

Gamla brýnið Sigurbjörn Bárðarson varð annar á Lýsu frá Steinnesi og Ísleifur Jónasson varð þriðji á Bjarka frá Sunnuhvoli.

### MEISTARADEILD VÍS

| Knapi | hestur |
|---|---|
| 1. Eyjólfur Þorsteinsson | Stúfur frá Miðkoti |
| 2. Sigurbjörn Bárðarson | Lýsa frá Steinnesi |
| 3. Ísleifur Jónasson | Bjarki frá Sunnuhvoli |
| 4. Daníel Ingi Smárason | Sjöstjarna frá Svignaskarði |
| 5. Viðar Ingólfsson | Bragi frá Glóru |
| 6. Sigurður Vignir Matthíasson | Gyðja frá Kaðlastöðum |
| 7. Camilla Petra Sigurðardóttir | Glampi frá Hemlu |
| 8. Halldór Guðjónsson | Nóta frá Margrétarhofi |
| 9. Ragnar Tómasson | Selja frá Miðkoti |
| 10. Ólafur Ásgeirsson | Hrafn frá Miðkoti |

# Snæfell komið í þriðja sæti

**Snæfellingar eru með betri árangur úr innbyrðis viðureignum við Keflavík og komst því upp í þriðja sæti úrvalsdeildar með góðum sigri í Keflavík í gær.**

**KÖRFUBOLTI** Snæfellingar unnu dýrmætan útisigur á Keflvíkingum í lykilleik í baráttunni um 3. sætið í Iceland Express deild karla í gær. Snæfellingar þurftu að vinna með meira en fimm stigum til að taka þriðja sætið af heimamönnum og það tókst þrátt fyrir að Hólmarar hafi klikkað á sex vítaskotum á lokamínútu leiksins.

Framan af leik stefndi þó ekki í Snæfellssigur. Keflavík komst í 20-9 og var 30-19 yfir í öðrum leikhluta þegar Snæfellingar skoruðu átta stig í röð á einni og hálfri mínútu og minnkuðu muninn í tvö stig. Snæfellingar náðu 11-0 spretti í kringum leikhlutaskiptin í 3. og 4. leikhluta og komust í fimm stiga forustu. Snæfell komst mest tólf stigum yfir en heimamenn sóttu aðeins að þeim í lokin.

„Við vorum mjög nálægt því að klúðra stigamuninum í lokin með því að klúðra endalaust af vítaskotum en svo á eftir að koma í ljós hvort þetta verður mikilvægur sigur. Aðalatriðið er að vera í 4. sæti eða ofar og vera með heimavallarréttinn. Ef við skyldum mæta þeim seinna meir þá er gott að vera með heimavöllinn," sagði Hlynur Bæringsson, annar þjálfara Snæfells.

„Ég mjög sáttur við þetta því mér fannst við vera svo ragir í fyrri hálfleik. Ég og Siggi getum tekið það á okkur að við gerðum rosaleg mistök með því að tvöfalda á hindrunina upp á toppinum. Þeir hentu honum alltaf á Sigga sem rúllaði inn að körfunni og lagði hann ofan í. Þegar við hættum því og fórum að loka teignum þá fór þetta að ganga aðeins betur," sagði Hlynur en Sigurður Gunnar Þorsteinsson skoraði 8 af 14 stigum sínum í fyrsta leikhlutanum.

Hlynur er mjög ánægður með nýja manninni Lucious Wagner. en Wagner skoraði 16 stig í seinni hálfleiknum eftir að hafa skorað aðeins tvö stig í þeim fyrri.



**FÍNN LEIKUR** Sigurður Þorvaldsson, leikmaður og annar þjálfara Snæfells, átti fínan leik í Keflavík í gær og skoraði 14 stig. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Wagner var mjög góður í seinni hálfleik hjá Snæfelli, Jón Ólafur Jónsson lék vel framan af leik, þjálfararnir Hlynur og Sigurður Þorvaldsson skiluðu sínu og Slobodan Subasic setti niður mikilvægar körfur.

„Vörnin klikkaði hjá okkur og við fengum of mikið af opnum skotum á móti svæðinu okkar. Við vissum alveg að við máttum ekki tapa með meira en fimm stigum og við reyndum allt til enda. Við spiluðum bara mjög illa síðasta leikhlutann, vorum ekki að sækja og fórum út úr hlutnum sem við vorum að gera. Við létum þá ýta okkur alltof langt út úr okkar leik," sagði Jón Norðdal Hafsteinsson, fyrirliði Keflavíkur.

„Þriðja sætið er ekkert farið því það er nóg eftir og við náum því," sagði Jón sem átti fínan leik með 16 stig og 15 fráköst. Hörður Axel Vilhjálmsson átti einnig flottan leik. **ooj@frettabladid.is**

### *Eimskipsbikar karla:*

**Selfoss-Grótta 30-31**

Mörk Selfoss: Atli Kristinsson 7, Michal Dostalik 7, Guðmundur Ólafsson 5, Ragnar Jóhannsson 5 Bjarki Elíasson 3, Ramunas Mikalonis 3.

Mörk Gróttu: Finnur Stefánsson 12, Zoltan Belanyi 7, Davíð Hlöðversson 3, Arnar Theodórsson 3, Atli Steinþórsson 2, Jóhann Jóhannesson 2, Brynjar Árnason 1, Ægir Jónsson 1.

### *Iceland Express-deild karla:*

**Keflavík-Snæfell 73-81 (40-33)**

Stig Keflavíkur: Hörður Axel Vilhjálmsson 17 (12 stoðs.), Jón Norðdal Hafsteinsson 16 (15 frák.), Sigurður Gunnar Þorsteinsson 14 (4 varin), Gunnar Einarsson 11, Þröstur Leó Jóhannsson 8, Sverrir Þór Sverrisson 5, Gunnar Stefánsson 2.

Stig Snæfells: Lucious Wagner 18 (10 frák.), Slobodan Subasic 14, Sigurður Þorvaldsson 14, Hlynur Bæringsson 12 (13 frák., 4 stoðs.), Jón Ólafur Jónsson 12, Magni Hafsteinsson 8,

**Skallagrímur-Stjarnan 74-102**

Stig Skallagríms: Landon Quick 19, Igor Beljanski 17 (12 frák.), Sveinn Davíðsson 16, Sigurður Þórarinsson 8, Trausti Eiríksson 3.

Stig Stjörnunnar: Justin Shouse 24, Kjartan Atli Kjartansson 17, Jovan Zdravevski 16, Ólafur Sigurðsson 13, Fannar Helgason 11, Guðjón Lárusson 9, Hjörleifur Sumarliðason 6,

Áfall fyrir Þróttara:

## Sigmundur til Danmerkur

**FÓTBOLTI** Þróttarar urðu fyrir áfalli í gær þegar í ljós kom að kantmaðurinn sterki, Sigmundur Kristjánsson, mun ekki leika með liðinu á næstu leiktíð.

Sigmundur er á leið utan til Danmerkur þar sem hann hyggst setjast á skólabekk ásamt því að spila knattspyrnu. **- hbg**

Landsleikur við Liechtenstein:

## Sölvi og Garðar inn í hópinn

**FÓTBOLTI Ólafur Jóhannesson, landsliðsþjálfari í knattspyrnu, hefur kallað á þá Sölva Geir Ottesen og Garðar Jóhannsson inn í hópinn fyrir vináttulandsleik á móti Liechtenstein á La Manga á miðvikudaginn. Þeir taka stöðu Kristjáns Arnar Sigurðssonar og Heiðars Helgusonar sem eru báðir meiddir.**

**Þeir Garðar og Sölvi voru báðir með í síðasta landsleik, 1-0 sigri á Möltu í vináttuleik í nóvember. Garðar lék þá sinn fyrsta landsleik en Sölvi sinn fyrsta landsleik í þrjú ár, eða síðan 2005.** **- óój**




FEBRÚARFJÖR

blaðbera Pósthússins

*Pósthúsið, dreifingaraðili Fréttablaðsins, hefur sett í gang **skemmtilegan leik** sem kallast Febrúarfjör og er markmiðið að verðlauna duglega og kvartanalausa blaðbera með ýmsu móti.*

*Einu sinni í viku í allan febrúar verða **kvartanalausir blaðberar** dregnir út og fá þeir verðlaun á borð við sælgæti frá Nóa, höfuðbuff, pizzuveislu og bíómiða.*

*Um mánaðarlokin verður **blaðberi febrúar** valinn og fær hann glæsilegan Nokia 6085 gsm síma að gjöf.*

*Tilkynnt verður um vinningshafa á heimasíðu Pósthússins **www.posthusid.is***

Pósthúsið

*Pósthúsið | Suðurhraun 1 | S: 585 8300 | posthusid.is*


Lundúnaslagur af bestu gerð á White Hart Lane:

## Fær Arshavin að spila?

**FÓTBOLTI** Rússinn Andrey Arshavin gæti þreytt frumraun sína með Arsenal á sunnudaginn þegar liðið sækir Tottenham heim á White Hart Lane.

„Hann er ekki í góðu formi sem stendur og ég hef mínar efasemdir um að láta hann spila í svona kappsmiklum leik. Ég mun sjá í hvaða standi hann er í daginn fyrir leik og taka ákvörðun í kjölfarið," sagði Arsene Wenger, stjóri Arsenal, en breskir fjölmiðlar telja líklegt að hann verði í leikmannahópi Arsenal og fái líklega einhverjar mínútur.

Robbie Keane mun einnig spila sinn fyrsta leik með Tottenham eftir endurkomuna frá Liverpool og það sem fyrirliði. **- hbg**



**ANDREY ARSHAVIN** Fær kannski að sprikla á morgun. NORDIC PHOTOS/BONGARTS

### ENSKA ÚRVALSDEILDIN

| | |
|---|---|
| **Laugardagur:** | |
| Man. City - Middlesbrough | 12.45 |
| Blackburn - Aston Villa | 15.00 |
| Chelsea - Hull | 15.00 |
| Everton - Bolton | 15.00 |
| Sunderland - Stoke | 15.00 |
| WBA - Newcastle | 15.00 |
| Wigan - Fulham | 15.00 |
| Portsmouth - Liverpool | 17.30 |
| **Sunnudagur:** | |
| Tottenham - Arsenal | 13.30 |
| West Ham - Man. Utd | 16.00 |

Barcelona-liðið sókndjarft:

## Næsta mark er númer 100 í ár

**FÓTBOLTI** Sannkölluð stórsókn hefur staðið yfir hjá Eiði Smára Guðjohnsen og félögum í Barcelona á þessu tímabili enda vantar liðið aðeins eitt mark til að skora hundrað mörk á tímabilinu.

Barcelona hefur skorað 99 mörk í 36 leikjum eða 2,75 að meðaltali í leik. Liðið hefur skorað 65 mörk í 21 deildarleik (3,1) og 22 mörk í 8 leikjum í Meistaradeildinni (2,75).

Eiður Smári Guðjohnsen, sem lék sinn 100. leik fyrir Barcelona í vikunni, hefur skorað fjögur af þessum 99 mörkum en markahæstir eru Lionel Messi (22 mörk), Samuel Eto'o (22) og Thierry Henry (15). **- óój**

# LÍNAN




Protin stóll - verð áður kr. 19.800 - Nú kr. 13.800
Protin stóll hnota - verð áður kr. 24.900 - Nú kr. 17.400




Bono borð - verð áður kr. 145.800
*Stærð: 100x160 + 2 x 50 cm stækkanir*
Nú kr. 116.600

# ÚTSALA 20 - 60 % AF ÖLLUM VÖRUM




3ja sæta leðursófi - verð áður kr. 327.300 - Nú kr. 212.750
2ja sæta leðursófi - verð áður kr. 314.900 - Nú kr. 204.690
Leðurstóll - verð áður kr. 265.300 - Nú kr. 172.450




3ja sæta leðursófi - verð áður kr. 272.800 - Nú kr. 163.600
2ja sæta leðursófi - verð áður kr. 259.900 - Nú kr. 155.900

*Litir: Dökk brúnt - Hvítt*




3ja sæta leðursófi - verð áður kr. 272.800 - Nú kr. 177.320
2ja sæta leðursófi - verð áður kr. 259.800 - Nú kr. 168.870
Leðurstóll - verð áður kr. 210.800 - Nú kr. 137.000




Hong Kong hilla - verð áður kr. 184.600
Nú kr. 92.300




Áður kr. 34.200
Nú kr. 17.100

Áður kr. 46.900
Nú kr. 23.450




Peter stóll - verð áður kr. 145.800
Nú kr. 99.800
*Litir: Hvitt - Svart*




Lounge stóll - verð áður kr. 169.800
Nú kr. 84.900




Alabama 3ja sæta - verð áður kr. 173.600 - Nú kr. 86.800
Alabama 2ja sæta - verð áður kr. 144.800 - Nú kr. 72.400

Línan I Bæjarlind sex I 201 Kópavogur I Sími 553 7100 I www.linan.is I Opið mán - fös 10 til 18 I Laugardaga 11 til 16



> **Salma Hayek**

„Þegar ég var yngri fór það í taugarnar á mér ef mér var boðið hlutverk sem gekk eingöngu út á það að vera kynþokkafull. Ég fæ enn þá þannig tilboð en í dag tek ég því sem gullhömrum í stað þess að móðgast.“ Hayek leikur í myndinni Ask the Dust sem sýnd er á Stöð 2 bíó í kvöld.

# dagskrá

## STÖÐ 2 SPORT 2

# *Lok lok og læs og boltinn rúllar*

Sirkusinn í kringum félagsskipti janúarmánaðar í ensku úrvalsdeildinni í fótbolta er loksins búinn. Félagsskiptaglugganum umdeilda var lokað mánudaginn 2. febrúar og um helgina frumsýna ófá lið nýja leikmenn sem ætlað er að styrkja liðin á endasprettinum og jafnvel bjarga því sem bjargað verður. Mun líklegast mest á því bera í svakalegri viðureign erkifjendanna í Lundúnaborg, Tottenham og Arsenal, á heimavelli fyrrnefndu, White Hart Lane, sem fram fer á morgun, sunnudag, og hefst kl. 13.30. Eins og oft áður hefur Tottenham verið liða stórtækast í leikmannakaupunum. Til liðsins hafa gengið á síðustu vikum miðjumaðurinn Wilson Palacios frá Wigan, Jermain Defoe frá Portsmouth, Pascal Chimbonda frá Sunderland og nú síðast Robbie Keane frá Liverpool. Talið er að Arsenal kynni einnig til sögunnar sinn nýja liðstyrk, Rússann Andrei Arshavin, en gengið var frá kaupum á honum í sömu andrá og félagsskiptaglugganum var lokað. Þetta verður í 144. skiptið sem liðin mætast. Harry Redknapp, stjóri Tottenham, er sannfærður um að liði sínu takist loksins að leggja Arsenal, en það hefur ekki tekist í síðustu 18 viðureignum liðanna í úrvalsdeildinni. Ef eitthvað er að marka magnaða viðureign liðanna á Emirate-velli Arsenal í vetur má búast við bráðfjörugum leik en sá endaði 4-4.

Annars munu augu flestra unnenda enska boltans beinast að viðureignum toppliðanna rauðklæddu, meistaranna í Manchester United sem hafa þriggja stiga forystu á toppnum, og Liverpool sem er í öðru sæti. Íslendingaliðið West Ham tekur á móti meisturunum í seinni sunnudagsleiknum kl. 16. Á laugardeginum klukkkan 16.30 mætir svo Rauði herinn Hermanni Hreiðarssyni og félögum í Portsmouth á Fratton Park en þrátt fyrir tapið í bikarnum gegn Everton ætti risið að vera hátt á Liverpool eftir góðan sigur í deildinni um síðustu helgi á Chelsea. Allir verða þessir leikir, og miklu fleiri til, að sjálfsögðu í beinni útsendingu á Stöð 2 Sport.



## SUNNUDAGUR



▶ **13.20** Tottenham – Arsenal, beint STÖÐ 2 SPORT 2



▶ **21.00** Top Gear SKJÁREINN



▶ **21.05** Ástir á Café de Flore SJÓNVARPIÐ



▶ **21.35** Lucky Louie STÖÐ 2 EXTRA



▶ **22.00** Mad Men STÖÐ 2

### SJÓNVARPIÐ

**08.00 Morgunstundin okkar** Í næturgarði, Róbert bangsi, Friðþjófur forvitni, Stjáni Stanley, Sígildar teiknimyndir, Gló magnaða, Frumskógar Goggi og Sigga liggá lá.
**10.40 Söngvakeppni Sjónvarpsins** (e)
**11.25 Viðtalið - Jaap de Hoop Scheffer** (e)
**12.00 Kastljós - Samantekt**
**12.30 Silfur Egils**
**13.50 Samvöxnu tvíburasysturnar** (Joined for Life. Abby and Brittany Turn 16)
**14.45 Meistaramót Mestermöder** (e)
**15.45 Læknar á flótta** (Læger på flugt)
**16.50 Kattakonan Kattegal** (e)
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 Mamma og pabbi gifta sig** (e)
**17.45 Litli draugurinn Labbi** (5:6)
**17.52 Sögurnar hennar Sölku** (1:13)
**18.00 Stundin okkar**
**18.30 Spaugstofan** (e)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Fréttaaukinn**
**20.05 Albúm Album** (5:5)
▶**21.05 Ástir á Café de Flore** (Les amants de Flore) Frönsk mynd frá 2006 um rithöfundaparið Simone de Beauvoir og Jean-Paul Sartre og fleiri fastagesti á kaffihúsinu Flore í París. Aðalhlutverk: Anna Mouglalis, Lorànt Deutsch, Caroline Sihol og Kal Weber og Robert Plagnol.
**22.50 Silfur Egils** (e)
**00.10 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

### BÍÓ

**08.00 Home Alone**
**10.00 An Inconvenient**
**12.00 Ask the Dust**
**14.00 Hot Shots!**
**16.00 Home Alone**
**18.00 An Inconvenient**
**20.00 Ask the Dust** Rómantísk spennumynd með Colin Farrel, Salma Hayek og Donald Sutherland í aðalhlutverkum.
**22.00 All the King's Men**
**00.05 Blind Flight**
**02.00 Trauma**
**04.00 All the King's Men**

### STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Barney og vinir, Kalli á þakinu og Refurinn Pablo.
**08.00 Algjör Sveppi** Lalli, Gulla og grænjaxlarnir, Áfram Diego, áfram!, Könnuðurinn Dóra og Svampur Sveinsson.
**09.40 Stóra teiknimyndastundin**
**10.05 Adventures of Jimmy Neutron**
**10.30 Keeping Up With the Steins**
**12.00 Eldsnöggt með Jóa Fel** (3:10)
**12.30 Neighbours**
**12.50 Neighbours**
**13.10 Neighbours**
**13.30 Neighbours**
**13.50 Neighbours**
**14.15 American Idol** (5:40)
**15.00 American Idol** (6:40)
**15.45 American Idol** (7:40)
**16.35 Logi í beinni**
**17.20 The Daily Show. Global Edition**
**17.45 Oprah**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.49 Íþróttir**
**18.55 Veður**
**19.10 60 mínútur** Reyndustu fréttaskýrendur Bandaríkjanna fjalla um mikilvægustu málefni líðandi stundar.
**19.55 Sjálfstætt fólk** (21:40) Jón Ársæll Þórðarson heldur áfram mannlífsrannsóknum sínum í eftirlætisviðtalsþætti þjóðarinnar.
**20.30 Réttur** (4:6) Ný leikin spennuþáttaröð sem gerist í rammíslenskum heimi lagaflækna og glæpa.
